**HLÍF BÖÐVARSDÓTTIR**
*Bætir heilsu lýðsins*
Nám Bílar Ferðir
**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS



**ÓLAFUR JÓHANNESSON**
*Reyndi við norskuna í sjónvarpi*
Frumsýnir Africa United í Ósló á föstudaginn
FÓLK 38






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

10. maí 2006 — 124. tölublað — 6. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000

# 100 tonn af spilliefninu PCB eru í pokum við Sundahöfn

**Mikið magn PCB-mengaðs jarðvegs er geymt á svæði Hringrásar í Klettagörðum. Engin spilliefnaurðun er á Íslandi. Nauðsynlegt að urðuninni verði fundinn góður staður, segir deildarstjóri hjá Reykjavíkurborg.**

**MENGUN** Meira en 100 tonn af PCB-menguðum jarðvegi bíða þess að verða komið í urðunarstöð fyrir spilliefni. Jarðvegurinn er geymdur í sekkjum í lokuðu rými á starfsvæði fyrirtækisins Hringrásar í Klettagörðum.

Jarðvegurinn hefur verið geymdur á svæði fyrirtækisins frá því árið 2001.

PCB eyðist hægt úr jarðveginum og veldur skaða ef það kemst út í lífríkið í miklu magni. PCB er ekki bráðaeiturefni en viðamiklar rannsóknir á PCB-mengun í lífríki eru stundaðar um allan heim þar sem tengsl ýmissa sjúkdóma, í dýrum og mönnum, og PCB eru könnuð.

Lúðvík Gústafsson, deildarstjóri mengunarvarna hjá Reykjavíkurborg, telur brýnt að spilliefnaurðunarsvæði, sem uppfylli alþjóðleg skilyrði, verði komið upp hér á landi en eins og mál standa nú þurfa fyrirtæki að kosta til miklum fjármunum vilji þau flytja spilli- og eiturefni í móttökur erlendis.

Ekki hefur enn komið til þess að fyrirtæki hafi þurft að standa í miklum flutningum á spilliefnum. „Það er enginn staður hér á landi sem getur urðað spilliefni og það er brýnt að slíkum stað verði komið upp hið fyrsta. Það stendur á umhverfisyfirvöldum í landinu að koma upp slíkum stað. Á meðan hann er ekki fyrir hendi þá þyrftu fyrirtæki, sem eru með spilliefni á lóðum sínum sem eru hættuleg umhverfinu, að flytja efnin til útlanda. Því fylgir svimandi hár kostnaður sem fyrirtæki eiga oft erfitt með að standa undir.“

Að sögn framkvæmdastjóra Hringrásar, Einars Ásgeirssonar, hefur fyrirtækið átt náið samstarf við umhverfisyfirvöld hjá Reykjavíkurborg sem miðar að því að halda mengunarvörnum fyrirtækisins í góðu horfi. „Við höfum lagt okkur fram við að halda mengunarvörnum í góðu horfi og munum gera það áfram.“ **- mh**



**DRENGIR NJÓTA LÍFSINS Í ELLIÐAÁNUM** Þessir ungu drengir nutu veðurblíðunnar í Elliðaánum í gær með því að fá sér sundsprett. Þeir sjást hér bregða á leik er Gunnar V. Andrésson ljósmyndari var á ferð í Elliðaárdalnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Hæstiréttur Íslands

Hæstiréttur um Baugsmál:

## Dómari hæfur

**BAUGSMÁL** Hæstiréttur fellst ekki á þá kröfu Jóns Geralds Sullenberger að Arngrímur Ísberg héraðsdómari víki sæti í Baugsmálinu.

Í úrskurði Hæstaréttar í gær segir efnislega að ekki verði fallist á kröfu Jóns Geralds um að dómari opinbers máls víki sæti vegna þess að hann hafi í dómi í Baugsmálinu í mars síðastliðnum lagt mat á trúverðugleika Jóns Geralds sem vitnis.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari hafði áður hafnað því að víkja sæti þótt hann hefði áður sýknað sakborninga í Baugsmáli og talið Jón Gerald ótrúverðugan sem vitni.

Þann úrskurð kærði Jón Gerald til Hæstaréttar. **sjá síðu 6** **/ jh**

Ríkið gæti sparað þó það sendi þegnana fjórum sinnum á ári út til að sækja lyf:

# Heilbrigðisráðherra skoðar sérinnkaup fyrir stofnanir

**LYFJAMÁL** Í upplýsingum frá landlæknisembættinu var heilbrigðisráðherra bent á að ríkið myndi spara fé þótt það greiddi flugfarseðla sjúklinga til Danmerkur fjórum sinnum á ári, svo þeir gætu keypt sín lyf þar í stað þess að niðurgreiða lyfjaverð hér landi. Ríkið niðurgreiðir lyf fyrir um sjö milljarða ári.

Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðisráðherra, segir ljóst samkvæmt upplýsingunum að lyfjaverð sé margfalt hærra hér á landi en í Danmörku.

„Staðan er óþolandi eins og hún er. Miðað við þær upplýsingar sem ég hef virðist markaðurinn ekki skila því sem til er ætlast,“ segir Siv. Hún kveðst munu bregðast við þessu og hafi þegar fundað með mönnum úr lyfjagreiðslunefnd, frá landlæknisembættinu og ráðuneytinu um stöðu mála.



SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR

„Ég tel ástæðu til þess að kanna hvað liggur hér að baki. Við erum að skoða hvort hægt sé að stofna eða setja upp einhvers konar innkaupasamband heilbrigðisstofnana.“ Landlæknir hafði bent á þá leið sem möguleika til að lækka lyfjakostnað ríkisins. Skoðað sé í ráðuneytinu hvort leiðin sé lagalega fær.

Hvort lyfjaframleiðendur rændu ríkið svarar Siv að hún gæti ekki tekið svo til orða: „Ég tel þó ekki hægt að útskýra þennan verðmun með smæð markaðarins. Það er einhver pottur brotinn.“ **- gag**

**Ekki alveg sú fegursta**



Jón Ormur Halldórsson segir að höfuðborgarsvæðið minni miklu meira á samvaxna smábæi í Bandaríkjunum en á evrópska borg.
Í DAG 20

**Í ferðalag með hundrað ára hús**



Leikverk Jóns Atla Jónassonar verður væntanlega sett upp í Tallinn.
FÓLK 38

**Esjan – alltaf jafn vinsæl**
Hlíðar Esjunnar eru eitt vinsælasta útivistarsvæði höfuðborgarinnar og á góðviðrisdögum eru þar hundruð göngumanna. Um helgina lagði fjöldi fólks leið sína á fjallið enda viðraði afar vel til gönguferða á laugardag og sunnudag.
FÓLK 30

**Emil fór hamförum**



Emil Hallfreðsson, knattspyrnumaður hjá Malmö í Svíþjóð, fór mikinn í sínum fyrsta leik fyrir liðið í fyrradag og lagði upp tvö mörk á skömmum tíma. Sænskir fjölmiðlar hrósa Emil í hástert.
ÍÞRÓTTIR 34

**VEÐRIÐ Í DAG**




**KÓLNANDI -** Í dag verður fremur hæg norðaustlæg átt. Bjart með köflum víða um land en þó dálítil súld við suðausturströndina. Hiti 5-14 stig hlýjast suðvestan til.
VEÐUR 4

**> Markaðurinn**
*Sögurnar ... tölurnar ... fólkið ...*
FYLGIR MEÐ FRÉTTABLAÐINU Í DAG








## SPURNING DAGSINS

*Erum við að niðurgreiða lyf ofan í Danina, Siv?*

Góð spurning, en betri spurning er hvort við, sjúklingar og skattborgarar, greiðum ekki of hátt verð fyrir okkar lyf.

Siv Friðleifsdóttir er heilbrigðisráðherra. í fréttablaðinu í gær kom fram að sama þunglyndislyfið frá Actavis er selt á 2.162 krónur í Danmörku en 17.658 krónur á Íslandi.

Húsvörður greip innbrotsþjófa glóðvolga á leið út úr húsi með tölvur.

# Náði tölvunum af þjófunum

**INNBROT** Hólmgeir Einarsson, húsvörður í fjölbýlishúsi í Æsufelli, hljóp uppi tvo unga pilta seinni partinn í fyrradag sem höfðu stolið tveimur tölvum úr íbúðum í húsinu.

Drengirnir höfðu brotist inn í íbúð í húsinu með því að spenna upp hurð með kúbeini. „Ég er nú ennþá þokkalega fljótur á mér,“ sagði Hólmgeir, en honum tókst ná tölvunum af drengjunum sem komust undan á hlaupum eftir að hafa lagt frá sér tölvurnar. „Þeir voru nú frekar þungir á sér þar sem þeir voru með tölvurnar með sér en þeim tókst að komast undan með tvo tölvuskjái. Ég náði kúbeininu, geisladiskum og tölvunum.“

Lögreglan hefur upplýst málið en drengirnir tveir náðust fljótlega eftir að Hólmgeir hafði komið upp um þá. „Ég mætti þeim með tölvurnar í höndunum og þeir hlupu strax á brott. Ég veit ekki hversu gamlir strákarnir voru en þeir litu út fyrir að vera mjög ungir.“ **- mh**



**HÓLMGEIR EINARSSON** Hólmgeir náði að ná tölvunum af drengjunum áður en þeir komust undan með þær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

50.000 undirrita áskorun:

# Kosið verði um ESB-sáttmála

**FINNLAND, AP** Fimmtíu þúsund finnskir kjósendur hafa skrifað undir áskorun um að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu í Finnlandi um staðfestingu stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins, en ríkisstjórnin hefur boðað að hún muni leggja það til að þingið staðfesti sáttmálann fyrir Finna hönd í haust. Finnar gegna formennskunni í ESB síðari helming ársins.

Að áliti aðstandenda undirskriftasöfnunarinnar væri óeðlilegt að þingið afgreiddi staðfestingu sáttmálans eftir að hann var felldur í þjóðaratkvæðagreiðslum í Frakklandi og Hollandi í fyrra. Bera eigi málið undir þjóðina. **- aa**

Menntun grunnskólakennara:

# Margir án fagmenntunar

**MENNTAMÁL** Um 52 prósent kennara sem kenna dönsku í 7. bekk í grunnskólum hér á landi hafa enga fagmenntun í dönsku í kennaranámi sínu.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í könnun sem menntamálaráðuneytið gerði á menntun dönsku, ensku- og íslenskukennara í grunnskólum skólaárið 2005-2006.

Aðrar hlutfallstölur hvað varðar fagmenntun kennara í ensku og dönsku í grunnskólum landsins voru á svipuðum nótum.

Hæsta hlutfall kennara sem könnunin náði til með einhverja fagmenntun í kennslugrein sinni reyndust vera meðal íslenskukennara, en það átti við um 52 prósent þeirra. **-jss**

# Hátt lyfjaverð er óþolandi segir Siv

**Ríkið gæti sent þegnana fjórum sinnum á ári til Danmerkur til lyfjakaupa og samt sparað miðað við það sem það greiðir niður fyrir lyf. Formaður Læknafélagsins líkir lyfjakaupmönnum við einokunarkaupmenn 19. aldar.**

**LYJAVERÐ** Í upplýsingum frá landlæknisembættinu var heilbrigðisráðherra bent á það að ríkið gæti sparað fé þó það greiddi flugfarseðla sjúklinga til Danmerkur fjórum sinnum á ári, svo þeir gætu keypt sín lyf þar, í stað þess að niðurgreiða lyfjaverð hér á landi. Ríkið niðurgreiðir lyf fyrir um sjö milljarða ári.

Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra segir ljóst samkvæmt upplýsingunum að lyfjaverð sé margfalt hærra hér á landi en í Danmörku.

„Staðan er óþolandi eins og hún er. Miðað við þær upplýsingar sem ég hef virðist markaðurinn ekki skila því sem til er ætlast af honum,“ segir Siv. Hún ætli að bregðast við þessu og hafi þegar fundað með mönnum úr lyfjagreiðslunefnd, frá landlæknisembættinu og ráðuneytinu um stöðuna.



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR** Heilbrigðisráðherra.



**SIGURBJÖRN SVEINSSON** Formaður Læknafélagsins.

„Ég tel ástæðu til þess að kanna hvað liggur hér að baki. Við erum með til skoðunar hvort hægt sé að stofna, eða setja upp einhvers konar, innkaupasamband heilbrigiðisstofnana.“ Landlæknir hafi bent á þá leið sem möguleika til að lækka lyfjakostnað ríkisins. Skoðað sé í ráðuneytinu hvort leiðin sé lagalega fær.





Spurð hvort lyfjagreiðslunefnd, sem samþykkir tillögur lyfjaframleiðenda um verð á lyfjum, hafi brugðist segist hún ekki telja að svo sé. „En við munum að sjálfsögðu skoða alla þætti er lúta að lyfjaverði heildstætt.“ Hvort lyfjaframleiðendur hafi rænt frá ríkinu svaraði hún að hún gæti ekki tekið svo til orða: „Ég tel þó ekki hægt að útskýra þennan verðmun með smæð markaðarins. Það er pottur brotinn,“ segir Siv og bætir við: „Það er ekki eins og sé aðeins um eitt lyf að ræða heldur eru fjölmörg lyf tilgreind.“

Greint var frá því í gær að verð fyrir lyf með sömu virkni frá sama framleiðand en hvort sitt heitið væru allt að tífalt dýrari hér en í Danmörku. Íslenski lyfjaframleiðandinn Actavis segist tapa á viðskiptunum þar. Þeir fá til dæmis 17.658 krónur fyrir þunglyndislyfið Oropram hér á landi en 2.162 fyrir sama lyfið sem kallast Citaham í Danmörku.

Sigurbjörn Sveinsson, formaður Læknafélagsins, segir lækna enga kosti hafa nema að ávísa á lyfin sem þeir viti að séu mun dýrari hér en á hinum Norðurlöndunum og Bretlandi.

„Ég hef velt því fyrir mér hvort læknar og ríkið gætu stofnað sjálfseignarfyrirtæki um innflutning á lyfjum; kaupfélag, þar sem viðhorf gömlu samvinnuhreyfingarinnar yrði tekið upp og okrinu mætt með sömu aðferðum og menn notuðu til þess að brjótast undan oki erlendra kaupmanna á nítjándu öld,“ sagði hann.

**gag@frettabladid.is**



**NOURI AL-MALIKI** Verðandi forsætisráðherra á blaðamannafundi í Bagdad í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnarmyndun í Írak:

# Al-Maliki boðar ráðherralista

**ÍRAK, AP** Nouri al-Maliki, tilvonandi forsætisráðherra Íraks, sagði í gær að tekist hefði að leysa megin deiluefnin sem staðið höfðu í vegi fyrir myndun nýrrar ríkisstjórnar með þátttöku fulltrúa allra helstu fylkinga. Hann boðaði að hann myndi kynna ráðherralista sinn fyrir þjóðþinginu í lok vikunnar.

Al-Maliki, sem sjálfur er sjíi, sagði að samkomulag hefði náðst um skiptingu helstu ráðuneyta milli fylkinga, en viðræður stæðu enn yfir um nokkur þeirra. Þar á meðal væru ráðuneyti olíumála, viðskipta og samgangna. Hann vildi ekki greina frá því að svo stöddu hverjir tilnefndir yrðu í mestu þungavigtarráðuneytin svo sem innanríkis- og varnarmála. **- aa**

Danmörk:

# Clinton gestur Baugs í Tívolí

**DANMÖRK.** Bill Clinton heldur fyrirlestur fyrir gesti Baugs í Tivolisalnum á fimmtudag að því er fram kemur í vefútgáfu Berlingske Tidende í gærkvöldi og byggt á frétt Ritzau-fréttastofunnar.



**BILL CLINTON**

Clinton mun ávarpa samkomu fyrir starfsmenn og gesti Baugs. Talsmenn Baugs neita að staðfesta fréttina og vilja það eitt um þessa samkomu segja að þetta sé einkasamkvæmi fyrir starfsmenn og viðskiptavini sem sé sérstaklega boðið á staðnum. Clinton hafði áður boðað komu sína til Hafnar á morgun til að flytja ræðu fyrir bandaríska verslunarráðið í borg-

## SAMNINGAR

**Álver** Stefnt er að undirritun rammasamkomulags um álver í Helguvík síðar í þessum mánuði og gætu framkvæmdir hafist á næsta ári. Orkuveita Reykjavíkur telur sig geta útvegað næga raforku til að álverið geti tekið til starfa árið 2010. Forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, segir best að koma álverinu í gagnið í lok árs 2010 sem þýðir að framkvæmdir gætu hafist á næsta ári.

## ÁRBÆJARSAFN

**Menning** Samkvæmt áætlun Fasteignafélagsins Þyrpingar og Minjaverndar hf. tæki 2 ár að flytja Minjasafn Reykjavíkur, Árbæjarsafn, út í Viðey. Þetta kom fram í fréttum RÚV í gærkvöldi.





Setuverkfall afboðað í Reykjanesbæ

# Leynitölvupóstur kom í veg fyrir setuverkfall

**VINNUMARKAÐUR** Forstöðumenn öldrunar- og heilbrigðisstofnana úti á landi fengu heimild til að hækka laun starfsmanna um fjóra launaflokka, eða 12,5 prósent, frá 1. maí í tölvupósti frá fjármálaráðuneytinu í fyrrakvöld, að sögn Signýjar Jóhannesdóttur, sviðsstjóra hjá Starfsgreinasambandinu.

Gunnar Björnsson, formaður samninganefndar ríkisins, neitar að staðfesta að þessi heimild hafi verið gefin. Hann heldur því fram að Starfsgreinasambandið hafi ákveðið þessa hækkun einhliða.

Á vef Starfsgreinasambandsins birtist í fyrrakvöld frétt þar sem sagði að forstöðumenn heilbrigðis- og öldrunarstofnana, sem ekki hefðu lokið stofnanasamningum, hefðu fengið heimild til að hækka laun starfsmanna um fjóra launaflokka. Þetta gætu þeir gert í stað þeirrar 1,5 prósenta launahækkunar sem starfsmennirnir áttu að fá um síðustu mánaðamót.

Signý telur furðulegt að ráðuneytið staðfesti ekki að hafa gefið heimildina.

Setuverkfall, sem átti að skella á hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í dag, hefur verið afboðað, að sögn Elísar Reynarssonar aðstoðarframkvæmdastjóra. Ekki er útséð um hvort starfsmenn á fleiri stofnunum muni afboða setuverkfall en starfsmenn á Akureyri fara yfir málin í dag.

**-ghs**



**SIGNÝ JÓHANNESDÓTTIR** „Þetta er hið dularfyllsta mál,“ segir Signý Jóhannesdóttir, sviðsstjóri hjá Starfsgreinasambandinu og formaður verkalýðsfélagsins Vöku á Siglufirði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Góðar fréttir fyrir fjölskyldufólk

- **Gjaldfrjáls leikskóli þýðir um 30 þúsund króna kjarabót á mánuði fyrir hvert leikskólabarn.**
- Eftir gríðarlega uppbyggingu leikskólanna á undanförnum árum er gjaldfrjáls leikskóli rökrétt næsta skref.
- Leikskólinn er hluti af menntakerfinu, rétt eins og grunnskólinn. Það er því eðlilegt að hann sé líka gjaldfrjáls.
- Verkefnið er þegar hafið. Ef við fáum áfram brautargengi í kosningunum í vor verður leikskólinn gjaldfrjáls haustið 2008.



## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 09.05.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 70,57 | 70,91 |
| Sterlingspund | 130,91 | 131,55 |
| Evra | 89,49 | 89,99 |
| Dönsk króna | 11,998 | 12,068 |
| Norsk króna | 11,46 | 11,528 |
| Sænsk króna | 9,595 | 9,651 |
| Japanskt jen | 0,6322 | 0,6358 |
| SDR | 104,7 | 105,32 |

*Gengisvísitala krónunnar*
124,168

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Dagsbrún birti í gær uppgjör fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins:

# Tapaði 195 milljónum króna

**VIÐSKIPTI** Dagsbrún hf. tapaði 195 milljónum króna á fyrstu þremur mánuðum ársins samkvæmt uppgjöri sem birt var í gær. Á sama tímabili í fyrra nam hagnaður fyrirtækisins 199 milljónum króna.

Reksturinn er sagður á áætlun ef frá er skilið gengistap vegna veikari stöðu krónunnar, sem nemur 210 milljónum króna.

Hagnaður fyrirtækisins fyrir afskriftir, vexti og skatta nam 662 milljónum króna en var 727 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi 2005. Rekstrartekjur Dagsbrúnar námu 4,88 milljörðum króna, jukust um 43 prósent.

Tap vegna reksturs DV nam 50 milljónum króna á tímabilinu, að því er fram kemur í tilkynningu til Kauphallar Íslands.

Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrúnar, segir reksturinn hafa einkennst af miklum innri og ytri vexti. „Á fyrsta ársfjórðungi 2006 hefur Dagsbrún því stóreflt starfsemi sína hér á landi og byggt upp öflugt félag á sviði fjarskipta, upplýsingatækni, fjölmiðlunar og afþreyingar. Markmið Dagsbrúnar er að verða leiðandi á öllum þessum mörkuðum hérlendis. Á sama tíma hafa verið tekin örugg skref til útrásar og sjónum beint að því að byggja upp öfluga starfsemi á sviði prentmiðla í Skandinavíu og Bretlandi,“ segir Gunnar Smári. - óká/jab


**FORSTJÓRI OG STJÓRNARFORMAÐUR** Gunnar Smári Egilsson, forstjóri Dagsbrúnar. og Þórdís Sigurðardóttir, stjórnarformaður félagsins.

Reykjanesbær:

# Vilja kaupa eignirnar aftur

**KOSNINGAR** A-listinn í Reykjanesbæ hefur á stefnuskrá að kaupa aftur allar fasteignir bæjarins, sem núverandi meirihluti hefur selt Fasteign hf.

Í fréttatilkynningu frá listanum segir að með því að kaupa eignirnar aftur megi auka ráðstöfunartekjur um 180 milljónir króna. Þá peninga vill listinn nýta til þess að auka þjónustu og lækka álögur á íbúa.

Í tilkynningunni er greint frá því að Reynir Valbergsson, fyrrverandi fjármálastjóri Reykjanesbæjar til níu ára, verði bæjarstjóraefni A-listans, við kosningarnar 27. þessa mánaðar. ■


**FÉKK SÉR BLUND** Einn þingmanna á ítalska þinginu var orðinn þreyttur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forsetakjör á Ítalíu:

# Önnur umferð árangurslaus

**ÍTALÍA, AP** Meira en 700 af rúmlega þúsund fulltrúum á ítalska kjörþinginu skiluðu í gær auðu í annarri umferð forsetakjörs. Enginn frambjóðenda hlaut því tvo þriðju hluta atkvæðanna, sem nauðsynlegt er til þess að ná kjöri.

Kjörþingið er sameinað þing efri og neðri deildar ásamt fulltrúum frá héraðsstjórnum. Þingið þarf að velja forseta landsins í staðinn fyrir Carlo Azeglio Ciampi, sem lætur af embætti nú í þessum mánuði.

Romano Prodi, sem vann nauman sigur í þingkosningunum í apríl, fær ekki stjórnarmyndunarumboð fyrr en nýr forseti hefur verið kjörinn. - gb

## ALDRAÐIR

**LÆGSTI LÍFEYRIRINN** Ellilífeyrir er lægstur hér á landi af Norðurlöndunum og skerðist mest við aðrar tekjur. Á öllum Norðurlöndunum er svipað hlutfall ellilífeyrisþega sem lifir við fátæktarmörk. Á aðalfundi norrænna eldri borgara í Reykjavík þessa dagana kom fram að um 30% íslenskra ellilífeyrisþega býr við fátæktarmörk, hlutfallið er svipað í Finnlandi en ástandið er skást í Svíþjóð og Noregi, þar sem rétt um 20% eldri borgara eru í fátækasta hópnum.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Akranes** Tveir ungir drengir skemmdu tíu bíla á leið sinni heim úr skóla á Akranesi á dögunum. Þeim datt í hug að taka upp stein og rispa þá bíla sem þeir gengu framhjá. Lögregla hefur fengið tilkynningar um tíu bíla sem drengirnir skemmdu á heimleiðinni.


**AHMADINEJAD TIL INDÓNESÍU** Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti veifar er hann hélt í gær í opinbera heimsókn til Indónesíu, fjölmennasta múslimaríkis heims. Indónesíustjórn hefur skorað á Írana að sýna meira gegnsæi í kjarnorkuáætlun sinni en ver rétt þeirra til að nýta kjarnorku í friðsamlegum tilgangi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bréfi Íransforseta fálega tekið vestanhafs

**Utanríkisráðherra Bandaríkjanna segir ekkert í bréfi Íransforseta til þess fallið að liðka fyrir lausn á deilunni um kjarnorkuáætlun Írana. Viðbrögðin vestanhafs valda vonbrigðum í Íran og eru sögð kynda enn undir andúð á Bandaríkjunum.**

**ÍRAN, AP** Í bréfinu sem Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti sendi George W. Bush Bandaríkjaforseta lýsti hann því yfir að lýðræði að vestrænum hætti hefði síður en svo gert heiminum gott. Hann harmar jafnframt „sívaxandi hatur“ sem í heiminum gætti í garð Bandaríkjastjórnar. Bandaríski utanríkisráðherrann Condoleezza Rice hafnaði afdráttarlaust í gær þeim tillögum sem fram koma í bréfinu; sagði hún þær alls ekki til þess fallnar að liðka fyrir lausn deilunnar um kjarnorkuáætlun Írana.

Í Íran var því illa tekið að Rice skyldi hafna bréfinu með svo afdráttarlausum hætti. Sadeq Kharrazi, fyrrverandi sendiherra Írans í Frakklandi, tjáði AP-fréttastofunni að viðbrögð Rice myndu styrkja þau öfl í Íran sem eru mest mótfallin því að Íranar reyni að bæta samskiptin við Bandaríkin og Vesturlönd.

Bréfið, sem er 18 blaðsíður að lengd, er það fyrsta sem þjóðhöfðingi Írans sendir bandarískum forseta frá því klerkabyltingin var gerð í Íran fyrir 27 árum. Í því er aðeins óbeint minnst á mesta deilumálið, kjarnorkuáætlun Írana. Þess í stað geymir það að stærstum hluta vangaveltur um sögu, heimspeki og trúmál og mestu púðri er eytt í að rekja langan lista gremjuefna í garð Bandaríkjanna og að velta upp möguleikum á að sameiginleg trú á Guð sé helsta vonin til að unnt sé að leysa úr þeim.

Rice sagði að í bréfinu væri „ekki fjallað um þau mál sem við erum að glíma við með beinum hætti“.

Íranski stjórnmálaskýrandinn Saeed Leilaz tjáði AP að viðbrögð Rice myndu kynda undir andbandarískum tilfinningum meðal Írana. „Þetta gæti hafa orðið upphafið að nýju ferli,“ segir Leilaz. Viðbrögð Rice „styrkir þær grunsemdir meðal Írana að Bandaríkjamenn séu að íhuga að grípa til þess að beita hervaldi [til að stöðva kjarnorkuáætlun Írana] en ekki samningalausn“.

Undirbúningur að ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna um kjarnorkumál Írana hélt áfram í gær. Fulltrúar lykilríkja í ráðinu komu sér saman um að bjóða Írönum upp á ýmiss konar aðstoð gegn því að þeir láti af auðgun úrans, en sæti að öðrum kosti refsiaðgerðum. Formlegri afgreiðslu ályktunar öryggisráðsins verður frestað uns reynt hefur á viðbrögð Írana við þessu tilboði. audunn@frettabladid.is


**HVETUR TIL SAMNINGA** Ali Larijani, aðalsamningamaður Írana í kjarnorkumálum, á blaðamannafundi í Aþenu í gær. Hann neitaði því að Íranar myndu segja sig frá alþjóðasamningnum gegn útbreiðslu kjarnorkuvopna og hvatti til stillingar í deilunni um kjarnorkuáætlunina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


BÍLL DAGSINS
NISSAN PATHFINDER SE
Nýskr 01.06 - Beinskiptur - Ekinn 3 þús km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00 -18:00 og laugardaga kl. 12:00 -16:00.


## VEÐURSPÁ


Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HITINN Á NIÐURLEIÐ** Enda þótt við sjáum fram á kólnandi veður frá því sem verið hefur eru engir sérstakir kuldar í kortunum. Reyndar kólnar smám saman og svalast verður á föstudaginn á Norðaustur- og Austurlandi en hitinn þar að deginum verður á bilinu 2-5 stig. Hins vegar má búast við næturfrosti víða á landinu síðar í vikunni.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG** Norðan 3-8 m/s. Bjart með köflum. Hiti 8-13 stig en svalara að næturlagi.

*um hádegi »*







*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 17°C hálfskýjað | London | 21°C skúrir | Alicante | 23°C hálfskýjað |
| Billund | 21°C hálfskýjað | París | 21°C skúrir | Róm | 20°C hálfskýjað |
| Osló | 17°C hálfskýjað | Frankfurt | 22°C heiðskírt | New York | 20°C skúrir |
| Stokkhólmur | 21°C hálfskýjað | Madríd | 26°C hálfskýjað | San Francisco | 18°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 21°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 17°C alskýjað | Orlando/Flórída | 31°C þrumur |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.







Verð aðeins 990 kr.

***Silvía Nótt áritar nýja Eurovision diskinn á Ártúnshöfða í dag!***

Nú er nýi Eurovision diskur Silvíu Nætur loksins kominn út og verður hann aðeins fáanlegur á ESSO stöðvum landsins. Diskurinn er stútfullur af efni og inniheldur m.a. lagið Congratulations, myndbandið, karíókí-útgáfuna o.fl. o.fl. Silvía Nótt verður sjálf á ESSO stöðinni, Ártúnshöfða í dag á milli kl.18:00–18:20 og áritar diskinn.

***Misstu ekki af Silvíu Nótt í dag milli kl. 18:00–18:20!***

Esso

Fiton/SÍA



## KJÖRKASSINN

*Ætlar þú að fylgjast með Landsbankadeildinni í fótbolta í sumar?*

| | |
|---|---|
| Já | 38% |
| Nei | 62% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Áttu plötu með Bubba Morthens?*

Fylgi VG í Reykjanesbæ mælist 0,2%:

# Sjálfstæðisflokkur fengi 67,5%

**KOSNINGAR** Sjálfstæðismenn vinna yfirburðarsigur í sveitarstjórnarkosningunum í Reykjanesbæ og fá átta bæjarfulltrúa af ellefu, ef marka má skoðanakönnun Félgagsvísindastofnunar Háskólans, fyrir NFS.

Fylgi Sjálfstæðisflokksins mælist 67,5% en flokkurinn fékk 52,8% í kosningunum 2002.

Samfylkingin og Framsóknarflokkurinn, sem bjóða fram sameiginlega lista, A-listann, fengju 32% fylgi og þrjá bæjarfulltrúa. Flokkarnir sem standa að A-listanum fengu samtals 47,2% í síðustu kosningum, Framsóknarflokkurinn 13,6% og Samfylkingin 33,6%.

Fylgi sjálfstæðismanna mældist 72% meðal karla en 63% meðal kvenna. Fylgi A-listans mældist 37% meðal kvenna en 27% meðal karla.

Aðrir flokkar mælast með óverulegt fylgi og koma ekki manni að. Vinstri hreyfingin grænt framboð sem ný býður fram í fyrsta skipti í bænum mælist aðeins 0,2%. Reykjanesbæjarlistinn mælist einnig með 0,2% fylgi. Könnunin var gerð dagana 2.-4. maí og var úrtakið 800 manns. Svarhlutfallið var 68%. Tæplega 6% svarenda sögðust ekki ætla ða kjósa eða skil auðu. Tæp 15% svarenda voru óákveðnir og rúm 5% neituðu að gefa upp afstöðu.




## ÍRAK

**Sjálfsmorðssprengjuárás** Að minnsta kosti sautján manns létu lífið og þrjátíu og fimm særðust í sjálfmorðs-bílsprengjuárás sem gerð var í borginni Tal Afar í Írak í gær. George W. Bush Bandaríkjaforseti hafði áður lýst borginni sem dæmi um svæði þar sem vel hefði tekist að ráða niðurlögum uppreisnarhópa. Tuttugu og fjórir manns fórust í árásum annars staðar í Írak í gær.

## PÓLLAND

**Nýr utanríkisráðherra** Anna Fotyga var á þriðjudag skipuð utanríkisráðherra Póllands. Hún er fyrsta konan sem gegnir því embætti. Hún tekur við af Stefan Meller, sem yfirgaf ríkisstjórnina eftir að íhaldsflokkurinn Lög og réttlæti ákvað að bjóða til stjórnarsamstarfs tveimur þjóðernissinnuðum hægrijaðarflokkum, í því skyni að tryggja stjórninni þingmeirihluta.


Barnaborgin Reykjavík

Vinstri - græn telja mikilvægt

– að list- og verkgreinar verði efldar í leik- og grunnskólum.

– að gæsluvellir fái nýtt hlutverk sem leikgarðar í hverjum borgarhluta.

– að börn og ungmenni komi að hugmyndavinnu í uppbyggingu skólalóða.

Börnin þurfa á borginni að halda




VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð




HREINN LOFTSSON STJÓRNARFORMAÐUR BAUGS Hreinn telur að Kastljósi beri að geta um ótrúverðugleika Jóns Geralds líkt og dómstólar hafi þegar gert.

# Umdeildu Kastljósi beint að Baugsmáli

**Verjendur Baugsmanna gagnýna umfjöllun í Kastljósi um Baugsmálið og segja að í sjónvarpi gildi ekki sömu leikreglur og í dómssal. RÚV mótmælir.**




**BAUGSMÁL** „Umsjónarmenn Kastljóss hafa undir höndum öll málsgögn sem tengjast endurútgefnum ákærum í Baugsmáli á hendur Jóni Ásgeir Jóhannessyni, Tryggva Jónssyni og Jóni Gerald Sullenberger og hafa fjallað um þau efnislega undanfarin tvö kvöld. Meðal þess sem fram hefur komið er að Niels Mortensen, einn eigenda SMS í Færeyjum, sem Baugur átti viðskipti við, hafi sagt við skýrslutöku hjá íslensku lögreglunni að Tryggvi hafi óskað eftir að hann gæfi lögreglu ranga skýrslu um tilurð um 45 milljóna króna kreditreiknings.

Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs, segir að Niels staðfesti ekki framburð skýrslu sem tekin var á íslensku. „Tryggvi hefur aldrei beðið um að gefnar yrðu tilteknar skýringar. Mér finnst óviðeigandi að sett séu upp sjónvarpsréttarhöld í máli sem er fyrir dómstólum vegna þess að þær leikreglur sem virtar eru hjá dómstólunum gilda sýnilega ekki í sjónvarpinu,“ segir Gestur.

Starfsmenn Kastljóss og útvarpsstjóri telja að umjöllun Kastljóss hafi verið sanngjörn, byggð á málsgögnun og sakborningum hafi verið boðið að útskýra mál sitt. Í því máli sem nú sé fyrir rétti, hafi trúverðugleiki Jóns Geralds ekki verið véfengdur af dómurum auk þess sem hann sé nú sakborningur en ekki vitni.

Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Baugs, segir að hvergi hafi þess verið getið í Kastljósi að dómstól hafi þótt Jón Gerald ótrúverðugt vitni og sönnunargildi gagna frá honum væri takmarkað.

„Þess var í engu getið að Niels Mortensen var látinn undirrita lögregluskýrslu á íslensku, án þess að kunna það mál. Þá kom ekki fram að hann neitaði við síðari yfirheyrslu að staðfesta þann framburð sinn að Tryggvi Jónsson hefði á fundi í Kaupmannahöfn lagt að sér að greina frá tilurð reikningsins með ákveðnum hætti,“ segir Hreinn.

Gestur Jónsson segir að sýnt hafi verið fram á að póst úr tölvu Jóns Geralds sé að verulegu leyti aðeins að finna hjá honum einum og hafi því lítið sönnunargildi.

Eftir því sem næst verður komist fór Jón Gerald af landi brott fyrir helgina.

**johannh@frettabladid.is**

Páll Magnússon útvarpsstjóri:

## Meðferð Kastljóss sanngjörn



„Ég tel að umfjöllun um svokallað Baugsmál í Kastljósi í gærkvöldi hafi verið málefnaleg og sanngjörn,“ segir Páll Magnússon útvarpsstjóri í yfirlýsingu vegna gagnrýni Jóns Ásgeirs Jóhannessonar á umfjöllunina.

Páll segir að þess hafi verið freistað að láta sjónarmið Jóns Ásgeirs og Tryggva Jónssonar koma fram þó svo að þeir hafi kosið að tjá sig ekki um málið og yfirlýsing verjenda hefði verið lesin upp að kröfu Jóns Ásgeirs.

Bæði útvarpsstjóri og Þórhallur Gunnarsson vísa á bug fullyrðingum Jóns Ásgeirs um vinfengi Þórhalls og Jóhönnu Vilhjálmsdóttur, umsjónarmanna Kastljóss við Jón Gerald Sullenberger og heimsókn annars þeirra um borð í bátinn Thee Viking.

**- jh**

Hörð gagnrýni Jóns Ásgeirs:

## Fjölmiðillinn misnotaður



Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs, mótmælir umfjöllun Kastljóss um Baugsmálið. Í yfirlýsingu gagnrýnir hann harðlega að stuðst sé við gögn og viðtöl frá Jóni Gerald Sullenberger, sem hótað hafi sér lífláti og verið metinn ótrúverðugur af þremur héraðsdómurum. Jón Ásgeir fullyrðir að Þórhallur Gunnarsson og Jóhanna Vilhjálmsdóttir, starfsmenn Kastljóss, séu í vinfengi við Jón Gerald og annað þeirra hafi verið gestur hans í skemmtibátnum Thee Viking á Flórída. Jón Ásgeir kveðst ekki trúa því að misnotkun á sjónvarpi allra landsmanna verði látin viðgangast.

**- jh**

Verjendur um Jón Gerald:

## Þungur hugur til sakborninga



Verjendur Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar benda á að Jón Gerald Sullenberger beri þungan hug til sakborninganna tveggja og hafi komið sér undan því að svara fyrir rétti spurningum um það hvort hann hafi hótað öðrum þeirra lífláti. Héraðsdómur hafi komist að því að framburður Jóns Geralds væri ótrúverðugur og sönnunargildi gagna frá honum talið takmarkað. „Dómstólar meta sönnunargildi gagna, ekki einstakir sakborningar eða sjónvarpsmenn,“ segir í athugasemdum verjendanna vegna umfjöllunar um gögn er varða endurútgefnar kærur í Baugsmálinu.

**- jh**


TÖLVUNÁM

Byrjendanámskeið



Vinsælt námskeið á sérlega hagstæðu verði ætlað byrjendum í tölvunotkun á öllum aldri. Allar greinar eru kenndar frá grunni og farið rólega í námsefnið með miklum endurtekningum.
Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað og öðlast sjálfsöryggi við tölvuna.

- Windows tölvugrunnur
- Word ritvinnsla
- Internetið og tölvupóstur

Hægt að velja um morgun- og kvöldnámskeið. Lengd: 42 std. Kennsla hefst 15. maí og lýkur 1. júní. Verð kr. 32.900,- (Allt kennsluefni innifalið)

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is



Samfylkingin | Reykjavík 2006




Ótakmörkuð
símtöl í
alla heimasíma
JÓNSSON & LE'MACKS · jl.is Ljósm. Svenni Speight
HiveHeimasími frá 990 kr. á mánuði
Nú getur þú fengið heimasíma hjá Hive. Þú getur talað eins oft og eins lengi og þú vilt í alla heimasíma innanlands. Þú borgar lægra mínútuverð í GSM, lægra mánaðargjald og frá aðeins 4.90 kr. á mínútu til útlanda. Það er ekkert mál að skipta og þú getur haldið símanúmerinu þínu. Þetta færðu allt ef þú ert með heimasíma og ADSL hjá Hive. Hefur þú frá miklu að segja?
Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími: 414 1616 hive@hive.is
Hive



## VEISTU SVARIÐ

1 *Hvaða þjóðarleiðtoga sendi Íransforseti nýlega bréf?*

2 *Hver hefur verið ráðinn yfirmaður bandarísku leyniþjónustunnar, CIA?*

3 *Konur frá hvaða Evrópulandi drekka mest áfengi á meðgöngutímanum?*

SVÖRIN ERU Á BLS.38

Vitnaleiðslur hafnar á ný í herstöðinni í Keflavík:

# Hermaður sætir morðákæru

**VARNARLIÐIÐ, AP** Vitnaleiðslur hófust í gær á ný í herstöðinni á Keflavíkurflugvelli í máli hermanns sem á yfir höfði sér að vera stefnt fyrir herdómstól, ákærður fyrir morð, að hindra framgang réttvísinnar og fleiri sakargiftir.

Sakborningurinn, Calvin Eugene Hill úr flughernum, er sakaður um að hafa ráðið hinni tvítugu Ashley Turner, sem einnig þjónaði í varnarliðinu, bana í ágúst í fyrra, skömmu áður en hún átti að bera vitni vegna ofbeldisákæru sem Hill sætti þá. Hún fannst meðvitundarlaus, illa lemstruð, frammi á gangi í svefnskálanum þar sem bæði hún og Hill bjuggu. Turner andaðist á sjúkrahúsi herstöðvarinnar.

Hill hefur verið í varðhaldi í herstöð Bandaríkjahers í Mannheim í Þýskalandi síðan síðasta haust. Mark Allred ofursti, sem stýrir vitnaleiðslunum sem nú fara fram í Keflavíkurstöðinni, mun þegar þeim lýkur síðar í vikunni taka ákvörðun um það hvort Hill verði látinn svara til saka fyrir herrétti. Fari svo að herrétturfinni Hill sekan um morð á hann lífstíðarfangelsi eða dauðadóm yfir höfði sér. - aa



**HARMLEIKUR Í HERSTÖÐ** Ung kona úr flughernum dó eftir misþyrmingar í Keflavíkurstöðinni í ágúst í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# FJARÐABYGGÐ

Nýtt sveitarfélag verður til í sumar með sameiningu Fjarðabyggðar, Austurbyggðar, Fáskrúðsfjarðarhrepps og Mjóafjarðarhrepps. Nafn sveitarfélagsins verður Fjarðabyggð en samanlagður íbúafjöldi sveitarfélaganna þann 1. desember síðastliðinn var 4.844.

### KOSNINGAR 2006

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar er nú skipuð níu bæjarfulltrúum og sami fjöldi verður í sameinuðu sveitarfélagi.

Fjarðalistinn, óháð framboð félagshyggjufólks, og Framsóknarflokkur mynda núverandi meirihluta í Fjarðabyggð.

**Efstu menn Á-listans, Biðlistans:**
**1.** Ásmundur P.Hjaltason, verkam. Neskaupst.
**2.** Kristinn Þór Jónasson, bílstjóri Eskifirði.
**3.** Magni Þór Harðarson , skrifstofumaður Fáskrúðsfirði.
**4.** Brynhildur Einarsd., ræstit. Fáskrúðsfirði.
**5.** Björgvin Valur Guðmundsson, leiðbeinandi Stöðvarfirði.

**Efstu menn B-lista, Framsóknarflokks:**
**1.** Guðmundur Þorgrímsson, bílstjóri Fáskrúðsfirði.
**2.** Þorbergur N. Hauksson, slökkiliðsstjóri Eskifirði.
**3.** Líneik Anna Sævarsdóttir, kennari Fáskrúðsfirði.
**4.** Eiður Ragnarsson, sölufulltrúi Reyðarfirði
**5.** Jón Björn Hákonarson, sölustjóri Neskaupstað.

**Efstu menn D-lista, Sjálfstæðisflokks:**
**1.** Valdimar Oddgeir Hermannsson, rekstrarstjóri Neskaupstað.
**2.** Jóhanna Hallgrímsdóttir, æskulýðs- og íþróttafulltrúi Reyðarfirði.
**3.** Jens Garðar Helgason, framkvæmdastjóri Eskifirði.
**4.** Pétur Gauti Hreinsson, pípulagningamaður Fáskrúðsfirði.
**5.** Kristín Ágústsdóttir, landfræðingur Neskaupstað.

**Efstu menn L-lista, Fjarðalista – Óháðs framboðs félagshyggjufólks:**
**1.** Guðmundur R. Gíslason, starfsmannastjóri Neskaupstað.
**2.** Sigrún Birna Björnsdóttir, kennari Reyðarfirði.
**3.** Díana Mjöll Sveinsdóttir, ferðaþjónusturáðgjafi Eskifirði.
**4.** Smári Geirsson, kennari Neskaupstað.
**5.** Íris Valsdóttir, kennari Fáskrúðsfirði.

Kosið í fyrsta sinn í nýju sveitarfélagi á Austfjörðum:

# Allir vilja fá ný jarðgöng

**KOSNINGAR** Meirihluti íbúa Fjarðabyggðar, Austurbyggðar, Fáskrúðsfjarðarhrepps og Mjóafjarðarhrepps samþykkti sameiningu síðastliðinn vetur. Íbúarnir ganga því að sameiginlegu kjörborði í komandi sveitarstjórnarkosningum en sameinað sveitarfélag verður það fjölmennasta á Austurlandi með um 5.000 íbúa.

Fjórir framboðslistar komu fram: Á-listinn (Biðlistinn), B-listinn (listi Framsóknarflokksins), D-listinn (Sjálfstæðisflokkur) og L-listinn (Fjarðalistinn).

Allir listarnir buðu fram í Fjarðabyggð fyrir fjórum árum. Mikil endurnýjun hefur orðið á listunum síðan þá en margir reyndir sveitarstjórnarmenn gáfu ekki kost á sér að þessu sinni.

Ekkert íslenskt sveitarfélag hefur gengið í gegnum jafn miklar breytingar á jafn stuttum tíma og Fjarðabyggð nú um stundir vegna byggingar álvers í Reyðarfirði. Álagið á stjórnsýsluna er við þolmörk en íbúarnir fullir bjartsýni á eigin hag og sveitarfélagsins.

Stórframkvæmdirnar hafa leitt til mikillar skuldsetningar sveitarfélagsins en tekjurnar af álverinu, og auknar tekjur í kjölfar íbúafjölgunar, munu leiða til þess að Fjarðabyggð verður eitt stöndugasta sveitarfélag landsins í framtíðinni.

Bættar samgöngur brenna mjög á íbúunum. Fáskrúðsfjarðargöng voru ein helsta forsenda sameiningar en nú segja fulltrúar allra framboða tíma kominn á ný jarðgöng á milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar. - kk




**FRÁ REYÐARFIRÐI** Miklar framkvæmdir hafa einkennt síðustu ár í Fjarðabyggð.

Valdimar O. Hermannss. D-lista:

## Bættar samgöngur í bæjarfélaginu



Valdimar O. Hermannsson, rekstrarstjóri Fjórðungssjúkrahússins í Neskaupstað, leiðir lista sjálfstæðismanna. Hann segir D-lista leggja áherslu á bættar samgöngur í bæjarfélagsinu. „Við viljum ný jarðgöng milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar og koma á almenningssamgöngum í sveitarfélaginu. Jafnframt viljum við gera stjórnsýsluna skilvirkari og aðgengilegri og til lengri tíma viljum við lækka fasteigna- og leikskólagjöld.”

D-listi leggur líka áherslu á markaðs- og kynningarmál bæjarins og að skipulagsmálum verði komið í betra horf. „Vegna mikilla framkvæmda er búið að opna mörg sár. Ganga þarf vel frá þeim og bæta aðkomuna að bænum og umhverfið,” segir Valdimar.

Guðmundur R. Gíslason L-lista:

## Uppbygging og ódýr þjónusta



Norðfirðingurinn Guðmundur R. Gíslason, starfsmannastjóri á Reyðarfirði, er efsti maður Fjarðalistans. Listinn leggur megináherslu á uppbyggingu bæjarfélagsins og að sameiningin gangi sem best. „Við höfum haft forystu um öll framfaramál. Kosningarnar snúast að hluta til um ánægju með störf okkar en reyndin er sú að einhugur hefur ríkt í bæjarstjórn um öll stærstu mál.”

Guðmundur segir L-listann hafa staðið myndarlega að uppbyggingu svo sem skóla- og íþróttamannvirkja. „Fjarðabyggð er eitt sterkasta sveitarfélag landsins og býður upp á góða og ódýra þjónustu. Ný göng á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar eru ofarlega á blaði og bjartsýni og jákvæðni verður áfram okkar leiðarljós,” segir hann.

Ásmundur P. Hjaltason Á-lista:

## Sveitarstjórnarmál snúast um fólk



Ásmundur Páll Hjaltason, verkamaður í Neskaupstað, er efsti maður Biðlistans. Hann segir listann skipaðan almennum borgurum og beri því hag hins venjulega manns fyrir brjósti. „Fólk þarf ekki að eiga 15 pör af jakkafötum eða hafa háskólagráðu til að komast að hjá okkur. Sveitarstjórnarmál snúast ekki um rekstur heldur um fólk,” segir Ásmundur.

Biðlistinn leggur áherslu á að þjónusta við bæjarbúa skerðist ekki við sameininguna og vill taka til hendinni í umhverfis- og skipulagsmálum, og málum eldri borgara. „Sérstaklega á Eskifirði en þrýsta þarf á ríkið um byggingu hjúkrunar- og dvalarheimilis þar. Við viljum ný Oddsskarðsgöng og teljum að öll nærþjónusta sé betur komin hjá sveitarfélögunum en ríkinu.”

Guðmundur Þorgrímss. B-lista:

## Jarðgöng sett í einkaframkvæmd



Fáskrúðsfirðingurinn Guðmundur Þorgrímsson er efstur á lista Framsóknar. Hann segir ný jarðgöng á milli Eskifjarðar og Norðfjarðar efst á forgangslistanum. „Ef ríkið er ekki tilbúið að ráðast í framkvæmdina, viljum við að bærinn hafi forgöngu um stofnun félags um gerð og rekstur ganganna. Jafnframt viljum við koma á almenningssamgöngum og gera stjórnsýsluna skilvirkari.“

B-listinn leggur einnig áherslu á fjölskylduvænt samfélag; góða þjónustu og hóflega gjaldtöku. „Við viljum að sameiningin takist vel og koma upp umhverfisvakt með það að markmiði að gengið verði snyrtilega um öll framkvæmdasvæði í bæjarfélaginu og vel frá þeim gengið að framkvæmdum loknum,“ segir Guðmundur.





ENNEMM / SÍA / NM21637

Það hefur líklega aldrei verið hagstæðara að kaupa sér alvöru jeppa. Nissan Pathfinder blandar skemmtilega saman krafti fjallajeppa eins og þeir gerast bestir og lipurð flottustu götubíla. Útkoman hefur slegið eftirminnilega í gegn enda er sama hvaða samanburð þú gerir, Pathfinder hefur vinninginn!

**Líttu inn og reynsluaktu.**

Öllum Pathfinder sem keyptir eru fylgja auka 32" dekk, húddhlíf dráttarbeisli og olíukort frá EGO með 50.000 kr. inneign!

EGO

**Verðið á Nissan Pathfinder er frá 4.290.000 kr.**

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

olís FÆRIR ÞÉR HM Á SÝN



## Permasteel gasgrill
+3 mánaða áskrift að SÝN
**79.900,-**

13.317,- léttgreiðslur í 6 mánuði



# HM-GRILLTILBOÐ

Við færum þér grillið samsett heim og losum þig við gamla grillið. Léttgreiðslur Visa og Euro í 2 til 6 mánuði.

Himinn og haf / SÍA

## Char-Broil Seguia gasgrill
+ kassi af Carlsberg léttöli
+ kippa af 2 lítra Coke + kassi af Prins Polo
**27.900,-**
Verð áður 34.900,-



4.650,- léttgreiðslur í 6 mánuði

## Char-Broil CB gasgrill
+ kassi af Carlsberg léttöli
**12.900,-**
Verð áður 16.900,-



2.150,- léttgreiðslur í 6 mánuði

olís HM 2006

Við höldum með þér!

HM-tilboðið gildir til 9. júní eða á meðan birgðir endast.
Heimsending gildir fyrir höfuðborgarsvæðið, Suðurnes og Akureyri.



**STAÐIÐ GEGN STRÍÐI** Brian Haw, breskur friðarsinni sem hefur í fimm ár mótmælt stefnu ríkisstjórnarinnar við þinghúsið í Lundúnum, talar við blaðamenn í rigningunni á mánudag í tilefni af því að áfrýjunardómstóll dæmdi ríkisstjórninni í vil um gildi laga sem gera eiga henni auðveldara um vik að binda enda á mótmælastöðu hans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Landspítalinn dæmdur til þess að greiða konu bætur vegna læknamistaka:

# Dæmdar 40 milljónir króna

**DÓMSMÁL** Konu voru í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmdar 25 milljónir króna vegna mistaka sem gerð voru á lýtalækningadeild Landspítalans árið 1993.

Áður en konan fór í aðgerð, árið 1993, hafði hún verið í tannréttingum og þar sem færsla á neðri kjálka um einn sentímetra fram á við, var undirbúin. Eftir aðgerðina fann konan fyrir vaxandi verkjum í hægri hluta andlitsins og ákváðu læknar á lýtalækningadeild að framkvæma aðra aðgerð átta dögum eftir fyrri aðgerðina.

Kom þá í ljós mar á andlitstaug sem olli lömun í hægri helmingi andlitsins. Í fyrstu var talið að andlitslömunin myndi ganga til baka á nokkrum vikum en svo reyndist ekki vera og hrjáir lömunin konuna enn í dag.



**LANDSPÍTALI-HÁSKÓLASJÚKRAHÚS** Mistök sem gerð voru á lýtalækningadeild spítalans árið 1993 kostuðu spítalann 25 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Í dómi héraðsdóms segir að starfsfólk Landsspítala hefði ekki fylgst nægilega vel með sjúklingnum eftir aðgerðina og ekki sinnt kvörtunum hans. Konan kvartaði undan miklum verkjum eftir aðgerðina en aðgerðir lækna dugðu til þess að vinna bug á meini konunnar.

Héraðsdómur lítur svo á að mistök læknanna hafi verið bótaskyld og þóttu 25 milljónir króna eðlilegar í samhengi við þanna skaða sem konan varð fyrir við aðgerðina og eftirmeðferð hennar. **- mh**

Dæmdur fyrir líkamsárás:

# Fjögurra mánaða fangelsi

**DÓMSMÁL** Karlmaður var dæmdur til fjögurra mánaða fangelsisvistar, þar af tvo mánuði skilorðsbundna, vegna líkamsárásar á Ráðhústorginu á Akureyri síðastliðið sumar.

Með broti sínu rauf maðurinn skilorð vegna fyrri dóma og er dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra því harðari en gengur og gerist. Var ákærði einnig sakaður um aðra líkamsárás en þar sem aðeins eitt vitni var til frásagnar um þá árás stóð aðeins orð gegn orði og var hann sýknaður. Hefur maðurinn áður hlotið dóma vegna þjófnaðar og umferðarlagabrota. **- aöe**


## SAMKEPPNI UM NAFN

Félag járniðnaðarmanna og Vélstjórafélag Íslands hafa tekið ákvörðun um að sameinast í eitt félag. Ákveðið hefur verið að efna til samkeppni um nafn á nýja félagið og er öllum heimil þátttaka. Félagsmenn eru sérstaklega hvattir til að taka þátt. Nýtt félag verður lands- félag og verða félagsmenn þeir sem lokið hafa vélstjórnarnámi, iðnnámi í málm - og véltæknigreinum og veiðarfæragerð, einnig iðnnemar í greinunum og fleiri sem starfa í þessum eða skyldum greinum.

**Vegleg verðlaun eru í boði og er skilafrestur til 1. júní 2006.**
Allar nánari upplýsingar fást á heimasíðum félaganna velstjori.is og metalnet.is eða í síma 562 9062 og 533 3044.

**Félag járniðnaðarmanna / Vélstjórafélag Íslands**




**FASTEIGNAMARKAÐURINN** Talið er að teikn séu á lofti um að fasteignamarkaðurinn sé að breytast. Bankarnir ráðleggja viðskiptavinum að fara varlega í fasteignaviðskiptum. Þessi mynd tengist fréttinni ekki beint.

# Lítill hluti er í vanskilum

**Viðskiptabankarnir hafa litla trú á að viðskiptavinir lendi í greiðsluerfiðleikum og að það geti reynt á félagslega ábyrgð þeirra. Hjá Kaupþingi eru aðeins tíu af 10 þúsund íbúðalánum í vanskilum.**

**FASTEIGNAMARKAÐURINN** Viðskiptabankarnir gefa lítið út á að það geti reynt á félagslega ábyrgð bankanna ef viðskiptavinir, sem hafa tekið há íbúðalán, lenda í greiðsluvandræðum með aukinni verðbólgu og verra efnahagsástandi. Þeir hafa litlar áhyggjur af því að til þessa geti komið og hyggjast ekki bregðast við með neinum sérstökum hætti.

Viðskiptabankarnir hafa mismunandi mat á því hverjar horfurnar eru á fasteignamarkaði. Glitnir telur að fasteignaverð fari heldur lækkandi og samdráttur í einkaneyslu sé óhjákvæmilegur meðan greiningardeild Kaupþings gerir ráð fyrir að fasteignaverð hækki enn frekar á þessu ári, að sögn Jónasar Sigurgeirssonar, framkvæmdastjóra hjá Kaupþingi.

Bankarnir ráðleggja viðskiptavinum sínum að fara varlega og ætla sér ekki um of en þessar ráðleggingar eru ekkert meiri en í venjulegu ári. Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, segir þó að bankinn hafi tekið þá stefnu að ráðleggja lántakendum, sem sækja um 80 prósenta lán, að taka aðeins 70 prósent þar sem verðbólga geti sett strik í reikninginn.

„Við höfum lagt áherslu á að fólk gæti að hagsmunum sínum og fari varlega nú sem endranær en það verður hver og einn að taka sína ákvörðun með sínum ráðgjöfum eða einn og sér. Við höfum alltaf reynt að ráðleggja okkar viðskiptavinum á ábyrgan hátt, í veðhlutföllum sem öðru,“ segir Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis.

Jónas Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri hjá Kaupþingi, bendir á að bankinn hafi gefið út 10 þúsund íbúðalán og einungis tíu þeirra séu í 90 daga vanskilum. Greiningardeild bankans geri ráð fyrir hækkandi íbúðaverði um allt að 20 prósent á þessu ári.

„Hvað sem kann að gerast í framtíðinni er allt önnur Ella. Ef annað verður þá kemur í ljós hvað verður gert,“ segir hann.

Umræða hefur verið um að fasteignamarkaðurinn sé að breytast og íbúðir séu hættar að seljast. Jónas telur að fjöldi kaupsamninga í apríl í ár miðað við apríl í fyrra sé ekki sambærilegur þar sem páskarnir hafi verið í mars í fyrra en í apríl í ár. Páskarnir hægi á fasteignaviðskiptunum og því sé ekki um raunverulega mælingu að ræða. „Þetta ruglar myndina,“ segir hann. **ghs@frettabladid.is**




SPENNANDI NÁM Í HUG- OG FÉLAGSVÍSINDUM
HÁSKÓLINN Á AKUREYRI
www.unak/feloglaga

**Félagsvísinda- og lagadeild Háskólans á Akureyri býður upp á nám til B.A. prófs á eftirfarandi sviðum hug- og félagsvísinda:**

**Fjölmiðlafræði:** Nám þar sem fagleg og fræðileg þekking á fjölmiðlun og fjölmiðlum eru samþætt. Góður grunnur, m.a. fyrir störf á sviði fjölmiðlunar eða almannatengsla.

**Samfélags- og hagþróunarfræði:** Fjölfaglegt félagsvísindanám þar sem nemendur kynnast einkennum ólíkra samfélaga og þeim úrlausnar- og álitaefnum sem þau standa frammi fyrir.

**Sálfræði:** Áhersla á að nemendur skilji mannlega hegðun, hugsun og tilfinningar. Góður grunnur fyrir áframhaldandi nám á sérsviðum sálfræðinnar.

**Nútímafræði:** Hugað er að rótum nútímans og þeim umbyltingum sem honum hafa fylgt. Þverfaglegt nám þar sem fjallað er um nútímann frá sjónarhóli heimspeki, sagnfræði, bókmenntafræði og fleiri greina.



**Umsóknarfrestur er til 5. júní.**
Umsóknareyðublöð, námsskrá og kynningarefni eru aðgengileg á **www.unak.is.**

Spennandi valkostur

- Persónulegt umhverfi – góð tengsl milli nemenda og kennara
- Verkefnavinna – bæði hópverkefni og einstaklingsverkefni
- Alþjóðleg áhersla – töluvert um að kennarar komi frá erlendum samstarfsháskólum
- Lotubundið nám og símat

Mannætan í Þýskalandi fær þyngri dóm:

# Dæmdur í ævilangt fangelsi

**ÞÝSKALAND, AP** Armin Meiwes, 44 ára Þjóðverji, var í gær dæmdur í ævilangt fangelsi fyrir morð og mannát. Meiwes hafði áður hlotið vægari dóm fyrir sömu sök, átta og hálfs árs fangelsi, en málið var tekið upp á ný í janúar síðastliðnum eftir að áfrýjunardómstóll hafði ógilt fyrri dóminn.

Í fyrri réttarhöldunum þótti Meiwes hafa það sér til málsbóta að fórnarlambið hafði fyrirfram gefið samþykki sitt og var hann því aðeins dæmdur fyrir manndráp en ekki morð.

Við réttarhöldin lýsti Meiwes aftur atburðarásinni þegar hann myrti Bernd Jürgen Brandes heima hjá sér í Rotenburg. Þeir höfðu kynnst á Internetinu, þar sem Meiwes auglýsti eftir fórnarlambi.



**ARMIN MEIWES** Fyrri réttarhöldin yfir honum voru úrskurðuð ógild. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Meiwes segir að Brandes hafi viljað vera „étinn lifandi“ og samþykkt fyrirfram að Meiwes myndi stinga hann til bana eftir að Brandes hefði drukkið lyf til þess að missa meðvitund.

„Annars hefði ég aldrei gert þetta,“ sagði Meiwes, sem tók verknaðinn upp á myndband.

Meiwes segir að Brandes hafi einnig hvatt sig til að leggja sér fleira fólk til munns eftir dauða sinn. Meiwes segist engu að síður hafa hikað við að fremja verknaðinn. „Ég vildi borða hann, en ég vildi ekki drepa hann.“ **- gb**

LAGERSALA
50% AFSLÁTTUR AF ÖLLU !
H&M ROWELLS
OPIÐ 11-19
FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)



**PALESTÍNUKONUR MÓTMÆLA** Þessar konur söfnuðust saman í Nablus í gær.

Innbyrðis átök í Palestínu:

## Hamas og Fatah berjast

**GAZABORG, AP** Til átaka kom milli tveggja helstu fylkinga Palestínumanna, Hamas og Fatah, í gær, annan daginn í röð.

Herskáir Hamas-liðar gerðu árás á jarðarför á vegum Fatah á sunnanverðri Gazaströnd. Einnig kom til skotbardaga milli Hamas og Fatah í Gazaborg og voru börn á meðal þeirra sem særðust þar.

Fjárskortur Palestínustjórnar, sem stafar af því að lokað hefur verið á alþjóðlegan fjárstuðning, veldur því að spenna fer ört vaxandi milli Fatah og Hamas. **- gb**



**NÝ SUNDLAUG** Fyrsta skóflustungan að nýrri sundmiðstöð í Vallahverfi var tekin í gær.

Hafnarfjörður:

## Ný sundmiðstöð við Ásvelli

**SVEITASTJÓRNARMÁL** Fyrsta skóflustunga að nýrri sundmiðstöð að Völlum í Hafnarfirði var tekin í gær, en ráð er fyrir gert að fyrsti áfangi hennar verði tekinn í notkun í desember á næsta ári.

Sundmiðstöðin mun rísa við hlið íþróttamiðstöðvar Hauka á Ásvöllum en þar verða tvær sundlaugar, heitir pottar, líkamsræktarsalur auk aðstöðu fyrir Sundfélag Hafnarfjarðar og önnur íþróttafélög í bænum. **- aöe**

**LÖGREGLUMÁL**

**Innbrotsþjófar flúðu af vettvangi**

Brotist var inn í íbúðarhús á Akureyri seint í fyrrakvöld en vart höfðu þjófarnir komist inn fyrr en húsráðandi kom heim og flýðu þjófarnir af vettvangi án þess að taka nokkuð. Er þeirra leitað en lögregla hefur nokkra grunaða um verknaðinn.

VOR-DAGAR Í MJÓDD
60-80%
AFSLÁTTUR
MYNDAALBÚM, MÖPPUR, BLÝANTAR, STROKLEÐUR, TÖSKUR, PENNAVESKI, LEIKSKÓLATÖSKUR, SKRIFFÆRI, RITFÖNG, LÍMBÖND, FÖNDURSETT, LITIR, STÍLABÆKUR OFL. OFL.
Vorútsalan í Mjódd stendur til og með 13. maí
Penninn Eymundsson
Fíton/SÍA



SIGURDAGUR Í MOSKVU Rússneskir hermenn gengu fylktu liði undir gunnfánum Sovétríkjanna framhjá Vladimír Pútín Rússlandsforseta í Moskvu á mánudag, til minningar um sigurinn yfir Þýskalandi nasista fyrir 61 ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gæsluvarðhald yfir einum fimmmenninganna í stóru fíkniefnamáli framlengt:

# Reyndu að smygla 25 kílóum

**LÖGREGLUMÁL** Herbjörn Sigmarsson, einn af fimm mönnum sem setið hafa í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar á tilraun til stórfellds fíkniefnasmygls til landsins í byrjun apríl, var í gær úrskurðaður í áframhaldandi gæsluvarðhald. Um var að ræða ríflega 25 kíló af fíkniefnum, 15 kíló af amfetamíni og 10 kíló af hassi sem reynt var að smygla hingað til lands. Þetta er eitt mesta magn sem lagt hefur verið hald á í einu lagi hér. Hörður Jóhannesson yfirlögregluþjónn vildi ekki staðfesta við Fréttablaðið um hversu mikið magn væri að ræða.

Hinir fjórir, sem sæta lögreglurannsókn, þeir Ólafur Ágúst Ægisson, Ársæll Snorrason, Hörður Eyjólfur Hilmarsson og Hollendingurinn Johan Handrick, þurfa að sæta gæsluvarðhaldi til 19. maí samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur. Þrír þeirra, Ólafur Ágúst, Ársæll og Hollendingurinn, voru staðnir að verki að kvöldi skírdags, þegar þeir voru að losa fíkniefnin úr bensíntanki bifreiðar í iðnaðarhúsnæði á Krókhálsi. Bifreiðin hafði verið flutt hingað frá Hollandi, en starfsmaður Tollgæslunnar fann efnin við eftirlit í Sundahöfn 3. apríl. Bifreiðin var síðan tollafgreidd 11. apríl og þremur dögum síðar gómaði lögreglan mennina þrjá eftir að hafa fylgst með ferðum bifreiðarinnar. Hinn fjórði, Hörður Eyjólfur, var handtekinn síðar um kvöldið í heimahúsi í borginni. Sá fimmti, Herbjörn Sigmarsson, var svo handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald til 9. maí. Héraðsdómur Reykjavíkur framlengdi það í gær til 23. maí að kröfu lögreglunnar í Reykjavík, sem fer með rannsóknina. Herbjörn hefur kært úrskurðinn til Hæstaréttar.



HÖRÐUR JÓHANNESSON





EITT STÆRSTA MÁLIÐ. Fimm menn verða í haldi til 19. og 23. maí vegna rannsóknarinnar.



HÉRAÐSDÓMUR Þótt móðir hafi vanrækt skyldur við börn sín var hún talin hæf til að fara með forsjá þeirra.

Deilt um sameiginlega forsjá:

# Kröfu föður hafnað

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði í gær forsjárkröfu föður fjögurra barna sem voru í sameiginlegri forsjá foreldranna en faðirinn taldi móðurina vanrækja þau.

Hjónin höfðu komið sér saman um forsjá. Dómurinn kemst að því að móðir barnanna hafi vanrækt skyldur sínar meðal annars hvað tannhirðu barnanna varðaði en sé engu að síður hæf til forsjár barna sinna. Var því kröfu föðurins hafnað þó mat sálfræðinga væri að börnunum væri betur borgið hjá honum. - aöe

Zacharias Moussaoui segist steinhissa á bandarísku réttarkerfi:

# Vill draga játninguna sína til baka

**BANDARÍKIN, AP** Zacharias Moussaoui, sem í síðustu viku hlaut ævilangt fangelsi fyrir að hafa átt hlut að hryðjuverkunum 11. september 2001, vill nú að málið verði tekið upp að nýju. Hann segir ekkert að marka fyrri framburð sinn og vill draga játningu sína til baka.

Moussaoui segist hafa logið blákalt í vitnastúkunni 27. mars síðastliðinn þegar hann sneri við blaðinu og játaði sig sekan eftir að hafa haldið fram sakleysi sínu í fjögur ár samfleytt.

Moussaoui hafði í framburði sínum sagst hafa átt að fljúga fimmtu flugvélinni á Hvíta húsið þann 11. september árið 2001, en heldur því nú fram að sú frásögn hafi verið „tómur uppspuni“.

Moussaoui skýrir hegðun sína með því að hann hafi verið lengi í einangrun, ekki getað fengið múslima lögfræðing sér til aðstoðar og hann hafi ekki haft skilning á bandarísku réttarkerfi.

Hann segist hafa orðið „verulega undrandi“ á dómnum sem kveðinn var upp í síðustu viku, þar sem hann var dæmdur til ævilangrar fangelsisvistar en ekki til lífláts.

„Ég hélt að ég yrði dæmdur til dauða vegna þeirra tilfinninga og reiði sem beindust gegn mér út af mannfallinu þann 11. september,“ sagði hann í yfirlýsingu sinni. „En eftir að hafa lesið úrskurð kviðdómsins og séð hvernig kviðdómararnir litu framhjá tilfinningum sínum og andúð á mér og einbeittu sér að lögunum og sönnunargögnunum, þá sé ég nú að það er mögulegt að ég geti fengið sanngjörn réttarhöld jafnvel þótt kviðdómendurnir séu Bandaríkjamenn.“ - gb



9. SEPTEMBER 2001 Zacharias Moussaoui er sá eini sem hlotið hefur dóm fyrir aðild að árásunum á tvíburaturnana í New York.



MOUSSAOUI Í VITNASTÚKUNNI Nú segist hann hafa farið með „tóman uppspuna“ þegar hann sagðist hafa átt að fljúga fimmtu flugvélinni á Hvíta húsið 11. september 2001. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Kletthálsi 11, sími 590 5760
www.hekla.is, hekla@hekla.is

# Nú er rétti tíminn til að mála

## Hjá Múrbúðinni færðu gæðamálningu á verði sem slær öll met.






10 lítrar
DEKAPRO Útimálning **Kr. 3.990,-**



10 lítrar
DEKATEX Þakmálning **Kr. 5.260,-**




2,5 lítrar
DEKA Pallaolía **Kr. 1.298,-**




2,5 lítrar
Þekjandi viðarvörn **Kr. 2.141,-**




100% AKRÝL
10 lítrar
DEKAPRO 10 Innimálning **Kr. 3.515,-**




100% AKRÝL
10 lítrar
DEKAPRO 02 Loftamálning **Kr. 2.633,-**




100% AKRÝL
10 lítrar
DEKACRYL7 Innimálning **Kr. 2.949,-**




10 lítrar hvítt
ALFACRYL Inni/úti málning **Kr. 2.990,-**



SPECTER bakki og rúlla **Kr. 499,-**

Múrbúðin hefur ekkert að fela og auglýsir allar vörur með verði en ekki aðeins afsláttarprósentum.
Gerið samanburð á verði og gæðum

**Opið mán. - fös. 8-18**
**laugardaga 9-17**

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

# MÚRBÚÐIN

*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Klettháls 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

*Höfum opnað verslun á Húsavík*



**ELDVIRKNI Á JÖVU** Glóandi hraun sést hér flæða úr gíg eldfjallsins Merapi á eynni Jövu í Indónesíu. Eldvirkni hefur verið stöðug í fjallinu að undanförnu. Það hefur spýtt úr sér stórum gas- og gjóskubólstrum vikum saman og fljótandi hraun hefur safnast upp í suðurhluta gígsins.

Danir telja sig í fremstu röð í umhverfismálum:

# Vilja flytja út umhverfisþekkingu



**VINDMYLLUR** Danir eru sannfærðir um að í Asíu, Ameríku og víðar sé markaður fyrir sérþekkingu þeirra á umhverfismálum.

**DANMÖRK** Danir hyggjast stórauka sölu á þekkingu sinni á umhverfis- og orkumálum. Hefur ríkisstjórn landsins markað stefnu sem tryggja á Dönum auknar tekjur af útflutningi á umhverfisvænum lausnum eins og vindmyllum, reyk- og vatnshreinsum og þekkingu á sorpmálum.

Í frétt Berlingske tidende í gær kom fram að ströng umhverfisstefna í landinu síðustu þrjátíu ár sé ástæðan fyrir því að Danir búi yfir yfirburða þekkingu á þessum sviðum. Nú séu að opnast stórir markaðir fyrir þessa þekkingu í löndum eins og Kína, Indlandi, Brasilíu, Bandaríkjunum og Rússlandi og ríkisstjórnin vilji tryggja að Danir fái sinn skerf af þeirri köku. Því hafa þrír ráðherrar fengið það verkefni að kynna þær lausnir sem Danir búi yfir í þessum löndum.

Einnig eiga sendiherrar landsins á þessum svæðum að sjá um kynninguna og að afla tengsla sem dönsk fyrirtæki geta nýtt sér.

Per Stig Møller, utanríkisráðherra segir að aukin eftirspurn eftir orku í heiminum sé gullið tækifæri fyrir Danmörku. ■


Allt önnur Astra.

Nýr, fallegri og miklu betri Opel.



Mánaðargreiðsla 23.061,-*

1.890.000,- Beinskipt - 1.6 lítra

ÞESSI ER HLAÐIN AUKABÚNAÐI: ESP skriðvörn, útvarps-fjarstýring í stýri, samlitur og loftkæling. 7 hátalarar, spilar mp3, hiti í sætum, aksturstölva og margt fleira.

Þetta er Astra eins og þú hefur aldrei séð hana áður. Hönnuðir Opel hafa endurhugsað hana frá grunni og útkoman er gjörbreyttur bíll að innan sem utan. Traust, kraftmikil vél og öryggi sem þú getur stólað á. Við bjóðum þér að kynnast Opel Astra – upp á nýtt.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 ih.is

* Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði




**SJÚKRALIÐANEMAR** Nám sjúkraliða tekur sex annir og margir bæta við sig þriggja anna viðbótarnámi í hjúkrun aldraðra. Þetta nám gefur þó mun minni starfsréttindi en sambærilegt nám á Norðurlöndunum.

# Menntun sjúkraliða stórlega vanmetin

**Starfsréttindi sjúkraliða eru mun minni hér en á Norðurlöndunum þrátt fyrir sambærilega eða betri menntun. Sjúkraliðar fá ekki að gefa lyf með sprautu en ófaglærðir sjá um slíka lyfjagjöf þegar sjúklingur fellur undir félagsþjónustuna.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Menntun sjúkraliða á Íslandi er jafnmikil ef ekki meiri en á Norðurlöndunum en þrátt fyrir það komast sjúkraliðar hér ekki með tærnar þar sem hinir hafa hælana þegar kemur að starfsréttindum,“ segir Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands. „Það þarf að endurskilgreina frá grunni verkaskiptingu á milli hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða.“

Sjúkraliðanám á Íslandi tekur sex annir og mjög margir bæta við sig þriggja anna sérnámi í hjúkrun aldraðra. Þrátt fyrir þetta mega íslenskir sjúkraliðar ekki sinna störfum sem sjúkraliðar á Norðurlöndunum hafa séð um í langan tíma til dæmis að sprauta þó það sé fyrir löngu búið að viðurkenna það í Danmörku með sex anna nám. Sjúkraliðar í Danmörku þurfa heldur ekki að hafa hjúkrunarfræðing á bakvakt eftir sex anna nám en íslenskir sjúkraliðar ná því ekki eftir níu anna nám með sérhæfingu í öldrunarhjúkrun. Þessu hefur Sjúkraliðafélag Íslands mótmælt bæði bréflega og munnlega við heilbrigðisráðuneytið. Kristín segir að hún hafi einnig reynt að fá skýringar á þessu hjá landlækni en svar hans hafi einfaldlega verið: „Af því bara. Svona er þetta á Íslandi og við viljum hafa þetta svona“.“



SIGURÐUR GUÐMUNDSSON



KRISTÍN Á. GUÐMUNDSDÓTTIR

Kristín segir jafnframt að þegar hjúkrunarfræðing vantar á vakt þá séu það sjúkraliðar sem ganga í störf þeirra. Þetta viti allir en það megi ekki viðurkenna það. „Nú er líka mikil umræða um samþættingu heimahjúkrunar og félagsþjónustunnar og um leið og viðkomandi sjúklingur er ekki undir væng heilbrigðisþjónustunnar heldur félagsþjónustunnar þá sér ófaglært fólk um lyfjagjafir og sprautur. Þetta er fólk sem hefur enga menntun. Svör varðandi þetta fékk ég hjá landlækni og voru að þetta kæmi þeim ekki við.“

Sigurður Guðmundsson landlæknir segir að nauðsynlegt sé að nýta menntun heilbrigðisstarfsfólks sem best. „Afstaða okkar hefur verið að það klíníska mat sem þarf að fara fram, áður en lyf er gefið, sé gert af þeim sem hafa bestu menntunina á hjúkrunarsviði. Að ábyrgðin sé hjá þeim.“ Sigurður segir að ef ófaglært fólk sé að sprauta sjúklinga sé það eitthvað sem hann vilji fá frekari upplýsingar um og sé eitthvað sem landlæknisembættið vilji ekki.

svavar@frettabladid.is

Oddvitinn í Skilmannahreppi gengur milli bæja og deilir út peningum í sjóði:

# Kaupir atkvæði fyrir úttekt

**KOSNINGABARÁTTAN** Sigurður Sverrir Jónsson, oddviti í Skilmannahreppi, gengur nú mili bæja og býður hverju heimili 600 þúsund króna framlag úr sjóði hreppsins í formi vöruúttektar í Byko eða Húsasmiðjunni. Þetta á að gerast áður en hreppurinn sameinast þremur öðrum í sumar.

Skilmannahreppur, sem er einn efnaðasti hreppur landsins vegna gjalda af járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga og hálfu álverinu þar, á 30 milljónir í svonefndum Búsetusjóði. Sjóðnum á nú að deila út áður en til sameiningar kemur þannig að peningarnir deilist ekki á alla íbúa hins sameinaða sveitarfélags.

Sigurður Sverrir Jónsson oddviti segir að þegar sameiningin var ákveðin hafi sjóðurinn verið undanskilinn nema eitthvað yrði eftir í honum við sameininguna. Það verði ekki. Ætlast sé til að íbúarnir máli mannvirki á jörðum sínum og dytti þar að hlutum og því sé útektarfyrirkomulagið í BYKO og Húsasmiðjunni ekki óeðlilegt.



SIGURÐUR SVERRIR JÓNSSON

Sigurður játar, að sögn NFS, að þetta kunni að líta út eins og atkvæðakaup í ljósi þess að hann leiðir einn þriggja lista í nýju sameinuðu sveitarfélagi en telur að hann geti líka goldið þess ef öfundar gæti í hinum hreppunum þremur. ■

Á 23 ára sakaferil að baki:

# Hlaut rúmlega árs fangelsi

**DÓMSMÁL** Tæplega fertugur síbrotamaður, Agnar Víðir Bragason, var dæmdur til þrettán mánaða fangelsisvistar vegna umferðar- og fíkniefnabrota í byrjun þessa árs fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í vikunni.

Á maðurinn alls 23 ára sakaferil að baki og hefur komist í kast við lögin vegna margvíslegra brota þann tíma. Með fjórum brotum sínum á þessu ári rauf maðurinn skilorð fyrri dóma og er því refsingin þyngd sem því nemur. Samhliða dóminum voru rúm fjögur grömm af amfetamíni og rúm fimm grömm af hassi gerð upptæk. **- aöe**

Lögregla í Egyptalandi:

# Skaut leiðtoga herskás hóps

**EGYPTALAND, AP** Egypska lögreglan drap í gær forsprakka herskás hóps, sem sagður er hafa verið aðalskipuleggjandi hryðjuverkaárása á ferðamannastaði á Sínaískaga í síðasta mánuði sem urðu 23 manns að bana. Frá þessu greindi yfirstjórn lögreglunnar í gær.

Nasser Khamis el-Mallahi, leiðtogi hins herskáa félagsskapar Eingyðistrú og heilagt stríð Egyptalands, var skotinn til bana og félagi hans handtekinn í skotbardaga í ólífutrjálundi á norðurhluta Sínaískaga snemma í gærmorgun, að því er segir í tilkynningu lögreglunnar. Öryggislögregla umkringdi lundinn eftir að upplýsingar bárust um að El-Mallahi og félagi hans héldu þar til. Til skotbardaga kom og stóð hann yfir í um það bil hálfa klukkustund. El-Mallahi féll en félagi hans, Mouhammed Abdullah Abu Grair var handtekinn eftir að hann varð skotfæralaus. Hann særðist ekki. Herskáir hópar á Sínaískaga hafa staðið fyrir þremur árásum á erlenda ferðamenn undanfarin tvö ár. Alls hafa 120 manns farist í árásunum.

„Þetta er hryðjuverkamönnunum mikið áfall,“ sagði yfirmaður öryggislögreglunnar í gær. Hundruð egypskra lögreglumanna komu saman við höfuðstöðvar öryggislögreglunnar í gær og fögnuðu því að hafa fellt hryðjuverkaforingjann. ■



**SORG** Aðstandendur el-Mallahis í sorg eftir að hann féll í skotbardaga við lögreglu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Danir fjölmenna í mótmæli:

# Óvinsæl lög um eftirlaun

**DANMÖRK.** Útlit er fyrir að mótmælin gegn áformum dönsku ríkisstjórnarinnar um breytingar á velferðarkerfinu næsta miðvikudag verði þau fjölmennustu í landinu síðan 1985. Þá tóku hundrað og fimmtíu þúsund manns þátt í mótmælum gegn ríkisstjórn Paul Schlüter.

Samkvæmt frétt Politiken í gær eykst fjöldi þeirra stéttarfélaga sem hyggjast taka þátt í mótmælunum dag frá degi. En mótmælin fara fram í fimm stærstu borgum landsins. Meðal þess sem breytingarnar á velferðakerfinu hafa í för með sér er hækkun eftirlaunaaldurs í 62 ár. **-ks**



**LEIKGARÐUR** Leikskólinn skiptir um eigendur og verður framvegis rekinn af stúdentum.

Stúdentaráð Háskóla Íslands:

# Fagnar kaupum á Leikgarði

**DAGVISTUN** Stúdentaráð Háskóla Íslands fagnar kaupum Félagsstofnunar stúdenta á leikskólanum Leikgarði. Með kaupunum verður þjónusta við börn stúdenta stórlega bætt, að því er segir í tilkynningu frá ráðinu.

Markmið FS með kaupunum á Leikgarði er að fjölga plássum fyrir yngri börn stúdenta á aldrinum sex mánaða til tveggja ára. Mikil þörf er á rýmum fyrir þennan aldur og biðlistar langir, að því er fram kemur. Stúdentaráð telur staðsetningu Leikgarðs afar heppilega, en leikskólinn er í miðju stúdentagarðahverfi í húsnæði sem FS á að öðru leyti. **-jss**

Norsku fréttastofurnar:

# NTB og ANB boða samstarf

**ÓSLÓ, AP** Norsku fréttastofurnar NTB og ANB tilkynntu í gær að þær hygðust hefja viðræður um formlegt samstarf um öflun og miðlun frétta.

Í fréttatilkynningu er tekið fram að markmiðið með viðræðunum sé ekki sameining fréttastofanna. NTB, sem stendur fyrir Norsk Telegrambyrå, var stofnuð árið 1867 og hefur alla tíð síðan verið öflugasta fréttastofa Noregs. ANB, eða Avisernes Nyhetsbyrå, var stofnuð árið 1912 sem sameiginleg fréttaþjónusta dagblaða verkalýðshreyfingarinnar. Hún hefur sótt nokkuð á á síðustu árum en er þó mun minni en NTB. **- aa**

## TÆKNI OG VÍSINDI

**Kynferðislegt aðdráttarafl** Komið hefur í ljós að heilar samkynhneigðra kvenna bregðast öðruvísi við lykt af karlmönnum en heili gagnkynhneigðra kvenna samkvæmt rannsókn vísindamanna við Karólínu háskólann í Svíþjóð á 24 konum.

**Matargerðin banvæn** Um helmingur allra í heiminum elda enn mat sinn með kolum, taði eða við og þetta segir Alþjóðaheilbrigðisstofnunin alvarlegt mál enda dregur reykurinn frá eldamennskunni þúsundir til dauða á hverju ári.

## FUGLAFLENSA

**Rannsaka íslenska fugla** Búið er að rannsaka meira en 200 sýni úr fuglum hér á landi að undanförnu í tengslum við rannsóknir á fuglaflensu. Öll sýnin hafa reynst neikvæð. Stefnt er að því að rannsaka 400 fugla vegna fuglaflensunnar.



Undirliggjandi sjóður KB Sparifjár er Skammtímasjóður KB banka. Markmið sjóðsins er að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu með fjárfestingum í blönduðu safni verðbréfa. Skammtímasjóður telst vera næst áhættuminnsti sjóður KB banka. Skammtímasjóður er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag Kaupþings banka hf. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta m.a. leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar um framangreint má nálgast í útboðslýsingu eða útdrætti útboðslýsingar sjóðsins í útibúum KB banka eða á www.kbsjodir.is.

## „ORÐRÉTT“

*Er þetta frétt?*

**„Við óttumst að ef samið verður um miklar launahækkanir fari verðbólgan úr böndunum.“**

SVEINN HANNESSON FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKA IÐNAÐARINS UM EFNAHAGSMÁL. FRÉTTABLAÐIÐ.

*Frábær árangur.*

**„Við tökum stökk í skoðanakönnun Fréttablaðsins og erum nú „eiginlega“ með mann inni.“**

MARSIBIL J. SÆMUNDSDÓTTIR FRAMBJÓÐANDI FRAMSÓKNARFLOKKSINS Í REYKJAVÍK Í GREIN Í MORGUNBLAÐINU.

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÞJÓÐFRÆÐINGURINN JÓN JÓNSSON

## Aldraðir urðu að lesa Strandir.is

„Menn eru eftir sig. Fjörið var svo mikið á sýningunni Perlan Vestfirðir,“ segir athafnamaðurinn Jón Jónsson, sem rekur gistihús á Kirkjubæjarklaustri, heldur úti vefnum Strandir.is og stendur að Galdrasafninu svo eitthvað sé nefnt.

„Vestfirðir voru kynntir í annað sinn í Perlunni. Síðast fyrir fjórum árum. Kynning sem þessi skiptir miklu máli fyrir ímynd svæðisins og þó mestu fyrir það að aðilar á svæðinu kynnast hver öðrum. Svo hefur hún áhrif á ferðaþjónustuna í sumar, ef þetta verður eins og síðast.“

Jón segir að hann hafi á sýningunni ásamt félögum sínum kynnt vefinn þeirra, strandir.is. „Vefurinn er að verða nokkuð þekktur. Við fáum svona tvö þúsund heimsóknir á dag. 85 prósent koma frá Íslandi. Hinar dreifast á öll heimsins lönd.“

Jón segir vefinn hafa haft áhrif á heimamenn: „Ég get nefnt sem dæmi að hópur eldri borgara fór á tölvunámskeið til að geta skoðað vefinn,“ segir Jón. Vefurinn tengir líka brottflutta við þá sem enn búa á Ströndum og fréttaflutningur af svæðinu hefur einnig margfaldast síðan hann fór í loftið.

Jón segir nóg að gera þótt sýningunni sé lokið. Fjölmargir gisti hjá þeim hjónum á gistiheimilinu. Síðustu nótt hafi fjölmennt lið úr Stundinni okkar gist hjá þeim. Það hafi verið að vinna að þætti um þjóðsögur.

Lífið leikur við Jón en eitt truflar hann. Fjórar hugmyndir að heiti sem prýða á sameinað sveitarfélag Hólmavíkurhrepps og Broddaneshrepps úr sextíu tilnefningum hafa verið valdar og sendar örnefnanefnd. „Þau voru Strandabyggð, Strandahreppur, Sveitarfélagið Strandir og Heimabyggð. „Mér finnst Strandanöfnin öllsömul ná yfir stærra svæði heldur en þessi nýi hreppur. Mér finnst því ekki alveg viðeigandi að nota Strandaheitið á þennan part. Fjórða nafnið Heimabyggð virðist nú bara vera grín. Valið er ekki úr fjölbreyttri flóru.“






**BENSÍNDÆLAN Í MJÓAFIRÐI** Sigfús oddviti segir ekki hægt að breyta dælunni og reiknar verðið á vasareikni.
FRÉTTABLAÐIÐ/ELMA GUÐMUNDSDÓTTIR

## Ekki alveg svo gott

Bensínið í Mjóafirði kostar það sama og víðast hvar á landinu þó krónutalan á dælunni bendi til annars. „Ég held að það sé bara ekki hægt að breyta þessu á dælunni, það er ekki hægt að fara hærra,“ segir Sigfús Vilhjálmsson, oddviti í Mjóafirði, sem sér um bensínið eins og svo margt annað í sveitinni.

Á dælunni stendur að bensínlítrinn kosti 103 krónur en víðast hvar kostar hann í kringum 125 krónur. Það sama er sem sé uppi á teningnum í Mjóafirði.

Bensíndælan er með þeim eldri sem fyrirfinnast á landinu og hefur staðið í Mjóafirði svo lengi sem elstu menn muna. Segir Sigfús að von sé á nýrri dælu í sumar. ■



**HJÓLA HRINGINN Í KRINGUM LANDIÐ** Bjarki og Gyða Rós ætla að verja sumrinu í 2.700 kílómetra langan hjólreiðatúr. Þau vona innilega að ekki springi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## Hjóla hringinn í sumar

**Vinirnir Bjarki Birgisson og Gyða Rós Bragadóttir ætla að verja sumrinu í að hjóla hringinn í kringum landið til að vekja athygli á málefnum Barna- og unglingageðdeildarinnar.**

Bjarki er þaulvanur þjóðvegi 1 en hann gekk hringinn í kringum landið í fyrra ásamt vini sínum Guðbrandi Einarssyni. Nú er samferðamaðurinn annar, farkosturinn líka og leiðin lengri. „Við ætlum að taka Vest- og Austfirðina líka en í fyrra slepptum við þeim,“ segir Bjarki og bætir við að ferðin nú sé ekki jafn skipulögð og í fyrra, allavega sé skipulagið óskipulagt. „Við vitum ekki almennilega hvað við komumst langt á hverjum degi en við stefnum að því að vera komin í bæinn fyrir júlílok,“ segir Gyða Rós sem hefur æft sig í Sporthúsinu í vetur til að búa sig undir glímuna við þjóðveginn.

Ekki er fyrirséð hvar þau gista á leið sinni um landið en þau stefna að því að banka upp á hjá vinum og ættingjum þar sem þá er að finna, „nú eða bara fá inni á sveitabæjum“, segja þau og hafa minnstar áhyggjur af náttstað.

Leiðin er um 2.700 kílómetrar og þau vita sem er að sjálfsagt verða þau þreytt. „Þetta verður örugglega erfitt en gaman,“ segir Gyða Rós og bætir við að hætt sé við að þau verði orðin þreytt hvort á öðru eftir sumarið. Þau eru samt mála um að líklega verði erfiðast að hjóla um Vestfirði enda fjöllin þar há og firðirnir djúpir.

Með förinni ætla Bjarki og Gyða Rós að vekja athygli á málefnum barna- og unglingageðdeild Landspítalans sem þau segja að sé í ýmsu ábótavant. Og ef einhverjir peningar safnast munu þeir renna til deildarinnar. Velferðarsjóður barna er félagslegur bakhjarl hjólreiðatúrsins en Ingibjörg Pálmadóttir, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, er framkvæmdastjóri sjóðsins.

Gyða Rós er nemandi við Fjölbrautaskólann í Breiðholti og vinnur einnig með fötluðum. Bjarki var lengi sundþjálfari en er hættur því starfi og fer af stað með nýtt verkefni í vetur. „Ég ætla að fara á milli skólanna og segja krökkunum frá því hvernig er að fatlaður,“ segir Bjarki sem er með spasma í fótum.

Hjólreiðatúrinn langi hefst á mánudag. ■

KYNNINGARFUNDIR UM MEISTARANÁM
Í LÝÐHEILSUFRÆÐI, STÆRÐFRÆÐI OG KENNSLUFRÆÐI



MIÐVIKUDAGINN 10. MAÍ KL. 17.00
Lýðheilsufræði og kennslufræði

FIMMTUDAGINN 11. MAÍ KL. 17.00
Stærðfræði og kennslufræði

Um er að ræða þrenns konar prófgráður:
- M.P.H. - Meistaranám í lýðheilsufræðum
- M.Ed. - Meistaranám í stærðfræði og kennslufræði
- M.Ed. - Meistaranám í lýðheilsufræði og kennslufræði

*Dr. Einar Steingrímsson og dr. Inga Dóra Sigfúsdóttir kynna námið.*

Fundirnir verða haldnir í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is

## Á framboðslista með afa og alnafna

Alnafnarnir og sjómennirnir Hreiðar og Hreiðar Jósteinssynir eru saman í framboði fyrir sveitarstjórnarkosningarnar undir lok mánaðarins. Eru þeir á framboðslista VG í nýju sameinuðu sveitarfélagi Húsvíkurbæjar, Keldunes-, Raufarhafnar- og Öxarfjarðarhrepps.

Hreiðar yngri segir þá félagana vera í framboði í fyrsta sinn. „Afi hefur alltaf verið vinstrisinnaður en ég held að hann hafi aldrei áður verið á lista. Sjálfur er ég svo bara rétt að byrja í þessu.“

Kosningabaráttan leggst vel í Hreiðar en landslagið hefur breyst mikið frá því sem var í síðustu kosningum en þá buðu vinstri grænir fram með Samfylkingunni á Húsavík og svo eru fjögur sveitarfélög orðin að einu. Hann segir því ómögulegt að geta sér eitthvað til um úrslitin. Nývrerið var ritað undir samkomulag um athugun á kostum og göllum þess að reisa álver við Húsavík. Hreiðar býst við að það mál verði rætt í kosningabaráttunni en trúir ekki að það ríði baggamuninn.

Hann segir þá góða og nána félaga og hafa sömu áhugamál; sjósókn og stjórnmálin.

Engin von er til þess að þeir nafnanir komist í sveitarstjórn enda er Hreiðar yngri í 12. sæti listans og Hreiðar eldri í því 18. en aðeins sitja sjö í sveitarstjórninni. ■



**ALNAFNAR, VINIR OG SAMHERJAR Í PÓLITÍK** Hreiðar Jósteinsson og Hreiðar Jósteinsson eru báðir á lista VG.


BÓNUSFETI
199 KR. 250g
BÓNUS FETA
FROSIN TÚNFISKSSTEIK
99 KR. 250g
TUNFISK
KF SALAT
98 KR. 350g
Kartöflu salat
Hrá salat
MAÍSKORN
49 KR. 340g
Komdu í Bónus!
FROSNAR OG FRÁBÆRAR
DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR
Dönsku bringurnar
FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR
1298 KR. 900g
Gott á grillið!
BÖKUNARKARTÖFLUR
149 KR. um 700g
GRILL KARTÖFLUR
Kúrbítur
Bónus býður betur!
Marineruð lúðusteik
TÓMATSÓSA
98 KR KÍLÓ!
STEIKTUR LAUKUR
69 KR. 200g
Crisp fried onion
1 LÍTRI
75 KR.
Apelsinjuice
Orange juice
Tropisk nektar
Tropical nectar
Appelsínjuice
Apple juice
FROSNAR
marineraðar lúðusteikur
1198 KR. kg
frá Norðanfiski
SINNEP
79 KR. 500g
Senap • Mustard
BÓNUS PYLSUR
479 kg KR.
Merkt verð 599KR.
Frábært úr frystinum!
3 risa
eldhúsrúllur
XL
Ítalskur fitusnauður sorbetís
Vilt jarðarber
Nýtt í Bónus!
LAX Á GRILLIÐ
998 kg KR.
BEINLAUS OG MARINERAÐUR FROSINN
3 XL rúllur
298 KR
Nýtt í Bónus!
Ítalskur sorbetís
359 KR.
400 ml box
MINNA EN 1% FITA!
Marineraður beinlaus lax
www.bonus.is
bonus.is

## Svona erum við

> Fjöldi geita á Íslandi




Heimild Hagstofa Íslands

**baksvið**

*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** ÍSLENSKI REFURINN

# *Refurinn lifir góðu lífi á Íslandi*

Refurinn var eina landspendýrið sem hafði búsetu hér á landi fyrir landnám og hefur verið hluti af íslenskri náttúru í meira en 10 þúsund ár en talið er að hann hafi komið hingað til lands með hafís.



**Hvernig hefur íslenski refurinn lifað af við íslenskar aðstæður svo lengi?**
Íslenski refurinn telst til tegundar er nefnist heimskautarefur eða fjallarefur. Ekkert dýr hefur þéttari feld en heimskautarefurinn en því hefur verið haldið fram að hann þoli allt í 70 gráðu frost í stilltu veðri. Stofnstærð íslenska stofnsins er talin vera um það bil þrjú til fjögur þúsund dýr. Aðlögunarhæfni refsins felst meðal annars í því hversu gott þol gagnvart köldu veðri hann hefur. Auk þess er refurinn afar klókur og snjall og tekst oftar en ekki að komast yfir þá fæðu sem hann hefur hug á að komast yfir.

**Hvernig gengur að halda refnum í skefjum?**
Aðalóvinur refsins hér á landi er maðurinn. Veiðar á ref eru stundaðar allt árið um kring vegna þess hversu miklum skaða refurinn getur valdið með veiðum sínum og fæðuöflun. Sérstaklega hefur maðurinn reynt lengi að halda aftur af refnum þegar hann gerir vart við sig í æðarvarpi en lengi hefur refurinn valdið þar miklum skaða.

Refurinn hefur það gott á Íslandi. Hér er næga fæðu fyrir hann að hafa, til dæmis fuglar, egg, fjörudýr, hrognkelsi og og ber. Eftir landnám lifði refurinn mikið á músum, hænsnum, sauðfé og jafnvel hreindýrum.

**Afkvæmi refa**
Afkvæmi refa kallast yrðlingar og vega að meðaltali um 70 grömm við got. Eftir 15 til 20 daga fara þeir að opna augun en fyrstu þrjár vikurnar nærast þeir eingöngu á móðurmjólkinni. Foreldrar yrðlingsins fara svo að færa honum kjöt eftir þrjár vikur en eftir fjóra mánuði er yrðlingurinn orðinn sjálfbjarga og tilbúinn til þess að takast á við lífið í íslenskri náttúru.

**SPURT & SVARAÐ**
ÁSTAND GOLFVALLA

## *Betri en í fyrra*



**HÖRÐUR ÞORSTEINSSON,** framkvæmdastjóri GSÍ

Ein vinsælasta íþrótt landsmanna er golfíþróttin en fjöldi þeirra sem hana stundar hefur farið hratt vaxandi hin síðari ár. Þeir fylgjast eðlilega vel með ástandi golfvalla og geta nú að sögn Harðar Þorsteinssonar, framkvæmdastjóra Golfsambands Íslands, farið að dusta rykið af kylfum sínum og pokum.

**Hvernig koma vellirnir undan vetri?** Í heild má segja að þeir séu betri en á sama tíma síðasta ár sem var þó gott. Nokkrir vellir hafa opnað nú þegar þó spilað sé á vetrargrínum á þeim flestum. Verst er ástandið fyrir norðan þar sem miklar rigningar hafa sett strik í reikninginn en segja má að í næstu eða þarnæstu viku ætti golfsumarið að byrja fyrir alvöru hjá flestum landsmönnum.

**Veldur aukinn fjöldi áhugasamra vandamálum?** Stærstu klúbbarnir hafa leyst það mál nokkuð vel. Auðvitað þarf að fjölga völlum hér á suðvesturhorninu en það er langtímamarkmið. Í millitíðinni hafa stóru klúbbarnir gert samninga við jaðarvelli, eða þá sem eru eilítið lengra í burtu, um að félagsmenn þeirra spili þar án endurgjalds og það hefur borið ávöxt.

**Eru líkur á áframhaldandi fjölgun spilara?** Félagafjöldi jókst um tíu prósent á síðasta ári og áfram verður einhver fjölgun. Sérstaklega í ljósi þess að aðstaðan í Básum hefur eflaust orðið til þess að fleiri hafa fengið bakteríuna. Klúbbarnir geta tekið eitthvað á sig en að mínu viti leitar fólk í ríkara mæli á þá velli sem lengra eru í burtu frá borginni.

# Bush hunsar andstöðu

**Bush Bandaríkjaforseti lætur sem vind um eyrun þjóta þótt nokkrir flokksbræður hans séu afar óánægðir með valið á næsta yfirmanni leyniþjónustunnar CIA. Búast má við harkalegum deilum um tilnefninguna á næstu vikum.**



**TEKUR Í HÖNDINA Á BUSH Í KVEÐJUSKYNI** Porter Goss og George W. Bush boðuðu í skyndi til blaðamannafundar í Hvíta húsinu á föstudaginn til þess að skýra frá afsögn Goss. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fái George W. Bush Bandaríkjaforseti vilja sínum framgengt verður Michael Hayden, herforingi í bandaríska flughernum og yfirmaður bandaríska Þjóðaröryggisráðsins, næsti yfirmaður leyniþjónustunnar CIA. Hann tekur við af Porter Goss, sem óvænt sagði af sér á föstudaginn eftir að hafa gegnt starfinu í innan við tvö ár.

Tilnefningin hefur þegar vakið gagnrýni, ekki aðeins frá andstæðingum forsetans heldur einnig frá samherjum hans í Repúblikanaflokknum. Það sem einna helst virðist fara fyrir brjóstið á þeim er að foringi í bandaríska flughernum verði yfirmaður leyniþjónustunnar, sem er borgaraleg stofnun. Hayden yrði þó engan veginn fyrsti herforinginn sem valinn er til að stjórna CIA því frá því leyniþjónustan var stofnuð árið 1947 hafa sex herforingjar verið yfirmenn hennar.

Núna stendur hins vegar þannig á að margir bandarískir þingmenn, bæði repúblikanar og demókratar, hafa töluverðar áhyggjur af áhrifum varnarmálaráðherrans Donalds H. Rumsfeld. Hreppi Hayden embættið þá verða herforingjar orðnir yfirmenn allra helstu leyniþjónustustofnana Bandaríkjanna, en þær eru býsna margar þó CIA sé kannski einna mest áberandi af þeim.

### Ber ábyrgð á hlerunum

Valið á Hayden hefur einnig verið gagnrýnt vegna þess að hann tengist leynilegum hlerunum, sem stundaðar hafa verið síðustu árin á vegum Þjóðaröryggisráðs Bandaríkjanna. Hayden hefur verið yfirmaður Þjóðaröryggisráðsins frá árinu 1999 og ber því höfuðábyrgð á framkvæmd og skipulagningu þessara hlerana, sem urðu tilefni til harðra orðaskipta í bandarískum stjórnmálum og fjölmiðlum í vetur eftir að dagblaðið Washington Post greindi fyrst frá þeim.

Skömmu eftir árásirnar 11. september gaf Bush forseti Þjóðaröryggisráðinu heimild til þess að hlera bandaríska þegna án þess að fá til þess dómsúrskurð, svo framarlega sem þeir eru grunaðir um að skipuleggja hryðjuverk. Þetta telja margir, þar á meðal háttsettir repúblikanar á Bandaríkjaþingi, í senn vera lögbrot og mannréttindabrot.

Þótt Bush hafi tilnefnt Hayden í embættið á hann enn eftir að fá staðfestingu þingsins, og áður en þingið gefur grænt ljós þarf hann að mæta fyrir þingnefnd þar sem hann verður spurður út í feril sinn. Þær yfirheyrslur verða mörgum kærkomið tilefni til þess að endurvekja gagnrýni á hleranirnar.

### Skyndileg afsögn Goss

Hin skyndilega afsögn Porters Goss á föstudaginn hefur einnig orðið tilefni til vangaveltna.

Goss tók við yfirmannsstarfinu árið 2004 af George Tenet, sem hafði sagt af sér í kjölfar harðrar gagnrýni á leyniþjónustuna. Sú gagnrýni snerist meðal annars um það að starfsmönnum CIA hefði ekki tekist að afla nógu áreiðanlegra upplýsinga til þess að koma í veg fyrir hryðjuverkin 11. september árið 2001. Einnig hafði stofnunin verið gagnrýnd harkalega fyrir að veita bandarískum stjórnvöldum býsna vafasamar upplýsingar til þess að auðvelda þeim að réttlæta árásina á Írak fyrir umheiminum.

Goss átti heldur betur að taka til hendinni, bæta bæði starf leyniþjónustunnar inn á við og ímynd hennar út á við.



**BUSH HLÝÐIR Á HAYDEN** Á mánudaginn var skýrt frá því að Bsh vildi fá Michael Hayden í staðinn fyrir Goss. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

### Tengsl við mútumál

Ýmsir vilja telja að afsögnin tengist rannsókn á öðrum háttsettum yfirmanni CIA, Kyle Foggo, sem hefur verið framkvæmdastjóri leyniþjónustunnar. Bandaríska alríkislögreglan FBI hefur kannað hvort vináttutengsl Foggos við kaupsýslumann í San Diego, Brent Wilkes að nafni, hafi orðið til þess að Foggo hafi tengst mútugreiðslum til þingmanns Repúblikanaflokksins, Randys Cunningham.

Cunningham afplánar nú fangelsisdóm fyrir að hafa þegið stórfé frá verktökum í staðinn fyrir að tryggja þeim verkefni hjá ríkinu. Wilkes er talinn hafa útvegað Cunningham vændiskonur, glæsibifreiðar og hótelherbergi, þar sem meðal annars var efnt til pókerkvölda.

Foggo tengist málinu þannig, að hann sótti sum þessara spilakvölda, en segist eingöngu hafa gert það til þess að spila póker, sem hann hefur óskaplega gaman af.

Ekki er vitað hvort Goss tengist þessu á nokkurn hátt, en ósvarað er þeirri spurningu hvort hann hafi vitað af vináttu Foggs við Wilkes, sem þá sætti rannsókn í tengslum við mútugreiðslurnar til Cunninghams.

Í það minnsta sagði Foggo af sér embætti framkvæmdastjóra CIA núna í beinu framhaldi af afsögn Goss, yfirmanns síns, en reyndar mun það hafa tíðkast að nýr yfirmaður CIA velji sér jafnan nýjan framkvæmdastjóra.



BAKSVIÐ
GUÐSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is

VERÐLEIÐRÉTTING




Tilkynning um verðleiðréttingu vegna prentvillu í bæklingi Europris sem fylgir Fréttablaðinu í dag.
**Rétt verð er kr. 14.900.**

Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

# VIÐ STÆKKUM DÖFNUM OG FLYTJUM!

Next verður lokuð
í dag, miðvikudag.
Opnum nýja og glæsilega
verslun í Kringlunni
á morgun, fimmtudaginn 11. maí

NEXT
KRINGLUNNI
551 3200

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Reykjvíkurflugvöllur verður á sínum stað næstu 10 árin.

## Flugvallarmál og Sundabraut

Eitt heitasta kosningamálið í höfuðborginni, í annars rólegri kosningabaráttu, er án efa framtíð Reykjavíkurflugvallar. Væntanlegir borgarfulltrúar eru ólatir við að tjá sig um málið, sem þó á aðallega heima á borði samgönguráðherra, eins og önnur samgöngumannvirki í landinu. Auðvitað eiga Reykvíkingar og aðrir íbúar höfuðborgarsvæðisins fullan rétt á því að tjá sig um málið, en útsvarspeningar höfuðborgarbúa munu ekki fara í að breyta núverandi flugvelli eða gera nýjan á Lönguskerjum eða Hólmsheiði. Ákvarðanir í þeim efnum verða væntanlega teknar á Alþingi og framkvæmdir fjármagnaðar á fjárlögum ríkisins. Framtíð Reykjavíkurflugvallar er svo ekki síður hagsmunamál landsbyggðarfólks og sjónarmið þess verður að virða og taka tillit til varðandi málið.

Það er fyrir löngu ljóst að Reykjavíkurflugvöllur verður þar sem hann er fram til ársins 2016, eða í tíu ár enn að minnsta kosti. Miklum endurbótum á flugvellinum og umhverfi hans er varla lokið, og líklega hefur Reykjavíkurflugvöllur aldrei áður verið jafn góður til að sinna hlutverki sínu og nú. Eitt vantar þó og það er boðleg flugstöð fyrir farþega sem leið eiga um völlinn. Núverandi húsnæði er til skammar svo og allt umhverfið við afgreiðslu flugsins til og frá vellinum. Flugmenn hafa lagt orð í belg nýlega varðandi framtíð flugvallarins og bent á ýmsa kosti við staðsetningu hans varðandi veðurfar og fleira. Það er því ekki víst að það hafi verið tilviljun ein sem réði því að Bretar ákváðu á sínum tíma að gera flugvöll í Vatnsmýrinni þrátt fyrir lélega undirstöðu. Þar hefur hann verið síðan á stríðsárunum og þjónað fluginu vel. Auðvitað þurfa menn að taka fullt tillit til þess að flugvöllurinn er nálægt þéttbýlinu og aðflugs- og flugtaksleiðir eru yfir byggð. Nálægð vallarins við helstu stofnanir þjóðfélagsins, svo sem stjórnkerfið, fjármálastofnanir og Landspítalann skiptir líka miklu máli fyrir þá sem koma utan af landi og eiga erindi í þessar stofnanir. Um völlinn fara um 500 sjúkraflug árlega, og í langflestum tilfellum er þar um að ræða venjulegar flugvélar, þótt meira beri á sjúkraflugi með þyrlum, sem er um fimmtungur af sjúkrafluginu um völlinn.

Samráðsnefnd um Reykjavíkurflugvöll er að störfum, en hún lýkur ekki athugun sinni varðandi miðstöð innanlandsflugs í landinu fyrr en síðar á þessu ári þótt hún hafi nýlega gert grein fyrir störfum sínum fram til þessa. Áður en hún lýkur störfum ættu menn að spara stórar yfirlýsingar um framtíð innanlandsflugsins, þótt það sé freistandi fyrir frambjóðendur að leiða að sér athygli í kosningabaráttunni með yfirlýsingum um framtíð þess. Sumum hefur tekist það býsna vel undanfarna daga, en þetta er mál sem á langt í land og væri nær fyrir frambjóðendur að leggja áherslu á eitthvað sem gæti orðið að veruleika á næstu fjórum árum og þar eru öldrunarmálin ofarlega á blaði.

Varðandi samgöngumál er Sundabraut nærtækari kostur til að berjast fyrir. Hún á það reyndar sameiginlegt með Reykjavíkurflugvelli að þar er líka um að ræða samgöngumál á vegum ríkisins, þótt það skipti höfuðborgina að sjálfsögðu mjög miklu máli. Ef meirihluti Sjálfstæðisflokksins kemst til valda í Reykjavík, sem virðist fyrirsjáanlegt samkvæmt könnunum, þá ætti hnútukasti milli borgaryfirvalda og samgönguyfirvalda varðandi Sundabraut að ljúka, svo hægt verði að hefja framkvæmdir við það mikla samgöngumannvirki. Ef hugsað er til framtíðar og menn njörva sig ekki niður við krónur og aura virðist jarðgangaleið með tveimur munnum Reykjavíkurmegin besti kosturinn. Það er eins með Sundabraut og Reykjavíkurflugvöll, að það er ekki síður landsbyggðarfólk sem á hagsmuna að gæta varðandi samgöngur til og frá borginni. Þess vegna er hæpið að efna til bindandi skoðanakannana í einstökum hverfum höfuðborgarinnar varðandi framtíðarlausn um lagningu Sundabrautar.

TÍMI TIL AÐ HITTAST

Viltu fá frambjóðendur í heimsókn?

Á þessu kjörtímabili hafa sjálfstæðismenn í Reykjavík farið í vel á þriðja hundrað heimsóknir til vinnustaða, fyrirtækja, skóla, stofnana og félagasamtaka.

Þessar heimsóknir halda nú áfram daglega fram að kosningum.

Hafið samband í síma 5151777 eða sendið póst á disa@xd.is

betriborg.is

XD
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ekki orð

„Á það skal bent að málið verður að öðru leyti ekki rekið í fjölmiðlum hér eftir.“ Svo hljóðaði niðurlag yfirlýsingar Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, forstjóra Baugs, sem send var fjölmiðlum 4. apríl. Síðan eru liðnar fimm vikur og Jóni Ásgeiri hefur ekki orðið að ósk sinni. Eðlilega hefur talsvert verið fjallað um málið og ef einhver hefur sagt eitthvað sem Jóni Ásgeiri og hans mönnum hefur mislíkað hafa þeir umsvifalaust sent frá sér yfirlýsingar þar sem viðkomandi er lýst sem ótrúverðugum og málflutningurinn sagður byggja á annarlegum hvötum. Þessu hafa umsjónarmenn Kastljóssins, ritstjóri Morgunblaðsins og Sveinn Andri Sveinsson lögmaður fengið að kynnast síðustu daga.



### Ekki eitt einasta orð

„Að öðru leyti verður ekki fjallað um innri mál stjórnar félagsins í fjölmiðlum.“ Svo hljóðaði niðurlag yfirlýsingar Björgólfs Thors Björgólfssonar, stjórnarformans Straums Burðaráss, sem send var fjölmiðlum 26. apríl. Eftir því sem næst verður komist hafa Björgólfur og hans menn staðið við orð sín en yfirlýsingin verður að teljast sérstæð. Straumur Burðarás er almenningshlutafélag, skráð í Kauphöll Íslands, og eru hluthafar 22.181 talsins. Þó að stjórnarformaðurinn hafi óneitanlega talsverð völd er vandséð að hann geti gefið út tilskipanir um að ekki verði fjallað um stjórn félagsins í fjölmiðlum, hvort heldur sem er innri eða ytri mál.



### Rangt orð

„Í vikunni 15.-19. maí verða skriftarpróf, stafsentingarpróf og lestrarpróf á skólatíma.“ Svo hljóðaði upphaf bréfs sem ellefu ára börn í einum grunnskóla borgarinnar voru send heim með á dögunum. Ein villa - en á svona ofboðslega óheppilegum stað. Kennari sem skrifar svona bréf á varla auðvelt með að draga börnin niður þó smávægilegur stafaruglingur kunni að verða í einstaka orðum.

bjorn@frettabladid.is

## Ekki alveg sú fegursta

Í DAG
SKIPULAGSMÁL



JÓN ORMUR HALLDÓRSSON

*Höfuðborgarsvæðið okkar minnir líka miklu meira á samvaxna smábæi í Bandaríkjunum en á evrópska borg.*

Ein af skemmtilegri þjóðsögum Íslendinga er sú að oft sé kaldara í útlöndum en á Íslandi hvað sem hitamælar segja. Varla hefur hún orðið til vegna lognsins eða þurrveðursins á Íslandi. Líklegra er að Íslendingum finnist kaldara í tíu stiga hita í borg þar sem þeir þramma um klukkutímum saman en á Íslandi þar sem þeir hlaupa á innan við mínútu úr bíl í búð. Að halda þessum tíma sem stystum virðist líka hafa verið helsta markmið skipulagsmála á höfuðborgarsvæðinu síðustu áratugina en í mörgum af betri borgum heimsins var stefnunni í þessum efnum snúið við fyrir þrjátíu til fjörutíu árum síðan. Annars staðar hefur hún verið lífseigari, sérstaklega í bandarískum útborgum. Höfuðborgarsvæðið okkar minnir líka miklu meira á samvaxna smábæi í Bandaríkjunum en á evrópska borg.

Aðstæður eru auðvitað óvanalegar á Íslandi því hér er kaldara en víðast á byggðu bóli og því eðlilegt að menn fari aðrar leiðir í skipulagsmálum en gert er þar sem útivist er aldrei nema notaleg. Það er hins vegar með mestu ólíkindum að skipulagsmál höfuðborgarsvæðisins hafi aldrei fyrr verið umtalsvert umræðuefni, hvað þá átakaefni, í stjórnmálum. Ekkert málefni á sveitarstjórnarstigi skiptir meira máli. Mistök á því sviði eyðileggja borgir og gera þær óspennandi, óþægilegar, ljótar, óyndislegar og jafnvel mannfjandsamlegar. Geta menn mótmælt því að einhver þessara orða lýsi stórum hlutum höfuðborgarsvæðisins?

Fyrir fáum dögum lést kona sem þrátt fyrir litla menntun og engin próf í skipulagsmálum hafði meiri áhrif á hugsun manna um skipulag borga en flestir aðrir menn. Hún lék á sínum tíma lykilhlutverk í því að bjarga einum skemmtilegasta hluta New York frá skipulagsslysi af skyldum toga og reykvíska Hringbrautarævintýrið. Síðar gerði hún það sama fyrir Toronto en hún flutti til Kanada vegna andstöðu við stríð Bandaríkjanna í Víetnam. Financial Times birti tvær greinar um hana látna.

Jane Jacobs hét konan. Á meðal áhrifamikilla hugmynda hennar var sú að skipulag ætti ekki að snúast um bílaumferð, heldur um fólk. Þetta hljómar eins og sjálfsögð sannindi, og eru það víðast í samtímanum, en greinilega ekki í Vatnsmýrinni. Önnur var sú að gangstéttir skyldu vera breiðar, götur stuttar, verslanir margar og litlar, götuhorn mörg og trjágróður sem mestur. Jane Jacobs fylgdist einfaldlega með því hvað virkaði vel og hvað illa og komst að því að flestar skipulagshugmyndir tuttugustu aldarinnar væru vondar og margar afleitar. Er til mikið af fólki sem líður betur á þessum reykvísku umferðareyjum en í gömlum evrópskum borgum? Líklega ekki.

Nú er það auðvitað svo að það er kalt á Íslandi og bílar því meira notaðir, allar byggingar eru nýjar og lausar við sjarma fyrri alda og litlar verslanir lifa sjaldan af samkeppni við stærri búðir og verslunarmiðstöðvar. Að auki getum við ekki fylgt ráðum Jacobs sem vildi láta borgir í friði, höfuðborgin vex of mikið til þess. Það er því ekki einfalt að snúa þessu við. Fyrst þarf að viðurkenna stærð vandans. Sjálfum verður mér hugsað til samtals að kvöldi ráðstefnudags fyrir nokkrum árum. Þarna voru sjö eða átta norrænir kollegar mínir og við ræddum um borgir í Asíu og Evrópu. Einn þeirra sagði að Reykjavík væri ljótasta borg Norðurlanda. Hinir tóku undir þetta hver af öðrum. Aðeins einn maður hreyfði mótmælum, Norðmaður sem sagði að tiltekin iðnaðarborg í Finnlandi væri enn ljótari. Rökin voru þau sömu hjá öllum, landið væri fagurt og frítt en að annað eins samsafn af skipulagsslysum í kringum dekur við bíla væri vandfundið í Evrópu. Þessir menn voru ekki sérfræðingar í skipulagsmálum, aðeins víðförulir menn sem höfðu eins og Jane Jacobs, en auðvitað af minni andagift, leitt hugann að því hvað gerir borgir notalegar og mennskar og hvað gerir þær óyndislegar og ljótar.

Nú eru Íslendingar orðnir vanir mörgum erlendum borgum, þekkja þær, kunna að meta þær og vita af hverju þær eru svona yndislegar. Kannski þessi ótrúlegu hervirki í Vatnsmýrinni verði eins og ein risastór vekjaraklukka og komi af stað umræðu sem mikill fjöldi fólks hefur núorðið næga þekkingu, meðvitað eða ómeðvitað, til að þátt í.

## Eru sjálfstæðismenn trúverðugir?

UMRÆÐAN
MÁLEFNI ALDRAÐRA



RAGNHILDUR S. EGGERTSDÓTTIR
STUÐNINGSFULLTRÚI OG HÁSKÓLANEMI

Heitasta kosningamálið fyrir sveitarstjórnarkosningar er málefni aldraðra. Sjálfstæðisflokkurinn segist leggja aðaláherslu á málefni aldraðra. Það hefur verið á döfinni hjá ríkisstjórn sjálfstæðis- og framsóknarmanna allt kjörtímabilið að byggja yfir aldraða. Jón Kristjánsson hefur margoft sagt okkur að vandinn sé sá að það sé svo óskaplega dýrt að hlúa að öldruðum! Það kemur því töluvert spánskt fyrir sjónir að nú sjá sjálfstæðismenn fyrir sér að hægt sé að byggja heilu hverfin fyrir aldraða og jafnvel fyrir ættingjana líka. Þeir gera ráð fyrir að ríkið standi undir þjónustunni. Sá þáttur hefur alls ekki gengið mjög vel fram til þessa.

Sá grunur læðist að manni að þessi óvænti áhugi sjálfstæðismanna standi í sambandi við væntanlegar kosningar og sé orðin tóm.

Hvað ef af þessu yrði, hverjir hefðu þá efni á að búa í slíkum íbúðum? Alla vega ekki ellilífeyrisþeginn sem á að lifa af því sem honum er skammtað frá Tryggingastofnun ríkisins. Við skulum bara vera raunsæ, sennilega yrðu íbúarnir efnafólk sem hefur nú þegar tryggt sér afkomu með lagasetningu um ríkuleg eftirlaun og hinir sem hafa á síðustu árum rakað saman fé með því að eignast eignir ríkisins á góðum kjörum. Þetta eru íbúarnir í þröngum heimi sjálfstæðismanna, sá heimur er of þröngur til að rúma þá sem berjast í bökkum.

Samfylkingin vill efla þjónustu við aldraða því Samfylkingin gerir sér fulla grein fyrir því að það er vegna dugnaðar og þrautseigju eldri borgara sem við búum við þá velsæld sem við gerum í dag. Eldri borgarar eru löngu búnir að vinna sér inn öll þau réttindi sem þarf til að eldast með reisn.

Samfylkingin býður alla 60 ára og eldri velkomna til kaffisamsætis á Hótel Sögu klukkan 13.30-15.30 næstkomandi sunnudag þann 14. maí. Borgarfulltrúar, frambjóðendur og þingmenn Samfylkingarinnar verða á staðnum og spjalla við gesti um hagsmunamál eldri borgara. Strætóferðir frá Lækjartorgi frá 12.35-13.30 og frá Sögu að lokinni dagskrá.

*Höfundur skipar 19. sæti Samfylkingarinnar í Reykjavík.*

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## LITLA STÓRBORGIN MÜNCHEN

München er glæsileg borg sem býður upp á allt sem ferðamenn óska eftir, hvort sem það er fyrir augu, eyru, bragðlauka eða til skemmtunar.

FERÐIR 4

## TIFANDI TÍMA-SPRENGJA

Mikilvægt er að skipta um tímareim þegar bílar hafa náð vissum aldri.

BÍLAR 2



# allt



## ALLT HITT

**[BÍLAR FERÐIR]**




**Nýr Rover 75** lítur væntanlega dagsins ljós á næsta ári því bílafyrirtækið SAIC í Kína sem keypti þrotabú MG-Rover í Bretlandi í fyrra, ætlar að hefja sölu honum. Ekki er þó víst að SAIC megi nota Rovermerkið því að BMW í Þýskalandi á nefnilega Rover, MG og fleiri bresk merki. Samningaviðræður milli SAIC og BMW um málið standa yfir. Frá þessu er greint á vefnum fbi.is



**Fosshótel Reykholt** sem er fyrsta menningartengda hótelið á Íslandi hefur nú einnig opnað heilsulind. Hún er með þremur heitum pottum í hótelgarðinum sem heita Mímisbrunnur, Hvergelmir og Urðarbrunnur. Einnig er hugleiðslu- og nuddstólaherbergi, slökunarhermir og dagljósameðferðarherbergi. Svo hefur hótelið jógamottur og fjallahjól til útláns.

**Sænskir lögreglumenn** sem eiga að fylgjast með öðrum ökumönnum og sjá til þess að þeir aki í samræmi við lög og reglur eru sjálfir ekki alltaf með allt á hreinu, hvorki hvað varðar ökuhæfni né kunnáttu á umferðarlögum. Þetta leiðir ný sænsk skýrsla í ljós.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 10. maí, 130. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.30 | 13.24 | 22.21 |
| Akureyri | 3.58 | 13.09 | 22.22 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Hlíf Böðvarsdóttir er ánægð í Háskólanum í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Bætir heilsu lýðsins

***Hlíf Böðvarsdóttir er í M.Ed. námi í lýðheilsu- og kennslufræði í Háskólanum í Reykjavík.***

Lýðheilsu- og kennslufræði er nýtt nám í Háskólanum í Reykjavík og Hlíf er í fyrsta hópnum sem hóf nám síðasta haust. „Námið tekur tvö ár og það eru kenndar þrjár annir á ári svo við verðum í skólanum út júní,“ segir hún.

Hlíf er með BS-próf í viðskiptafræði. „Ég var að vinna sem fjármálastjóri en ákvað svo að skipta um stefnu og þegar ég sá þetta nám auglýst leist mér mjög vel á það.“

Í lýðheilsu- og uppeldisfræði er fólk úr ýmsum geirum atvinnulífsins með ólíka menntun og bakgrunn. „Hópurinn samanstendur af kennurum, sjúkraþjálfurum, félagsfræðingum og fólki úr öllum áttum sem er mjög gaman því þá koma fram mismunandi skoðanir. Ef það væru bara heilbrigðisstarfsmenn í hópnum væru skoðanirnar kannski einhæfari,“ segir Hlíf.

Í lýðheilsufræðinni er mikið fjallað um forvarnarstarf. „Lýðheilsufræði snýst um að ná til fólks áður en skaðinn er skeður og við lærum hvernig á að búa til heilbrigðisáætlanir. Við vinnum mikla rannsóknarvinnu og skoðum kannski þróun á offitu barna og þróun hreyfingarleysis og tengjum það saman. Við skoðum allt sem tengist heilsu lýðsins og hvernig má bæta hana. Ég er til dæmis að vinna hópverkefni um það hvernig hægt er að bæta andlega líðan barna í fimmta og sjötta bekk í grunnskólum.“

Hlíf er mjög ánægð með að hafa farið í lýðheilsu- og kennslufræði. „Ég fann mig ekki í fjármálageiranum og mig hefur lengi langað til þess að finna leið til þess að gera Ísland betra, en ég hef sérstaklega mikinn áhuga á offitu barna og hreyfingu. Draumurinn er að verða svokallaður ráðgjafi þar sem ég vinn rannsóknarvinnu og nota niðurstöðurnar til að hjálpa fólki.“

*emilia@frettabladid.is*


TOYO Bestu dekkin í USA 8 ár í röð Tire Review Magazine



TOYO TIRES
Hágæða jeppadekk
Fínt eða gróft munstur.
Mikið úrval af stærðum.
Gerið gæða og verðsamanburð
NESDEKK Seltjarnarnesi Sími: 561 4110
KT verslun Akureyri Njarðarnesi S. 466 2111
Bílabúð Benna Vagnhöfða 23 - Sími 590 2000



Vertu klár fyrir sumarið...
Eigum til afhendingar strax, nokkra vel útbúna MAZDA TRIBUTE á hagstæðu verði!
Umboðsaðilar:
SG Bílar - Keflavík - Sími 421 4444
Bíasalan Ós - Akureyri Sími 462 1430
X4 ehf.
Opið 10:00 - 18:30
Laugardaga kl. 12:00 - 16:00
2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.
Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500 - Netfang: x4@x4.is
MAZDA TRIBUTE
www.x4.is








**Sumarveðrið** er tilvalið þegar bóna skal bílinn, nýttu veðurblíðuna meðan hún gefst.


ALLT Á EINUM STAÐ
- SUMARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- PÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

VÍKURVAGNAKERRURNAR
ÞESSAR STERKU

Allar gerðir af kerrum
Allir hlutir til kerrusmíða
VÍKURVAGNAR EHF.
Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is


BÍLAPARTAR
VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ
TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR
GRÆNUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

Sendum frítt um allt land!
Jeppadekk

Vortilboð!
31" heilsársdekk
kr. 11.900
(31x10.50R15)
Aðrar stærðir:
27" 215/75R15, kr. 7.900
28" 235/75R15, kr. 8.900
30" 245/75R16, kr. 10.900
32" 265/75R16, kr. 12.900
ALORKA
Vagnhöfða 6 • 110 Reykjavík • Sími 577 3080

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



Auðunn bregður tímareim eins og geislabaug um höfuðið! FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tifandi tímasprengja

***Mikilvægt er að skipta um tímareim þegar bílar hafa náð vissum aldri en hvert er hlutverk hennar? Auðunn Gunnarsson á Bifreiðaverkstæði Kópavogs svarar því.***

„Tímareimin myndar samband á milli knastáss og sveifaráss vélarinnar og stundum knýr hún líka vatnsdælu bílsins. Það er þó mismunandi eftir tegundum. Tímareimin sér um það að ventlarnir opnist á réttum tíma á móti stimplunum þannig að vélin gangi eðlilega. Í sumum bílum eru tvær reimar og þá er önnur þeirra jafnvægisreim sem vinnur móti titringi í vélinni. Í flestum fólksbílum er miðað við að skipta eftir 90.000 kílómetra akstur, eða á 4-5 ára fresti en í sumum tegundum er markið sett við 60 kílómetra akstur eða 4 ár. Í jeppum er í flestum tilfellum miðað við 150 þúsund kílómetra. Ef tímareimin slitnar getur farið illa en þó fer það líka eftir tegundum. Í verstu tilfellum bogna ventlar og brotna stimplar, einkum í þeim vélum sem hafa tvo ofanáliggjandi knastása. Ef reimin fer í þeim fer allt í steik. Þá þarf að taka heddið af, skipta um ventla og fleira.“

En hversu mikil aðgerð er það að skipta um tímareim og hver er kostnaðurinn? „Í flestum bílum tekur það þrjá til fjóra tíma. Yfirleitt er skipt um vatnsdælu um leið og við höfum það að reglu á mínu verkstæði þegar við skiptum um tímareim að skipta líka um strekkjarahjól og stuðningshjól og í mörgum tilfellum pakkdósir


Svona er reimin í nærmynd.

líka á knastás, sveifarás og olíudælu. Í leiðinni er oft skipt um rafal- og stýrisreimar. Allar reimar eru orðnar sprungnar og slitnar eftir 4-5 ár. Kostnaðurinn er mismunandi eftir því hverrar gerðar bíllinn er. Það getur verið frá 40 og upp í 70 þúsund.“

Auðunn sýnir tímareim sem lítur út líkt og viftureim nema heldur breiðari og með tönnum. En hann fræðir okkur líka um að nú séu keðjur að leysa tímareimarnar af hólmi í mörgum tegundum bíla. „Keðjur voru algengar fyrir mörgum árum en reimarnar ruddu þeim út í mörgum tilfellum. Það þótti gott því þá losnuðu menn við glamrið í keðjunum. Nú eru keðjurnar að koma aftur, ýmist úr léttmálmi eða plasti og því nánast hljóðlausar. Það hefur ekki þurft að skipta um þær ennþá enda eru ekki nema tvö til fjögur ár síðan þær fóru að sjást í nýjum bílum.“

*gun@frettabladid.is*


HLÍFÐU BÍLNUM






*Eigum ávallt til á lager ljósahlífar, húddhlífar og gluggavindhlífar á eftirtaldar gerðir bíla:*
*Ford · Honda · Hyundai · Isuzu · Jeep · Kia · Land Rover*
*Mazda · Mitsubishi · Nissan · Peugeot · SsangYong · Subaru*
*Suzuki · Toyota · Volkswagen*
ARCTIC TRUCKS
Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is
06-010 KC

www.velaborg.is S: 414 8600
JOHN DEERE





ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR
LEITIÐ TILBOÐA HJÁ SÖLUMÖNNUM OKKAR
Heimsmeistari í sínum flokki
Vélaborg ehf
Reykjavík Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) • 110 Reykjavík • Sími: 414 8600 • Fax: 414 8601 Akureyri Njarðarnesi 2 • 603 Akureyri • Sími: 464 8600 • Fax: 464 8601

# ICE-númer til bjargar

***ICE-númer hjálpa sjúkraflutningamönnum og öðrum þeim sem koma til aðstoðar þegar slys ber að garði að ná sambandi við nánustu ættingja.***

Eftir að hafa æ ofan í æ lent í vandræðum með að finna símanúmer nánustu aðstandenda þeirra sem lent höfðu í slysum eða skyndilegum veikindum fékk breskur sjúkraflutningamaður þá hugmynd að gott væri að fólk setti símanúmer einhvers sinna nánustu í símaskrá GSM-símans undir nafninu ICE en það er skammstöfun fyrir „In Case of Emergency“. Sjúkraflutningamaðurinn kom þessari hugmynd strax á framfæri og nú breiðist hún út um heiminn með örskotshraða og er á góðri leið með að verða almenningseign.

Talsmaður sænsku neyðarlínunnar sagði í viðtali við Auto Motor & Sport í Svíþjóð að hugmyndin væri frábær enda getur það skipt sköpum að samband náist sem fyrst við nánustu aðstandendur.

**www.fib.is**



ICE-númer í farsímanum skiptir sköpum ef menn lenda í slysum.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Full búð af flottum græjum
Bíltæki, bassar, hátalarar, skjáir, DVD spilarar, magnarar, bassabox
Kíkið í heimsókn eða fylgist með á netversluninni.
AG Mótorsport - Klettháls 9
110 Reykjavík - s. 587 5547
Verslun á netinu : www.ag-car.is/motorsport
AG MOTOR SPORT

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar
Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557



Samtök verslunar og þjónustu hafa farið fram á það við fjármálaráðherra að fresta hækkun á olíugjaldi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Hækkun verði frestað

***Afkoma flutningsfyrirtækja hefur stórversnað undanfarið.***

Samkvæmt lögum um olíugjald mun lítri af díselolíu hækka að óbreyttu um 5 krónur 1. júlí næstkomandi. Samtök verslunar og þjónustu hafa óskað eftir því við fjármálaráðherra að þessari hækkun verði frestað.

Í bréfi samtakanna til ráðherrans er bent á að hækkun á olíuverði að undanförnu hafi meðal annars leitt til stórversnandi afkomu flutningafyrirtækja. Verði ný lög ekki sett fyrir þinglok sem koma í veg fyrir þessa hækkun, muni það hafa veruleg áhrif á verðlag og flutningskostnað og leiða þannig beint og óbeint til aukinnar verðbólgu.

Frá því ný lög um olíugjald og þungaskatt tóku gildi þann 1. júlí 2005 hefur verð á díselolíu hækkað hratt. Fyrir stóran flutningabíl hefur samanlagður kostnaður við þungaskatt og olíu fyrir hvern ekinn kílómetra hækkað um 10 prósent á þessu tímabili. Svipað gildir fyrir aðra notendur díselbifreiða. Þessar breytingar ásamt þróun launa og lækkun á gengi íslensku krónunnar hafa breytt rekstrarumhverfi landflutninga mjög til hins verra.

**(Af www.billinn.is)**

allt atvinna
Alla sunnudaga

Stilling - betri en bestir Bílavarahlutir
AMTEL sumardekk
Ný tækni í umferðinni
Takmarkað magn!

Ekta radial-barðar tryggja fullkomna stýringu hvort sem vegurinn er þurr eða blautur.

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 14" 175/65R | 4.485 |
| 14" 185/65R | 5.500 |
| 15" 195/65R | 6.500 |

Traustur barði sem veitir öruggan og þægilegan akstur á allskonar vegum.

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 14" 185/65R | 5.900 |
| 15" 195/65R | 6.900 |
| 15" 205/70R | 8.800 |

Barði sem gerður er fyrir mikið álag, hámarksafköst og tryggir fullkomið grip.

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 15" 185/65R | 6.600 |

Hágæða barði. Mynstrið er alveg sérstakt og hönnunin auðveldar krefjandi akstur.

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 15" 195/55R | 7.500 |
| 16" 205/55R | 8.990 |

PLANET · PLANET 2P · PLANET T-301 · PLANET FT-501

Stilling Bílavarahlutir
AÐALNÚMER · SÍMI 520 8000
SKEIFUNNI 11 RVÍK. · SÍMI 520 8001
DRAUPNISGATA 1 AK · SÍMI 520 8002
DALSHRAUNI 13 HFN. · SÍMI 520 8003
SMIÐJUVEGI 68 KÓP. · SÍMI 520 8004
BÍLDSHÖFÐA 16 RVÍK. · SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 29 SELF. · SÍMI 520 8006
www.stilling.is

**Ekki gleyma** sandölunum þegar haldið er í ferðalagið.
Það er að koma sumar.



Bíll úr flokki A

Vika á Spáni

frá 13.200* kr. - ótakmarkaður akstur, kaskó, þjófavörn, flugvallargjald og skattar.

*Verð miðað við gengi 1. maí 2006.

Bókaðu bílinn heima
- og fáðu 500 Vildarpunkta

Hertz
50 50 600 • www.hertz.is



Sumar 11

24. - 31. ágúst

Dresden - Berlín - Pólland

Flogið verður til höfuðborgar Þýskalands, Berlínar og ekið áfram til Dresden þar sem gist er í 3 nætur. Í Dresden er mikið af sögufrægum byggingum og þar verður einnig hægt að kynnast þjóðarbroti, Sorbum, sem búa á þessu svæði, en sérstætt tungumál þeirra og menning á í vök að verjast. Eftir áhugaverðar skoðunarferðir í Dresden er haldið aftur til Berlínar, þar sem gist er í 4 nætur, en leiðin þangað liggur í gegnum Speewald, þar sem upplagt er að fara í skemmtilega bátsferð frá Lubbenau. Skoðunarferð um Berlín, til Potsdam og Stettin í Póllandi.

**Fararstjóri: Auður Gunnarsdóttir**
**Verð: 97.460 kr.**

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is s: 570 2790 ferðaþjónusta bænda

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



# Litla stórborgin München

***Icelandair hefur flug til München í Suður-Þýskalandi 6. júní næstkomandi og þeim tíðindum ættu íslenskir ferðamenn að taka fagnandi. München er glæsileg borg sem býður upp á allt sem ferðamenn óska eftir, hvort sem það er fyrir augu, eyru, bragðlauka eða til skemmtunar.***



München er falleg borg í Suður-Þýskalandi, í grennd við Alpana. Þrátt fyrir stærð sína hefur borgin heillandi smáborgarstemningu sem hrífur hvern þann með sér sem leggur leið sína þangað. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Við komuna til München er við því að búast að borgin gleypi mann með veldi sínu enda er München stórborg með 1,3 milljónir íbúa. Hins vegar tekur Münchenborg á móti gestum sínum með opnum faðmi, rólegu fasi og góðum veitingum. Fáguð smáborgarstemning nær fljótt yfirhöndinni þar sem græn svæði, fallegir garðar, ár og rómantískar brýr, hjólreiðafólk, litlir barir og miðaldabyggingar skapa heillandi og jafnvel heimilislegt andrúmsloft.

München er borg sem hefur upp á allt að bjóða sem ferðamaður þráir þar sem fjölbreytni borgarinnar mikil. Borgin er í Bæjaralandi og má með sanni segja að íbúar þess séu stoltir af uppruna sínum og sögu enda bjuggu þar áður kóngar og merkir menn sem hafa skilið eftir sig söguslóð sem gaman er að rekja og upplifa gegnum stórbrotna byggingarlist miðaldanna. Víða rísa svo nútíma mannvirki í bland við eldri byggingar til merkis um ríkidæmi borgarinnar fyrr og nú. Einnig má feta söguslóðir Adolfs Hitler ásamt því að hægt er að tipla tónstiga blíðari söguslóða klassískrar tónlistar sem blómstrað hefur í München gegnum aldirnar.

Víða eru fallegir garðar milli hárra bygginga borgarinnar þar sem má sóla sig og njóta góðra veðurdaga. Ferðamönnum er þó bent á að fara með gát í Enska garðinum þar sem boðið er upp á „nakin svæði“ en þar er bikiníið víst óþarft. Allir ættu svo að leggja leið sína í Biergarten, eða Bjórgarðinn, þar sem hinar ýmsu tegundir af öli eru teygaðar á nestisbekkjum í fallegum umhverfi. Til að láta reyna á sögusagnir um húmorsleysi Þjóðverja má prófa að biðja um lítinn bjór og sjá hver viðbrögðin verða.

Að loknum degi þegar ferðasálin er orðin troðfull af sögulegum og menningarlegum fróðleik og búið er að kaupa merkjavörur á þéttskipuðum verslunargötum borgarinnar er kominn tími til að upplifa fjörugt næturlíf München. Góðir veitingastaðir leynast á hverju horni og þýsk barmenning nær hámarki sínu eftir að sólin sest.



Marienplatz í München. Mannlífið í borginni er fjörugt og iðandi.

Ratskeller er veitingastaður sem vert er að mæla með en hann er á Marienplatz í miðborg München. Undir styrkri stjórn agaðra þýskra þjónustustúlkna eru bornar fram dýrindis kræsingar og stórgóður bjór. Eru gestirnir í góðu yfirlæti og ekta þýskri stemningu fram eftir kvöldi. Veitingastaðurinn er eins og nafnið gefur til kynna í kjallara og er ógnarstór. Lifandi tónlist ómar um gangana og heimamenn, í bland við aðra heimsbúa, taka lagið á því tungumáli sem stendur hjartanu næst.

Í gamla bænum finnast margir barir þar sem gleðin er ríkjandi en vilji ferðamenn komast í tengsl við ekta þýska bjórmenningu skal leiðin lögð á Hofbräuhaus. Í flennistóru rými er bekkjum raðað þar sem ungir háskólanemar í bland við mun heldri borgara þjóra bjóra úr lítrakönnum undir týrólsku tónspili hljómlistarmanna í stuttum buxum með skringilega hatta. Í bakherbergi má svo finna könnugeymsluna þar sem fastagestir geyma fallega skreyttar könnur sínar í læstum járngrindum, tilbúnar til notkunar við næstu komu. Bjórhefðirnar eru sterkar í München enda drekka borgarbúar bjórinn jafn harðan og þeir framleiða hann.

Fyrir utan München leynast svo fallegar sveitir og lítil fjallaþorp sem verðskulda dagsferð en upplýsingar um úrval þeirra má finna á www.muenchen-tourist.de.

Að gera jafn heillandi borg og München skil í lítilli grein er þrautin þyngri enda er frá nógu að segja. Áhugasamir geta þó kynnt sér tenglasafnið sem hér fylgir en þar má nálgast upplýsingar um næstum allt sem litla stórborgin hún München er tilbúin að bjóða gestum sínum upp á.

*johannas@frettabladid.is*



Víða í München má finna gullfalleg græn svæði þar sem hægt er að eiga rólegar stundir og jafnvel njóta stórbrotinnar byggingarlistar um leið. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## FRAM UNDAN Í MÜNCHEN

**9. júní til 9. júlí**
Heimsmeistarakeppnin í fótbolta. Leikir fara meðal annars fram á Allians Arena rétt utan við München.

**10. og 11. júní**
Hátíðahöld í tilefni af 848 ára afmæli borgarinnar og 250 ára afmæli Mozarts.

**16. júní til 18. júní**
Vínhátíð á Ólympíuleikvanginum. Vínframleiðendur hvaðanæva að úr heiminum standa fyrir smökkun undir lifandi tónlist.

**24. júní til 31. júlí**
Óperuhátíð fyrir unnendur klassískrar tónlistar.

**25. júní og 8. október**
München-maraþonið.

**1. og 2. júlí**
Klassísk tónlistarhátíð á Odeonplatz.

**16. september til 3. október**
Hin víðfræga Októberfest sem allir ættu að upplifa einu sinni á ævinni.

Fjöldann allan af fleiri viðburðum má finna á www.whatsonwhen.com/pages/munich

Fyrir nánari upplýsingar um hótel, flug, staðhætti, viðburði og athafnir má skoða eftirfarandi heimasíður:

www.icelandair.is
www.muenchen.de
www.muenchen-tourist.de
www.muenchen-oberbayern.de
www.munichwalktours.de
www.mikesbikestours.com
www.msr-muc.de
www.schloesser.bayern.de



# VALHÖLL
## FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

**www.valholl.is - Opið mán.-fimmtud. 9-17:30, föstud. frá kl. 9-17. Lokað um helgar.**



| Ingólfur Gissurarson | Bárður Tryggvason | Þórarinn Friðgeirsson | Ellert Róbertsson | Magnús Gunnarsson | Viggó Jörgensson | Pétur Jóhannsson | Margrét Sigurgeirsdóttir | Þóra Þorgeirsdóttir | Guðrún Pétursdóttir |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| lögg. fast.sali | sölustjóri | lögg. fast.sali | sölumaður | sölustj. atvinnuh. | lögg. fasteignasali. | sölum. Snæfellsbæ. | ritari | ritari | skjalagerð |
| 896 5222 | 896 5221 | 899 1882 | 893 4477 | 822 8242 | | S 893 4718 | | | |

**YFIR 100 ÁRA SAMANLÖGÐ REYNSLA VIÐ FASTEIGNASÖLU!**

# Fannahvarf

## - nýtt í sölu - glæsilegar séríbúðir







Í einkasölu nýjar glæsil. íbúðir í litlu 2ja hæða húsi. Íbúðirnar eru 3ja herb. 111,5 fm og 4ra herb. 136,7 fm og í 4ra herb. eru 2 baðherb. Íbúðirnar afh. í sept.-okt. 2006 fullb. án gólfefna með vönduðum innrétt. frá Axis að hluta til að vali kaupenda, um er að ræða miklar innrétt. Baðherb. með vönduðum tækjum og innrétt. flísal. **V. 3ja herb. frá 26,9 millj. V. 4ra herb. frá 31,4 millj.**

# Bjarkarás 1-29 Garðabæ

## glæsilegar séríbúðir








Í einkasölu nýjar glæsilegar séríbúðir samtals 30 eignir í sjö 2ja hæða húsum á þessum einstaklega góða stað í Garðabæ. Gert er ráð fyrir að eignirnar verði afhentar fullbúnar án gólfefna með vönduðum innréttingum og flísal. glæsil baðherb. Mjög skemmtilega teiknuð hús. Lofthæð neðri hæða er 2,95 m og efri hæðar 2,6 m. Íbúðirnar sem eftir eru eru frá 116,7 fm uppí 168 fm og fylgir stæði í bílskýli 22 af 30 íbúðum. Sérverönd fullfrágengin fylgir íbúðum neðri hæðar og svalir frá 7,5 -57 fm fylgja íbúðum efri hæðar. Glæsilegt útsýni er úr mörgum íbúðanna. Lóð afhendist fullfrágengin með öllum gróðri en án leiktækja. Byggingaraðili er Tré-mót ehf.

Lítið á www.nybyggingar.is og sjáið glæsilegan vef um eignina með öllum upplýsingum. Verð frá 260 þúsund pr sem er ekki mikið fyrir glæsilegar íbúðir á þessum eftirsótta stað í Garðabæ!

**VALHÖLL**
**FASTEIGNASALA**
**Sími 588 4477**

## Þorláksgeisli - nýl. hús neðan götu.



Nýtt glæsil. Parhús á 2.hæðum á þessum fráb. útsýnisstað í Grafarholti. Vand. sérsm. Eikarinnrétt.og eikarparket. Sérhönnuð lýsing. Glæsil. eldhús m. vönduðum MIELE tækjum. Stýranlegur gólfhiti. Rúmgóður bílskúr. Allar innréttingar eru úr eik frá GKS. Verð 47,9 millj. 6807

## Hrauntunga-glæsilegt útsýni



Fallegt 262,5 fm einbýlishús í suðurhlíðum Kópavogs. Frábær staðsetning og veðursæld mikil. Húsið er nýlega viðgert að utan og málað. Glæsilegt útsýni, nýlegt þak og skólp. Lítið mál að hafa sér íbúð á neðri hæð. Miklir möguleikar. Verð 53,0 millj. 6848

## Rjúpnasalir - glæsiíbúð



Stórglæsileg 120 fm eign á 2 hæð í litlu fjölbýli. Glæsilegar kirsuberjainnréttingar. Parket. Fallegt útsýni. Eign í sérflokki. V. 28,6 m. 4594

## Mosfellsdalur - glæsieign á 1 hektara eignarlands.



Valhöll fasteignasala kynnir glæsilega 500 fm eign á eins hektara eignarlóð sem staðsett er á jaðri skipulagðar byggðar í Mosfelldal í nágr. Gljúfrasteins með útsýni yfir allan dalinn og nálægt góðum göngu og reiðleiðum. Húsið er mjög glæsilegt 344,7 fm einbýlishús á 2 hæðum, 64.4 fm tvöf. bílskúr og 91 fm hesthús. Húsið er sérlega reisulegt og það sem einkennir það er mikil lofthæð, frábært skipulag, lítið mál að vera með 3ja herbergja aukaíbúð í syðri endanum, glæsilegt þak, frábært útsýni út Mosfellsdalinn og glæsileg fjallasýn og fl. Ekkert hefur verið til sparað við byggingu hússins og allt haft eins vandað og hægt er, t.d. Þakefni, gluggar og hurðir. Húsinu verður skilað rúmlega fokheldu.Búið er að jafna alla lóðina, raða holtagrjóti meðfram lóð, leggja vegi að húsi og hesthúsi, útbúa manir, gróðursetja uþb. 30 stk. 8m aspir á norður og austur hlið lóðar. Þ Óskað er eftir tilboðum í eignina. Bárður sölustjóri veitir upplýsingar. 6846

## Stelkshólar - 5 herb. íb.



Í einkasölu falleg björt og velskipul. íb. á 2. hæð. 4 svherb. 14 fm suðursvalir. Parket. Barnvænn og góður staður. V. 19,7 millj. 6854

## Stærri eignir



**Háhæð - Garðabæ** Stórglæsilegt 200 fm parhús að mestu leiti á einni hæð ásamt 80 fm rými í kjallara sem gefur ýmsa möguleika. Glæsilegar innréttingar og gólfefni. Laust strax. Glæsileg útsýni. Eign í sérflokki. V. 52,5 m. 6812



**Sæviðarsund - raðhús á frábærum stað.** Vorum að fá í einkasölu fallegt raðhús 172 fm m. innb. bílsk. 3 sv.herb. 2 stofur. Endurn. glæsil baðh. Mjög góð lóð og steypt suðurverönd. Parket og flísar. V. 41,0 M. 4684



**Laufengi - raðhús á 2. hæðum.** Í einkasölu fallegt velskipulagt raðhús 120 fm á 2.hæðum á mjög góðum stað í Engjahverfi. Örstutt í góða þjónustu í Spönginni, leik, grunn og framhaldsskólar í grenndinni. V. 28,9 m. 4520

**Bragagata - einbýli** Mikið endurnýjað 80 fm hús ásamt 20 fm nýbyggðu sérhúsi sem er í dag sem nýtt sem stúdíóíbúð/gæti verið frábær vinnustofa. Möguleiki er að byggja ofan á húsið. Glæsilegt baðherb., parket, 2 svefnherb. Frábær staðsetning i 101. Laust. V. 31,5 m. 4466

**Reynihvammur - Kópav. Einbýli m. aukaíb. á fráb. stað útvið óbyggt svæði.** Gott einbýli með tvöf. bílsk og aukaíb. á neðri hæð alls 220 fm á fráb. stað í suðurhlíð. Kóp. Fallegt útsýni, upprunal. innrétt. og gólfefni að stórum hluta. Falleg ræktuð lóð og einstök staðsetn. Miklir mögul. Ásett verð 44 m., eða tilboð. Skipti mögul. á 3ja herb. m. bílsk. í Kópav. 4066

## SUMARHÚS



**Eyrarskógur - fullb. utan.** Í einkasölu á flottum stað í Eyrarskógi á Hvalfjarðarströnd 61,9 fm búst. á einni hæð sem skilast fullb. að utan og fokheldur að innan. Mjög góður staður og góð lóð meðfylgjandi. Til afh. fljótlega. V. 10,5 millj. 6869



**Grímsnes - Öndverðarnes. Glæsil. sumarbúst. á frábærum stað.** Í einkasölu vandaður ca 50 fm búst. m. ca 20 fm svefnlofti. Tvö svefnherb., rafmagn, hitaveita á svæðinu. Falleg kjarrivaxin 0,5 ha leigulóð m. aðgang að sundlaug og golfvelli. Stór nýleg afgirt verönd. Selst með öllu innbúi. Frábær staðsetn. skammt frá Þrastarlundi. Verð 13,6 millj. 6802



**Sumarb. í Grafningshreppi.** Í einkasölu nánast fullbúinn 62,4 fm sumarbústaður á einni hæð flottur bústaður á mjög góðum stað. V.14 m. 4650



**Nýtt heilsárshús á frábærum útsýnisstað við Bifröst / Hreðavatn í Borgarfirði.** Í einkasölu nýtt glæsil. 85 fm heilsárshús á fallegri útsýnislóð rétt við Hreðavatnsskála. Húsið er til afh. fljótlega fullbúið að utan sem innan með rafmagni og hita (hitaveita). 3 svefnherb., eldhús, bað, stofa og geymsla. Stórglæsilegt útsýni yfir Borgarfjörð og víða. Verslun, þjónusta, golfvöllur, veiði, kaffihús og fl. í næsta nágrenni. Verð 22,8 millj. 4655



**Nýr glæsil. sumarbúst í Svarfhólslandi við Vatnaskóg.** Glæsil. 86 fm nýr sumarbúst. / heilsárshús á góðum stað á ca hektara leigulóð. Rafmagn og hiti (hitaveita) komið. Til afhendingar strax fullb.að utan og tilbúin til innréttinga að innan þ.e. milliveggir og hurðir komnar, rafmagn frágengið, ofnar uppsettir og hiti komin á. Aðeins á eftir að mála, velja gólfefni og innréttingar. Áhv. ca 8 millj. til 30 ára m. 5,5% vxt. Verð 13,5 millj. /tilboð. Frábært tækifæri að skapa sinn eigin sælureit ca 45 mín frá Rvk. 3599

**Grímsnes - Ásgarðsland. Glæsil. heilsárshús.** Í einkasölu nýtt ekki fullb. 78 fm sumar/ heilsárshús á frábærum útsýnisstað á 1.ha eignarlandi rétt við Sogið. Húsið stendur á tilkomumiklum stað undir miklum hamravegg og er fullbúið að utan en tæpl. tilb. til innréttnga að innan. Gjöld f. hitaveitu, vatn og rafm greidd og það tengt í húshlið. Gott tækifæri að klára sjálfur eftir egin höfði á fráb. stað 60 km frá Rvk. Verð 13,9 millj. 6842

## Í SMÍÐUM

**Tröllateigur Mosfellsbæ- flottar séríbúðir.** Nýjar glæsil. sérh. á mjög góðum stað í Mosf. bæ. Um er að ræða 4ra herb. sérib. sem afh. fullfrág.án gólfefna. Hús, lóð og bílast. afh. fullfrág. Verð 27 m. 3894



**Bræðraborgarst. nýjar íb. m. bílskýli. ein íbúð eftir 12. seldar !** Einkasala: í nýju lyftuhúsi á frábærum stað í vesturbæ Reykjavíkur eigum við eftir eina íbúð ásamt stæði í bílageymslu. Íb. er 111,4 fm Íbúðin afhend 1.okt. 2006 fullb. án gólfefna m. vönduðum innrétt. og flísal. baðherb. 4259



**Sérhæðir við Andarhvarf í Kópavogi.** Sérhæðir á fínum útsýnisstað við Andarhvarf í Kópavogi. Um er að ræða 134,3 fm sérh. ásamt bílsk. sem eru 25,1 fm og 26,9 fm Íb. afh. fullfrág. án gólfefna. Frábært skipulag með tveimur baðherbergjum, sérlóð með íbúðum neðri hæðar og svalir með íbúðum efri hæðar. Ein íbúð til afhendingar í apríl 2006 og hinar afh. í haust. V. 35,9 m. 3722

## Landsbyggðin



**Akranes - Heiðarbraut - einbýli á besta stað.** Í einkasölu mjög fallegt og mikið endurnýjað ca 230 fm einb. á tveim hæðum auk íbúðaraðstöðu í kj. Stórar stofur m. arin, nýl. parket, endurn. baðherbergi, 4 svefnherb., sérstúdío íb. í kj. og fl. Frábær staðsetning miðsvæðis á Akranesi, skammt frá öllum skólum, íþróttahúsi, verslun og þjónustu. Verð 38,5 millj. 6847

## Sérhæðir og 5-6 herb.



**Framnesvegur - góðar leigutekjur.** Vorum að fá í einkasölu ca 50 fm íbúð í mjög vel staðsettu tvíbýli, íbúð fylgir svo ca 40 fm nýlegur bílskúr sem er innréttaður sem íbúð. Mjög góð staðsetning, stutt hjá t.d. Háskóla Íslands og í göngufæri í miðbæinn. Möguleguг byggingarréttur. V. 23,9 m. 6819



**Hólmgarður - laus strax** Í einkasölu 75 fm efri hæð í vel staðsettu tvíbýli, íbúð fylgir ris sem er ekki inn í skráðum fm Húsið er klætt að utan. Íbúð er til afhendingar við kaupsamning. V. 19,2. 4659



**Útsýni á tjörnina ! Laufásvegur - V. 39,5 m.** Glæsileg mikið endurnýjuð sjarmerandi íbúð í þessu laglega húsi sem er fráb.vel staðs. m. flottu útsýni. Nýl. ofnal. raflagnir, gólfefni, baðherb. eldhús og fl.

Í göngufæri við einstaka miðbæjarstemmingu. 4664



**Barmahlíð - m. stórum bílskúr.** Í einkasölu: Góð ca 110 fm efri hæð í góðu húsi. Tvö til þrjú svefnherbergi, suður svalir. Stór bílskúr alls 77 fm þar af kj.. ca 48 fm Eignin er laus fljótlega. V. 28,8 m. 4597



**Kambsvegur - 181 fm sérhæð ásamt bílskúr samt. 220 fm** Í einkasölu glæsil. velskipul. efri sérhæð og ris í þessu fallega tvíb.húsi sem staðs. er á mjög góðum útsýnisstað. 4 svefnherb., 2 baðherb. Risið var byggt ofaná 1980-82. Stórar stofur. Rúmgóð eign á mjög góðum stað. Glæsil. útsýni. Góður bílskúr. Hér er gott pláss fyrir stórfjölskylduna. V. 39,6 m 4513



**Holtsbúð - m. bílskúr.** Í einkasölu falleg 140 fm neðri sérhæð ásamt 23 fm bílskúr á frábærum stað. Fallegt hús og garður. Frábær staðsetning. V. 32 m. 4500



**Laugarásvegur - glæsil. útsýni.** Falleg 120 fm hæð ásamt risi á fráb. stað með einst. útsýni yfir Laugardalinn. 26 fm góður bílskúr. Nýtt glæsil.eldhús, parket og fl. Hornbaðkar. Eign sem vert er að skoða. V. 34,5 m. 4451

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 10. maí 2006 – 17. tölublað – 2. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 Vísir



Gott til síðasta dropa


**Lífeyrissjóðirnir**
Skiluðu metávöxtun



10

**Fjármálaeftirlitið**
Með nútímavæðingu og skilvirkni að leiðarljósi

12-13

**HÍ og HR**
Ólíkar áherslur í MBA-námi



22



**LAX ÚR BREIÐDALSÁ** Verð á laxi hefur hækkað um 43 prósent í Noregi frá áramótum.

## Hátt verð á laxi

Verð á laxi hefur hækkað mikið vegna aukinnar eftirspurnar og takmarkaðs framboðs á erlendum mörkuðum og er verð á ferskum útfluttum laxi frá Noregi 43 prósentum hærra nú en um áramótin.

Að sögn greiningardeildar Glitnis banka var meðalverð á laxi í síðustu viku í hærri kantinum; 36,5 norskar krónur á kílóið, jafnvirði rúmra 420 íslenskra króna. Það hefur ekki verið jafn hátt síðan í maí árið 2000.

Verðþróunin er óhagstæð fyrir fullvinnslufyrirtæki á borð við Alfesca þar sem dótturfyrirtæki þess eru stórir kaupendur á laxi, meðal annars frá Noregi.

- jab

## Misjafn árangur sjóða

Ávöxtun lífeyrissjóða var sú besta sem um getur á síðasta ári en hrein meðalraunávöxtun er talin hafa verið um 13,5 prósent. Tveir lífeyrissjóðir skáru sig úr; Gildi og Lífeyrissjóður Vestfirðinga sem skiluðu tæplega átján prósenta raunávöxtun.

Mikill munur getur verið á lífeyrissjóðum þegar fimm ára meðaltal áranna 2001-2005 er skoðað. Þannig er meðalraunávöxtun Samvinnulífeyrissjóðsins og Gildis um 8,6 prósent, sem er 2,8 prósentustigum fyrir ofan ætlað fimm ára meðal lífeyrissjóðakerfisins.

Lífeyrissjóður verkfræðinga hefur hins vegar aðeins skilað 1,8 prósenta raunávöxtun á sama tíma og Sameinaði lífeyrissjóðurinn 2,3 prósentum, sem er vel undir 3,5 prósenta langtímamarkmiði lífeyrissjóðanna.

- eþa / Sjá bls. 10

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Nýtt verðmat** | Niðurstaða VBS fjárfestingarbanka er að heildarvirði Kögunar sé 20.204 milljónir króna og heildarvirði eiginfjár sé 13.195 milljónir króna, sem gefur gengið 69,45.

**Mikil verðbólga** | Tólf mánaða verðbólga hér er með því mesta sem gerist meðal ríkja OECD og er 5,5 prósent samkvæmt síðustu mælingum.

**Nýr forstjóri** | Þórólfur Árnason er nýráðinn forstjóri Skýrr, dótturfélags Kögunar, sem er í meirihlutaeigu Dagsbrúnar hf.



**Traustur efnahagur** | Í skýrslu bandaríska hagfræðingsins Frederics Mishkin kom fram að íslenskt hagkerfi bæri engin einkenni yfirvofandi fjármálakreppu.

**Útlán minnkuð** | Í tengslum við nýja skýrslu Seðlabanka Íslands sagðist Davíð Oddsson seðlabankastjóri vilja sjá frekari merki um að viðskiptabankarnir dragi úr útlánum sínum.

**Slakt uppgjör** | Hagnaður Marels á fyrsta ársfjórðungi var 143 milljónir íslenskra króna. Rekstrarhorfur eru þó góðar fyrir seinni hluta árs, meðal annars vegna veikingar krónunnar.

**Til Þýskalands** | Dótturfélag Avion Group, Star Europe, hefur hafið starfsemi í Þýskalandi og verður með þrjár Airbus 320 flugvélar í rekstri í sumar.

**Auknar tekjur** | Tekjur LSR og LH af fjárfestingum hafa numið 81 milljarði króna á síðustu þremur árum og eignir sjóðanna hafa tvöfaldast á undanförnum áratug.

# CCP með methagnað á fyrsta ársfjórðungi

**Framleiðandi EVE Online hagnaðist um 110 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi, meira en hjá Marel, Nýherja og Össuri.**

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Tölvuleikjaframleiðandinn CCP, sem rekur tölvuleikinn EVE Online, skilaði 110 milljóna króna hagnaði fyrir skatta á fyrsta ársfjórðungi. Hilmar V. Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, staðfestir að afkoma félagsins á fyrsta ársfjórðungi sé sú besta frá upphafi en rekstarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var um 137 milljónir króna. Þetta er meiri hagnaður en Kauphallarfélögin Marel (43), Nýherji (54) og Össur (40) sýndu hvert um sig á sama tíma.

Velta CCP var rétt tæplega 380 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi og hefur hún ríflega tvöfaldast frá sama tímabili í fyrra.

Hilmar segir að áskrifendur að EVE Online séu nú orðnir 120.000 talsins en fjöldinn fór yfir eitt hundrað þúsund í febrúar. „Á einu ári hefur áskrifendafjöldinn tvöfaldast,“ bendir Hilmar á.

Aukna veltu ber einnig að þakka veikingu krónunnar en langstærstur hluti tekna kemur frá útlöndum. Á síðasta ári nam velta CCP um 700 milljónum króna og varð lítils háttar hagnaður af starfseminni.



**ÚR SÝNDARHEIMI EVE ONLINE**

Mikill skriður hefur verið á CCP að undanförnu eftir að samningar náðust við kínverskt leikjafyrirtæki um að dreifa EVE online í Kína. Leikurinn er nú í forprófunum og fer að öllum líkindum í áframhaldandi prófanir (BETA-test) í lok mánaðarins. Forsvarsmenn CCP eru nú staddir á E3, stórri vörusýningu í Los Angeles. „Við erum að kynna það sem fram undan er hjá EVE Online,“ segir Hilmar að lokum.

Stærsti eigandinn í CCP er fjárfestingarfélagið Novator, sem er í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar. Félagið fer með 38 prósenta hlut en starfsmenn eiga um 30 prósent.

# Tveir deila forstjórastólnum

**Fjárfestingarfélagið Exista hyggst sækja fram af krafti inn á nýja markaði á næstu misserum. Sigurður Valtýsson hefur verið ráðinn annar tveggja forstjóra Exista og mun framvegis starfa við hlið Erlends Hjaltasonar.**

Sigurður Valtýsson, fyrrum framkvæmdastjóri MP fjárfestingarbanka, hefur verið ráðinn annar tveggja forstjóra fjárfestingarfélagsins Exista ehf. Munu þeir Erlendur Hjaltason, núverandi forstjóri, framvegis deila forstjórastólnum. Exista ehf. er fjárfestingarfélag í eigu Bakkabræðra Holding, Kaupþings banka og sjö sparisjóða. Heildareignir félagsins um síðustu áramót námu rúmlega 160 milljörðum króna og félagið stærsti hluthafinn í Kaupþingi banka, Bakkavör Group, Flögu Group og Símanum.



**SIGURÐUR VALTÝSSON** Mun starfa við hlið Erlends Hjaltasonar sem annar tveggja forstjóra fjárfestingarfélagsins Exista.

Í fréttatilkynningu frá Exista segir að félagið hyggist sækja fram af miklum krafti á nýja markaði á næstu misserum. Stefnt sé að skráningu félagsins í Kauphöll Íslands fyrir lok árs 2006 og skrifstofa félagsins í London muni stækka á næstunni. Erlendur Hjaltason vildi ekki tjá sig frekar um málið að svo stöddu að öðru leyti en því að miklar breytingar væru fram undan hjá félaginu. Nóg yrði að starfa fyrir báða forstjórana við að stýra því í gegnum það ferli.

Við starfi Sigurðar sem framkvæmdastjóri MP Fjárfestingarbanka tekur Styrmir Þór Bragason og hefur hann þegar hafið störf. Styrmir hefur víðtæka reynslu af stjórnunarstörfum. Að undanförnu hefur hann unnið sem sérfræðingur á fyrirtækjasviði Landsbankans og var þar áður framkvæmdastjóri Atorku Group hf.

- hhs


GOTT FÓLK McCANN




Peningabréf eru fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðurinn er rekinn af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbanki Íslands hf. er vörsluaðili sjóðsins. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögunum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbanka Íslands hf. auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

*Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 3. apríl – 2. maí 2006.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Actavis | 2% | 25% |
| Alfesca | -2% | -6% |
| Atorka Group | -3% | -9% |
| Bakkavör | 1% | -3% |
| Dagsbrún | -7% | -12% |
| FL Group | -7% | -5% |
| Flaga | 9% | -11% |
| Glitnir | -2% | -3% |
| KB banki | -3% | -1% |
| Kögun | -1% | 21% |
| Landsbankinn | -5% | -18% |
| Marel | -4% | 8% |
| Mosaic Fashions | -2% | -6% |
| Straumur | -1% | 6% |
| Össur | 2% | -2% |

*Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Verðmyndun skuldabréfa efld

Lánasýsla ríkisins mun hefja reglubundna útgáfu ríkisbréfa til tveggja ára og ríkisvíxla til þriggja mánaða til að styðja við hagstjórn og bæta vaxtamyndun á skuldabréfamarkaði.

Þórður Jónasson, forstjóri Lánasýslunnar, segir að ríkissjóður sé að svara ákalli Seðlabankans um að styrkja vaxtamyndunina á styttri enda skuldabréfamarkaðarins og mynda samfelldan feril áhættulausra vaxta. „Við teljum að með þessari aðgerð séum við að tengja á milli tveggja tímalengda, lengri ríkisbréfaflokka og millibankavaxta sem mynda skammtímavextina.“ Jafnframt ætti aðgerðin að efla verðmyndun á markaðnum í heild.



**ÞÓRÐUR JÓNASSON** Nýtt markflokkakerfi ætti að efla skuldabréfamarkaðinn.

Þórður telur að með þessari aðgerð geti Seðlabankinn séð glöggt hverjar væntingarnar eru varðandi stýrivaxtabreytingar og verðbólgu í framtíðinni.

Ríkissjóður á um 50 milljarða króna í Seðlabankanum og þarf ekki á lánsfé að halda. Nýja markflokkakerfið mun aðallega fela það í sér að löngum flokki verðtryggðra spariskírteina, sem gjaldfalla árið 2015, verður keyptur til baka en í staðinn verða gefin út styttri, óverðtryggð bréf.

Lánasýslan áætlar að gefa út ríkisbréf fyrir samtals 27 milljarða króna á þessu ári. **- eþa**

# Kaupir í kröfufyrirtæki

SPRON hefur eignast meirihluta í Midt Factoring sem sérhæfir sig meðal annars í fjármögnun viðskiptakrafna fyrir atvinnulífið. Á síðsta ári annaðist félagið kröfur og fjármögnum krafna að upphæð níu milljarðar króna. Nafn félagsins verður framvegis SPRON Factoring.

Kaupverð er ekki gefið upp en Midt Factoring í Danmörku verður áfram hluthafi með fimmtungshlut. Agnar Kofoed-Hansen er framkvæmdastjóri SPRON Factoring.

- eþa

# Íslendingar kaupa meira í Storebrand

## Glitnir nýr á lista yfir stærstu hluthafa

Eignarhlutur Íslendinga í norska fjármálafyrirtækinu Storebrand er kominn í 7,4 prósent samkvæmt nýjasta hluthafalista. Hafa íslenskir aðilar aukið hlut sinn jafnt og þétt á undanförnum vikum en ekki er loku fyrir það skotið að fleiri hlutir séu í vörslu annarra aðila.

Glitnir er kominn í hóp 20 stærstu hluthafa með 1,8 prósenta hlut sem gerir hann að ellefta stærsta eigandanum. Arion-verðbréfavarsla, sem er dótturfélag KB banka, er skráð þriðji stærsti hluthafinn með 4,56 prósenta hlut en þessir hlutir eru geymdir fyrir viðskiptabanka. Talið er líklegt að stærstur hluti þessara bréfa sé í eigu KB banka. Arion hélt utan um 2,76 prósenta hlut um áramót.

Norska ríkið er stærsti hluthafinn með 10,78 prósenta hlut þannig að eignarhald í Storebrand er dreift.



**SKRIFSTOFA STOREBRAND Í OSLÓ** Íslenskir aðilar eru áhugasamir um bankann og eiga yfir sjö prósent.

Storebrand er eitt stærsta fjármálafyrirtæki Noregs og byggir starfsemi sína á þremur kjörnum, líftryggingarekstri, fjárfestingabankastarfsemi og hefðbundinni bankastarfsemi. Félagið hefur verið á mikilli siglingu og skilaði sextán milljarða hagnaði á síðasta ári. Markaðsvirði bankans er um 215 milljarðar króna og stendur verðmæti hlutabréfa íslenskra aðila nálægt sextán milljörðum.

**- eþa**

# Viðskiptatækifæri á Indlandi

Á morgun stendur Íslensk-indverska viðskiptaráðið og utanríkisráðuneytið fyrir morgunverðarfundi á Grand hóteli. Þema fundarins er viðskiptatækifæri á Indlandi. „Ráðstefnan er haldin nú til að fylgja á eftir ferð viðskiptasendinefndar til Indlands í febrúarlok, en þangað fóru fulltrúar 23 íslenskra fyrirtækja,“ segir Sturla Sigurjónsson, sendiherra Íslands á Indlandi, sem er staddur hér á landi til að vera viðstaddur ráðstefnuna.



**STURLA SIGURJÓNSSON** Sendiherra Íslands á Indlandi

Á ráðstefnunni verða meðal annars tveir indverskir frummælendur, framkvæmdastjórinn Sonjoy Chatterjee og SA Hasan, fulltrúi Tata, einnar stærstu fyrirtækjasamsteypu Indverja. Þeir Geir Gunnlaugsson, stjórnarformaður Promens, og Þorvaldur Gylfason, prófessor við Háskóla Íslands, munu jafnframt segja frá reynslu sinni og þekkingu af viðskiptum við Indland. **- hhs**

# Vestur-Íslendingur flytur íslenskt vatn til Kanada

## Sala á íslensku vatni á flöskum undir vörumerki Icelandic Glacial hefst í Kanada í lok mánaðarins. Selja á vatn fyrir 650 milljónir króna.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Larry Finnson hefur tryggt sér dreifingarrétt á vatni á flöskum undir merkjum Icelandic Glacial í Kanada. Fyrsti farmurinn, 20 fjörutíu feta gámar með sex til sjö hundruð þúsund eins og hálfs lítra flöskum af vatni, sem fengið er úr gamalli lind í Ölfusi og tappað á flöskur í verksmiðju Icelandic Glacial í Þorlákshöfn, er á leið vestur um haf. Búist er við að flöskurnar fari í hillur Wal-Mart verslunarkeðjunnar í Manitoba í Kanada í maílok eða í byrjun júní. Þá er í bígerð að selja vatnið í búðum Shopper Drug Mart-verslunarkeðjunnar á landsvísu í Kanada.

Larry Finnson, forstjóri og stofnandi 24K Water Co. í Kanada, var hér á landi um helgina ásamt Corey Breul, samstarfsmanni sínum, og skrifaði undir samkomulag um dreifingarréttinn. Icelandic Glacial er í meirihlutaeigu feðganna Jóns Ólafssonar og Kristjáns Jónssonar.

Finnson er af íslensku bergi brotinn en forfaðir hans flutti til Kanada ásamt fjölskyldu sinni seint á 19. öld. Finnson er þekktur frumkvöðull í Kanada en hann framleiddi og seldi m.a. súkkulaðihjúpaðar kexkökur undir vörumerkinu Clodhoppers. Sælgætið sló í gegn og fyrirtækið var margverðlaunað. Finnson seldi hlut sinn í fyrirtækinu í október á síðasta ári og stofnaði 24K Water Co., og sérhæfir það sig í sölu á vatni á flöskum. „Ég fékk áhuga á vatni fyrir tveimur árum. Þetta er spennandi markaður,“ segir Finnson, sem fann vef Icelandic Glacial þegar hann leitaði sér upplýsinga um vatn á netinu. „Fyrirtækið var að markaðssetja sig á Bandaríkjamarkaði. Ég sendi þeim tölvuskeyti með upplýsingum um mig ásamt mynd af mér fyrir framan víkingastyttu í Gimli,“ segir hann.

Finnson sér svo mikla möguleika í vatnssölunni að nafn fyrirtækisins vísar í 24 karata gull. „Þetta er besta varan sem ég hef séð, gull í vökvaformi,“ segir hann, hlær og leggur áherslu á að vatn Icelandic Glacial sé í hágæðaflokki (e. Super Premium).



**FINNSON OG COREY BREUL** Finnson hefur að markmiði að selja vatn á flöskum undir merkjum Icelandic Glacial fyrir 10 milljónir kanadískra dollara, jafnvirði tæplega 650 milljóna íslenskra króna.
MARKAÐURINN/STEFÁN

Gámarnir sem eru á leið vestur um haf eru fyrsta sendingin af mörgum en Finnson áætlar að selja, undir vörumerkjum Icelandic Glacial, fyrir andvirði 10 milljóna kanadískra dollara, jafnvirði tæplega 650 milljónir íslenskra króna. „Vatnsmarkaðurinn í Kanada er stór en velta hans nemur samtals 400 milljónum kanadískra dollara. Neytendur eru íhaldssamir og því getur það tekið tíma að ná þessari sölu. Hún getur líka orðið meiri,“ segir hann en bendir jafnframt á að vörur í hágæðaflokki á borð við vatnið frá Icelandic Glacial njóti vaxandi vinsælda ytra.

„Hann er bara rétt að byrja,“ segir Jón Ólafsson, spurður um brennandi áhuga Finnsons á íslenska vatninu. „Við erum í raun að halda aftur af honum,“ segir Jón en sala vatnsins hefur verið svo góð fram til þessa í Bandaríkjunum að fyrirtækið annar ekki eftirspurn. Fyrirtækið getur selt 90 gáma af flöskuvatni á mánuði en 38.000 hálfs lítra vatnsflöskur eru í hverjum gámi, að hans sögn.





IP net Símans

Hvað er í boði á IP neti Símans:

- Viðskiptamiðja
- **Tal yfir IP**
  Hjálpar þér að lækka símakostnað.
- **Forgangsröðun gagna**
  Skapar betri nýtingu á bandbreidd.
- **Rekstur á víðneti**
  Við sjáum um að netkerfi þitt sé í lagi.
- **Tengir saman dreifðar starfsstöðvar**
  Örugg samskipti milli allra starfsstöðva á einkaneti fyrirtækisins.
- **Hámarks gagnaöryggi**
  Lokað og öruggt einkanet, einungis aðgengilegt þeim sem þú tilgreinir.
- **Einfalt og sveigjanlegt**
  IP netið er fyrir allar stærðir fyrirtækja.
- **Heimsgátt - IP netið um allan heim**
  Þú getur tengst IP netinu nánast hvar sem er í heiminum.
- **Þjónustustigssamningar**
  Við lofum ákveðnu þjónustustigi og stöndum við okkar loforð.

# Viðskiptamiðja

## Meiri orka í fyrirtækið

**Viðskiptamiðjan** gerir fyrirtækjum kleift að senda viðskiptaskjöl á milli viðskiptakerfa á einfaldan, öruggan og áreiðanlegan hátt og án handvirkrar skráningar á hverjum stað.

Viðskiptamiðjan er virðisaukandi þjónusta ofan á **IP net Símans**. Hún er sérstaklega sniðin að þörfum fyrirtækja sem vilja taka upp rafræn viðskipti sín á milli.

Með Viðskiptamiðjunni eru rafræn viðskipti einfölduð til muna.

Ráðgjafar Símans hjálpa þér að velja þá lausn sem hentar þér best. Hafðu samband við viðskiptastjóra þinn eða ráðgjafa okkar í **800 4000** og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig og þitt fyrirtæki.

800 4000 - **siminn.is**

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM21480

# Gott verð á fiski



Gott meðalverð hefur fengist fyrir fisk á mörkuðum landsins þrátt fyrir drjúgt framboð upp á síðkastið. Í síðustu viku seldust tæplega 2.900 tonn af fiski á fiskmörkuðum og var meðalverðið 132,52 kr./kg. Á vef Fiskifrétta segir ljóst að lækkun á gengi íslensku krónunnar hafi skilað sér í hækkun fiskverðs því ekki sé langt síðan algengt meðalverð á fiski hafi staðið í 110 til 120 kr./kg. Hafi verðið lengst af verið mun hærra í kjölfar lækkunar krónunnar.

Söluhæsta fisktegundin á mörkuðum landsins er þorskur en í síðustu viku seldust 1.287 tonn af honum. Þar af voru 56 tonn af undirmálsfiski. Fyrir slægðan þorsk fengust 192,47 kr./kg en fyrir slægðan undirmálsþorsk fengust 115,20 kr./kg. Samsvarandi verð fyrir óslægðan þorsk var 149,85 kr./kg og 90,44 kr./kg. Á eftir þorski kom ýsa en í boði voru 857 tonn, þar af 24 tonn af undirmálsfiski. Meðalverð fyrir slægða ýsu var 105,82 kr./kg og 60,27 kr./kg fyrir undirmálsfisk. Fyrir óslægða ýsu fengust 112,03 kr./kg og 48,78 kr./kg fyrir undirmálsfisk. - jab

# Kunnátta nauðsyn

Michael Dell, stofnandi og stjórnarformaður tölvuframleiðandans Dell, hvatti kollega sína á heimsráðstefnu um upplýsingatækni í Austin í Texas í Bandaríkjunum í lok síðustu viku til að gera ráðamönnum hinna ýmsu landa grein fyrir mikilvægi upplýsingatækni í tengslum við hagvöxt.

„Ríkisstjórnir heimsins ættu að setja sér það markmið að gefa almenningi kost á að nýta sér upplýsingatækni og tækninýjungar,“ sagði hann í erindi sem fjallaði um bætt aðgengi að upplýsingatækni. „Helstu þjóðir heims þurfa íbúa með kunnáttu nýrrar aldar og hæfni til að nýta sér öll þau tól sem nútíminn hefur uppá að bjóða,“ sagði hann.

Þá hvatti Dell ráðamenn til að lækka skattaálögur á vörur og fyrirtæki í upplýsingageiranum til að gera almenningi kleift að kaupa ódýrari tölvur en ella svo hann gæti nýtt sér þá tækni sem til er. - jab




**MICHAEL DELL** Hann sagði á ráðstefnu í síðustu viku að auka ætti aðgengi almennings að upplýsingatækni.

# Shell græðir

Hollenska olíufélagið Royal Dutch Shell hagnaðist um 3,31 milljarð punda á fyrstu þremur mánuðum ársins.

Hagnaðurinn jafngildir því að olíufélagið hafi hagnast um 1,5 milljónir punda, rúmar 205 milljónir íslenskra króna, á klukkustund frá janúar til marsloka.

Árásir skæruliða á olíuvinnslustöðvar Shell í Nígeríu hafa dregið úr olíuframleiðslu þar í landi og hefur heimsmarkaðsverð á olíu hækkað mikið, meðal annars vegna þessa. Er búist við að hagnaður Shell hefði verið meiri hefði ekki komið til samdráttar á olíuframleiðslu í Nígeríu. - jab



**MJÓLKÁRVIRKJUN** Orkubú Vestfjarða skilaði 70 milljóna króna hagnaði í fyrra.

# Afkoma umfram áætlanir

Hagnaður Orkubús Vestfjarðar árið 2005 nam um sjötíu milljónum króna, sem var betri afkoma en áætlanir gerðu ráð fyrir. Eignir Orkubússins voru rúmir 4,6 milljarðar króna í árslok og eigið fé 4,15 milljarðar króna, sem þýðir að eiginfjárhlutfall var tæpt níutíu prósent í lok árs.

Framkvæmdir við Tungudalsvirkjun voru stærsta verkefni fyrirtækisins á síðasta ári en einnig var unnið að endurnýjun og endurbótum Blævardalsárvirkjunar og Mjólkárvirkjunar. - eþa

# Veðsetti húsið í topp

## Idar Vollvik lagði allt í sölurnar til að verða auðmaður og það tókst. Allt varð að gulli í höndum hans í apríl.

**Eggert Þór Aðalsteinsson**
skrifar

Gríðarlegar hækkanir hafa orðið á olíu- og laxeldisfélögum í Noregi á árinu og fjölgar mjög í hópi norskra auðmanna. Fáir utan Noregs þekkja til Idars Vollvik en nafn hans hefur borið mikið á góma í norskum fjölmiðlum að undanförnu. Er þessi 37 ára gamli Norðmaður jafnan kallaður ofurfjárfestir sökum útsjónarsemi og áræðni í viðskiptum.

Í úttekt norska viðskiptablaðsins Kapital á síðasta ári var Vollvik í 155. sæti yfir ríkustu menn Noregs og voru eignir hans metnar á 600 milljónir norskra króna, um sjö milljarða íslenskra króna. Hefur hann án vafa hækkað um mörg sæti á síðustu mánuðum en nokkur fyrirtæki sem eru í eigu hans hafa tekið gríðarlegum hækkunum. Öryggisfyrirtækið DynaPel Systems er hástökkvarinn á norska markaðnum í ár en gengið hefur hækkað um tæp 300 prósent frá áramótum, þar af um 200 prósent í apríl. Þá hækkuðu olíufyrirtækin DNO og Altinex um helming í apríl en Vollvik er meðal stærstu hluthafa í þessum félögum. Hann hefur grætt um 1,2 milljarða króna á DNO en félagið fann fyrir stuttu olíulindir í Írak og hefur það margfaldað virði þess.

Grunnurinn að veldi Vollviks var lagður í farsímafyrirtækinu Chess, sem var selt til TeliaSonera í fyrra fyrir 1,8 milljarða norskra króna. Sannaðist þá sú kenning að til þess að græða verulega þarf að taka áhættu. Vollvik veðsetti nefnilega húsið sitt í topp og fékk fjórar milljónir norskra króna lánaðar til þess að geta keypt Chess árið 2001 með fulltingi annarra fjárfesta. „Þegar ég fékk lánaðar fjórar milljónir og keypti Chess héldu margir að ég væri klikkaður,“ segir Vollvik en Chess var þá nánast gjaldþrota eftir netbóluævintýrið.



**IDAR VOLLVIK, 37 ÁRA NORSKUR MILLJARÐAMÆRINGUR** Aðdáandi sportbíla og knattspyrnuliðsins Brann.

Nýjum eigendum tókst að snúa rekstrinum við og þegar félagið var selt voru yfir 300 þúsund símanotendur hjá því.

Eitt það fyrsta sem hann gerði við söluna á Chess var að gera upp gamlar syndir eftir að leigusali einn í Þrándheimi krafði hann greiðslu á fimmtán ára gamalli skuld. Vollvik rak nefnilega módelskrifstofu og stóð ekki skil á leigu þar sem reksturinn stóð höllum fæti.

Auk þess að vera giftur fjögurra barna faðir er Vollvik mikill áhugamaður um hraðskreiða bíla og fótbolta en hann er meðal helstu stuðningsmanna Brann í Björgvin. Hann lætur sig ekki dreyma um hlutina heldur framkvæmir þá, jafnt í heimi viðskiptanna sem annars staðar. Vollvik hefur komið sér upp glæsilegu safni sportbifreiða og auðvitað lúxusbáta eins og sönnum norskum auðmanni sæmir.




# Spá efnahagsbata í aðildarríkjum ESB

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) segir í nýrri spá sinni fyrir aðildarríki ESB að efnahagslífið muni jafna sig og ná að nýju 2,3 prósenta hagvexti á árinu, en hagvöxtur aðildarríkja sambandsins var 1,6 prósent í fyrra. Helstu ógnir við hagvaxtarspána eru breytingar á olíuverði en búist er við að verðið standi að jafnaði í 68,90 dollurum á olíutunnu á þessu ári og fari í 71 dollara á því næsta. Hafa aðildarríki ESB lítið þanþol gagnvart sveiflum á olíumarkaði, að mati framkvæmdastjórnarinnar.

Hagvöxtur innan ESB var 1,6 prósent í fyrra og spáir framkvæmdastjórnin að hann verði 2,2 prósent á næsta ári. Þá spáir stjórnin 2,1 prósents hagvexti á evrusvæðinu á þessu ári en þremur prósentustigum minni hagvexti að ári.

Þetta er ívið lægri hagvöxtur en á heimsvísu, en spáð er 4,6 prósenta hagvexti á þessu ári. Almennt virðist um samdrátt að ræða fyrir næsta ár en 4,3 prósenta hagvexti er spáð á heimsvísu á næsta ári. Á meðal þess sem dregur úr hagvexti innan aðildarríkja ESB á næsta ári er hækkun á virðisaukaskatti í Þýskalandi en búist er við að vegna þessa aukist neysla í landinu á þessu ári. - jab



**FRÁ HÖFUÐSTÖÐVUM ESB** Framkvæmdastjórn ESB spáir því að efnahagslífið muni jafna sig á þessu ári.


Kerfisloft
Svalagler
Steypumót
Gámaeiningar
CONTAINEX
Felliveggir
Gler og glerlausnir
Stálgrindarhús
Ertu í framkvæmdahug?
Hleðslubrýr
formaco
Fossaleyni 8 · 112 Reykjavík · Sími 577 2050 · Fax 577 2055 · www.formaco.is · formaco@formaco.is
Aksturs- og iðnaðarhurðir
Gluggar og hurðir
Girðingar
Stigar
Kranar og vinnulyftur

# Í skóm Sopranos

Ríkissjónvarpið hefur sýningar á tólf þátta seríu um ævintýri Tonys Soprano og vandamanna hans 28. september næstkomandi. Þeir sem vart geta haldið vatni af spenningi geta slegið á eftirvæntinguna með því að spila tölvuleik um fjölskylduna, sem væntanlegur er í verslanir í sumar. Sýningar á þáttunum hófust í Bandaríkjunum í mars.

Bandaríski tölvuleikjaframleiðandinn THQ vinnur að hönnun leiks eftir þáttunum til að slá á óþreyju aðdáenda. Leikarar þáttanna ljá persónum leiksins raddir sínar, sem verður fyrir PlayStation 2 leikjatölvur frá Sony og Xbox 360 frá Microsoft.

Í leiknum getur viðkomandi sett sig í spor nokkurra persóna þáttanna og verður að hafa sig allan við að berja á öðrum mafíufjölskyldum, verja yfirráðasvæði sitt og græða fúlgur fjár til að eygja von um að klífa valdastigann. **- jab**



**JAMES GANDOLFINI** Í hlutverki Tonys Soprano.

# Danir uggandi

## Hafa áhyggjur af innflutningshömlum.

Danskir húsgagnaframleiðendur eru uggandi um hag sinn vegna áætlana nokkurra aðildarríkja Evrópusambandsins (ESB) sem vilja láta setja takmarkanir á innflutning á húsgögnum frá Kína til sambandsins. Telja þeir að innflutningshömlur geti hamlað framleiðslu þeirra þar sem þeir fá smáhluti til húsgagnaframleiðslu sinnar að langstærstum hluta frá Kína.

Þvert á vonir danskra húsgagnaframleiðenda hafa starfsbræður þeirra í Þýskalandi, Belgíu og Ítalíu farið fram á að dregið verði úr innflutningi Kínverja á húsgögnum og munum til ESB, sem jókst um helming á síðasta ári.

Keld Korsager, formaður samtaka danskra húsgagnaframleiðenda, segir að danskir húsgagnaframleiðendur reiði sig að miklu leyti á innflutning frá Kína og hafi verið undir það búnir að hann myndi aukast. Muni aðgerðir kollega þeirra í öðrum aðildarríkjum ESB því koma harðast niður á dönskum húsgagnaframleiðendum, að hans mati. **- jab**



**KÍNVERSKUR VERKAMAÐUR** Nokkur aðildarríki Evrópusambandsins krefjast þess að hömlur verði settar á innflutning kínverskra húsgagna til ESB-landa.

# Útgáfufélag vill nýtt nafn

Stjórn bandaríska útgáfurisans Hollinger International, sem gefur út fjölda dagblaða í Bandaríkjunum, vill breyta nafni fyrirtækisins og heita framvegis Sun-Times Media Group Inc. Kosið verður um breytinguna á árlegum hluthafafundi útgáfufyrirtækisins í New York í Bandaríkjunum 13. júní næstkomandi.

Nokkuð hefur hallað undan fæti hjá Hollinger International síðustu misserin en það hefur selt dagblöð í Kanada, Bretlandi og Ísrael undan fyrirtækjahatti sínum.

Með breytingunni horfa stjórnendur fyrirtækisins til þess að hreinsa slyðruorðið sem fylgt hefur fyrirtækinu eftir að Conrad Black, fyrrum forstjóri og stjórnarformaður þess, var ákærður ásamt þremur fyrrverandi framkvæmdastjórum fyrirtækisins fyrir fjársvik og misnotkun á fríðindum. Eru svikin talin nema 2,1 milljarði Bandaríkjadala. Þeir hafa allir lýst yfir sakleysi í málinu. **- jab**



**CONRAD BLACK, FYRRUM FORSTJÓRI HOLLINGER INTERNATIONAL** Fyrirtækið vill breyta um nafn til að hreinsa slyðruorðið af því eftir að Black var kærður fyrir fjársvik og misnotkun fríðinda.

# Irani leiðir lista ofurforstjóranna

Verðmæti olíufyrirtækja hefur rokið upp úr öllu valdi og njóta forstjórar félaganna góðs af því. Fimm forstjórar olíu- og orkufyrirtækja eru í hópi sextán launahæstu forstjóra þeirra 492 bandarísku félaga sem eru yfir þrír milljarðar dala að markaðsvirði. Þetta kemur fram í athugun Graefs Crystal, dálkahöfundar hjá Bloomberg News.

Efst á listanum situr Ray Irani, forstjóri Occidental Petroleum Corporation, sem fékk 64 milljónir dala (4,6 milljarða króna) á síðasta ári auk bónusa og kauprétta á árinu, en næstur er Lee Raymond, fyrrverandi forstjóri Exxon Mobil, stærsta olíufyrirtækis heims, með 49 milljónir dala.

Laun forstjóra þessara fyrirtækja hækkuðu að meðaltali um 9,9 prósent á milli áranna 2004 og 2005, sem er töluvert meiri launahækkun en hjá hinum venjulega launamanni.

Crystal bendir þó á að verulega hafi dregið úr launaskriði forstjóra. Meðallaun forstjóra í hópi þessara verðmætu fyrirtækja voru sex milljónir dala á síðasta ári, 430 milljónir króna.

Rannsókn Crystals sýndi einnig að fyrirtækin 492 skiluðu að jafnaði þréttán prósentum betri ávöxtun árið 2005 en S&P 500 vísitalan. **- eþa**



**RAY IRANI, LAUNAHÆSTI FORSTJÓRINN** Olíuforstjórar eru ofarlega á lista yfir launahæstu forstjóra.

**LAUNAHÆSTU FORSTJÓRAR STÓRFYRIRTÆKJA**

| Nafn | Fyrirtæki | Laun 2005* |
|---|---|---|
| Ray Irani | Occidental Petroleum | 4.630 |
| Lee Raymond | Exxon Mobil | 3.520 |
| Lew Frankfort | Coach | 3.319 |
| Terry Semel | Yahoo | 3.154 |
| Bruce Karatz | KB Home | 3.110 |

** Laun, bónusar og áunnir kaupréttir árið 2005*

# Samruni kauphalla í vændum?

## Möguleiki er á að kauphallir í Evrópu og Bandaríkjunum sameinist í nánustu framtíð.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Stjórn samevrópska hlutabréfamarkaðarins Euronext hefur staðfest að hún eigi í samrunaviðræðum við eigendur þýsku kauphallarinnar Deutsche Börse AG. Viðræðurnar eru skammt á veg komnar, að sögn Euronext.

Stjórnir kauphallanna áttu í samrunaviðræðum á síðasta ári en þær runnu út í sandinn þegar Reto Francioni, forstjóri Deutsche Börse, gerði það að skilyrði að höfuðstöðvar Euronext í París, sem hefur útibú í Brussel í Belgíu, Lissabon í Portúgal og Amsterdam í Hollandi, yrðu fluttar til Frankfurt í Þýskalandi. Þessi krafa er ekki uppi á borðinu í viðræðunum sem nú standa yfir, að sögn fréttavefs breska ríkisútvarpsins, BBC.

Samrunatilraunir kauphalla eiga sér stað í fleiri löndum, en Nasdaq hlutabréfamarkaðurinn í Bandaríkjunum greindi frá því í síðustu viku að hann hefði aukið hlut sinn í kauphöllinni í Lundúnum í Bretlandi (LSE) úr fimmtán prósentum í 18,7. Nasdaq keypti fimmtán prósent í LSE fyrir 447,7 milljónir punda, jafnvirði 61,2 milljarða íslenskra króna, fyrr á árinu og gerði í kjölfarið yfirtökutilboð í markaðinn upp á 9,50 pund á hlut. Meirihluti hluthafa í LSE hafnaði því í mars síðastliðnum og í kjölfarið dró Nasdaq tilboðið til baka. Markaðurinn hélt áfram kaupum í LSE og varði í síðustu viku jafnvirði 16,2 milljarða íslenskra króna til að auka hlut sinn í bresku kauphöllinni í 18,7 prósent.

Fjármálastofnanir víða um heim hafa lengi haft augastað á LSE en ástralski bankinn Macquarie gerði yfirtökutilboð í kauphöllina í febrúar síðastliðnum. Meirihluti hluthafa LSE samþykkti það hins vegar ekki. Þá mun Euronext einnig hafa haft áhuga á yfirtöku í LSE.

Gengi hlutabréfa í LSE hækkaði gríðarlega á síðasta ári vegna aukins áhuga erlendra markaða á kauphöllinni og hækkaði það úr 458,25 pensum í 12,47 pund á hlut. Eftir aukningu Nasdaq í síðustu viku hækkaði gengi LSE um þrjú prósent og stóð það í 12,59 pundum við vikulokin.

Að sögn BBC horfa kauphallir til þess að með samruna takist þeim að lækka ýmsan aukakostnað í viðskiptum með hlutabréf.




**DEUTSCHE BÖRSE OG EURONEXT** Stjórnir kauphallanna eiga í samrunaviðræðum og gæti svo farið að þær renni saman í eina. Þá hefur Nasdaq aukið hlut sinn í LSE.

# Vill ekki ríkidæmi

Bill Gates, stofnandi og stjórnarformaður bandaríska hugbúnaðarrisans Microsoft, segir að hann vildi óska þess að hann væri ekki ríkasti maður í heimi.

„Ég vildi að ég væri ekki sá ríkasti því það skilur ekkert eftir sig,“ sagði hann í samtali við bandarísku sjónvarpsstöðina CNBC og bætti við að honum líkaði ekki öll athyglin sem hann fengi vegna ríkidæmisins.

Þá sagðist Gates hafa lært mest um viðskipti af landa sínum, auðkýfingnum Warren Buffett, sem um áraraðir hefur verið ofarlega á lista yfir ríkustu menn í heimi. Sér í lagi hafi hann lært að vera heiðarlegur. „Hann hefur ferska og einfalda sýn á hlutina og þess vegna set ég hann ofarlega á lista,“ sagði Bill Gates. **- jab**



**BILL GATES** Stjórnarformaður Microsoft hefur um árabil verið á meðal ríkustu manna í heimi.

12,2%*
Peningamarkaðssjóður ÍV
*Nafnávöxtun í apríl 2006 á ársgrundvelli

ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!
460 4700 • www.iv.is

Peningamarkaðssjóður ÍV er fjárfestingarsjóður í skilningi laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögum en verðbréfasjóðir og geta því verið áhættusamari. Frekari upplýsingar um sjóðinn, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfa-sjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðsins er að finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sem nálgast má hjá Íslenskum verðbréfum hf. auk upplýsinga á heimasíðu www.iv.is. Peningamarkaðssjóður ÍV er rekinn af Rekstrarfélagi verðbréfasjóða ÍV.

GEIMSTOFAN




*Við viljum gera heimilið þitt eins fallegt og þú átt skilið. Þess vegna vinnur Slippfélagið með fremstu stílistum landsins við litasamsetningar.*

*Komdu og fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og saman finnum við draumalitasamsetningu fyrir heimilið þitt.*

*Bett innanhúsmálning er til í öllum heimsins litum, mjúk og meðfærileg og þekur svo miklu, miklu betur...*

concept

# Ferðaspilurum fjölgar

Fastlega er búist við að árið 2010 verði búið að selja 286 milljónir ferðaspilara sem geyma tónlist á Mp3-formi, samkvæmt upplýsingum bandaríska markaðsrannsóknafyrirtækisins In-Stat. Þetta er tæp tvöföldun á fjögurra ára tímabili. Aukið framboð á stafrænni tónlist og lægra verð spilaranna eru helstu ástæður aukningarinnar.

Í nýlegri skýrslu fyrirtækisins kemur fram að iPod-spilarinn frá Apple er með mesta markaðshlutdeild. Hún nemur 49 prósentum og býst In-Stat við að Apple haldi markaðshlutdeild sinni næstu fjögur árin, sér í lagi í Bandaríkjunum.

Apple mun hins vegar eiga í harðri samkeppni við önnur fyrirtæki sem hafa lækkað verð á spilurunum mikið og bjóða þá á allt að 25 dollara, jafnvirði tæplega 1.900 íslenskra króna. - jab



**IPOD-SPILARI FRÁ APPLE** Bandarískt markaðsrannsóknafyrirtæki býst við að sala á spilurunum muni tæplega tvöfaldast á næstu fjórum árum.

# Blágeisli í sumar

Hátæknifyrirtækið Sony hefur frestað útgáfu fyrstu kvikmyndanna sem koma út á blágeisladiskum (Blu-ray diskum). Átta kvikmyndir áttu að koma út 23. maí næstkomandi og sjö til viðbótar 13. júní. Útgáfa fyrstu diskanna hefur nú verið frestað til 20. júní en ekkert hefur verið gefið upp hvenær hinir diskarnir koma út. Þá hefur einn nýr diskur bæst í hópinn.

Ákvörðunin ætti varla að koma tækni- og kvikmyndaáhugafólki illa því bæði Samsung og Sony hafa fært útgáfudag Blu-ray spilara aftur til 25. júní, fimm dögum eftir útgáfu fyrstu kvikmyndanna.

Fyrstu kvikmyndirnar á Blu-ray formi, sem koma út 20. júní næstkomandi, eru af mörgum toga. Eru það myndirnar 50 First Dates, The Fifth Element, Hitch, House of Flying Daggers, A Knight's Tale, The Last Waltz, Resident Evil Apocalypse og XXX. Níunda kvikmyndin er Underworld: Evolution en hún var í flokki þeirra mynda sem áttu að koma síðar út.

Samkeppnisaðilar Sony, með Toshiba í fararbroddi, settu fyrstu HD DVD spilarana á markað í Japan í mars og í Bandaríkjunum í síðasta mánuði. - jab



**BLU-RAY DISKAR OG SPILARAR FRÁ SONY** Sony hefur seinkað útgáfu kvikmynda á Blu-ray diskum fram í júní.

# Ryk virðist hverfa

## Vísindamenn telja sig geta gert skáldskap að veruleika og látið hluti hverfa fyrir sjónum fólks.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Tveir vísindamenn frá Bandaríkjunum og Ástralíu segjast vissir um að felubúnaður, sem fram til þessa hefur einungis verið til í skáldskap og notaður til að fela geimskip á braut um ormagöng og stjörnuþokur í sjónvarpsþáttunum Star Trek, geti orðið að veruleika í framtíðinni.

Vísindamennirnir hafa gert grein fyrir hugmyndum sínum í nýjasta tölublaði breska vísindatímaritsins Proceedings of the Royal Society en þeir telja sig hafa lagt grunninn að því að láta hluti sýnast sem þeir hverfi með svipuðum hætti og gerist í Star Trek.

Mennirnir heita Nicolae Nicorovici og Graeme Milton og eru báðir stærðfræðingar. Samkvæmt kenningu þeirra er nóg að setja hluti nálægt svokallaðri ofurlinsu en afbrigðilegt endurvarp ljóss verður til þess að svo virðist sem hlutirnir hverfi. Það er hins vegar ofsögum sagt að huliðshjálmurinn sé til í raun og veru því félagarnir hafa fram til þessa einungis getað látið sýnast sem rykagnir hverfi og sett fram fræðilegar kenningar um það hvernig hægt sé að láta stærri hluti hverfa sjónum fólks. Vísindamennirnir segja að slíkt sé einungis hægt með notkun nýrra efna sem láti ljós haga sér á einkennilegan hátt.

Fréttavefur breska ríkisútvarpsins hefur eftir vísindamönnunum að verði ráðist í smíði raunverulegs felubúnaðar á borð við þann sem fram til þessa hefur einungis sést í Star Trek verði það krefjandi verkefni.



**GEIMSKIP ÚR STAR TREK** Vísindamenn hafa lagt grunninn að felubúnaði líkt og notaður er í sjónvarpsþáttunum.

# Boltinn með HDTV-tækni

Breska sjónvarpsstöðin Sky ætlar að hefja útsendingar með háskerputækni (HDTV) 22. maí næstkomandi. Frumsýningarmyndin verður lokamyndin í Stjörnustríðsbálkinum, Return of the Sith. Bæði mynd og hljóð mynda sem sendar eru út með HDTV-tækni eru sögð mun betri en nú þekkist og því ættu sjónvarpsáhorfendur að geta notið Stjörnustríðsmyndarinnar til hins ýtrasta. Sjónvörp áhorfenda þurfa hins vegar að styðja tæknina auk þess sem sérstök móttökubox þarf til að ná útsendingunum. Bretar hafa sýnt þessari nýju tækni mikinn áhuga en 40.000 manns hafa þegar skráð sig fyrir móttökutækjunum. Hægt verður að nálgast tækin sama dag og útsendingar hefjast, að sögn breska ríkisútvarpsins.

Sjónvarpsstöðin Sky er ekki sú eina sem sendir út efni með þessum nýju gæðum en þjónustuveitan Telewest býður viðskiptavinum sínum einnig sjónvarpsefni á HDTV-gæðum í áskrift á kapalkerfi sínu. - jab



# Enn meiri lúxus í Portúgal





Við höldum áfram að kynna frábærar nýjungar fyrir íslenska ferðalanga. Nú bjóðum við glænýtt lúxushótel við São Rafael ströndina nærri Albufeira í Portúgal á ótrúlegu kynningarverði. Hótelið er hannað fyrir nútímafólk, með einstaklega fallegum svítum og fjölskyldusvítum, glæsilegum veitingastöðum og framúrskarandi heilsulind. Hin gullfallega São Rafael strönd er í göngufæri og er í einkaumsjá hótelsins þannig að gestir njóta sömu þjónustu við ströndina eins og á hótelinu sjálfu. Láttu stjana við þig við sjóinn líka!



**Fimm stjörnu svítur í Portúgal!**

## PORTÚGAL – ALBUFEIRA

**Kynningarverð: 54.450,-** m/morgunverði
m.v. 2 fullorðna og 2 börn í svítu í viku, brottför 23. maí – 4. júlí

## CS São Rafael Suite Hotel ☀☀☀☀☀

| | |
|---|---|
| Gestamóttaka | 24/7 |
| Strönd | Í umsjá hótelsins |

### Aðstaða

| | |
|---|---|
| Bar | Já |
| Veitingastaður | Já |
| Veitingar á strönd | Já |
| Sundlaugar | 3 |
| Barnalaug/leiksvæði | Já |
| Sólbekkir/handklæði | Já |
| Skemmtidagskrá | Já |
| Heilsurækt og Spa | Já |
| Tennisvöllur | Já |
| Aðstaða fyrir hreyfihamlaða | Já |
| Net og viðskiptamiðstöð | Já |







## SVÍTUR

Smekkvísin er allsráðandi í glæsilegum svítum og fjölskyldusvítum með stórum svölum eða verönd og fallegu útsýni. Borðkrókur, lítill ísskápur, loftkæling, LCD gervihnattasjónvarp og frábærlega búin baðherbergi.

Skoðaðu hótelið á www.cshoteis.com



**Dægradvöl fyrir alla – golf, sportveiði, köfun, vatnasport, vatnagarðar, hestamennska og fjölbreyttar skoðunarferðir**









**Nútímahönnun í rómantísku umhverfi**

**SUMAR FERÐIR**
– ERU BETRI EN AÐRAR!

MasterCard www.kreditkort.is | Mundu eftir MasterCard ferðaávísuninni

**www.sumarferdir.is – Laugavegur 26 (gengið inn Grettisgötumegin)** **Sími 575 1515 – bókaðu allan sólarhringinn**

Innifalið í verði: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn. Bókað er á www.sumarferdir.is. Símabókunargjald er 1.500,- pr. farþega.

# Gildi og Vestfirðingar með bestu ávöxtun árið 2005

**Síðastliðið ár var það besta í sögu lífeyrissjóðanna. Flestir skiluðu þeir metávöxtun sökum hækkana innlendra hlutabréfa og fer langtímaávöxtun sjóðanna hækkandi. Lífeyrissjóðir sem hafa hátt hlutfall í erlendum eignum eru vísir til að skera sig úr á þessu ári, að mati þeirra sem *Eggert Þór Aðalsteinsson* ræddi við.**

Árið 2005 var besta ár í sögu lífeyrissjóðanna, en fastlega má búast við að meðaltal hreinnar raunávöxtunar þeirra hafi þá verið um 13,5 prósent samkvæmt tölum frá Landssamtökum lífeyrissjóða. Það er nokkru hærri ávöxtun en árin 2003 þegar raunávöxtun var 11,3 prósent og 2004 þegar hún var 10,5 prósent.

Jafnframt hækkuðu eignir lífeyrissjóðanna gríðarlega á síðasta ári og stækkuðu tíu stærstu sjóðirnir um 180 milljarða, eins og greint var frá í Markaðnum í síðustu viku.

### TVEIR NÁLÆGT ÁTJÁN PRÓSENTUM

Flestallir stærstu lífeyrissjóðir landsins hafa birt ársreikninga vegna síðasta árs.

Gildi lífeyrissjóður og Lífeyrissjóður Vestfirðinga sýndu hæsta raunávöxtun þeirra lífeyrissjóða sem birt hafa afkomu sína. Raunávöxtun beggja sjóða fór hátt í átján prósent en Lífeyrissjóður verzlunarmanna skilaði þriðju hæstu ávöxtuninni. Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis, sem varð til með sameiningu Lífeyrissjóðs sjómanna og Framsýnar í fyrra, segir að Lífeyrissjóður sjómanna hafi sýnt hæstu raunávöxtun árin 2003 (15,3 prósent) og 2004 (16,4 prósent) og Gildi tekið við merkjum hans. Eins var góður rekstur hjá Framsýn. "Á þessum árum hafa innlendu hlutabréfin verið að gefa best. Við hjá Gildi höfum verið með hátt hlutfall innlendra hlutabréfa, sem skiptir auðvitað máli, og náð betri ávöxtun innan þeirra heldur en vísitalan." Hann segir enn fremur að gjaldeyrisvarnir sjóðsins og forvera hans hafi gengið af sér góðar tekjur.

Aðrir stórir lífeyrissjóðir bættu sig á milli ára eins og Gildi. Ávöxtun Lífeyrissjóðs verzlunarmanna fór úr 12,1 í 16,1 prósent, LSR hækkaði úr 9,3 prósentum í fjórtán og Almenni lífeyrissjóðurinn úr 7,9 prósentum í 9,7 prósent. Sameinaði lífeyrissjóðurinn bætir sig mest af stærstu sjóðunum á milli ára, fer úr 6,7 prósentum í tólf prósent. Af tíu stærstu lífeyrissjóðunum sýndi aðeins Almenni lífeyrissjóðurinn raunávöxtun undir tíu prósentum.

### LANGTÍMAÁVÖXTUN FER HÆKKANDI

Þegar litið er yfir lengra tímabil hefur þróunin verið sú að langtímaraunávöxtun lífeyrissjóðanna fer hækkandi. Oft er litið til raunávöxtunar yfir fimm ára tímabil, eða jafnvel lengra tímabil, þegar árangur sjóðanna er borinn saman. Fimm ára meðaltal hækkaði milli áranna 2004 og 2005 þar sem árið 2000 datt út en það ár markaði upphaf mikillar lækkunar á innlendum sem erlendum hlutabréfum. Í stað þess kemur metárið og hækkar það raunávöxtun yfir þetta tímabil. Verði ávöxtun þokkaleg á þessu ári, sem flest bendir til eins og staðan er í dag, má búast við að meðalraunávöxtun síðustu fimm ára hækki frekar þar sem árið 2001 dettur út, en þá sýndu lífeyrissjóðir slakan árangur.

Samkvæmt tölum frá Landssamtökum lífeyrissjóða var fimm ára meðaltalsraunávöxtun 3,03 prósent árið 2004 og var því undir reiknivöxtunum 3,5 prósent, sem lífeyrissjóðirnir telja eðlilegt að þeir séu með sem raunávöxtun þegar til lengri tíma er litið. Fimm ára meðaltalið fór að öllum líkindum upp í 5,8 prósent árið 2005 en það liggur ekki endanlega fyrir. "Ef við gerum ráð fyrir að raunávöxtun lífeyrissjóðanna í ár verði 6,38 prósent, sem er meðalraunávöxtun sjóðanna frá árinu 1991, og reiknum út meðaltal frá 2002 til 2006, þá fæst út ávöxtun upp á 7,55 prósent," segir Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

Á síðustu fimm árum hafa Gildi og Samvinnulífeyrissjóðurinn sýnt hæsta raunávöxtun; 8,6 prósent. Hjá stóru sjóðunum er meðaltal hreinnar raunávöxtunar 6,3 prósent hjá LSR og 7,0 prósent hjá LV. Til samanburðar skilar Lífeyrissjóður verkfræðinga aðeins 1,8 prósenta raunávöxtun á síðustu fimm árum og Sameinaði lífeyrissjóðurinn um 2,3 prósentum.

### TÍMI ERLENDU EIGNANNA KOMINN

Frá áramótum hefur Úrvalsvísitalan staðið í stað og ef fram heldur sem horfir er ljóst að innlend hlutabréf munu skila litlu til sjóðanna í ár eftir þrjú mjög góð ár. Aftur á móti hafa erlendar eignir hækkað talsvert vegna lækkunar krónunnar og almennra verðhækkana á erlendum hlutabréfamörkuðum. Enn fremur hafa verðtryggðar eignir lífeyrissjóðanna hækkað nokkuð vegna aukinnar verðbólgu.

"Það eru líkur á því að nú uppskeri menn ríkulega sem eru með verulega hlutdeild erlendra eigna í eignasafni sínu. Nú er tími þeirra kominn sem hafa viljað vera með stærri hluta af sínum eignum erlendis," segir Hrafn. Hann telur að sá munur sem er á ávöxtun milli einstakra lífeyrissjóða geti endurspeglast í ólíkri áherslu þeirra á innlendar og erlendar eignir. Þeir lífeyrissjóðir sem hafa sýnt lakari ávöxtun en aðrir á undanförnum árum eru líklegri til að hafa hærra hlutfall í erlendum eignum. Aðalatriðið er þó að vera með eignasafn með góðri áhættudreifingu og líta frekar á fimm til tíu ára meðaltöl raunávöxtunar, en að einblína á síðasta ár eða hugsanlega ávöxtun á þessu ári.

"Ávöxtun okkar á fyrsta ársfjórðungi er með því besta sem við höfum séð," segir Arnaldur Loftsson, framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins. Lífeyrissjóðurinn er með hærra hlutfall erlendra eigna en meðaltal lífeyrissjóða og nýtur góðs af lækkun gengis krónunnar.

Vægi erlendra eigna í eignasöfnum íslensku lífeyrissjóðanna hefur farið vaxandi á síðustu árum. Erlend verðbréfaeign lífeyrissjóðanna nam tæpum 300 milljörðum króna í árslok og hafði hækkað um 36 prósent á milli ára. Tölur Seðlabanka Íslands yfir erlend verðbréfakaup Íslendinga benda sterklega til þess að stórir fjárfestar, þar á meðal lífeyrissjóðirnir, hafi beint fjárfestingum sínum út fyrir landsteinana enn frekar eftir áramótin.

Þriggja mánaða uppgjör Gildis er í ágætu lagi að sögn Árna þótt tölurnar séu ekkert í líkingu við það sem sést hefur á undanförnum árum. Árni telur að þeir sjóðir sem hafa hátt hlutfall í erlendum eignum njóti góðs af þeim aðstæðum sem lífeyrissjóðirnir búa við í dag. "Það kemur auðvitað að því að þessi sjóðir verður ekki með bestu ávöxtunina."



**LÍFEYRISSJÓÐIR SKILUÐU UM 13,5 PRÓSENTA RAUNÁVÖXTUN Á SÍÐASTA ÁRI SAMKVÆMT TÖLUM FRÁ LANDSSAMTÖKUM LÍFEYRISSJÓÐA** Gildi skilaði hæstri ávöxtun á síðasta ári og er ásamt Samvinnulífeyrissjóðnum með hæstu raunávöxtun þegar litið er til síðustu fimm ára. Stærstu lífeyrissjóðirnir skila að jafnaði betri ávöxtun en þeir minni.

**HÆSTA RAUNÁVÖXTUNIN ÁRIÐ 2005***

| Lífeyrissjóður | Hrein raunávöxtun |
|---|---|
| 1. Gildi lífeyrissjóður | 17,8% |
| 2. Lífeyrissjóður Vestfirðinga | 17,60% |
| 3. LV | 16,1% |
| 4. Samvinnulífeyrissjóðurinn | 14,2% |
| 5. LSR | 14,0% |
| 6. Lífeyrissjóður Norðurlands | 14,0% |
| 7. Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga | 13,7% |
| 8. Frjálsi lífeyrissjóðurinn | 13,6% |
| Áætlað meðaltal allra sjóða | 13,5% |
| 9. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 13,3% |
| 10. Lífeyrissjóður Vestmannaeyja | 12,2% |
| 11. Lífeyrissjóður lækna | 12,2% |
| 12. Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 12,0% |
| 13. Lífeyrissjóðurinn Lífiðn | 11,3% |
| 14. Lífeyrissjóður bankamanna | 10,8% * |
| 15. Lífeyrissjóður verkfræðinga | 10,4% |

** Stigadeild*

**FIMM ÁRA MEÐALTAL HREINNAR RAUNÁVÖXTUNAR**

| Lífeyrissjóður | Meðaltal hreinnar raunávöxtunar * |
|---|---|
| 1.-2. Samvinnulífeyrissjóðurinn | 8,6% |
| 1.-2. Gildi lífeyrissjóður | 8,6% |
| 3. Lífeyrissjóður verzlunarmanna | 7,0% |
| 4. Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 6,9% |
| 5. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins | 6,3% |
| 6.-7. Lífeyrissjóður Norðurlands | 6,1% |
| 6.-7. Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga | 6,1% |
| 8.-10. Lífeyrissjóður lækna | 5,9% |
| 8.-10. Lífeyrissjóður Vestmannaeyja | 5,9% |
| 8.-10. Lífeyrissjóður Vestfirðinga | 5,9% |
| 11. Lífeyrissjóður Vesturlands | 5,8% |
| Áætlað meðaltal allra sjóða | 5,8% |
| 12. Almenni lífeyrissjóðurinn | 4,5% |
| 13.-14. Lífeyrissjóður bankamanna | 4,1% |
| 13,-14. Lífeyrissjóðurinn Lífiðn | 4,1% |
| 15. Lífeyrissjóður bænda | 3,6% |
| 16. Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 2,3% |
| 17. Lífeyrissjóður verkfræðinga | 1,8% |

** Tölur vantar frá Frjálsa lífsj., Lífsj. Austurlands, Lífsj Suðurlands og Lífsj. starfsmanna sveitarfélaga*




Markaðsvaktin - Veist þú hvað er að gerast á markaðnum í dag?
ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI á www.mentis.is
Microsoft CERTIFIED Partner
Sigtúni 42 105 Reykjavík Sími 570 7600 info@mentis.is
mentis HUGBÚNAÐUR

# Lykillinn að auknum hagnaði




**Kynntu þér hvernig þú getur aukið hagnaðinn hjá þínu fyrirtæki nú í ár og til lengri tíma**

Eik sérhæfir sig í rekstrarleigu atvinnuhúsnæðis, þar með talið að kaupa fasteignir fyrirtækja og leigja þeim þær aftur til lengri eða skemmri tíma. Þannig geta fyrirtæki eflt eigin rekstur og losað um umtalsverða fjármuni. Hvort sem þú átt húsnæði sem þig langar til þess að selja og leigja aftur eða ert að leita þér að heppilegu atvinnuhúsnæði er Eik með lausnina fyrir þig.

**Hafðu samband við sérfræðinga okkar í síma 590 2200**

EIK FASTEIGNAFÉLAG

**EIK** FASTEIGNAFÉLAG HF // Sóltún 26 // 105 Reykjavík // s: 590 2200 // eik@eik.is // www.eik.is

# Með nútímavæðingu og skil

**Fjármálaeftirlitið hefur að markmiði að tryggja öryggi og stöðugleika í rekstri einstakra fjármálaþjónustu aukist, unnið er að innleiðingu samhæfðs árangursmats og verið er að koma upp nýju úrvinnslukerfi fyri**

**Síðan ég kom höfum við verið að klára þessa stefnumótun og markmiðasetningu, en í henni höfum við sett niður meginstefnu okkar, að stuðla hér að traustri fjármálastarfsemi og síðan framtíðarsýnina um að hafa jákvæð áhrif á þróun markaðarins. Við skilgreinum svo sextán markmið í mismunandi víddum og setjum einn til tvo mælikvarða fyrir hvert markmið.**

Fjármálaeftirlitið kann við fyrstu sýn að virðast þunglamaleg stofnun, leynd hvílir yfir starfseminni og rík trúnaðarskylda við fyrirtækin sem stofnunin hefur eftirlit með. Innandyra er hins vegar unnið að framþróun í lifandi umhverfi alþjóðafjármála þar sem hægt þarf að vera að bregðast hratt við breytingum. Stofnunin vinnur markvisst að því að bæta starfsemi sína með innleiðingu nýrra mælikvarða á árangur og með því að nýta sér nýjustu tækni í rafrænum skilum á þúsundum skýrslueintaka sem eftirlitsskyld fyrirtæki þurfa að koma til hennar á ári hverju. Stofnunin kallar líka til sín stjórnendur fjármálaþjónustufyrirtækja í sérstakt hæfismat, en hingað til hefur enginn fengið falleinkunn.

„Ég held að fyrirkomulagið sem við höfum valið okkur varðandi eftirlit með fjármálaþjónustu sé mjög gott,“ segir Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, en heyrst hafa þær raddir að ef til vill færi betur að sameina starfsemi stofnunarinnar og Seðlabankans. „Þessi grunngerð hefur átt sinn þátt í því að hér hefur á skömmum tíma byggst upp alþjóðleg fjármálastarfsemi og vert að athuga að ekki er langt síðan fjármálastarfsemi hér var einvörðungu innanlands. Núna er hún bæði þróuð og alþjóðleg. Þá er þetta sama fyrirkomulag og löndin í kringum okkur hafa valið og íslensku útrásarfyrirtækin starfa í,“ segir hann og kveðst hafa fundið fyrir sátt og skilningi á því að búa þurfi vel að starfsemi Fjármálaeftirlitsins, bæði fjárhagslega og varðandi valdheimildir. „Þetta eru líka forsendur þess að hér verði komið á alþjóðlegri fjármálamiðstöð líkt og stjórnvöld stefna að.“ Hann segir viðbúið að aukið umfang eftirlitsskyldrar starfsemi kalli á aukningu í fjárheimildum á næsta ári líkt og veittar voru í fyrra. „Eignir bankannna uxu til dæmis um áttatíu prósent árið 2005 og eftirlitsstofnanir vaxa eðli máls samkvæmt aðeins á eftir.“

### ÁHERSLAN Á FRAMKVÆMDINA

„Fjármálaeftirlitið höfum við til að tryggja öryggi og stöðugleika í rekstri fyrirtækja í fjármálaþjónustu, svo sem fjármálafyrirtækja, vátryggingafélaga og lífeyrissjóða. Við skoðum hvernig einstök fyrirtæki standa og reynum líka að tryggja öryggi viðskiptamanna og jafnræði fjárfesta á innlenda markaðnum,“ segir Jónas og bendir á að með þessari starfsemi sé komin forsenda þeirrar miklu útrásar sem íslensk fyrirtæki hafi staðið í allra síðustu ár.

„Fyrirtækin sem hér eru með starfsleyfi, svo sem bankar og tryggingafélög, geta byggt á því til að koma á starfsemi í öðrum ríkjum Evrópu. Þetta tengir okkur náttúrlega við erlend eftirlit og hefur á síðasta eina og hálfa ári gert starfsemina mjög alþjóðlega,“ segir hann og vísar til aukinnar samvinnu við erlend eftirlit þar sem íslensku fyrirtækin starfa. Þá á Fjármálaeftirlitið einnig í samstarfi á Evrópuvettvangi með sambærilegum eftirlitsstofnunum. „Meðal annars eru skýr skilaboð frá Evrópusambandinu um að þunginn verði minni á reglusmíðinni en meiri á framkvæmd reglnanna og eftirlitið. Mikil áhersla er lögð á að það sé samræmt, en það gerist ekki nema með mikilli samvinnu á milli ríkjanna, þau skiptist á skoðunum og upplýsingum um mál sem í gangi eru.“ Jónas segir fyrstu stóru skrefin í útrásinni hafa verið tekin um mitt ár 2004 þegar Kaupþing keypti FIH banka í Danmörku og þegar Íslandsbanki keypti í Noregi undir lok sama árs.

„Árið 2005 er svo stóra útrásarárið þar sem verið er að kaupa Singer og Friedlander og fleiri fjármálafyrirtæki. Við leggjum því síaukna áherslu á alþjóðavæðingu, bæði með þátttöku í Evrópunefndum og í samstarfinu við erlendu eftirlitin, og horfum meðal annars til framkvæmdar erlendis þegar við túlkum reglur hér.“ Þá hefur stofnunin tekið þátt í úttektum erlendra eftirlita á dótturfélögum íslensku fyrirtækjanna og eins heimsótt þau sjálf og kallað eftir upplýsingum. „Það er þá gert í samstarfi við eftirlitin úti, en þótt dótturfélögin heyri undir eftirlitið í viðkomandi landi er samstæðan eftir sem áður undir okkar eftirliti.“

### STÖK GAGNRÝNISRÖDD

Jónas segir að ekki megi gleymast að eftirlit eitt og sér tryggi ekki að hlutir sem ekki eigi að gerast gerist ekki. „Ábyrgðin á skynsamlegum rekstri er fyrst og síðast hjá stjórnendum sem fyrirtækin reka. Eftirlitið veitir hins vegar aðhald og setur starfseminni ákveðinn ramma og til þess líta meðal annars alþjóðlegu matsfyrirtækin þegar þau koma og gefa bönkunum sitt lánshæfismat.“ Hann segir þá aðila sem hingað hafi komið og metið Fjármálaeftirlitið, matsfyrirtækin og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, hafa gefið því góða einkunn.

„Svo er kannski rétt að hafa líka í huga að alla jafna er ekki mikið verið að hrósa eftirlitsaðilum. Þeirra árangur er oft ekki sýnilegur þó að hann geti skipt verulegu máli.“ Í síðasta mánuði kom út skýrsla frá greiningardeild breska bankans



**JÓNAS FR. JÓNSSON** Jónas, sem er forstjóri Fjármálaeftirlitsins, segir að hjá stofnuninni séu í gangi verkefni sem bæta eigi starfsemina. Unnið er að stefnumiðuðu árangursmati og innan tveggja ára eiga rafræn skil að vera komin í þann farveg að miklu fljótlegra verði að vinna úr gögnum.
Markaðurinn/GVA

## MEÐ ÞESSUM HEFUR FJÁRMÁLAEFTIRILITIÐ EFTIRLIT:

**Viðskiptabankar og sparisjóðir**

*Glitnir banki*
*Kaupþing banki*
*Landsbanki Íslands*
*Sparisjóðabanki Íslands*
*nb.is-sparisjóður*
*Sparisjóður Bolungarvíkur*
*Sparisjóður Hafnarfjarðar*
*Sparisjóður Hornafjarðar og nágrennis*
*Sparisjóður Húnaþings og Stranda*
*Sparisjóður Höfðhverfinga*
*Sparisjóður Kaupþings*
*Sparisjóður Kópavogs*
*Sparisjóður Mýrasýslu*
*Sparisjóður Norðfjarðar*
*Sparisjóður Norðlendinga*
*Sparisjóður Ólafsfjarðar*
*Sparisjóður Ólafsvíkur*
*Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis*
*Sparisjóður Siglufjarðar*
*Sparisjóður Skagafjarðar*
*Sparisjóður Strandamanna*
*Sparisjóður Suður-Þingeyinga*
*Sparisjóður Svarfdæla*
*Sparisjóður Vestfirðinga*
*Sparisjóður Vestmannaeyja*
*Sparisjóður vélstjóra*
*Sparisjóður Þórshafnar og nágrennis*
*Sparisjóðurinn í Keflavík*

**Lánafyrirtæki**

*Byggðastofnun*
*Frjálsi fjárfestingarbankinn*
*Greiðslumiðlun hf. - VISA Ísland*
*Kreditkort hf.- EUROPAY Ísland*
*Lánasjóður sveitarfélaga*
*Lýsing*
*MP Fjárfestingarbanki*
*Sjóvá fjármögnun*
*SP-Fjármögnun*
*Straumur - Burðarás fjárfestingarbanki*
*VBS fjárfestingarbanki*

**Innlánsdeildir samvinnufélaga**

*Kaupfélag Austur-Skaftfellinga*
*Kaupfélag Skagfirðinga*

**Verðbréfafyrirtæki og -miðlanir**

*Arion verðbréfavarsla*
*A.R.E.V.*
*Íslensk verðbréf*
*Jöklar - Verðbréf*
*NordVest Verðbréf*
*SPRON Verðbréf*
*Verðbréfaþjónusta Sparisjóðanna*
*Virðing*
*H.F. Verðbréf*
*Íslenskir fjárfestar*
*Vaxta verðbréfamiðlun*

**Rekstrarfélög verðbréfasjóða**

*Landsvaki*
*Rekstrarfélag ÍSB*
*Rekstrarfélag Kaupþings banka*
*Rekstrarfélag Sparisjóðsins*
*Rekstrarfélag SPRON*
*Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV*

**Kauphallir og verðbréfamiðstöðvar**

*Kauphöll Íslands*
*Verðbréfaskráning Íslands*

**Lífeyrissjóðir**

*Almenni Lífeyrissjóðurinn*
*Eftirl.sjóður F.Í.A.*
*Eftirl.sjóður Reykjanesbæjar*
*Eftirl.sjóður Sláturfélags Suðurlands*
*Eftirl.sjóður starfsm. Hafnarfjarðar*
*Eftirl.sjóður starfsm. Íslandsbanka*
*Eftirl.sjóður starfsm. Olíuverslunar Ísl.*
*Eftirl.sjóður starfsm. Útvegsbanka Ísl.*
*Frjálsi lífeyrissjóðurinn*
*Gildi - Lífeyrissjóður*
*Íslenski lífeyrissjóðurinn*
*Lífeyrissj. Akraneskaupstaðar*
*Lífeyrissj. Austurlands*
*Lífeyrissj. bankamanna*
*Lífeyrissj. Bolungarvíkur*
*Lífeyrissj. bænda*
*Lífeyrissj. Flugvirkjafélags Ísl.*
*Lífeyrissj. Hf. Eimskipafélags Íslands*
*Lífeyrissj. hjúkrunarfræðinga*
*Lífeyrissj. Mjólkursamsölunnar*
*Lífeyrissj. Neskaupstaðar*
*Lífeyrissj. Norðurlands*
*Lífeyrissj. Rangæinga*
*Lífeyrissj. starfsm. Akureyrarbæjar*
*Lífeyrissj. starfsm. Áburðarverksmiðjunnar*
*Lífeyrissj. starfsm. Búnaðarbanka Íslands*
*Lífeyrissj. starfsm. Húsavíkurkaupstaðar*
*Lífeyrissj. starfsm. Kópavogsbæjar*
*Lífeyrissj. starfsm. Reykjavíkurapóteks*
*Lífeyrissj. starfsm. Reykjavíkurborgar*
*Lífeyrissj. starfsm. ríkisins*
*Lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga*
*Lífeyrissj. starfsm. Vestmannaeyjabæjar*
*Lífeyrissj. Suðurlands*
*Lífeyrissj. Tannlæknafélags Ísl.*
*Lífeyrissj. verkfræðinga*
*Lífeyrissj. verslunarmanna*
*Lífeyrissj. Vestfirðinga*
*Lífeyrissj. Vestmannaeyja*
*Lífeyrissj. Vesturlands*
*Lífeyrissj.inn Lífiðn*
*Lífeyrissj.inn Skjöldur*
*Sameinaði Lífeyrissjóðurinn*
*SamvinnuLífeyrissjóðurinn*
*Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda*

**Vátryggingafélög**

*European Risk Insurance Company (ERIC)*
*Íslensk endurtrygging*
*KB líftryggingar*
*Líftryggingafélag Íslands*
*Líftryggingamiðstöðin*
*Sjóvá-Almennar líftryggingar*
*Sjóvá-Almennar tryggingar*
*Trygging hf.*
*Tryggingamiðstöðin*
*Vátryggingafélag Íslands*
*Viðlagatrygging Íslands*
*Vörður-Íslandstrygging*

**Vátryggingamiðlarar**

*Árni Reynisson*
*DDF Vátryggingamiðlun*
*Fjárfestingamiðlun Íslands*
*Nýja vátryggingaþjónustan*
*Olaf Forberg*
*Tryggingamiðlun Íslands*
*Tryggingamiðlun Reykjavíkur*
*Tryggingar og ráðgjöf*

**Aðrir eftirlitsskyldir**

*Íbúðalánasjóður*
*Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins*
*Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta*
*Tryggingasjóður sparisjóða*

# virkni að leiðarljósi

rirtækja. Í kjölfar útrásar íslenskra fjármálafyrirtækja hefur erlent samstarf stór- rafræn skil á gögnum. *Óli Kristján Ármannsson* hitti **Jónas Fr. Jónsson** að máli.

Barclay's þar sem eftirlitið var gagnrýnt fyrir að gera sér ekki grein fyrir hættum sem steðjuðu hér að bankakerfinu. Jónas telur þá gagnrýni hins vegar skýrast að nokkru af því að fulltrúar bankans hafi verið með mjög skýrt mótaðar hugmyndir um stöðu mála og firrst við þegar þeir fengu ekki þau svör sem þeir bjuggust við. Þessi skýrsla sé þannig nokkuð frábrugðin öðrum úttektum.

„Á svipuðum tíma kom út skýrsla frá Royal Bank of Scotland þar sem kom fram að fundur þeirra með okkur hefði aukið mjög trú þeirra á kerfinu og að þeirra trú væri að gjaldmiðillinn okkar væri hér nokkuð vandamál, en ekki fjármálakerfið. Þá sagði HSH Nordbank, sem líka kom hingað, að helsti munurinn á okkur hér og löndum sem aðrir höfðu borið okkur saman við, svo sem Taíland, væri öflugar stofnanir. Svo verður ekki annað sagt en að í nýrri skýrslu Tryggva Þórs Herbertssonar og Frederics Mishkin fái eftirlitið mjög góða einkunn."

**MÆLIKVARÐI SETTUR Á ÁRANGURINN**

„Öflugur fjármálamarkaður er þjóðfélagslega hagkvæmur og mikilvægur. Hann sér um greiðslumiðlun, vörslu sparnaðar og að fjármagn leiti í sem hagkvæmastan farveg og ég vænti þess að áfram verði örar breytingar og frekari vöxtur þótt eitthvað hægist um á þessu ári," segir Jónas og áréttar að fyrst og fremst vilji Fjármálaeftirlitið hafa jákvæð áhrif á þróun markaðarins, veita honum þá umgjörð og það aðhald sem þurfi til og stuðla um leið að traustri starfsemi fyrirtækja. „Í þeim efnum leggjum við áherslu á að vera þekkt fyrir fagmennsku, áreiðanleika og árangur og vera ákveðin, en um leið sanngjörn."

Til þess að vinna enn frekar að þessum markmiðum segir Jónas að lagt hafi verið í töluverða vinnu innan stofnunarinnar við að koma á því sem kallast stefnumiðað árangursmat, eða *balanced scorecard,* og er vel þekkt leið til að setja markmið og greina árangur í rekstri fyrirtækja og stofnana. „Síðan ég kom höfum við verið að klára þessa stefnumótun og markmiðasetningu, en í henni höfum við sett niður meginstefnu okkar, að stuðla hér að traustri fjármálastarfsemi og síðan framtíðarsýnina um að hafa jákvæð áhrif á þróun markaðarins. Við skilgreinum svo sextán markmið í mismunandi víddum og setjum einn til tvo mælikvarða fyrir hvert markmið." Hann segir að verið sé að innleiða árangursmatið um þessar mundir og það verði prufukeyrt á þessu ári. „Árið verður þannig svolítil tilraunastofa meðan við erum að stilla okkur af, en ég vænti þess að við endurskoðum þetta í lok árs og förum frá og með næsta ári að mæla hér árangurinn með þessi markmið í huga."

**AUKIN SJÁLFVIRKNI OG HÆFISMAT**

Jónas segist mikla áherslu leggja á nútímavæðingu og skilvirkni í starfinu, sem endurspeglist í því sem kalla megi aukna rafvæðingu. „Við söfnum miklum upplýsingum, en þar vil ég koma á rafrænum skilum á öllu, ekki bara þannig að gögn berist í tölvupósti heldur líkara því sem fólk þekkir af skilum skattskýrslunnar. Þannig eiga upplýsingar að geta komið og farið beint inn í gagnagrunna hér hjá okkur. Við getum þá greint gögnin mun fyrr og notað úrvinnslukerfi sem gefa þá til kynna ef eitthvað kallar á nánari skoðun, miðað við þær forsendur sem við setjum," segir hann og bætir við að næstu tvö ár fari í að klára þetta verkefni. Ferlið á ekki að vera fyrirtækjunum íþyngjandi eða setja á þau auknar kvaðir heldur á að auðvelda þeim að skila upplýsingum. „Þau þurfa að senda okkur fjölmargar skýrslur, hvort sem það er um stórar áhættuskuldbindingar, eiginfjárstöðu, lánveitingar vegna hlutabréfa og fleira." Jónas telur að um 3.000 skýrslueintök um margvísleg málefni berist eftirlitinu á ári frá eftirlitsskyldum aðilum. Fyrsta tilraunaverkefnið varðandi þetta fer af stað á næstu vikum.

Jónas nefnir sem dæmi um uppbyggjandi aðhald að nýir stjórnendur fjármálafyrirtækja, tryggingafélaga og -miðlara, auk lífeyrissjóða, séu kallaðir í sérstakt hæfismat. Áður þekktist þetta varðandi vátryggingafélög og -miðlara en var víkkað út til fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða í lok síðasta árs. Frá þeim tíma hafa tæplega tíu manns úr ólíkum félögum komið í mat og enginn þeirra hefur hlotið falleinkunn.

„Í hæfismatinu felst í raun tvennt. Stjórnarmenn svara spurningalista og skila inn ákveðnum gögnum, en svo er heldur meiri þungi lagður á að prófa þá sem eru í við stjórnvölinn dags daglega, svo sem framkvæmdastjóra. Þeir koma hér í munnlegt próf þar sem farið er yfir lög og reglur sem um starfsemina gilda, til að tryggja að þeir séu meðvitaðir um helstu þætti. Menn koma vel undirbúnir og viðkvæðið hefur yfirleitt verið, svona eftir á, að menn séu mjög ánægðir með þetta, þeir hafi virkilega sest niður og farið í gegnum hlutina á heildstæðan hátt sem þeir hefðu kannski ekki annars gert."

Fari illa hjá einhverjum í prófi segir Jónas að við því verði brugðist með því að gera stjórn fyrirtækisins viðvart og vekja á því athygli og mönnum verði svo gefinn kostur á að endurtaka ferlið. Hann telur þó ekki miklar líkur á að stjórnendur láti reka sig alveg á gat, enda væntanlega síun búin að eiga sér stað hjá viðkomandi stjórn í ráðningarferlinu.

**ÁHERSLA LÖGÐ Á PENINGAÞVÆTTI**

Þá segir Jónas að stigin hafi verið ákveðin skref hjá Fjármálaeftirlitinu í þá átt að auka upplýsingagjöf. „Eftirlitið hefur náttúrlega lengi verið leiðbeinandi og gefið út leiðbeinandi tilmæli, en núna erum við farin að birta ákvarðanir um verðbréfamarkaðinn undir svokallaðri gegnsæisstefnu sem við fengum um mitt síðasta ár heimild í lögum til að gera. Við höfum svo líka verið að setja fram túlkanir, en höfum þá verið að skoða ákveðin atriði sem ef til vill hefur verið vafi um á markaði og sett þá fram túlkun og eytt vafanum." Þetta segir Jónas ákveðna opnun frá því sem áður var þegar túlkuð voru einstök atriði, en upplýsingarnar fóru ekki lengra en til fyrirtækisins sem í hlut átti.

Eins hefur verið lögð meiri áhersla á mál tengd peningaþvætti. Er það meðal annars vegna nýs frumvarps til laga um lög gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, en þar er Fjármálaeftirlitinu fært skýrara verksvið en áður. Vegna þessa hefur verið ráðinn sérstakur starfsmaður sem brátt hefur störf. Einnig spilar inn í peningaþvættisáhersluna nýafstaðin úttekt vinnuhóps OECD, Financial Action Task Force, sem fjallar um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í aðildarríkjum stofnunarinnar. „Þessi mál verða því í auknum forgangi í framhaldi af lagabreytingunni," segir Jónas en telur engu að síður umgjörðina almennt góða þegar kemur að þessum málum. „Þetta er hins vegar starf sem verður að sinna vel vegna alþjóðlegra skuldbindinga. Mest kemur þetta til með að felast í erlendu samstarfi, úttektum hjá fjármálafyrirtækjum á innri ferlum, leiðbeinandi tilmælum og upplýsingagjöf til fyrirtækjanna, en allur þungi í rannsóknum svona mála er hjá lögreglunni."

**STAÐA ÍSLENSKU VIÐSKIPTABANKANNA**

Jónas segir fyrir liggja að á næstunni fundi Fjármálaeftirlitið með viðskiptabönkunum hverjum fyrir sig og fari yfir stöðu og horfur í starfsemi þeirra. Bankarnir hafa orðið fyrir barðinu á erfiðri umræðu greiningardeilda erlendra banka sem sumpart hefur byggt á vanþekkingu á íslenskum aðstæðum og endurómað hefur í sumum fjölmiðlum. Afleiðingin hefur meðal annars verið sú að lánakjör þeirra við endurfjármögnun á erlendum skuldabréfamörkuðum hafa versnað til muna. Jónas áréttar þó að um reglubundna fundi sé að ræða, slíkar viðræður fari alla jafna fram að vori og hausti. Hann segir ekki að undra skrif um bankana, enda hafi þeir komið áræðnir inn á nýjan markað og væntanlega troðið einhverjum um tær.

„Grunnafkoma bankanna er viðunandi og það sem meira máli skiptir er að eiginfjárstaða þeirra er mjög sterk. Þeir hafa til dæmis staðist þau álagspróf sem við gerum á þeim og eru mjög stíf," segir Jónas og bætir við að bankarnir hafi einnig aukið áhættudreifingu sína, bæði með tilliti til tekna og landa. Hann segir ekkert benda til annars en að útlánagæði séu í lagi og bankarnir virðist vera að draga úr markaðsáhættu vegna verðbréfa. „Hins vegar er endurfjármögnunin að stærstum hluta á mörkuðum erlendis, en það er viðskiptamódel sem bankarnir hafa valið sér og gera sér grein fyrir áhættunni sem felst í því. Þeir leggja áherslu á öfluga áhættustýringu og þau áform sem þeir hafa kynnt okkur um fjármögnun á þessu ári og næsta eru trúverðug."

Jónas segir mikilvægt að bæði bankarnir og stofnanir hér heima læri af þeirri umræðu sem átt hefur sér stað um íslenska hagkerfið og bankana. „Upplýsingagjöfin þarf að vera meiri og kannski á formi sem þeir aðilar sem eru úti á markaðnum telji sig þurfa. Bæði við og bankarnir þurfum ef til vill að sýna meira frumkvæði í að koma á framfæri upplýsingum. Þarna tel ég til dæmis að rafvæðingin muni hjálpa okkur mikið, því þegar hún er komin á verður mun auðveldara að greina og birta upplýsingar." Þá segir Jónas mikilvægt að menn átti sig á að verkefni á borð við upplýsingagjöf sem þessa verði viðvarandi, en ekki í formi „íslensks" átaks þar sem upplýsingum verði mokað út í takmarkaðan tíma. Hann segir hins vegar að ásókn í upplýsingar hjá eftirlitinu og beiðnir um fundi hafi stóraukist, en hingað til hafi fundir að mestu einskorðast við matsfyrirtækin og alþjóðlegar stofnanir. Jónas bendir einnig á að á síðasta ársfundi stofnunarinnar í byrjun nóvember síðastliðins hafi hann haft uppi varnaðarorð um stöðuna, áður en titringurinn hófst. „Því er ekki hægt að segja að við höfum sofið á verðinum. En þarna minnumst við meðal annars á útlánaaukninguna, fjármögnunina, markaðsverðbréfaáhættu og áhættu af starfsemi í nýju umhverfi sem er fyrst og fremst þessi umtalsáhætta."

Jónas segist telja að umræðan um hagkerfið og bankana sé nokkurs konar veðrabrigði sem muni ganga yfir. „Umgjörðin og undirstöðurnar eru það traustar. Góð afkoma bankanna á fyrsta ársfjórðungi, þrátt fyrir óstöðugleika með lækkun á gengi krónunnar og virði hlutabréfa, hefur til dæmis haft jákvæð áhrif og álag á skuldatryggingum bankanna hefur farið lækkandi. Tíma tekur að koma upplýsingum á framfæri. Þegar menn átta sig á að grunnurinn er góður róast umræðan, en það tekur náttúrlega einhvern tíma."



**STEFNUNNI LÝST** Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, segir eftirlitið lifandi og skemmtilegan vinnustað þar sem mikil áhersla sé lögð á símenntun. Starfið sé enda fjölbreytilegt með miklu erlendu samstarfi og samstarfi innanhúss.
MARKAÐURINN/GVA

**HVAÐ ER FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ?**

Fjármálaeftirlitið er sjálfstæð ríkisstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk þess er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og að öðru leyti í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Eftirlitsskyldir aðilar eru viðskiptabankar, sparisjóðir, lánafyrirtæki (fjárfestingarbankar), innlánsdeildir samvinnufélaga, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlanir og rekstrarfélög verðbréfasjóða, kauphallir, verðbréfamiðstöðvar, lífeyrissjóðir, vátryggingafélög og vátryggingamiðlarar með starfsleyfi hér. Undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins heyrir einnig á sama hátt starfsemi nokkurra fleiri aðila í fjármálastarfsemi, sem starfa samkvæmt sérstökum lögum. Kveðið er á um starfsemi og hlutverk Fjármálaeftirlitsins í sérlögum og lögum um ofangreinda fjármálastarfsemi.









## MIKIÐ ÚRVAL

Fjöldinn allur af stillanlegum- jafnt sem flötum rúmum í mörgum útfærslum og gerðum. Fáanlegar í öllum stærðum.

## DÝPSTA SLÖKUN, HVÍLD OG SVEFN SEM VÖL ER Á

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin“ sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

AÐEINS FRÁ TEMPUR®
ÓSVIKIÐ
TEMPUR® EFNI

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjöðmun, öxlum og höndum. Þar af leiðandi helst blóðstreymi óheft og stirðleiki og verkir láta ekki á sér kræla.

Með Tempur heilsudýnunni nærðu hámarks slökun, hvíld og svefni sem er lykilinn að góðri andlegri og líkamlegri heilsu.



CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY™

EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF **NASA** OG SKJALFEST AF GEIMFERÐA-STOFNUN BANDARÍKJANNA

Betra BAK

***Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477 • betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is***
***Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16***

# STILLANLEGT OG ÞÆGILEGT





## TEMPUR® TILBOÐSDAGAR Í MAÍ




**HEILSUKODDAR**

Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur heilsukoddanum, þar á meðal á Íslandi.




**HEILSUDÝNUR**

Dýpsta slökun, hvíld og svefn sem völ er á Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði.




**STILLANLEG RÚM**

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er. Með öðrum takka færð þú nudd sem þú getur stillt eftir eigin þörfum og látið þreytuna eftir eril dagsins líða úr þér.

## EITT LÍF - NJÓTUM ÞESS

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Mikilvægt að allir leggist á eitt:

# *Hver axli sitt í baráttu gegn verðbólgu*

**Hafliði Helgason**

Staða efnahagsmála hefur verið í brennidepli að undanförnu. Eins og við var að búast stöndum við frammi fyrir talsverðri þenslu á næstunni.

Ákvarðanir í málefnum Íbúðalánasjóðs og tímasetning skattalækkana reyndist, eins og margvarað var við, eldsneyti á bjartsýniskast samfara mikilli erlendri fjárfestingu.

Þetta kom fáum á óvart. Hins vegar kom mörgum á óvart að staða efnahagsmála skyldi vekja slíka athygli erlendis. Afleiðingar þess voru afar neikvæð umræða sem ýtti af stað veikingu krónunnar og falli á hlutabréfamarkaði. Ekki er ólíklegt að þessir tveir markaðir verði viðkvæmir á næstunni í kjölfar lækkunarinnar.

Að undanförnu hefur þó birt til. Viðskiptaráð Íslands brást við með faglegum hætti og kallaði til virtan erlendan sérfræðing til að taka út áhættu íslenska fjármálakerfisins. Skýrsla þeirra Frederics Mishkin og Tryggva Þórs Herbertssonar virðist hafa náð eyrum þeirra sem fylgjast með efnahagsumræðu á Íslandi. Niðurstaða skýrslunnar er í stórum dráttum sú að grunnur hagkerfisins sé góður og lítil hætta á fjármálakreppu.

> **Viðskiptaráð Íslands brást við með faglegum hætti og kallaði til virtan erlendan sérfræðing til að taka út áhættu íslenska fjármálakerfisins ... Niðurstaða skýrslunnar er í stórum dráttum sú að grunnur hagkerfisins sé góður og lítil hætta á fjármálakreppu.**

Það eru góðar fréttir. Hins vegar er það svo að það eru margar leiðir til að búa til kreppu. Ein er neikvæð umræða. Þess gætir í pólitískri umræðu að upphrópanir um að hér sé allt að fara til fjandans þyki tilhlýðilegar. Slíkar fullyrðingar eru fjarri sanni og til þess eins fallnar að skapa svartsýni sem getur leitt af sér samdrátt.

Verðbólguvæntingar eru annað sem huga þarf að. Seðlabankanum hefur ekki tekist að skapa þá trú á markaði að bankinn hyggist halda aftur af verðbólgu. Þrátt fyrir að hér sé ekki dregið í efa að Seðlabankinn hyggist hvergi hvika virðist sú skoðun nokkuð almenn að ekki verði aftur snúið. Verðbólgan muni fara vel yfir markmið bankans.

Slíkt hugarfar ýtir undir að á markaði gefi menn eftir og hækki vöruverð í stað þess að reyna að sporna á móti. Slíkt leiðir svo af sér meiri verðbólgu en ella.

Eftir mikla veislu er einnig pressa í samfélaginu að leiðrétta laun þeirra sem minnst hafa borið úr býtum og sinna störfum sem þarf að sinna með sóma, sjálfsvirðingar okkar vegna sem þroskaðs og mannúðlegs samfélags. Gegn slíku er erfitt að standa, en verði kjörin bætt þarf að tryggja að hækkunin klifri ekki upp launastigann.

Þegar svo vel gengur sem verið hefur þarf að gæta að sér. Laun þeirra sem mest bera úr býtum hafa hækkað verulega. Slíkt ýtir undir kröfur annarra um hærri laun. Víxlverkun hækkana launa og verðlags er nokkuð sem verður að koma í veg fyrir. Slíkur vítahringur byrjar oft í neðstu þrepum og klifrar upp. Hann getur líka byrjað efst í launastiganum og fetað sig þaðan niður.

eggert@markadurinn.is | haflidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is

**Betri leið til að vinna á tímaskorti**

"...hvergi áður náð jafn hárri ávöxtun á tímasparnað ..."
**Fylkir Sævarsson, 39 ára Iðnfræðingur.**

"Í þessu er fólginn mikill tímasparnaður."
**Ester Ýr Jónsdóttir, kennari**

"Hreinn tímaþjófur að láta það fram hjá sér fara."
**Rut Skúladóttir, 20 ára nemi.**

**Meiri tími – Aukið forskot – Sterkari sérstaða**

**Hvað segja nemendur okkar um námskeiðið:**

Frábært, markvisst, hnitmiðað, krefjandi, mikil aðstoð, árangursríkt, góð þjónusta.

3. vikna hraðnámskeið **13. júní**

Akureyri 3. vikna hraðnámkeið **17. maí**

**Náðu árangri með okkur í sumar og skráðu þig á sumarnámskeið Hraðlestrarskólans.**

**Gerum föst verðtilboð í fyrirtækjanámskeið**

HRAÐLESTRARSKÓLINN

**VR** og fleiri stéttarfélög styrkja þátttöku félagsmanna sinna á námskeiðinu.

# Af hverju ekki evra?

ORÐ Í BELG



**Ásgeir Jónsson**
Hagfræðingur

Á þessum vetri hefur verið töluverð umræða um upptöku evru hérlendis. Umræðan hefur líklega vaknað vegna hágengis krónunnar framan af vetri og síðan gengisfall á vordögum sem mun án efa skila töluverðri verðbólgu á þessu ári. Þetta þarf kannski ekki að koma á óvart. Þessi umræða var síðast svo glaðvakandi á árunum 2000-2001 en þá lækkaði krónan einnig snöggleega og verðbólguhraðinn var hársbreidd frá 10%. Þessi staðreynd, að gengið skuli hafa fallið með verðbólguskoti í tvígang eftir nútímaleg peningamálastjórnun komst á eftir 1998, hlýtur að vekja upp ákveðnar spurningar um virkni vaxtastjórnunar hérlendis þegar verðstöðugleiki er annars vegar. En ekki aðeins það. Þróun síðustu mánaða bendir eindregið til þess að gengisóróinn og smæð myntsvæðisins hafi fengið nýja þýðingu fyrir fjármálastöðugleika sem vert er að gefa gaum.

**NAUÐARVAL Á MILLI VERÐBÓLGU OG ATVINNULEYSIS**

Í hagfræðikennslubókum er sá einfaldi boðskapur boðaður að virði þess að hafa sérstakan gjaldmiðil og sjálfstæða peningamálastjórnun felist í þjóðhagslegum stöðugleika. Til að mynda, að geta brugðist við uppsveiflu hérlendis með vaxtaaðhaldi í stað þess festa sig við peningamálastefnu stærra myntsvæðis sem miðast við allt annan hagveiflutakt. Þetta kann að vera rétt, en aðeins að hluta. Raunar hefur hver einasta uppsveifla á Íslandi seinasta aldarfjórðung eða svo endað með gengislækkun og verðbólguskoti, hvort sem um var að ræða gengisfellingar eins og var á fyrri tíð eða gengisfall á markaði sem nú þekkist. Í öllum tilvikum hefur gengislækkunin verið liður í aðlögun íslenska hagkerfisins eftir ofhitnun áranna á undan. Lækkun krónunnar hefur einnig skilað mjúkum lendingu í þeim skilningi að landsframleiðsla hefur ekki dregist verulega saman né hefur atvinnuleysi látið á sér kræla. Aftur á móti hafa aukaverkanirnar lýst sér í verðbólgu. Það er því með nokkrum rétti hægt að segja að landsmenn geti valið á milli þess að hafa krónu og látið niðursveiflurnar koma fram í verðbólgu eða hafa evru og láta þær koma fram í atvinnuleysi.

Ástæðan fyrir þessu nauðarvali á milli verðbólgu og atvinnuleysis er ekki sú að Seðlabankinn hafi ekki sinnt hlutverki sínu eftir að peningamálastjórnun komst í nútímahorf árið 1998. Þvert á móti. Þess í stað virðast vera ákveðnir meinbugir á því hvernig peningamálastefnan berst um hagkerfið. Það er töluvert þrautaverk að hafa áhrif á fjármagnsmarkaðinn hérlendis, sem er að mestu leyti verðtryggður til langs tíma. Til þess að ná langtímakröfunni upp þarf bankinn að hækka nafnvexti mun hærra en þekkist hjá öðrum vestrænum ríkjum. Slík vaxtahækkun hlýtur hins vegar ávallt að ýta gengi krónunnar upp. Sú gengishækkun verður síðan til þess að hvetja einkaneyslu áfram þar sem innfluttar vörur lækka í verði. Þannig eykst einkaneysla fram úr hófi og viðskiptahalli byggist upp sem fyrr eða síðar hlýtur að þrýsta gengi krónunnar niður og kalla fram verðbólguskot. Þetta samspil hefur nú sést tvisvar hérlendis, sem virðist benda til þess að kerfisbundinn vandi sé til staðar. Það sem virðist þó verra er að þessi gamalgróni Akkilesarhæll gæti einnig hafa fengið nýja þýðingu fyrir fjármálastöðugleika.

**KRÓNAN OG ALÞJÓÐLEG FJÁRMAGNSVIÐSKIPTI**

Á síðustu árum hafa fjármagnsviðskipti alþjóðavæðst hérlendis bæði með útrás í bankaviðskiptum og fjölþjóðaþátttöku á fjármálamarkaði. Eftir því sem þessari samþættingu vindur áfram verður smæð myntsvæðisins til meiri trafala. Í fyrsta lagi hafa íslenskir bankar mjög takmarkaðan stuðning lánveitenda til þrautavara sem getur tryggt lausafjárstöðu þeirra þegar um erlend bankaviðskipti er að ræða. En áhyggjur af lausafjárstöðu og fjármögnun eru sá rauði þráður sem gengur í gegnum allar erlendar greiningar á íslenskum bönkum. Þetta þrautavarahlutverk virðist ekki hafa verið skilgreint svo opinbert sé fyrir Seðlabanka Íslands en ljóst er að ávallt verður erfiðleikum bundið fyrir SB að þjóna þessu hlutverki á öðrum myntsvæðum þar sem bankinn hefur aðeins einkarétt á prentun á íslenskum krónum. Meðan þetta ástand varir munu íslenskir bankar – líkt og allir bankar sem hafa ekki stuðning af lánveitenda til þrautavara – verða viðkvæmir fyrir umtali og grunsemdum af öllu tagi. Þeir munu einnig þurfa að borga fyrir þetta stuðningsleysi með hærra áhættuálagi í fjármögnun sinni í framtíðinni, sem er beinn kostnaður þess að hafa vaxið upp úr íslenska fjármagnsmarkaðinum. Í öðru lagi hafa íslenskir markaðir – þar með talinn gjaldeyrismarkaðurinn – orðið að athafnasvæði fyrir erlenda fjárfesta. Þetta er í sjálfu sér gleðileg þróun, en ekki áhættulaus. Fjármálamarkaðirnir hér eru svo grunnir að tiltölulega litlar breytingar í fjármagnsflæði geta haft stór áhrif og líkurnar á öfgahreyfingum með tilheyrandi óstöðugleika hafa vaxið töluvert. Til að tryggja stöðugleika undir þessum kringumstæðum þarf gríðarlega stóran gjaldeyrisvarasjóð og líklega markaðsinngrip af hálfu Seðlabankans í framtíðinni til þess að viðhalda stöðugleika. Þetta bendir sterklega til þess að kostnaðurinn við sjálfstæða mynt muni fara vaxandi á næstu árum.

**AF HVERJU SJÁLFSTÆÐ MYNT?**

Ástæðan fyrir því að viðhalda sjálfstæðri mynt hlýtur að vera tvíþætt. A) Að ábatinn við sjálfstæða peningamálastjórnun sé stærri en velferðartapið sem myntin veldur. B) Að sá kostur að taka upp aðra mynt sé í raun ekki til staðar nema með töluvert miklum tilfæringum sem snúast um allt aðra hluti en efnahagsmál. Flest bendir nú til þess að seinni liðurinn sé hin raunverulega ástæða fyrir því að Íslendingar eru nú með sjálfstæða mynt. Krónan er að valda töluverðum velferðarkostnaði með háu vaxtastigi og óstöðugleika sem er aðeins að litlu leyti réttlætanlegur með þeim ábata sem sjálfstæð peningamálastjórnun skapar. Það myndi aftur á móti gera lítið gagn að taka upp evruna einhliða og fá ekki aðild að þeim stofnanaramma sem umlykur evrópska myntsvæðið. Sú ráðstöfun ein og sér án þess að fá Evrópska seðlabankann sem lánveitanda til þrautavara myndi einungis gera illt verra. Upptaka evrunnar hlýtur ávallt að koma samhliða aðild að Evrópusambandinu, sem er mjög stórt pólitískt mál sem snýst um mun fleiri hluti en peningamál.

UM VÍÐA VERÖLD

### *Leikföng fyrir fullorðna*

Economist | Breska viðskiptatímaritið Economist gerir leikföng fyrir fullorðna að umfjöllunarefni í nýjasta tölublaði sínu. Þar segir að leikfangaframleiðendur í Japan sjái hag sinn í því að setja á markað leikföng sem höfði jafnt til barna og fullorðinna. Telja þeir að með þessu verði hægt að auka veltuna á innanlandsmarkaði í Japan í 425 milljarða íslenskra króna. Eitt af vinsælustu leikföngunum í Japan er fjarstýrð vélmenni. 100 blaðsíðna leiðbeiningabæklingur fylgir vélmennunum, sem kostar tæpar 80.000 krónur út úr búð. Það er sagt höfða sérstaklega til karlmanna sem senn nálgast miðjan aldur og horfa til bernskunnar með glampa í augum.

### *Verslanir út í kuldanum*

Fortune | Smásöluverslun hefur sjaldan verið betri á Indlandi. Í nýjasta tölublaði Fortune segir að alþjóðlegar verslunarkeðjur á borð við Wal-Mart, Tesco og Carrefour horfi löngunaraugum á indverska smásölumarkaðinn og vilji sneið af kökunni. Eftir töluverðu er að sækjast því mannfjöldi á Indlandi er kominn yfir milljarð. Þá hefur hagur millistéttarinnar batnað töluvert. Takmarkanir stjórnvalda á fjárfestingar erlendra aðila á Indlandi koma hins vegar í veg fyrir að verslunarkeðjurnar geti reist útibú í landinu. Litlar líkur eru taldar á að úr rætist því tiltölulega lítill vilji þykir vera fyrir hendi á Indlandi að fá erlenda aðila inn á markaðinn.




ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Óli Kristinn Ármannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# Ökuritar geta gagnast fyrirtækjum

**ÖRUGG FYRIRTÆKI**

Átak Markaðarins og Sjóvá

Hjá fyrirtæki einu henti að lögreglan mætti í fyrirtækið með ákæru á hendur einum bílstjóra fyrirtækisins fyrir að hafa ekið á kyrrstæða bifreið og stungið af fyrr um morguninn. Yfirmaðurinn fór út með lögreglunni og sá að annað framhorn bílsins var dældað. Kallað var á ökumanninn og kvað hann þessa dæld vera gamla og hann hefði ekki verið á umræddum stað þennan morgun. Bíllinn var búinn GPS-ökurita sem sýnir nákvæmlega hvaða leiðir voru eknar, hve hratt var ekið og hvernig. Nú voru gögnin sótt í ökuritann. Kom í ljós að ökumaðurinn hafði haft rétt fyrir sér. Ökuritinn sem skráir staðsetningu bílsins á hverjum tíma sýndi að viðkomandi bifreið var ekki völd að þessu tjóni. Þegar rætt var nánar við þann sem kærði viðurkenndi hann að hann væri ekki viss um hver hefði ekið utan í bílinn hans. Nú á viðkomandi yfir höfði sér ákæru fyrir tilraun til tryggingasvika.

Þessi saga er bara ein af mörgum þar sem ökuritar koma við sögu. Notkun ökurita hefur margsannað sig og þróun þeirra er nokkuð ör. Hægt er að fá mismunandi upplýsingar úr þeim eftir þörfum en þeir eiga það sammerkt að með notkun þeirra lækkar verulega rekstrarkostnað bílanna, tjónatíðni lækkar og ekki síst er farið að bjóða upp á að skoða staðsetningu bílanna í rauntíma, sem gerir flotastjórnun markvissari hjá fyrirtækjum.

Auðvelt er að finna hvort og þá hvaða starfsmenn það eru sem eru að fara illa með bíla fyrirtækisins. Sífellt fleiri fyrirtæki hafa tekið þessa tækni upp og er haft eftir forráðamönnum margra þeirra að þetta hafi aukið jákvæða ímynd fyrirtækis þeirra. Ökumenn sýni frekar fyrirmyndarakstur og bílarnir séu betur nýttir, þar sem færri tapaðar vinnustundir fari í viðgerðir.

Þessi tæki hafa einnig reynst vel við flotastjórnun þar sem hægt er að sjá hverju sinni hvar bílar fyrirtækisins eru staddir hverju sinni. Sjóvá hefur fylgst með sumum þessara fyrirtækja og séð að tjónatíðni hefur lækkað. Þar sem iðgjöld haldast í hendur við tjónatíðni hefur þetta haft áhrif á tryggingaiðgjöldin.

Mesti ávinningurinn er færri slys á starfsmönnum í umferðinni. Mesti fjársjóður hvers fyrirtækis er auðvitað starfsmennirnir.

**Einar Guðmundsson**
**forvarnafulltrúi Sjóvá**

**SPÁKAUPMAÐURINN**

# Munið að gefa spáfuglunum

Menn halda alltaf að við sem spáum í spilin og tökum stöður á markaði séum óttalegur óþurftarlýður sem græði og græði á kostnað einhverra nytsamra sakleysingja.

Það er nú öðru nær. Við spákaupmenn erum nauðsynlegur þáttur í að skapa verðmyndun á markaði og dýpkum markaðinn. Hér á landi er skortur á slíkum mönnum og þeir sem eru jafn góðir og ég eru teljandi á fingrum einnar handar sem misst hefur nokkra putta.

Málið er að stéttin er nánast að þurrkast út þessa dagana. Brosandi sléttgreiddir drengir í teinóttum jakkafötum sem tóku manni eins og amma með nammi væri komin í heimsókn horfa nú flóttalega framhjá manni og þykjast hafa mikið að gera. Við hvað, getur maður spurt. Ekki eru þeir að bjóða manni lán. Ekki eru þeir að taka stöður. Þessa dagana vinna þeir aðallega við að vera hræddir við fyrrum stórkúnna sem fá ekki lengur nein lán til að taka stöður á markaði.

Við spákaupmenn erum allt í einu ekki mjög velkomnir. Sjálfur þarf ég engu að kvíða, þótt ekkert sé að gerast. Maður hafði auðvitað vit á að nota uppsveifluna í að kaupa í erlendum fyrirtækjum með fínu cashflowi. Mér rennur bara til rifja að sjá marga stórvini mína engjast í snörunni þessa dagana. Húsin á leið til bankanna og þeir bara ekki með. Það mun ekkert gerast á þessum markaði meðan bankarnir kreista spákaupmennina.

Ég er því að hugsa um að taka mér gott frí. Halda því sem ég er kominn með á markaðinn þó það sé í tapi og láta Seðlabankann um að ávaxta krónurnar mínar. Evrurnar og dollarana ætla ég að ávaxta sjálfur. Það eru fleiri leikvellir en hér heima og þegar enginn vill leika við mann hér verður maður bara að bregða sér á næsta róló. Best að hafa með sér pollagallann, því það rignir víst víðar í heiminum en í Kauphöll Íslands.

Svo mætir maður bara brúnn og sætur í haust og tekur stöður á markaðnum. Bankastrákarnir eiga eftir að verða svangir aftur, sanniði til. Ég á fóður, en ég er ansi hræddur um að í stéttinni minni muni hafa fækkað verulega. Gamlir félagar á markaðnum verða komnir í launavinnu og leigja húsin sín af bönkunum. Sjálfur á ég mitt skuldlaust, enda aldrei verið svo vitlaus að leggja sjálfan mig undir.

**Spákaupmaðurinn á horninu**



AURASÁLIN

## Náð og Mishkin

**Þá kom í ljós** að ekki eru allir útlendingar sem fjalla um íslenskt efnahagslíf fífl. Endurlausnari íslenska efnahagsundursins er Friðrik Mishkin, hagfræðiprófessor og hetja. Maðurinn er eini erlendi sérfræðingurinn sem hefur réttan skilning á kraftaverkamætti íslenskra athafnaskálda og þar af leiðandi sá eini sem mark er á takandi. Aurasálin fagnar Mishkin innilega.

*Heill og heiður, Mishkin okkar góður!*
*Þú hjartans bestu óskum kvaddur sért.*
*Því þú ert vinur vorrar gömlu móður*
*og vilt ei sjá að henni neitt sé gert.*

**Lag væri** nú þegar styttist í 17. júní að að heiðra þennan besta vin Íslands. Hann hlýtur að fá fálkaorðuna - stórriddarakrossinn, ekkert minna! Höldum honum veglega veislu, veitum honum lykla að gullforða Seðlabankans og sendum hann héðan með tylft yngismeyja um borð í snoturri snekkju eða í einhverri af fjölmörgum einkaþotum athafnaskálda okkar.

**Jafnframt** er kominn tími til að fjarlægja það lýti sem er danska skjaldarmerkið á framhlið Alþingis. Við verðum að svara árásum danskra „frænda“ okkar. Þeir þykjast hafa hér áhyggjur af fjárhagslegum stöðugleika meðan þær mættu ef til vill vera meiri af andlegum stöðugleika eigin greiningardeilda.

**Þótt Aurasálin** hafi enga hagsmuni af gengi stórbokkanna í íslensku efnahagslífi og hafi í langan tíma beðið eftir kreppu getur hún ekki annað en fagnað því þegar Íslandsvinur á borð við Mishkin löðrungar danska óvininn með þessum hætti. Íslendingar eru fámenn þjóð og við verðum að standa saman, sérstaklega þegar að okkur er sótt.

**Þetta á sérstaklega við** nú á þessum viðsjárverðu tímum. Gömlu dönsku kúgararnir láta til skarar skríða gegn okkur á nákvæmlega sama tíma og bandaríski herinn yfirgefur landið. Þetta getur ekki verið tilviljun. Aurasálin hefur fyrir því nokkuð áreiðanlegar heimildir að Danske Bank vinni að því ásamt danska hernum að undirbúa innrás. Þáttur greiningardeildarinnar er að brjóta niður baráttuþrek þjóðarinnar - en nú hefur Mishkin snúið taflinu við. Og ef fram heldur sem horfir - og Íslendingar eignast fleiri ráðuneyti í Kaupmannahöfn - þá gætum við horft fram á þann dag að við verðum herraþjóðin.

**Mikið mun þá Aurasálin** skemmta sér við að selja fúinn fisk til Danmerkur og fylgjast með því þegar íslenska skjaldarmerkið verður hengt upp á Folketinget. Og þá kemur vart annað til greina en að gera fæðingardag Friðriks Mishkin, 11. janúar, að almennum frídegi hér á landi og reisa honum veglega styttu við Kauphöllina.

# Árangurinn getur ráðist af orðsporinu

Orðspor og árangur var yfirskrift ársfundar Útflutningsráðs Íslands sem haldinn var fyrir helgi. *Óli Kristján Ármannsson* sat fundinn og fylgdist með.

„Mjúk lending hagkerfisins er langlíklegust,“ segir Leif Beck Fallesen, ritstjóri og framkvæmdastjóri danska viðskiptablaðsins Börsen. Fallesen var einn þriggja aðalræðumanna á ársfundi Útflutningsráðs Íslands í Salnum í Kópavogi á föstudag.

Fallesen segir harkalega lendingu hins vegar ekki útilokaða en ólíklega vegna þess hve staðan í efnahagsmálum heimsins sé góð. Hann segir nokkuð mikið gert úr fjárfestingum Íslendinga í Danmörku því þær nemi ekki nema um þremur prósentum af heildarfjárfestingum útlendinga í landinu. Hann segir Íslendinga hafa sett mismikið mark á hin ýmsu svið dansks viðskiptalífs en hrósar þeim fyrir góðan árangur í fyrirtækjarekstri ytra. „Eitthvað kunna þeir, það er alveg ljóst,“ segir hann og vísar meðal annars til þess hvernig tekist hafi með góðum árangri að snúa við rekstri verslananna Magasin, Illum og Merlin, en það hafi Dönum ekki tekist að gera þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.


LEIF BECK FALLESEN

Í ræðu sinni talaði Fallesen einnig um möguleika Íslands á að ganga í Evrópusambandið og taldi Þýskaland og Norðurlöndin, auk Hollands, Belgíu og Lúxemborgar, mundu fagna aðildarumsókn héðan, þótt í sambandinu væri ekki búist við slíkri umsókn og engin sértilboð uppi á borðinu fyrir Ísland. Hann segir hins vegar viðbúið að Frakkland og Miðjarðarhafslöndin muni draga lappirnar þegar komi að afgreiðslu umsóknar. „Þau lönd munu vilja tala málið í hel,“ segir hann og telur að ýmislegt myndi vinnast með aðild okkar að sambandinu; aukinn stöðugleiki í efnahagsmálum, lægri vextir og full aðild að sameiginlegum markaði Evrópusambandsins. Hann áréttar þó að ekkert knýi sérstaklega á umsókn landsins.

Hinir aðalfyrirlesararnir á fundinum voru Þórdís Sigurðardóttir, stjórnarformaður Dagsbrúnar, og Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans.

Þórdís segir ljóst að mikið sé í húfi að verja stöðu landsins á erlendum mörkuðum. Hún vísaði til undangenginnar umræðu erlendis um hagkerfið hér og hótaði Fallesen samkeppni á dagblaðamarkaði.


**Í SALNUM Í KÓPAVOGI** Á aðalfundi Útflutningsráðs, sem haldinn var síðasta föstudag, flutti Geir H. Haarde utanríkisráðherra ávarp og Sigrún Davíðsdóttir blaðamaður kynnti skýrslu um aðferðir og árangur í útrás á Norðurlöndum. Þá voru flutt erindi sem með einum eða öðrum hætti fjölluðu um tengsl orðspors og árangurs. MARKAÐURINN/GVA

Sigurjón segir ljóst að séríslenskir þættir séu til trafala þegar starfa eigi í alþjóðaumhverfi. Hann bendir meðal annars á sveiflur á gengi krónunnar, auk viðskiptahalla og fleiri hluta. „Til að vera fullgildur þátttakandi á alþjóðlegum fjármálamarkaði þarf að spila eftir þeim leikreglum sem þar gilda,“ segir hann og telur erlenda fjárfesta ekki tilbúna að sætta sig við hluti og sveiflur sem Íslendingar þekki úr sinni efnahagssögu. Hann segir stjórn ríkisfjármála og peningamála verða að ganga í takt og helst aukinni aðhaldssemi í ríkisfjármálum.

# Efndu til ráðstefnu eftir stofnun útibús

Lögfræðistofan LOGOS opnaði i byrjun ársins útibú í London, fyrst íslenskra stofa. Stofan efndi nýverið til ráðstefnu um íslensku útrásina.

Í tilefni af þeim tímamótum að hafa fyrst íslenskra lögfræðistofa opnað útibú í London efndi LOGOS til ráðstefnu um íslensku útrásina í húsakynnum Kauphallarinnar í London síðasta fimmtudag. Viðstaddir voru um 200 innlendir og erlendir gestir. LOGOS er elsta og stærsta lögfræðistofa landsins, á rætur að rekja til ársins 1907.

„Með þessari ráðstefnu vildum við kynna okkur til leiks, eftir að hafa starfað hér í nokkra mánuði,“ segir Guðmundur J. Oddsson, forstöðumaður útibúsins, en hann stýrði stofnun þess. Útibúið er sjálfstætt rekið í samvinnu við þrjá skandinavískar lögfræðistofur. „Hér voru í dag fulltrúar allra stærstu banka og lögfræði- og endurskoðunarskrifstofa sem starfa hér á hinum alþjóðlega markaði í borginni og sinna viðskiptum við íslensk fyrirtæki.“

Guðmundur segir að unnið sé með þeim íslensku fyrirtækjum sem starfa í Bretlandi um yfirtöku og fjármögnun á félögum þar og annars staðar. Einnig vinni stofan fyrir Breta sem viðskipti eigi á Íslandi. „Vinnan hér er nokkuð flóknari en heima, þar sem maður þekkir mann. Hér er sérhæfingin líka meiri,“ segir Guðmundur. Í upphafi var gert ráð fyrir einum lögfræðingi á skrifstofunni í London, en þörfin kallaði fljótlega á annan til viðbótar, auk þess sem nýliðar í stéttinni eru komnir þangað og verða þar í tímabundnum störfum.


**STOLTIR Í LUNDÚNUM** Guðmundur J. Oddsson forstöðumaður ásamt Ármanni Þorvaldssyni og Lýði Guðmundssyni, sem fluttu fyrirlestra á ráðstefnunni.

„Við njótum reynslu Skandinavanna með því að vera undir sama þaki og þeir, auk þess sem LOGOS á aðild að tveimur alþjóðlegum samtökum óháðra lögfræðistofa. Þannig getum við veitt viðskiptavinum okkar góða þjónustu um allan heim,“ segir Guðmundur.

### FJÁRFESTINGAR Í ÚTLÖNDUM

Ráðstefna LOGOS á fimmtudaginn var troðfyllti einn af fundarsölum Kauphallarinnar í London.

Ármann Þorvaldsson, forstjóri Singer & Friedlander Group, dótturfélags KB banka, og Lýður Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar Group, fluttu þar framsöguerindi. Ármann skýrði fyrst frá helstu kennitölum íslensks efnahagslífs og bar saman þróunina á Íslandi og í löndum Evrópusambandsins á undanförnum árum. Þá fjallaði hann um fjárfestingar íslenskra fyrirtækja erlendis og hvernig ekki hefði allt gengið upp í fyrstu umferð. Útrásarbylgjan hefði síðan byrjað fyrir alvöru um aldamótin og náð hæstum hæðum í fyrra, þegar íslensk fyrirtæki fjárfestu erlendis fyrir 3.650 milljónir sterlingspunda, sem er meira en samanlögð fjárfesting þeirra fjögur árin þar á undan. Fjármunirnir til kaupanna hafa komið með ýmsum hætti - frá innlendum og erlendum bönkum, frá íslenskum fjárfestum, með skuldabréfaútgáfu eða erlendu hlutafé, eins og Ármann nefndi dæmi um.


**FRÁ LOGOS-RÁÐSTEFNUNNI Í BRETLANDI** Einn fundarsala Kauphallarinnar í London var þéttsetinn íslenskum og erlendum gestum síðasta fimmtudag, en þar var íslenska útrásin til umræðu.

Útrásin hefur leitt til þess að nú eru um eitt hundrað þúsund manns starfandi hjá íslenskum fyrirtækjum erlendis - þar af um sjötíu þúsund í Bretlandi. Þá fór hann yfir helstu fjárfestingar íslenskra fyrirtækja á undanförnum árum og benti á að þær væru bæði mjög fjölbreyttar og í ýmsum löndum. Hann minnti einnig á að yfirleitt hefðu þessi fyrirtæki byggt sig vel upp á heimamarkaði, stjórnendur væru ungir og athafnasamir og eftir útrásina væri meirihluti veltunnar erlendis.

Lýður Guðmundsson fór yfir sögu Bakkavarar, úr þriggja manna fyrirtæki árið 1986 og upp í sextán þúsund manna fyrirtæki í dag með 43 verksmiðjur í sjö löndum í þremur heimsálfum. Sem dæmi kemur grænmeti sem fyrirtækið notar í rétti sína daglega með flugi frá Suður-Afríku. Fyrirtækið er nú leiðandi í sölu á heitum og köldum réttum í mörgum flokkum í Bretlandi og framleiðir fyrir stórmarkaði undir þeirra merkjum. Síðasta viðbótin var kaup á ábætisréttafyrirtæki.

kj@frettabladid.is



# PETER LEHMANN DAGAR
## 11. – 14. maí



# Kvöldverður á Hótel Holti

Á Peter Lehmann dögum á Hótel Holti verður boðið upp á veglegan kvöldverð dagana 11. – 14. maí.

Matur og vínglas með hverjum rétti kostar aðeins 9.500 kr. Tekið er á móti borðapöntunum í síma 552-5700 og á holt@holt.is

## MATSEÐILL

Hörpuskelsterrín með skelfiskssalati og sítrónugrasfroðu
- Peter Lehmann Semillon 2003

Langtímaeldaður þorskur á kartöflukremi
- Peter Lehmann Chardonnay 2003

Rauðvínsgljáð nautalund með reyktri nautatungu með smátt skornu grænmeti og sósa „Bordelaise"
- Peter Lehmann Eden Valley Shiraz 2001

Aprikósubaka, döðlukompot og dvergappelsínu- rúsínuís
- Peter Lehmann Botrytis Semillon 2002

## Vandað vínnámskeið í Þjóðmenningarhúsinu

Andrew Wigan yfirvíngerðarmaður Peter Lehmann er einn af virtustu víngerðarmönnum Ástrala. Hann heldur á vegum Vínskólans svokallaðan „Master class" í Þjóðmenningarhúsinu fimmtudaginn 11. maí kl. 17.30.

Námskeiðið kostar 2.300 kr. og hægt er að skrá sig með því að senda tölvupóst á vinskolinn@vinskolinn.is.

Globus hf

Barossa
PETER LEHMANN
Australia

HOTEL HOLT




**FRÁ KYNNINGU HUGVITS Á NÝJUSTU ÚTGÁFU GOPRO-HUGBÚNAÐARINS** Haraldur Örn Ólafsson, Þóroddur Bjarnason, sölustjóri Hugvits á Íslandi, Sveinn Hannesson, markaðsstjóri Hugvits, og Ólafur Daðason, framkvæmdastjóri Hugvits.

# GoPro í grunnbúðum

Fjölmenni var á kynningu Hugvits á nýjustu útgáfu GoPro-hugbúnaðarins í Salnum í Hamraborg í Kópavogi í síðustu viku. Hugbúnaðurinn var kynntur á sama tíma í Noregi og Danmörku og verður kynntur víðar á næstu dögum og vikum.

Vinnuheiti útgáfunnar, sem notast við IBM Workplace, er í höfuðið á sherpanum Tenzing Norgay, nepalska leiðsögumanninum sem fór fyrstur á Everest-tind með Nýsjálendingnum Edmund Hillary í lok maí árið 1953. Haraldur Örn Ólafsson lýsti ferð sinni á Everest árið 2002 og líkti ferðinni við þróunarferli hugbúnaðarins. Sagði hann m.a. að þróun kerfa eins og GoPro væri viðamikið verkefni sem krefðist mikils undirbúnings, þrautseigju og reynslu og þannig mætti segja að hugbúnaðurinn væri enn í fyrstu grunnbúðum og við það að leggja á fjallið.

Þá gerði Ólafur Daðason, framkvæmdastjóri Hugvits, grein fyrir framtíðarsýn fyrirtækisins og lýsti þeim nýjungum í GoPro-hugbúnaðinum sem líta mundu dagsins ljós á næstu tveimur árum. Á meðal nýjunga í nýju útgáfunni er persónusniðið vinnuumhverfi og meiri möguleikar á hópvinnu og fjarvinnslu en þekkt hafa fram til þessa. Tilraunaútgáfa af nýjustu útgáfu hugbúnaðarins er í notkun í Stjórnarráði Íslands og sagði Sveinn Hannesson, markaðsstjóri Hugvits, að þróun kerfisins væri unnin í nánu samstarfi við helstu sérfræðinga IBM á sviði hópvinnulausna. - jab

## FÓLK Á FERLI



**JÓN ÞÓRISSON,** sem fyrir ári lét af störfum sem aðstoðarforstjóri Íslandsbanka, hefur gengið til liðs við VBS fjárfestingarbanka hf. í kjölfar þess að fjárfestingarfélag undir hans forystu hefur keypt 5,5 prósenta eignarhlut í bankanum. Hann mun leiða fyrirtækjasvið og viðskiptaþróun VBS og hefur hann störf hinn 2. maí næstkomandi. Jón hefur yfir 20 ára fjölbreytta starfsreynslu, sem almennur bankamaður, útibússtjóri, framkvæmdastjóri og síðast aðstoðarforstjóri Íslandsbanka. Einnig hefur hann setið í fjölmörgum stjórnum innan bankakerfis og utan. VBS er umboðsaðili Carnegie fjárfestingarbankans á Íslandi.



**ÁSGEIR ÁSGEIRSSON** hefur tekið við stöðu forstjóra nýs félags í eigu Marel hf., AEW Delford Systems Ltd. á Bretlandi. Ásgeir hóf störf hjá Marel árið 1986 og starfaði lengst af við vöruþróun fram til ársins 1996. Hann var forstöðumaður upplýsingatæknideildar og síðar gæðamála frá 1996 til 2001. Ásgeir varð annar af tveimur framkvæmdastjórum vöruþróunar árið 2001 og gegndi því starfi til marsloka 2006. Ásgeir lauk B.S. prófi í rafmagnsverkfræði frá H.Í. 1986, B.S. prófi í tölvunarfræði frá H.Í. 1990 og meistaragráðu í rafmagns- og tölvuverkfræði frá University of Washington, Seattle, 1993.



**JÓN BIRGIR GUNNARSSON** hefur tekið við stöðu framkvæmdastjóra viðskiptaþróunar AEW Delford, Bretlandi. Jón hóf fyrst störf hjá Marel árið 1996, þá í sumarstarfi, en var fastráðinn í byrjun árs 1997. Frá 2002 hefur hann verið ráðgjafi á Ráðgjafasviði Marel eða þar til hann tók við starfi hjá nýju félagi Marel í Bretlandi. Jón er með meistarabréf í vélsmíði frá Iðnskólanum í Reykjavík 1997 og véliðnfræði frá Tækniskóla Íslands 1997. Hann hóf MBA nám í HÍ haustið 2005.



**SIGSTEINN P. GRÉTARSSON** hefur tekið við stöðu framkvæmdastjóra viðskiptaþróunar Marel hf. Sigsteinn hefur starfað hjá Marel síðan 1997 sem sölustjóri og ráðgjafi á sölu og markaðssviði. Árið 2001 flutti Sigsteinn til Brisbane í Ástralíu við stofnun dótturfélags Marel í Ástralíu og var framkvæmdastjóri félagsins til 2005. Eftir heimkomu til móðurfélagsins hefur hann unnið að samruna og fjárfestingaverkefnum. Sigsteinn er með B.S. próf í vélaverkfræði frá Bradley University, Illinois árið 1990 og M.S. próf í vélaverkfræði frá University of Illinois, Urbana-Champaign í Bandaríkjunum árið 1992.



**KRISTJÁN HALLVARÐSSON** hefur tekið við stöðu framkvæmdastjóra vöruþróunarferlis hjá Marel hf. Kristján hefur starfað hjá Marel síðan 1993 við verkefni tengd vöruþróun á Rafbúnaðasviði og Tækjahugbúnaðasviði. Hann var við sölu og þjónustu hjá Marel USA í Bandaríkjunum 1995 til 1998. Hann var vörustjóri skurðarvélahóps 2001 til 2006. Kristján lauk B.S. prófi í rafmagnsverkfræði frá H.Í. 1993 og M.S í rafmagnsverkfræði frá NCSU, 1998.



**RAGNHEIÐUR HALLDÓRSDÓTTIR** hefur tekið við stöðu forstöðumanns upplýsingatækni- og gæðamála hjá Marel hf. Ragnheiður hefur starfað hjá Marel frá 1995 við innleiðingu gæðakerfis og verið umsjónarmaður gæðamála. Þá varð hún gæðastjóri Marels árið 2000 og hefur verið aðstoðarmaður forstjóra í ýmsum sérverkefnum t.a.m. stýra stefnumótun Marels. Ragnheiður útskrifaðist með B.S. próf í vélaverkfræði frá HÍ 1991 og M.S. próf í rekstrarverkfræði frá DTU í Danmörku 1995.







ICELANDIC-INDIAN TRADE COUNCIL

And

The Ministry for Foreign Affairs

„Business opportunities in India“

Conference at Grand Hotel, Reykjavik on May 11th 2006 from 8.00-10.15

08.00 – 08.15 Registration
08.15 – 08.20 **Opening speech** – Mrs. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Minister of Education, Culture and Science
08.20 – 08.40 **Mr. Sonjoy Chatterjee,** Managing Director and CEO, ICICI Bank UK Ltd.
08.40 – 09.00 **Mr. Geir Gunnlaugsson,** Chairman of Promens Ltd. „Investing in India – Our experience“
09.00 – 09.20 **Mr. SA Hasan,** Managing Director, Tata Ltd., UK
09.20 – 09.40 Mr. Þorvaldur Gylfason, professor at Faculty of Economic and Business Administration at University of Iceland **„Growing Together: India and China“.**
09.40 – 10.00 **Questions from audience**
10.00 – 10.15 **Conclusionary remarks,** Mr. Sturla Sigurjónsson Ambassador and HE Mr. Mahesh K.Sachdev Ambassador

Chairman of the meeting:
**Björn Aðalsteinsson,** Chairman of the Icelandic-Indian Trade Council

The meeting will be in English.
Registration: fis@fis.is
Price: 2500 ISK

Rekstrarverkfræðistofan Annar hf
Suðurlandsbr. 46 • Sími 568 1020 • Annar.is
Ársreikningar
Bókhald
Skattframtöl








1928
VERSLUN • VÖRUHÚS
www.1928.is
SÍGILD OG FALLEG HÚSGÖGN Í LJÓSUM LIT
Fyrir sumarbústaðinn og heimilið
LÁGT VERÐ
Tilboð einnig í versluninni Draumalandi Keflavík og í versluninni Í tilefni dagsins Selfossi
Veggkertastjaki
KR. 2.500
NÚ 1.900
Hornsófaborð m/ hillu og skúffu
60x60x47cm
KR. 15.500
NÚ 7.900
Sófaborð með hillu og skúffu
1200x600x470 cm
KR. 24.500 NÚ 9.900
Funkistóll
KR. 29.900
NÚ 19.900
Skammel 5.900
Sporöskjulaga borð m/ skúffu og hillu.
54x43x70cm
KR. 12.900
NÚ 9.900
Glerskápur
47x5x35,5x190cm
KR. 29.900
NÚ 23.000
Bókaskápur m/ skúffu
80x39x187cm
KR. 39.900
NÚ 31.000
Sófaborð m/blaðahillu og skúffu
81x43x55cm
KR. 13.900
NÚ 11.000
Kommóða
52,5x36x95cm
KR. 29.900
NÚ 23.000
Náttborð m/skúffu og blaðahillu
55x39x76cm
KR. 19.700
NÚ 15.900
Náttborð
40x38x64cm
KR. 15.700 NÚ 12.900
Kommóða
89x42x90cm
KR. 39.000 NÚ 31.000
Náttborð
34x30x76cm
KR. 15.000
NÚ 12.000
Hálfmáni m/ lyklaskúffu og hillu
83,5x35x76cm
KR. 15.900 NÚ 12.900
Kollur/blómaborð
36x30x46,5cm
KR. 6.900
NÚ 5.500
Innskotsborð 3 saman
L 52x45x51cm
M 39x39x47cm
S 27x33,5x43cm
KR. 17.000 NÚ 9.900
Gangaborð/ Snyrtiborð
85x42x78cm
KR. 23.000
NÚ 19.000
80x99x55cm
KR. 11.500
NÚ 9.000
94,5x61x18cm
KR. 16.900 NÚ 13.500
Laugavegi 20b • Sími 552 2515 • Auðbrekku 1 • Sími 544 4480
Opnun • Mán.-fös. 10-18 • Laugard. 11-16 • Sunnud. 13-15

# Alþjóðleg menntun forsenda útrásar

**Hversu mikilvægar eru alþjóðlegar áherslur í framhaldsháskólanámi í dag?**

Við lifum í alþjóðlegu umhverfi, við keppum á alþjóðlegum markaði, hvort sem er um að ræða vörur, þjónustu eða menntun. Ef íslenskt samfélag ætlar að skara fram úr verður menntun íslenskra ungmenna á öllum skólastigum að standast ströngustu alþjóðlegu kröfur og viðmið. Það á hvergi betur við en um framhaldsnám á háskólastigi.

**Ætti kennslan í framhaldsháskólanámi að fara fram á íslensku eða á ensku?**

Það hlýtur að vera grundvallarviðmið íslenskra skóla að kennsla þar fari fram á íslensku þó svo að kennsluefni sé hugsanlega erlent. Í einstaka tilvikum, til dæmis ef um er að ræða nám í alþjóðlegri samkeppni þar sem ekki síður er verið að horfa til þess að laða að erlenda nemendur, tel ég réttlætanlegt að kennsla fari fram á öðru tungumáli. Það á einnig við ef um erlenda gestakennara er að ræða.

**Er mikilvægt að fá erlenda nemendur og kennara til liðs við íslenska háskóla?**

Tvímælalaust á að fá erlenda kennara til að kenna á Íslandi. Þúsundir íslenskra háskólanema stunda nám ár hvert við erlenda háskóla. Líklega er hlutfall þeirra sem sækja háskólamenntun sína að hluta eða öllu leyti til útlanda hvergi hærra en hér. Að sama skapi standa okkar háskólar erlendum stúdentum opnir. Ég tel það vera æskilegt markmið að fjölga þeim. Það auðgar háskólaumhverfi okkar.

**Veltur samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs á því að Íslendingar sæki sér framhaldsmenntun til útlanda?**

Ein helsta forsenda þess árangurs sem við höfum náð á margvíslegum sviðum er að Íslendingar hafa sótt fjölbreytta menntun til erlendra háskóla. Fjölmargir Íslendingar hafa stundað nám við bestu háskóla veraldar, í Evrópu, Bandaríkjunum, Asíu og víðar. Þetta er ein af meginforsendum íslensku útrásarinnar og þetta er meginforsenda þess blómlega háskólasamfélags sem hér hefur byggst upp.

**Getur það á einhvern hátt verið slæmt að auka möguleika til framhaldsnáms á Íslandi, þar sem færri leita til útlanda?**

Það að hér á Íslandi byggist upp framhaldsnám þarf ekki að þýða að færri sæki nám til erlendra háskóla. Fjöldi þeirra sem stunda framhaldsnám hefur aukist gífurlega og mun halda áfram að aukast. Við eigum áfram að ýta undir það að íslenskir háskólanemar sæki nám til annarra landa og styðja við bakið á þeim, til dæmis í gegnum Lánasjóð íslenskra námsmanna. Við megum hins vegar heldur ekki gleyma því að framhaldsnám - ekki síst með þeim rannsóknum er því fylgir - er forsenda þess að háskólar nái að dafna akademískt. Ekki síst varðandi sérhæft doktorsnám tel ég aftur á móti mikilvægt að íslenskir háskólar einbeiti sér að þeim sviðum þar sem við skörum fram úr og höfum burði til að keppa við bestu erlendu háskólana.

TÖLVUPÓSTURINN

*Til Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur*

*menntamálaráðherra*



**Ein helsta forsenda þess árangurs sem við höfum náð á margvíslegum sviðum er að Íslendingar hafa sótt fjölbreytta menntun til erlendra háskóla ... ein af meginforsendum íslensku útrásarinnar ...**

# Ólíkar áherslur í HÍ og HR

Árlega útskrifast hér á landi um hundrað nemendur úr MBA-námi, sem er eitt vinsælasta framhaldsnám á háskólastigi í heimi. Hólmfríður Helga Sigurðardóttir komst að því að stjórnendur námsins í HÍ og HR hafa afar ólíkar hugmyndir um hvernig nálgun á alþjóðlega tengingu skuli háttað.

Á Íslandi útskrifast árlega um 100 manns úr MBA-námi frá þeim tveimur háskólum sem bjóða upp á slíkt nám hér á landi, Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands. Til eru um 2.500 gerðir MBA-prógramma í heiminum og námið er kennt í 120 til 130 löndum. Helsta flokkunin er MBA-nám í dagskóla og svokallað Executive MBA. Í dagskóla eru nemendur yfirleitt undir þrítugu, hafa lokið háskólagráðu en hafa litla sem enga starfsreynslu og eru í fullu námi. Executive MBA, það nám sem bæði Háskólinn í Reykjavík og Háskóli Íslands bjóða, er hins vegar yfirleitt skipulagt svo að nemendur geti unnið með náminu og gert ráð fyrir því að þeir hafi umtalsverða starfsreynslu. Þar er meðalaldurinn töluvert hærri, í kringum 35 ár.

Nemendur í MBA-námi hér á landi hafa mjög mismunandi bakgrunn. Eitt af því sem gerir námið eins vinsælt og raun ber vitni er að nemendur læra ekki einungis af bókum og kennurunum heldur ekki síst hver af öðrum enda eru oftar en ekki mjög reynslumiklir og hæfir einstaklingar innan hvers hóps. Við þessar aðstæður skapast gríðarlega skemmtilegt og dýnamískt andrúmsloft.

**ÓLÍKAR HUGMYNDIR AÐ LEIÐARLJÓSI**

Háskólarnir tveir hafa afar mismunandi hugmyndir að leiðarljósi við uppbygginu MBA-námsins þótt í báðum tilvikum hafi það verið byggt upp eftir viðurkenndum erlendum fyrirmyndum. Háskólinn í Reykjavík leitast eftir því að hafa námið alþjóðlegt og líkt því sem gerist í útlöndum. Námið fer að öllu leyti fram á ensku og helmingur kennaranna er erlendur og kemur hingað frá mörgum af virtustu háskólum heims í stuttan tíma í senn. Hinn helmingurinn er íslenskir sérfræðingar og þar af hluti Íslendingar sem búsettir eru erlendis. „Í okkar MBA-námi viljum við veita fólki sem ekki kemst utan til náms það sama og það fengi ef það færi," segir Finnur Oddsson, forstöðumaður MBA-námsins við Háskólann í Reykjavík. Grunnhugmyndin gengur út á að viðfangsefni í íslensku efnahagslífi séu ekki einstök. Flest íslensk fyrirtæki horfi til annarra markaða en þess íslenska og íslenskt umhverfi sé sífellt að verða alþjóðlegra. „Það að sérsníða nám fyrir íslenskt atvinnulíf er nokkuð sem verður að setja ákveðið spurningarmerki við," segir Finnur. „Við þurfum að gefa fólki öfluga alþjóðlega þekkingu til að takast á við ögrandi viðfangsefni í atvinnulífinu og það skiptir engu máli hvers lensk þau eru. Til að gera nemendum og íslensku atvinnulífi gott þurfum við að draga þekkingu hingað. Við gerum það með liðsinni erlendra kennara og nemenda, en okkar ágætu íslensku nemendur eru sjálfir fullfærir um að sjá um staðfæringu slíkrar þekkingar yfir á íslenskar aðstæður eftir þörfum."

Innan Háskóla Íslands er hugmyndin önnur. Þar er talið mikilvægt að miða námið við íslenskar aðstæður, kennarar eru íslenskir og námið fer fram á íslensku. „Við lítum svo á að með því kennaraliði sem við höfum yfir að ráða þurfum við ekki endilega á útlenskum kennurum að halda. Við fáum inn erlenda kennara til að „krydda" námið og allar helstu kennslubækurnar okkar eru útlendar," segir Snjólfur Ólafsson, prófessor við Háskóla Íslands. Hann segir nemendur fá skilning á alþjóðlegu umhverfi í gegnum námsbækur sínar og í reynd skorti efni um íslenskan raunveruleika. „Það sama á ekki við í öllum tilfellum hér og í útlöndum. Íslenskt atvinnulíf er að mörgu leyti öðruvísi en útlent og erlendir kennarar geta almennt ekki upplýst nemendur um það sem er séríslenskt. Við gerum þær kröfur til kennara okkar að þeir geti bæði útskýrt það sem gerist í hinum stóra heimi og hér á landi. Eftir námið við HÍ verða nemendur vel færir til að heimfæra fræðin yfir á alþjóðleg viðskipti, ef svo ber undir, þrátt fyrir að þeir hafi ekki útlenska kennara. Enda fæst ávinningurinn af því að vera í námi erlendis ekki með því."

**NÁM Í ÚTLÖNDUM HLEYPUR Á TUGMILLJÓNUM**

Eitt af því sem kom fram í nýlegri skýrslu framtíðarhóps Viðskiptaráðs Íslands var að Íslendingum sem sækja nám erlendis hefur fækkað hlutfallslega á síðustu árum. Þetta kemur meðal annars til af því að námsframboð hefur aukist hér á landi. Mörgum þykir þetta hins vegar óheppilegt þróun þar sem íslenskt atvinnulíf er sífellt að verða alþjóðlegra. Þeir Snjólfur og Finnur taka báðir undir að mikill hagur sé af því fyrir þjóðfélagið að einstaklingar sæki sér menntun að utan. Þeir eru hins vegar ósammála um með hvaða aðferðum sé hægt að gera nám hér á landi sambærilegt því.

Ekki geta þó allir farið til útlanda í framhaldsháskólanám, ekki síst af fjárhagslegum ástæðum, enda getur slíkt hlaupið á tugum milljóna króna. Ekki er óalgengt að skólagjöld fyrir tveggja ára MBA-nám við virtan skóla í Evrópu séu um sex milljónir íslenskra króna. Við það bætist svo kostnaður við flutninganna, við það að búa erlendis, vinnutap og annað. Flestir þurfa því að hugsa sig vel um, eins og gefur að skilja, enda ekki um smáar upphæðir að ræða.



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**
Þar er talið mikilvægt að miða námið að íslenskum aðstæðum, námið fer fram á íslensku og allir kennarar eru íslenskir.

**HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK**
Þar er leitast við að hafa námið sem alþjóðlegast, stór hluti kennara kemur frá útlöndum og kennslan fer fram á ensku.



**HELSTI ÁHERSLUMUNUR Á MBA-NÁMI HÍ OG HR**

| | Háskóli Íslands | Háskólinn í Reykjavík |
|---|---|---|
| Hlutfall íslenskra kennara | 100% | 50% (þar af 20% búsettir erlendis) |
| Tungumál við kennslu | Íslenska | Enska |
| Nálgun á alþjóðavæðingu | Áhersla á íslenskan veruleika | Áhersla á alþjóðlegan veruleika |




NORDICA HÓTEL REYKJAVÍK, SALUR H-I

# Á BARMI HENGIFLUGS?

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS GAF Í SÍÐUSTU VIKU ÚT SKÝRSLU UM FJÁRMÁLASTÖÐUGLEIKA Á ÍSLANDI EFTIR PRÓFESSORANA TRYGGVA ÞÓR HERBERTSSON OG FREDERIC S. MISHKIN

MORGUNVERÐARFUNDUR KL. 8:15-9:30 FIMMTUDAGINN 11. MAÍ 2006

UMRÆÐUR AÐ LOKINNI FRAMSÖGU

- **Edda Rós Karlsdóttir** forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans
- **Ingólfur Bender** forstöðumaður greiningardeildar Glitnis
- **Þórður Pálsson** forstöðumaður greiningardeildar KB banka
- **Þórður Friðjónsson** forstjóri Kauphallar Íslands stjórnar umræðum

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

Fundargjald með morgunverði kr. 3.000. Fundurinn er öllum opinn en æskilegt er að skrá þátttöku fyrirfram á www.vi.is, á fundir@vi.is eða á skrifstofu Viðskiptaráðs í síma 510 7100

# Pitstop – góð vara, frábært verð og framúrskarandi þjónusta.







Dugguvogi 10 ☎ 568 2020 Hjallahrauni 4 Hfj. ☎ 565 2121

*Gæðakaffi, nettengd tölva, tímarit og blöð – fyrir þig meðan þú bíður*

## pitstop ... *þjónusta í fyrirrúmi*

*Vörumerki sem framleidd eru af Michelin – þekktasta og virtasta dekkjaframleiðanda í heimi*

MICHELIN BFGoodrich Tires Kleber



**Við gerum þér SÚPER TILBOÐ**




**NÝTT**

*Vorum að taka upp frábær sumardekk frá*

**SONAR**

*undir allar gerðir fólksbíla. Gæðadekk á ótrúlegu verði!*

**SONAR** dekkin eru framleidd í heimsklassa verksmiðjum í Asíu. 25 ára reynsla styður framúrskarandi gæði þeirra.
Þau standast alla evrópska gæðastaðla (ISO9001, ISO14001, E-mark, ETRTO o.s.frv.).

**SONAR** dekkin fengu nýlega viðurkenningu, sem bestu dekkin í flokki ódýrra dekkja, fyrir ótrúlegt verð miðað við gæði.

# pitstop

Hjallahrauni 4 Hfj. ☎ 565 2121 Dugguvogi 10 ☎ 568 2020

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**6** milljarða samdráttur í virði vöruinnflutnings frá mars til apríl samkvæmt bráðabirgðatölum um innheimtu virðisaukaskatts.

**50,1%** hlutur Glitnis banka hf. í Union Group ASA í Noregi.

**3** Airbus 320 vélar sem Star Europe, dótturfélag Avion Group, verður með í Þýskalandi í sumar.

## BANKAHÓLFIÐ



### Forstjórinn á fullu

Enn er nóg að gera hjá Bjarna Ármannssyni, forstjóra Glitnis banka, í margvíslegu fjölmiðlastússi í útlöndum. Á þriðjudag var hann í Lundúnum og hitti fulltrúa frá fjölmörgum fjölmiðlum. Klukkan hálf átta um morguninn var hann í viðtali á sjónvarpsstöðinni CNBC ásamt Árna Mathiesen fjármálaráðherra. Dagurinn byrjaði hins vegar heldur fyrr hjá Bjarna, með viðtali í beinni klukkan hálf sex á BBC World sem fékk svo ítrekaða birtingu yfir daginn og klukkan korter yfir sex í morgunþætti BBC Radio.

Á CNBC fóru hins vegar forstjórinn og fjármálaráðherrann yfir stöðu og horfur í efnahagsmálum. Árni Mathiesen taldi að nú drægi úr óróa eftir mikið hagvaxtarskeið og Bjarni taldi fjárfesta farna að átta sig á að aðgerðir í stjórn efnahags- og peningamála væru að skila sér. Síðar um daginn tóku svo við hjá forstjóranum hringborðsumræður á vegum the Banker, en dagurinn endaði á upplýsingafundi fyrir blaðamenn sem Glitnir hélt í samstarfi við Sendiráð Íslands í Lundúnum og Kauphöll Íslands, þeim þriðja sem bankinn heldur eftir sambærilega fundi í Ósló og Kaupmannahöfn.

### Samkeppnin undirbúin

Forsvarsmenn danskra fríblaða eru nú í óðaönn að undirbúa sig fyrir samkeppnina frá nýju fríblaði sem Dagsbrún hyggst hrinda af stað í Danmörku. Í Berlingske Tidende í gær var vitnað í stjórnendur nokkurra af helstu fríblöðunum þar í landi. Eru þeir óvissir um þau áhrif sem nýja blaðið mun hafa á markaðinn. Hyggjast þeir bíða enn um sinn og sjá blaðið áður en þeir ákveða hver mótleikurinn verður. Søndagsavisen hefur þó ákveðið að auka dreifingu sína.

Leif Beck Fallesen, aðalritstjóri danska dagblaðsins Børsen, var staddur hér á landi fyrir helgi og var einn frummælenda á ársfundi Útflutningsráðs. Í máli hans kom fram að hann teldi ólíklegt að hann þyrfti að hafa áhyggjur fyrir hönd Børsen af þeirri samkeppni sem kæmi til vegna vætanlegs fríblaðs að fyrirmynd Fréttablaðsins. Þórdís Sigurðardóttir, stjórnarformaður Dagsbrúnar, var ekki á sama máli og taldi ekki loku fyrir það skotið að hann myndi finna vel fyrir samkeppninni.




**MORGUNVERÐARFUNDUR**

**FÖSTUDAGINN 12. MAÍ KL. 08.00**

**HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK**

**OFANLEITI 2, 3. HÆÐ**

# 20.000

## ÍSLENDINGAR STUNDA FRUMKVÖÐLASTARFSEMI Á HVERJU ÁRI

FABRIKAN 2006

Undanfarin sjö ár hefur frumkvöðlastarfsemi um allan heim verið könnuð í umfangsmikilli samanburðarrannsókn á vegum alþjóðlega rannsóknarsamstarfsins Global Entrepreneurship Monitor (GEM). Frumkvöðlastarfsemi allt að 40 ólíkra landa hefur þannig verið könnuð árlega á sambærilegan hátt og niðurstöður könnunarinnar birtar í alþjóðlegri skýrslu. Í hverju þátttökulandi er að auki unnin skýrsla þar sem kafað er dýpra í niðurstöður í því landi. Íslenska skýrslan kemur hér út í fjórða sinn en Háskólinn í Reykjavík hefur borið veg og vanda af GEM-rannsókninni hér á landi frá árinu 2002.

Markmið skýrslunnar eru þrjú:

- Að gefa yfirlit yfir frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2005, umfang hennar, einkenni og umhverfi
- Að bera frumkvöðlastarfsemi á Íslandi árið 2005 saman við frumkvöðlastarfsemi undanfarinna ára og við frumkvöðlastarfsemi í völdum samanburðarlöndum
- Að koma með ábendingar um hvernig bæta megi umhverfi frumkvöðlastarfsemi á Íslandi og auka ávinning þjóðarinnar af henni







Föstudaginn 12. maí, verður haldinn morgunverðarfundur í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2, 3. hæð. Þar verða kynntar árlegar niðurstöður fyrir Ísland úr alþjóðlegri rannsókn á frumkvöðlastarfsemi (Global Entrepreneurship Monitor).

Dagskrá fundarins verður sem hér segir:

08:00 Húsið opnar og boðið verður upp á morgunverð.

08:30 Guðfinna Bjarnadóttir, rektor HR, setur fundinn.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, flytur ávarp.

Rögnvaldur J. Sæmundsson, dósent og forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar HR í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum, kynnir niðurstöður íslensku GEM-rannsóknarinnar.

Umræður.

10:00 Fundi slitið.

**Skráning í síma 599 6200 og á netfangið skraning@ru.is.**

NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

GEM

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is



Við færum þér fjármálaheiminn

E*TRADE



Nú býðst þér að eiga milliliðalaus verðbréfaviðskipti með E*TRADE í gegnum netið á stærsta verðbréfamarkaði heims, Wall Street í Bandaríkjunum, og á mörkuðum í Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku.
Kynntu þér málið á www.landsbanki.is

Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is

## 4ra-6 herb. íb.



**Kristnibraut - glæsilegt útsýni.** Í einkasölu: glæsileg 130,2 fm íbúð á 3. hæð sem er efsta hæð í góðu mjög vel staðsettu húsi, aðeins ein íbúð á hæð, þrjár í stigagangi. Þetta er sérlega vel skipulögð íbúð með vönduðum sérsmíðuðum innréttingum, stórum suður svölum. Parket og flísar á öllum gólfum. V. 32,8 m. 4667



**Asparholt - Álftanesi - laus fljótlega.** Vorum að fá glæsilega 96 fm 3ja herbergja íbúð með sérinngangi í mjög vel staðsettri blokk. Stórar svalir, þvotthús í íbúð. Parket og flísar á öllum gólfum. Mjög góð staðsetning stutt í t.d. skóla,leikskóla og sundlaug. V. 22,9 m. 6839



**Básbryggja - góð eign á fínum stað.** Í einkasölu mjög góð vel skipulögð 105,3 fm 4ra herbergja íbúð á 2 hæð í vel staðsettri blokk. Vandaðar innréttingar og gólfefni, stórar suður svalir. Þvottahús í íbúð. V.26,5 m. 4649



**Álfheimar - laus.** Á fráb. útsýnisst. 4ra herb. endaíb. á efstu hæð. Parket. Nýl. eldhús. Yfirbyggðar svalir. Glæsil. útsýni og göngufæri í útivistarparadísina í Laugardal. V. 17,9 m. 4140

**Blöndubakki - með aukaherbergi í kj.** Vel skipulögð ca 125 fm 4ra herbergja íbúð á 3 hæð. sem er efsta hæð í vel staðsettri blokk, suður svalir. Íbúð fylgir herbergi í kj. sem hægt er að leiga. Mjög góð staðsettning, stutt hjá t.d. skóla og leikskóla. V. 20,9 m. 4638

**Vesturberg - útsýnisíb.** Í einkasölu mikið endurn. ca 99 fm íb. á 3.hæð í fjölb. á fráb. útsýnisstað rétt við skóla og góða þjónustu. Nýl. eldhús, nýl. gólfefni og fl. Góð sameign. Mögul. að yfirtaka góð áhv. lán. Verð 19,5 millj./tilboð 4571

## 3ja herb. íbúðir.



**Skógarás - glæsil. útsýni.** Í einkasölu nýleg falleg og velskipul. 86 fm íb. á 2.hæð í góðu varanlega klæddu fjölb. á frábærum útsýnisstað. Parket, þvottaherb./geymsla innaf eldhúsi. Suðvestur svalir m. glæsil. útsýni yfir Rvk., Snæfellsnes og fl. Verð 19,5 millj. 4580



**Hamravík - laus fljótlega.** Mjög góð 104 fm 3ja herbergja íbúð á 3. hæð sem er efsta hæð í mjög vel staðsettu húsi. Sérinngangur. Suðursvalir, þvottahús í íbúð. Parket og flísar á öllum gólfum. V. 22,9 m. 6834



**Engihjalli.** Góð vel staðsett ca 80 fm íbúð á 7 hæð í góðri blokk. Stórar svalir, glæsilegt útsýni, þv.hús á hæðinni. Góð vel skipulögð íbúð. Stutt hjá t.d. skóla, leikskóla. V. 15,9 m. 6822



**Þórðarsveigur - lyftuhús.** Stórgl. 3ja herb. endaíb. á 3. hæð í nýju glæsil. lyftuhúsi. Sérþv.h. Stæði í bílskýli. 2 sv.-herb. Suðursv. V. 21,9 m 6823



**Kambasel - mjög falleg og rúmgóð íbúð.** Í einkasölu 100 fm íb. á efstu hæð í litlu 3ja hæða fjölb. (gengið upp eina og hálfa hæð), á ról. og barnvænum stað. Góðar eikarinnrétt. og parket. Suðursvalir, þv.herb. í íbúð. 2 stór herb., sjónv.hol og stór stofa. Áhv. 10,5 m. KB-banki m. 4,15% vxt. Verð 18,9 m. 6821



**Drafnarstígur - Vesturbæ.** Vorum að fá mjög góða ca 80 fm 3ja herb. íbúð á 1. hæð í mjög góðu vel staðs. fjölb. Íbúð er öll endurn. á mjög vandaðan hátt, suðursvalir. V. 20,5 m. 6810



**Eskihlíð - góð 3ja + aukaherb. Laus fljótl.** Rúmgóð 3ja herb. íb. á 3.hæð ásamt aukaherb. í risi m. símatengi og aðgangi að wc., alls 104 fm Húsið í toppstandi, nýstandsett að utan og nýtt þak. Ágætt eldhús og bað, tvö mjög stór herbergi og rúmgóð stofa m. vestur svölum, fallegt útsýni. Áhv. ca 12 m. íbúðalánasj. Verð 18,9 millj. Laus í lok maí n.k. 6813



**Kristnibraut - glæsileg eign.** Í einkas. vönduð 105,9 fm íb. á 1. hæð (jarðh.) í þessu fallega fráb. velstaðsetta húsi í grónu hverfi á mjög góðum útsýnisstað. Vand. sérsmíðaðar innrétt. parket, glæsil. baðherb. Sérlóð. Fráb. staðsetn. V. 26,9 millj. 6806



**Breiðavík. - Bílskúrsréttur.** Glæsileg ca 90 fm íbúð á 2. hæð sem er efri hæð í vel staðsettu fjölbýli. Sérinngangur, hátt til lofts í stofu og eldhúsi sem gerir íbúð mjög sjarmerandi. Góð vel skipulögð íbúð á góðum stað rétt hjá t.d. skóla, leikskóla og svo er Spöngin í göngufæri. V. 22,4 m. 4669



**Skógarás - 3ja herb.** Falleg 3ja herb. íbúð á 2 hæð í fallegu nýstandsettu fjölbýli. Stórar vestur svalir. Parket. Mjög vel skipulögð íbúð á frábærum stað. V.18.6m. 4518



**Berjarimi - m. bílskýli - mjög gott verð.** Falleg velskipul. útsýnisíb. á 3.h. í vönd. nýl. máluðu fjölb. á mjög góðum stað í Grafarv. ásamt bílsk. Parket, góðar innréttingar, sérþvottahús í íb. Mjög góð sameign. Áhv. 8,2 m. húsb. V. 19,3 m. 4431



**Naustabryggja - glæsil. íbúð. - m. bílskýli** Í einkas. glæsil. 95 fm íb. á 1. h. (jarðh.) í vönduðu álkl. fjölb. ásamt st. í bílsk. Glæsil. eldh.og baðherb. Vandað parket á gólfum. Sérþvottah. Útg. á stóra timburver. Verðtilboð 4022

**Æsufell - mjög góð íb. m.útsýni. Nýtt í sölu** Í einkasölu rúmgóð og falleg 93 fm íb. á 5.hæð í nýlega standsettu og klæddu lyftuhúsi. Fallegt suður útsýni, nýtt parket, þvottaaðst. í íb. Góð eign á góðum stað. Verð 17,5 millj. 4587

## 2ja herb.íbúðir.



**Lindargata - nýtt hús.** Vorum að fá í einkasölu mjög góða 49,5 fm 2ja herbergja íbúð á 2 hæð með sérinngangi í mjög vel staðsettu húsi. Allar innréttingar og gólfeni mjög vandað. Sérinngangur er í íbúð, íbúð er laus fljótlega. V. 18,4 m. 6840



**Holtsgata ný íb. m. bílskýli.** Í einkasölu glæsil. íb. á 1.hæð í nýju húsi á einstakl. góðum stað í vesturb. Reykjav. Afh. í okt fullb. án gólfefna. Stæði í bílageymslu fylgir. Verð 22,4 milj. 4583

**Skúlagata - stórglæsileg íbúð.** Stórglæsileg nýstandsett íbúð á jarðhæð. Íbúðin er sérlega rúmgóð eða 71 fm Allt er endurnýjað frá a-ö. Eign í sérflokki. Laus strax. V. 15,0 m. 4621

**Leifsgata -laus strax** Góð öll endurnýjuð 55,1 fm íbúð á 1 hæð í góðu vel staðsettu fjórbýli,íbúð fylgir herbergi í kjallara þar er sameiginleg snyrting. Íbúð er öll endurnýjuð á mjög vandaðan hátt m.a. hornkar á baði. V. 14,9 m. 4186

## Atvinnuhúsnæði

**Lynghåls Til Leigu** Ca. 200 fm samkomusalur , fundarsal ásamt skrifstofum, eldhúsaðst og móttaka. Staðsett á mjög góðum og áberandi stað. Húsn er í dag í útleigu undir safnaðarstarf. Góð aðkoma, næg bílastæði. Mögulegt er að fá húsnæðið afhent fljótlega. Óskað er eftir tilboði í leigu. 6820

**Grensásvegur Til leigu** Skrifstofur ca 130 fm á annarri hæð. Áberandi og góð staðsetning. Skrifst. og fundarh. Húsn er í útleigu undir ráðgjafaþjón.Mjög góð aðkoma og næg bílastæði. Mögulegt er að fá húsnæðið afhent fljótlega. Óskað er eftir tilboði í leigu. 6818

# VALHÖLL
## FASTEIGNASALA
## Sími 588 4477

## Álftanes - glæsieign m. frábæru útsýni



Stórglæsileg ca 120 fm íbúð á 2. hæð í nýju húsi. Sérinng. af svölum. 3-4 svefnherb. Glæsilegar innréttingar. Frábært útsýni. Stutt í skóla, íþróttahús og sundlaug. Eign í sérfl. V. 25,9. 6868

## Spóahólar - laus fljótlega.



Vorum að fá í einkasölu góða ca 90 fm 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í mjög góðri vel staðsettri blokk. Góðar sólarsvalir. Góð vel skipulögð íbúð. Stutt í t.d. skóla og leikskóla. V. 18,6 m. 6851

## Frostafold - með bílskúr - mjög góð nýting.



Í einkasölu góð 4ra herb. 102 fm íb. á efstu h. í fallegu litlu fjölb. innst í lok. botnlanga. Bílskúr fylgir. Gott útsýni. Parket, góðar innrétt. 3 svefnherb. Mjög góð staðsetn. Áhv. hagst. lán. V. 24,9 millj. 4673

## Suðurhólar - endaíb. á útsýnisstað



Í einkasölu falleg 4ra herb. 107 fm endaíb. á 3.hæð í viðg. og máluðu fjölbýli á fráb. útsýnisstað rétt við góða skóla og íþróttaaðstöðu. 3 svefnh. Rúmgóð stofa og borðstofa, parket. Endurnýjað eldhús, endurnýjuð sameign. Mjög gott skipulag. v.19,6 millj. 4635

## Sæviðarsund 7 - m. aukaherbergi



Í einkasölu: Glæsileg þriggja herbergja íbúð á 1 hæð í fallegu fjórbýlishúsi ásamt 15 fm aukaherbergi í kjallara sem hægt er að leigja út. Nýlegt parket, nýjar innihurðir. Vandað eldhús og bað. Eign í sérflokki. V. 22,5 m. Sjá myndir á mbl.is 4578

# Baugakór Kópavogi

**með bílskýli 3ja herbergja og 4ra herbergja m. bílsk.**







Í EINKASÖLU glæsil. íbúðir í 12 íbúða lyftuhúsi ásamt st. í bílskýli. 3ja herb.íb. eru 110 fm og 4ra herb. frá 140 fm. Suðursvalir. Afh. fullb. án gólfefna m. vönd. innrétt. og flísal. baðherb. Sérinng. af svölum. Afh. í sept. 2006. Eignir á mjög góðu verði e 3ja herb íbúð kostar 24,9 milljónir og 4ra herb. Íbúðir kosta frá 32,5 millj.

***Uppl. á Valhöll eða á www.nmedia.is/baugakor***

## Hamrakór - rað/tengihús afh. fullb.



Glæsileg 254 fm frábærl. velskipul. rað./tengihús á mjög góðum útsýnisstað. Húsin afh. fullb. án gólfefna m. vönduðum innrétt. frá Byko og flísal. aðalbaðherb. Gólfhiti í húsunum. Mjög gott skipul. Lóð og bílastæði afh. fullb. Suðv.garður og stórar svalir. Afh. í jan-feb. 2007.

**Sjá nánari uppl. á www.nybyggingar.is**

## Krókavað. - Glæsil. sérhæð á fráb. stað.



Í einkasölu glæsil. 127 fm efri sérh. auk ca 40 fm bílsk. eða neðri sérh. 127 fm á mjög góðum stað innst í lokaðri götu við Krókavað. Seljast fullbúnar án gólfefna m. gólfhita og vönduðum innr. Stórar svalir fylgja efri hæð ofan á bílskúr. Sjá nánari upplýsingar á www.nybyggingar.is 4413

## Hamrakór - einbýli - Gott verð



Í einkasölu glæsileg velskipulögð 228 fm hús á 2 hæðum með innbyggðum 41,2 fm tvöf. bílskúr. Húsin afhendast tilbúin til innréttinga að innan og fullbúin að utan með grófjafnaðri lóð.
Verð. Sjá www.nybyggingar.is

## Gvendargeisli - ný glæsileg fullbúin raðhús á einni hæð - m. bílskúr.



Gvendargeisli 128-166 eru raðhús á einni h. sem skiptast í íb. 140 fm og bílsk. 28 fm Húsin eru velstaðs. og er stutt í grunnskóla, leikskóla og aðra þjónustu. Tvö húsanna eru til afhend. eftir ca mánuð fullb. án gólfefna með vönduðum sérsmíð. innrétt. Flísal. baðherb. Garður snýr í suður og afh. fullfrág. og 25 fm timburv. fylgir hverju húsi. Bílsk. afhend. fullb. með fjarstýringu. Verð 39,8 millj.

## Rauðavað 2ja og 4ra m. bílskýli afh. strax



Í einkasölu nýjar glæsil. 94 fm 2ja herb. íb. á jarðh. m. 40 fm sérafn.rétti og 119 fm 4ra herb. íb. á 2. hæð. Afh. við kaupsamn. fullb.án gólfefna. Sérinng. í 2ja og sér af svölum í 4ra. Stæði í fullb. glæsil. bílskýli fylgir eigninni. V. 26,9 millj. fyrir 4ra og 19,9 millj. fyrir 2ja. Verðið gerist varla betra en þetta !

## Nýtt glæsil. lyftuh. í Selvaði m. bílskýli.




Nýtt glæsil. lyftuhús m. 28 íbúðum. Húsið afh. fullb. að utan og lóð og bílast. afhendast fullfrág. Íb. sem eru fráb. velskipul. afhend. fullb. með vönd. innréttingum frá Brúnas en án gólfefna og án flísal. á baðherb. Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum sem eftir eru. www.nybyggingar.is

**VALHÖLL**
**FASTEIGNASALA**
Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

Frum



Toyota MR2 glæsilegur blæjubíll, árg. '00, ný vél, svartur, er á 17" álfelgum og 15" álfelgur á vetrard. fylgja með. Verð 1700 þ., s. 848 7676.

Volvo 440 '95, 2,0 ssk., ek. 105 þ., kraftmikill ódýrt í rekstri, eyðir litlu. V. 200 þús. S. 867 1120.

VW Golf station árg. '94 , ek. 160 þ. á vél, sæmilegt ástand, verð 45 þús. Uppl. í s. 692 8688.

Allar helstu partasölur landsins eru á www.partasolur.is

Til sölu Ford Transit 14 manna, árg. '00, ek. 355 þ., verð 850 þ., einnig nýlegur svefnsófi og ísskápur selst ódýrt. S. 699 3933.

## 0-250 þús.



Golf 1600 árg 91, 3 dyra, sjálfsk., 2 eig. frá byrjun, ekinn aðeins 77.000, frábært eintak. V. 250.000. Uppl. í s. 894 0632.



Til sölu Lancer '96, ssk., sk. '07. Verð 190 þús. S. 898 8835.



VW Golf árg. '95, vetardekk á felgum, sk. '07, CD, ný tímareim o.fl. Verð 190 þ. S. 848 6896.

Finn bíll á 90 þ. Nissan Sunny station, 4x4, '95, ek. 200 þ., dr.kúla, álfelgur, sk. '07. S. 863 0864.

Nissan Sunny GTI, 2.0, árg. '93, CD, álfelgur. Verð 150 þús. S. 892 8655.

Til sölu Peugeot 306 árg. '96, með skotti, ek. 154 þ., ssk., nýsk., álfelgur, CD. Fæst á 95 þ. S. 844 1823.

Til sölu Nissan Sunny 4x4, ek. 208 þús. Selst ódýrt. S. 845 4684.

## 250-499 þús.



Renault árg. '98, ek. 143 þús. km. ZR-118. Sumar- og vetrard. Álfelgur, 5 gírar, 1598cc, 89 hö. Næsta skoðun 08-2007. Verð 340 þ. kr. S. 899 6147.



Daiwoo Nubira '99, ek. 80 þús. Sk. '07, dráttarkrókur. Tilboðsverð 270 þús. S. 898 8835.



BMW 316i, ekinn 141 þ. Toppstandi, er svaka tilboð í gangi, aðeins 390 þ. eða tilboð. S. 846 5947.



**Auðveld kaup, 100% lán.**
Daewoo Nubira SX 10/1998, ek. 159 þús., 1600 vél, 4 dyra, 5 gíra, ABS, rafm. í rúðum og speglum, líknarbelgir, álfelgur, CD, ný tímareim, púst, rafgeymir og fl. Áhv. lán 273 þús. 10 þús. pr. mán. S. 825 3210.

Til sölu Daewo Matiz árg. '99, ek. 74 þús. Bíll í toppstandi. Uppl. í s. 868 0892.

Kia Sportage '96, ek. 99 þús. km, ssk., nýsk. Verð 350 þús. S. 863 0388.

## 500-999 þús.



Toyota Yaris 1000 Terra 5 dyra, skrd. 5/2003, 5 gírar, CD, vökvastýri. Ásett verð 930.000. Tilboð 790.000,- 100% lán mögulegt. Skipti möguleg. Uppl. í síma 699 6661.

## 1-2 milljónir



Til sölu Toyota Corolla árg. '02, ek. 38 þús. Sjálfskiptur. Pottþéttur bíll. Sumard. á álf. Vetrard. á stálf. V. 1.350 þ. Engin skipti. Uppl. í s. 692 8615.



Honda Jazz 2005, sjálfsk., 5 d., ek. 13 þ. km. Verð 1.350 þús. Uppl. í s. 861 6578.



Til sölu Galant Avance 2,0 L. Ssk., ek. 83 þús. Verð 1,2 m. S. 868 8565.

## 2 milljónir +



GMC Yukon Denali árg. '00, hvítur, leður, krómfelgur, V8, ssk., litað gler, sigbretti, o.fl.o.fl. Glæsilegur bíll innan sem utan, ekinn 100 þ. km, áhv. 2,2. Verð 3.6. Tilboð 3.090 þ.! Skoða skipti á ódýrari. Sími 866 5016.



**Chrysler**
Til sölu stórglæsilegur Chrysler Pacifica Limited árg. '04, 4x4, ek. 60 þús., yfirtaka á láni + 100 þús. í pen. A.t.h. skipti.
**Uppl. í s. 690 1074 & 588 0300.**



M. Benz-ML320, árg. 2002, ek. 100.000, gullsans, 17" álfelgur. sumar og vetrard. V. 3.550 þús. Uppl. í s. 861 2299.

## Bílar óskast

**Yfirtaka**
Óskum eftir nýlegum bílum gegn yfirtöku á lánum. Uppl. í s. 660 7750.

Óska eftir MML300 ekki eldri en '91. Bensín/dísel. Staðgr. fyrir góðan bíl. Uppl. í s. 867 4008 & 861 7790.

Óska eftir ódýrum bíll sem þarfnast lagfæringa. Ekki eldri en '93. Uppl. í s. 820 3478.

Skoðaður bíll óskast fyrir allt að 120 þús. stgr. Uppl. í s. 894 9002.

Óska eftir ódýrum bíl á verðbilinu 10-50 þ. S. 699 2707.

## Jeppar



Til sölu er Jeep Cherokee Grand Laredo árgerð 1994. Álfelgur, dráttarkúla, hraðastillir, loftkæling, nýskoðaður '07, ekinn 171.000 km. Ásett verð 590.000 stgr. Tilboð 450.000. S. 824 4020.



Til sölu Nissan Patrol '98 SE fallegur, vel með farinn, 2,8, beinsk, 33" dekk. Verð aðeins 1.550 þ. stgr. S. 896 1339.



Toyota 4Runner V6 '91, beinsk., ek. 190 þús. Skipti á ódýrari. Verð 380 þús. S. 868 8565.

## Pallbílar




## Vörubílar




Eigum á lager mjög meðfærilegar gámasliskjur í gámabreidd, 6 tonna burðargeta. Verð: málaðar kr. 168.300-án vsk og galvaniseraðar 211.700- án vsk. Vélaborg Krókhálsi 5F, (gengið inn frá Járnhálsi) sími 414 8600

## Mótorhjól



Husqvarna CR125 '05 til sölu, Reddý to race. Tilboðs verð 480 þús. S. 553 5342 og 696 9105.



Husqvarna TC450 '04 til sölu. Rafstart og endalaus kraftur, rétta hjólið fyrir þroskaða ökumenn. Verð 580 þús. S. 553 5342 og 696 9105.

Honda CRF -450 árg. 2005, ek. 30 þ. mílur. Eins og nýtt! Galli getur fylgt með. Uppl. í síma 822 2262.

Til sölu Suzuki GSXR 750 árg. '03. Verð 900 þús. stgr. Uppl. í s. 869 9330.

Yamaha IZ 250F árg. 2004, hjól í mjög góðu standi. Mikið endurnýjað. Verð 530 þús. Uppl. í s. 821 4111.

## Fjórhjól

Allar helstu partasölur landsins eru á www.partasolur.is

## Kerrur

Golfbílakerrur. Víkurvagnar.

Dráttarbeisli, Víkurvagnar.

Jeppakerrur, Víkurvagnar.

Óska eftir ódýrri fólksbílakerru. Uppl. í s. 840 4057 & 662 3146.

## Fellihýsi

Til sölu 12" Coleman fellihýsi árg. '94, mjög vel með farið. Ýmsir aukahl. S. 848 8797 & 664 0380.

Óska eftir vel með förnu fellihýsi, verð 250-350 þús. Sími 426 7088 Anna.

Coleman Bayside 12" fellihýsi, árg. 2003 (2004 týpa) útdraganlegt, borðkrókur, upphækkað, fortjald, sólarsella o. fl. Verð 1.290 þús. S. 862 1425.

Til sölu Coleman Cheyenne árg. '99, fullur af aukabúnaði. Verð 950 þús. Uppl. í s. 820 8850 & 822 1624.

## Tjaldvagnar







Álbox fyrir ferðabíla KE Málmsmíði, Hamarshöfða 5. S. 587 0626 & 696 3522.www.ke.is

## Vinnuvélar



Úrval notaðra innfluttra lyftara til sölu. PON Pétur O. Nikulásson ehf s. 552 0110.







Höfum til leigu & sölu Skotbómulyftara í öllum stærðum. Notað og nýtt. VINNULYFTUR EHF sími. 544 8444.




## Lyftarar




**Körfubílaleigan.**
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. 893 3573

BÍLAR TIL SÖLU

BÍLASALA ÍSLANDS

Sími 510 4900 • Skógarhlíð 10 • Sjá fleiri myndir á bilasalaislands.is






Meðaleyðsla
10.5 lítrar/100 km

# KIA Sorento

## 2,5 CRDi 4 cyl, 16 ventla 140 hestöfl.

Búnaður:
ABS hemlar – Armpúði – Álfelgur – Fjarstýrðar samlæsingar – Geislaspilari – Glertopplúga – Hiti í sætum – Hraðastillir – Höfuðpúðar aftan – Innspýting – Intercooler – Kastarar – Leðuráklæði – Líknarbelgir – Loftkæling – Rafdrifið loftnet – Rafdrifin sæti – Rafdrifnar rúður – Rafdrifnir speglar – Samlæsingar – Túrbína – Útvarp – Veltistýri – Vindskeið/spoiler – Vökvastýri – Þakbogar – Þjónustubók – Tölvumiðstöð – Leðurstýri og gírhnúður – Viðarinnrétting og Krómpakki

**2 ÁRA ÁBYRÐ**

Vanir beitningamenn óskast suður í Sandgerði. Uppl. í s. 862 3418.

Óskum eftir mönnum í málningavinnu í sumar. Uppl. í s. 896 4824 (Björn) eða malarameistarar@simnet.is

*Bættur hagur! *Betri tímar! *Er það ekki fyrir þig? www.myusdollars.com

**Dekkjaverkstæði**
Óskum eftir verkstjóra og vönu fólki til starfa hjá hjólbarðaverkstæði Bílkó. Framtíðarstarf. Uppl. í s. 660 0560, Guðni.

Starfsmenn vantar, í vinnu í gróðurhúsi. Uppl. í s. 587 1441.

**Hellur og Gras ehf.**
Óskum eftir véla og tækjamanni. Uppl. í s. 8999 189 .

Íþróttahús FRAM óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastörf. Um er að ræða störf við húsvörslu og þrif. Vinnutími frá kl. 15.00 og um helgar. Upplýsingar í síma 533 5600 milli kl. 08:00-14:00 virka daga.

**Matreiðslunemi**
Apótek bar grill óskar eftir að taka nema á samning. Uppl. á staðnum eða í s. 824 2151.

Óskar eftir að ráða, vanan mann á hjóla/belta gröfu. Einnig vantar mann á trailer. Uppl. í s. 899 0012.

**Gallerý Kjöt**
Óskum eftir starfskröftum í verslun okkar. Sumar/hluta og framtíðarstörf í boði. Uppl. í s. 553 1600 & 896 6467.

**Atvinna - Atvinna**
Sölumaður í sumarhúsgögnum óskast til starfa, verður að geta hafið störf sem fyrst! Óskum eftir einstaklingum 20 ára og eldri. Upplýsingar gefur Eyþór í síma 820 8003 eða á staðnum Rúmfatalagerinn, Skeifunni 13.

Vanan háseta vantar strax á Eldhamar frá Grindavík. Uppl. í s. 894 2013 & 426 8286.

**Bílstjórar**
Kornið Bakarí óskar eftir bílstjóra. Vinna hefst 6 á morgnana. Uppl. í síma 864 1585.

**Helgarvinna í boði:**
Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða starfsmenn í áfyllingar um helgar. Leitað er að skilvirkum og ábyrgðarsömum einstaklingum. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst. Áhugasamir sendi fyrirspurn á netfangið keli@egils.is fyrir 12. maí eða hringi í síma 821 9092.

Uppskerustörf 3. júlí - 15. ágúst. Saga-medica-Heilsujurtir ehf. óska eftir duglegu fólki, gjarnan pörum eða vinafólki, til uppskerustarfa og tengdrar vinnu. Unnið er úti á landsbyggðinni undir berum himni við laufa- og fræsöfnun. Uppskerufólkið þarf því að hafa gott líkamlegt hreysti. Reynsla af úti- eða verkamannavinnu væri góð. Nánari upplýsingar hjá verkstjóra Bjarna Jóhannessyni sími 899 2690 og 431 4608, einnig á skrifstofu SAGAMEDICA sími 553 3872

Veitingahúsið Hornið vill ráða snytilegan og reglusaman pizzubakara. Reynsla æskileg. Vaktavinna, uppl. í síma 899 7719.

## Atvinna óskast

27 ára karlmaður frá Lettlandi óskar eftir vinnu, er með stýrimannapróf, en allt kemur til greina. Uppl. í s. 848 6896.

# TILKYNNINGAR

## Fundir




**Aðalfundur Heyrnarhjálpar**
verður haldinn þriðjudaginn 23. maí næstkomandi kl. 20 á Fosshóteli Lind við Rauðarárstíg. Venjuleg aðalfundarstörf, önnur mál. Stjórnin.

## Tilkynningar

Hillukerfi. Sindri.

## Ýmislegt

Bingó í kvöld. Vinabær.

Drögum á morgun. Fáðu þér miða í síma 800-6611 eða á www.hhi.is Happdrætti Háskólans.

Borðviftur! Glóey, Ármúla.

Jeppakerrur, Víkurvagnar.

Slökkvitæki, slökkvitækjaþjónusta. Eldvarnamiðstöðin, Sundaborg

Miðasalan á Listahátíð. Listahátíð.is

Hillur í geymskuna. Sindri.

Loftpressur. Sindri.

Ryðfríir vinklar, Málmtækni.

Sumardekk á ótrúlegu verði. Hagkaup

Stelpur takið eftir. Opnunartilboð. ICY-neglur.

Fyrsti vinningur gæri orðið 300 milljónir. Víkingalottó.

Fólksbílakerrur. Víkurvagnar.

Opnunartilboð! ICY-neglur

GP Alkaline rafhlöður. Rafhlöðubúðin Rafborg

Vefhýsing. 8.is

Hamborgarabúlla-Tómasar. Heilsan skiptir máli. Hamborgarabúlla-Tómasar

Hollir réttir í hádeginu. Cafe-Konditori, Kringlunni og Suðurlandsbraut

Hvalaskoðun. Spennandi sjóferð. Hafsúlan hvalaskoðun.

Hádegisverðarhlaðborð. Brasserie Askur.

Hádegisverðarhlaðborð. Brasserie Askur.

Hamborgarabúlla-Tómasar. Hamborgarar alla daga. Hamborgarabúlla-Tómasar.

Kalkúnapíta. Pítan Skipholti

Dráttarbeisli, Víkurvagnar.

Hamborgarabúlla-Tómasar. Takið lýsi. Hambargarabúlla-Tómasar.

Hlaðborð í hádeginu. Cafe-Konditori, Kringlunni og Suðurlandsbraut.

Ævintýrin heilla. Sumarbúðir KFUM og KFUK. KFUM.is

Fleiri og glæsilegri vinningar en áður hjá Happdrætti DAS. Fyrsti útdráttur í kvöld. Drögum aftur á fimmtudag. Vertu með frá byrjun. Hringdu núna í síma 561 7757. Happdrætti DAS

Hitapottar. Normex.

Tónlist og dans. Listahátíð.is

Stelpur! Stelpur! Opnunartilboð ICY-neglur.

Ryðfrítt flatjárn, Málmtækni.

Skemmtiferð fyrir fjölskylduna. Hafsúlan hvalaskoðun.

Didrix-Spa auglýsir förðunartatto námskeið, öll miðvikudagskvöld. Upplýsingar í síma 561 8677.

Dregið 52x á ári um 773 skattfrjálsar milljónir. Fyrsti útdráttur í kvöld. Vertu með frá byrjun. Drögum aftur á fimmtudag. Hringdu núna í síma 561 7757. Happdrætti DAS.

Rafhlöður. Rafhlöðubúðin Rafborg

Spennandi sumardvöl. Sumarbúðir KFUM og KFUK. KFUM.is

Buffpíta. Pítan Skipholti.

Hleðslutæki. Rafhlöðubúðin Rafborg.

Þráðlaus innbrota og viðvörunarkerfi. Gott verð. Eldvarnamiðstöðin Sundaborg

Kjúklingapíta, Pítan Skipholti.

Hvalaskoðun alla daga. Hafsúlan hvalaskoðun.

Skráning í fullum gangi. Sumarbúðir KFUM og KFUK. KFUM.is

Netafritun tölvugagna. ANZA, öruggur rekstur tölvukerfa, anza.is

Nám samhliða starfi. Umsóknarfrestur rennur út á morgun. Endurmenntun Háskóla Íslands.

Golfbílakerrur. Víkurvagnar.

Vefumsjónakerfi. 8.is

Grænmetispíta. Pítan Skipholti.

## Einkamál










Símaspjall 908-2020. Komdu og talaðu við mig í síma. Opið allan sólarhringinn. Enginn bið.

Símaspjall 908-6666. Ég heiti Rósa og er til í símapjall. Opið allan sólarhringinn. Enginn bið nema að ég sé að tala.

Símaspjall við yndislegar konur. Hver verður þín vinkona? Símar 908 6000 og 535 9999.

Allar helstu partasölur landsins eru á www.partasolur.is

## Leikir

Bingó í kvöld. allir velkomnir. Vinabær.

Bingó í kvöld kl. 19:15. Vinabær, Skipholti 33

Fyrsti vinningur gæri orðið 300 milljónir. Víkingalottó.

## TILKYNNINGAR

# Félagsfundur

**Félagsmenn í Hestamannafélaginu Gusti**

Boðað er til félagsfundar fimmtudaginn 11. maí kl. 20.00 í veislusal félagsins

*Fundarefni:*
Samningar og viljayfirlýsingar við Kópavogsbæ.

Stjórn Hestamannafélagsins Gusts.

## Alþjóðadagur hjúkrunarfræðinga 12. maí 2006

**Vel mannað verndar líf**

**Dagskrá í tilefni dagsins verður haldin í Hringsal Barnaspítala Hringsins, LSH við Hringbraut, 12. maí 2006 kl. 14:00-16:00**

***Ávarp***
Elsa B. Friðfinnsdóttir formaður, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

***Framsöguerindi***
Er ekki nóg af þessu fólki? Nokkur orð um manngildi og gilda menn
Þorvaldur Þorsteinsson, myndlistamaður og rithöfundur

***Öruggt vinnuumhverfi - öryggi starfsfólks og sjúklinga***
Aðalbjörg J. Finnbogadóttir hjúkrunarfræðingur, Fíh

***Mannauður og mannafli í hjúkrun***
Anna Björg Aradóttir yfirhjúkrunarfræðingur, Landlæknisembættið

***Tónlist***
Davíð og Stefán flytja nokkur létt lög

***Kaffiveitingar***
Kaffiveitingar í boði Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

***Fundarstjóri***
Ingibjörg Ásgeirsdóttir hjúkrunarforstjóri, Heilsugæslan Fjörður

**Dagskráin verður send á eftirtalda staði:**
Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri
Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði
Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupsstað
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
Heilbrigðisstofnun Suðurlands
Heilbrigðisstofnunina Siglufirði
Sjúkrahúsið á Akranesi
Sjúkrahúsið á Seyðisfirði
Sjúkrahúsið á Egilsstöðum

Fræðslunefnd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga

# Stýrimann og vélstjóra

**vantar á ísfisktogara sem gerður er út frá Hafnarfirði**
**Upplýsingar í síma 659-3593.**

# Vantar þig aukapeninga?

Brátt mun Fréttablaðið hefja mikla sókn í gerð skoðanakannana vegna komandi sveitarstjórnarkosninga 27. maí og því vantar okkur hóp málglaðra einstaklinga í úthringingar. Góð leið til að afla sér aukatekna fyrir sumarfríið. Bónusar verða greiddir fyrir framúrskarandi störf.

Áhugasamir um frekari upplýsingar sendi tölvupóst á kannanir@frettabladid.is.

365

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um nýtt deiliskipulag í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík

**Kaplaskjól.**
Auglýsing um nýtt deiliskipulag á svæði sem afmarkast af Hringbraut, Víðimel, lóð Meistaravalla 5-7 og Meistaravöllum.
Tillagan gerir ráð fyrir að nýta opið svæði milli Hringbrautar og lóðar fjölbýlishússins að Meistaravöllum 5-7 undir lóðir fyrir tvö parhús sem nú standa á lóð Vesturbæjarskóla.
Gert er ráð fyrir að fyrstu hæðir húsanna verði í sömu hæð yfir jarðvegi og þær eru í dag, en steypa þarf nýja kjallara undir húsin. Ekki er gert ráð fyrir að breyta húsunum frá núverandi horfi, nema til þess að lagfæra síðari tíma breytingar. Inngangar í húsin verða frá aðkomu „götu" frá Meistaravöllum og er lagt til að þrengja „götuna" syðst þannig að hún verður göngustígur á kaflanum meðfram Víðimel 80. Ekki er gert ráð fyrir gegnum akstri milli Meistaravalla og Víðimels. Á nýju lóðunum og lóð Víðimels 80 verða byggingarreitir fyrir bílgeymslur.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 10. maí til og með 21. júní 2006. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu sviðsins, *www.skipbygg.is*. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 21. júní 2006.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 10. maí 2006
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 411 3000 • MYNDSENDIR 411 3090

Fjarðargötu 17 - Hafnarfirði
Sími 520 2600 - Fax 520 2601
Netfang as@as.is
Heimasíða www.as.is
Opið virka daga kl. 9-18
Kári Halldórsson, löggiltur fasteignasali

ÁS FASTEIGNASALA

## MURURIMI – PARHÚS




Vel staðsett, fallegt 180 fm parhús í Mururima í Grafarvogi. Tvær hæðir og innbyggður bílskúr. Fallegar innréttingar, ljóst parket. Mikil lofthæð í stofu. Falleg flísalögð baðherbergi. Hellulagt og upphitað plan. Góður hellulagður sólpallur með skjólveggjum. Fallegur garður í góðri rækt. Húsið er staðsett í enda í lokuðum, mjög snyrtilegum, stuttum botnlanga. Stutt er í skóla og alla þjónustu. Falleg eign í toppstandi. **Verð 41.7 millj.**

**Upplýsingar hjá ÁS fasteignasölu veitir Kári Halldórsson**

háfell

## Vélamenn, bílstjórar og verkamenn

Vegna mikilla verkefna framundan óskum við eftir að ráða í ofangreind störf.

Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu fyrirtækisins www.hafell.is

**Frekari uppl. veitir Gunnar í síma 863-9994.**

Sveitarfélagið ÁRBORG

## Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr.73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi í sveitarfélaginu.

*Tillaga að deiliskipulagi á lóð nr. 3 og 4 í landi Byggðarhorns.*
Tillagan gerir ráð fyrir tveim lóðum nr. 3 og 4 í landi Byggðarhorns. Aðkoma að lóðunum er sameiginleg af heimreið að Byggðarhorni. Tillagan gerir ráð fyrir íbúðarhúsi á tveim hæðum með bílskúr og hesthúsi. Fjarlægð milli íbúðarhúss og hesthúss skal að lámarki vera 30 m.

Teikningar og greinargerðir vegna tillagnanna munu liggja frammi á skrifstofu framkvæmda - og veitusviðs Árborgar að Austurvegi 67 á Selfossi frá og með 11. maí til og með 09. júní 2006.
Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 23. júní 2006 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Austurvegi 67, 800 Selfossi.

**Á sama tíma er teikningar og greinagerðir til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða þær og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.**

Selfossi, 5. maí 2006.

Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar

HÚSEIGN Fasteignamiðlun

**Hlíðasmári 15 • 201 Kópavogur • Sími: 585 0100 • Fax: 585 0109**
huseign@huseign.is • www.huseign.is • Opið mán. -fim. 10-18 • fös. 10-17

## Barðarvogur 11 Reykjavík




Frum

Fallegt einbýlishús sem þarfnast viðhalds.
Tilboð óskast í eignina.



*Nánari upplýsingar gefa*
*Marel s: 846-8409*
*Baldvin s: 898-1177*



*Guðmundur St. Lögg.fast og hdl.*

*Guðmundur St. Ragnarsson - Löggildur fasteignasali*

Akkurat - fyrir þig!

## – OPIÐ HÚS Í DAG –





Frum

## ÞÓRÐARSVEIGUR 4 - 113 RVK

**MILLI KL. 18.00 OG 19.00**

Glæsileg 83,7 fm 3ja herbergja íbúð á 2.hæð. Stæði í lokaðri bílageymslu. Vandað parket á gólfum. Rúmgóð og björt stofa með útgengi á stórar S-svalir. Rúmgott baðherbergi, þvottahús í íbúð. **VERÐ 20,5 millj.**

**Þóra Þrastardóttir sölufulltrúi sýnir: 822-2225**

**Sími: 594 5000** Akkurat

# SÖLUSÝNING Í DAG KL. 17:00–19:00

## ÞORLÁKSGEISLI 1-3 – GRAFARHOLTI




3ja og 4ra herbergja íbúðir í sextánbúðalyftuhúsi. Íbúðirnar eru frá 101 fm til 140 fm. Öllum íbúðunum fylgir stæði í bílageymslu. Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna en baðherbergi og þvottahúsgólf verða flísalögð. Innréttingar og skápar frá HTH. Í eldhúsi er keramik helluborð og blásturofn frá AEG. Veggháfur frá Airforce með viftu. Íbúðirnar eru tilbúnar til afhendingar. **Verð frá 24.500.000,-**

Frum

heimili FASTEIGNASALA
**Skipholti 29a - Sími 530 6500**

**Söluaðilar**

**Byggingaraðili:** Byggingafélag

LYNGVÍK FASTEIGNASALA
**Síðumúla 33 - Sími 588 9490**

# Söguþing 2006

UMRÆÐAN
SAGNFRÆÐI



HILMA GUNNARSDÓTTIR
SAGNFRÆÐINGUR

Þriðja íslenska söguþingið verður haldið í Reykjavík dagana 18.-21. maí 2006. Söguþing var fyrst haldið árið 1997 og í annað sinn árið 2002. Er það einn helsti viðburður á vettvangi innlendrar sagnfræði. Þeir sem standa að Söguþinginu 2006 eru: Sagnfræðingafélag Íslands, Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sögufélag, Félag sögukennara og ReykjavíkurAkademían.

Frá upphafi hefur það verið markmið þeirra sem að þinginu standa að gefa fræðimönnum tækifæri til þess að kynna sínar nýjustu rannsóknir og leiða saman sagnfræðinga, og aðra áhugamenn um sögu, til þess að ræða það sem hæst ber í faginu. Dagskrá þingsins verður í Öskju - náttúrufræðihúsi Háskóla Íslands, Hátíðarsal Háskóla Íslands og í húsi Íslenskrar erfðagreiningar við Sturlugötu.

Að þessu sinni flytur Liz Stanley, prófessor við Háskólann í Edinborg, minningarfyrirlestur Jóns Sigurðssonar, en rannsóknir hennar standa á mótum félagsfræði, sagnfræði, bókmennta og heimspeki.

Framlag innlendra sagnfræðinga er mjög fjölbreytt og verða erindin bæði flutt í málstofum og í formi stakra fyrirlestra, auk þess sem pallborðsumræður fara fram um einstaka málefni. Nánari upplýsingar um fjölbreytileikann er að finna á heimasíðu þingsins, kistan.is/soguthing.

Aðalstyrktaraðili þingsins, Landsbanki Íslands, býður almenningi á fyrirlestra eftir hádegi sunnudaginn 21. maí. Enn hvílir nokkur leynd yfir þeim framsögumönnum sem þar munu stíga á svið en ljóst er að þar verða samankomnir sex þjóðþekktir sagnfræðingar sem munu fjalla um umdeild og spennandi efni sem ættu að vekja áhuga allra þeirra sem láta sig íslenska sagnfræði í samtímanum varða.

# Glataður var geymdur eyrir

UMRÆÐAN
LÁNAKJÖR



CARL EIRÍKSSON

Þetta var seint á haustdögum 1972. Ég gáði í sparisjóðsbókina okkar, vildi vita hvort við ættum nú nóg fyrir draumaíbúðinni sem við ætluðum að kaupa, en hún kostaði 7,3 milljónir (gamlar krónur gkr.) og fékkst aðeins gegn staðgreiðslu. En æ, í bókinni voru aðeins tæpar 7 milljónir eftir margra ára sparnað, alltaf vantaði herslumuninn á að við ættum nóg fyrir íbúðinni. Samt voru vextirnir í bókinni 7 prósent á ári. Jæja, best að bíða og vona að verðið yrði svipað næsta ár og þá væri innstæðan í bókinni komin upp í 7,4 milljónir sem gæti dugað.

1. janúar 1973 voru gkr. 7.413.150 í bókinni, en þá kostaði íbúðin 8,2 milljónir. Við höfðum ekki getað lagt neitt inn í bókina síðan sumarið 1972.

Í byrjun árs 1974 voru gkr. 8.030.912 í sparisjóðsbókinni enda höfðu vextir hækkað vorið 1973 úr 7% í 9%. Okkur til skelfingar uppgötvuðum við að íbúðin kostaði nú 11,3 milljónir. Hvernig gat þetta verið? Var verðbólgan orðin svona mikil? Jú, hún var reyndar 32,37% árið 1973. Innstæðan í bókinni, gkr. 8.030.912 jafngilti því gkr. 6.067.018 á verðlagi 1. janúar 1973. Við höfðum á einu ári tapað gkr. 1.346.132 á verðlagi 1. janúar 1973. Hvorki var lagt inn né tekið út úr bókinni eftir sumarið 1972 fyrr en árið 1979, nema vextir sem bankinn bætti við árlega.

Í útvarpinu var viðtal við Lúðrík ráðherra. Fréttamaðurinn spurði Lúðrík hvort ekki þyrfti að hækka vexti því að verðbólgan væri miklu hærri en hæstu vextir. Lúðríkur ráðherra, sem stjórnaði landinu af mikilli visku samkvæmt óskeikulli tilfinningu sinni og skoðanabræðra sinna sóvéskra, hugsaði sig um andartak og svaraði: „Ég sé nú enga ástæðu til þess að láta vextina elta verðbólguna.“ Lúðríkur þurfti enga hagfræðinga til að stjórna efnahagsmálunum.

1. janúar 1975 voru gkr. 8.900.927 í bókinni, enda hafði Lúðríkur af rausn sinni hækkað ársvextina úr 9% í 13% á árinu 1974 þegar verðbólgan var bara 53,72%. Innstæðan í bókinni, gkr. 8.900.927, jafngilti gkr. 4.374.368 á verðlagi 1. janúar 1973. Tap á tveim árum: gkr. 3.038.782 á verðlagi 1. janúar 1973. Og íbúðin? Hún kostaði nú 15,5 milljónir. 1. janúar 1976 var innstæðan gkr. 10.058.048. Verðbólga 1975: 36,29%. Innstæðan í bókinni jafngilti gkr. 3.626.851 á verðlagi 1. janúar 1973. Tap: kr. 3.786.299 á verðlagi 1. janúar 1973. Meira en helmingurinn hafði tapast á þrem árum. 1. janúar 1977 voru gkr. 11.365.594 í bókinni. Verðbólga 1976: 34,52%. Jafngildi innstæðu: gkr. 3.046.641 á verðlagi 1. janúar 1973. Tap gkr. 4.366.509 á verðlagi 1. janúar 1973.

Í byrjun árs 1978 voru gkr. 12.881.006 í bókinni. Verðbólga 1977: 37,24%. Innstæðan jafngilti gkr. 2.515.928 á verðlagi 1. janúar 1973. Tap: gkr. 4.897.222 á verðlagi 1. janúar 1973.

1. janúar 1979 var innstæðan gkr. 15.274.726. Verðbólga 1978: 38,03%. Innstæðan jafngilti gkr. 2.161.466 á verðlagi 1. janúar 1973. Þetta var það eina sem við áttum eftir af gkr. 7.413.150 sem við áttum í bókinni 1. janúar 1973 þótt við tækjum aldrei neitt út úr bókinni fyrr en um vorið 1979. Á 6 árum hafði verið stolið af okkur gkr. 5.251.684 á verðlagi 1. janúar 1973. Þessi glötuðu verðmæti jafngiltu gkr. 37.112.788 á verðlagi 1. janúar 1979, því að verðlag rúmlega sjöfaldaðist á þessu sex ára tímabili eins og verðbólgutölurnar sýna.

Á þessum sex árum og einnig á næstu tólf árum þar á undan var vaxtaprósenta útlánsvaxta oft með ákveðið hámark skv. lögum en þó langt undir verðbólgu. Vextir yfir löglega hámarkinu voru samt kallaðir okurvextir og menn dæmdir fyrir slík lán. Verðtrygging var engin. Fólk tók lán hver sem betur gat bara til að hagnast. Vörur voru keyptar og seldar síðar með stórgróða. Þeir sem voru í áhrifastöðum reyndu auðvitað að auka verðbólguna til að hagnast sem mest. Þeir höfðu líka greiðastan aðgang að bankalánum sem oft var erfitt að fá. Í júní 1979 var loksins tekin upp verðtrygging á Íslandi sem batt enda á þessa sér-íslensku spillingu sem sumir vilja nú fá aftur.

Íbúðakaup okkar voru ekki lengur á dagskrá. Við keyptum bókaskáp og fáein húsgögn o.fl. fyrir það sparifé sem eftir var. Áðurnefnt tap okkar, gkr. 5.251.684 á verðlagi 1. janúar 1973 jafngildir nýkr. 21.181.411, rúmlega 21 milljón nýkróna á verðlagi í aprílbyrjun 2006. Eitt íbúðarverð. Fyrir 60 þúsund fjölskyldur sem hefðu lent í svona hremmingum næmi verðbólguþjófnaðurinn á sex árum nýkr. 1.270.884.660.000 = einni billjón 270 milljörðum 884 milljónum og 660 þúsund nýkrónum á verðlagi í dag. Þetta teldist væntanlega mesti þjófnaður Íslandssögunnar.

Samfylkingin

Sterkara samfélag
allir með

*Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður Samfylkingarinnar, þingmenn og frambjóðendur Samfylkingarinnar verða á opnum baráttufundum fyrir kosningar:*

| | |
|---|---|
| *11. maí* | *Húnaþing vestra* |
| *13. maí* | *Ísafjörður* |
| *14. maí* | *Reykjavík* |
| *17. maí* | *Akranes* |
| *18. maí* | *Skagafjörður* |
| *19. maí* | *Húsavíkurbær* |
| *20. maí* | *Eyjafjarðarsveit* |
| *21. maí* | *Akureyri* |
| *23. maí* | *Ölfus* |
| *24. maí* | *Árborg* |
| *25. maí* | *Grindavík* |

*Nánari upplýsingar á vef Samfylkingarinnar, www.samfylkingin.is, og í héraðsfréttablöðum.*

***Allir velkomnir!***



# Sóknarfæri fyrir Árborg

**UMRÆÐAN**
SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR



**EYÞÓR ARNALDS**
FRAMBJÓÐANDI

Miklar breytingar hafa átt sér stað í búferlaflutningum landsmanna á síðustu árum. Fjölgun er að verða mest í nágrannabyggðarlögum Reykjavíkur og eru helstu vaxtarsprotarnir Reykjanesbær, Akranes og Árborg.

Þessi þrjú svæði eiga nú í samkeppni og hefur Árborg mikla möguleika ef rétt er á spilum haldið. Fólkið sem býr í Árborg gerir réttmæta kröfu um fullnægjandi þjónustu sem gefur öðrum sveitarfélögum ekkert eftir. Þetta á við um leikskólana, en þar verður að vera nægt og fullnægjandi rými fyrir öll börn á leikskólaaldri. Þetta á við um grunnskólana og gæði þeirra. Þetta á við um rekstrarumhverfi fyrirtækja, bæði álögur og framboð lóða. Þetta á við um skipulag sem tekur tillit til raunverulegs vaxtar og fjölgunar. Og þetta á ekki síst við um álögur sem verða að vera sanngjarnar og samkeppnishæfar við hin sveitarfélögin.

Stærsti og umfangsmesti þáttur í rekstri sveitarfélaganna er rekstur grunnskólanna og leikskólans. Í dag er í vaxandi mæli litið á þessi tvö skólastig sem eina heild og viljum við sem skipum D-listann í Árborg efla skólastarf með auknu sjálfstæði skóla og auka á samvinnu milli skólastiga. Þá viljum við huga sérstaklega að nemendum í efstu bekkjum svo tenging við framhaldsskóla sé sem best og brottfall sé sem minnst. Skólahúsnæði þarf alls staðar að vera í takt við kröfur nútímans og tryggja þarf eðlilegan vöxt í byggðakjörnunum þremur; Selfossi, Eyrarbakka og Stokkseyri. Þá viljum við tryggja öllum börnum leikskólavist frá 18 mánaða aldri og miða framboð við þá fjölgun sem fyrirsjáanleg er.

Málefni eldri borgara verða sífellt mikilvægari, enda er þjóðin að eldast. Óljós skil á milli sveitarfélaga og ríkisins hafa verið mikið til umræðu, auk þess sem óhófleg skattlagning á lífeyrisþega hefur verið í brennidepli. D-listinn í Árborg leggur áherslu á lausnir sem eru á valdi sveitarfélagsins og hvetur jafnframt til þess að mál eldri borgara færist til sveitarfélagsins frá ríkinu. Við viljum tryggja mannsæmandi hjúkrunar- og dvalarrými í héraði. Enn fremur viljum við bæta heimaþjónustu eins og kostur er. Þá höfum við komið með nýmæli sem felst í afnámi fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði 70 ára og eldri. Ýmis rök eru fyrir þessari ráðstöfun, enda er það mannúðlegt að styðja þá sem hafa heilsu til að vera sem lengst í eigin húsnæði. Þá er hagkvæmt fyrir samfélagið að fólk fái að vera áfram í eigin húsnæði ef það hefur kost á því, auk þess sem það stuðlar að minni biðlistum. Okkar útspil í málefnum eldri borgara hafa vakið athygli og er fagnaðarefni að nú hefur D-listinn í Garðabæ tekið þetta mál upp fyrir kosningarnar í vor.

Við teljum að raunhæfar lausnir sem eru á færi sveitarfélagana séu það besta sem við getum lagt áherslu á, enda fæst lítið upp úr því að munnhöggvast við ríkið eða kenna öðrum um. Sveitarfélögin hafa skyldum að gegna gagnvart eldri borgurum og ýmis úrræði til að bæta hag þeirra ef viljinn er fyrir hendi.

*Höfundur skipar 1. sæti D-listans í Árborg.*

# *Varðveitum götumynd Laugavegarins*

**UMRÆÐAN**
LAUGAVEGURINN



**ANNA SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR**
MATVÆLA- OG NÆRINGARFRÆÐINGUR

Laugavegurinn er sú gata sem ég vil ganga á góðum sumardegi og njóta mannlífs, sólar og menningar. Við Laugaveginn dafnar fjölskrúðug list og menning, sambland mannfólksins, skapandi verslanir hönnunar og lista, kaffihús og veitingastaðir sem örva matarlystina og ef við erum heppin yljar sólin okkur þar sem hún skín á milli húsanna. Laugavegurinn er líka sú gata sem ég kýs að ganga á vetrardögum, og ástæðan er sú sama.

Það sem gerir Laugaveginn sérstæðan og aðlaðandi er bæði útlit hans og andrúmsloft. Neðsti hluti Laugavegarins eins og hann er í dag gefur góða hugmynd um gamla bæinn og upphaf Laugavegarins í 19. aldar smábænum Reykjavík. Kristín Þorleifsdóttir landslagsarkitekt gerði litla viðhorfskönnun á meðal borgarbúa þar sem hún bað fólk að nefna tvo staði í miðborg Reykjavíkur sem hefðu jákvæð áhrif á þeirra líðan og aðra tvo sem hefðu neikvæð áhrif. Á meðal þeirra staða sem oftast voru nefndir á meðal þeirra jákvæðu var neðri hluti Laugavegar á meðan efri hlutinn lenti í flokki þeirra staða sem hvað oftast voru tengdir neikvæðum áhrifum. Það sem skilur á milli efri og neðri hluta Laugavegar er að miklu leyti byggingarstíllinn, sem á neðri hlutanum auðgar mannlífið og veitir hlýju, en nýrri og háreistari hús ofar á Laugarvegi varpa skugga, eru grá og svæðið allt mun kaldara.



**FRÁ LAUGAVEGI** Greinarhöfundur segir neðsta hluta hans gefa góða hugmynd um gamla bæinn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

F-listinn leggur nú sem áður áherslu á verndun menningarsögulegra minja og sérstaklega leggjum við áherslu á að varðveita eldri götumyndir svo sem við Laugaveginn. Við viljum stefna að viðhaldi, uppbyggingu eða endurgerð á svipaðan hátt og gert hefur verið í Aðalstræti til að viðhalda þeirri stemningu sem gamli bærinn í menningar- og ferðamannaborginni Reykjavík hefur, en ekki fórna henni fyrir stóran steypuklump sem veitir skugga þar sem annars fengi að skína sól. Slíkt yrði síst til að auðga og auka lífið á Laugavegi.

Verndun húsa við Laugaveg er ekki síður mikilvæg fyrir Reykjavík sem ferðamannastað, en Laugavegurinn hefur aðdráttarafl fyrir ferðamenn vegna þessara gömlu húsa, því líkt og í öðrum borgum laðar gamli bærinn til sín fólk. Mörg húsanna á Laugavegi eru eldgömul á íslenskan mælikvarða og sumir hafa sagt að þau séu ekki samstæð. En það er einmitt það sem gerir Laugaveginn að því sem hann er - lítil og stór hús, hvert og eitt með sínum sérkennum og sögu. Víða í Evrópu hefur verið farin sú leið að viðhalda eða endurbyggja fremstu húsaraðir eldri hverfa en leyft að byggja stærri og nýtískulegri byggingar á bakvið. Þannig mætti bæta við íbúðar- og verslunarhúsnæði og endurskipuleggja baklóðir við Laugaveg án þess að tapa sérkennunum.

Gangi hugmyndir um niðurrif eftir glatast tækifæri til að skapa sögulegt umhverfi með mikið menningarlegt verðmæti og gott vistvænt umhverfi, með húsagerð sem tilheyrir séríslenskri og reykvískri menningar- og byggingarsögu. Nítjándu aldar hús eru fágæt í Reykjavík og ávinningur af niðurrifi þeirra er mjög takmarkaður. Tækifærin að byggja upp fallega og lifandi borg eru í höndum yfirvalda í borginni. Þess vegna vill F-listinn leggja áherslu á verndun húsa og endurreisn í stað friðunarstefnu og viðhalda þannig 19. aldar götumynd Laugavegarins.

*Höfundur skipar 5. sæti á F-lista til borgarstjórnarkosninga.*

# Um trúverðugleika Kastljóssins

**UMRÆÐAN**
BAUGSMÁLIÐ



**JÓHANNES JÓNSSON**
STOFNANDI BÓNUSS

Í október 2002 var mér boðið að vera gestur sjónvarpsþáttarins Ísland í bítið á Stöð 2. Ég þáði boðið enda átti þarna að ræða um mál sem mér hefur verið hugleikið til fjölda ára. Verð á matvöru hér á landi. Sérstaklega átti að fjalla um álagningu í matvöruverslunum Bónuss, Hagkaups og 10-11. Tveir stjórnendur morgunsjónvarpsins spurðu mig m.a. út í innkaupafyrirtækið Aðföng og hver meðaltalsálagningin væri í verslunum okkar. Ég svaraði því til að hún væri frá 15 prósentum í Bónus og svo aðeins hærri eftir því sem þjónustustigið í verslunum hækkaði.

En viti menn. Þegar ég var búinn að lýsa þessu, eins og það var í raunveruleikanum, brugðu stjórnendurnir á það ráð að birta mér einhverja skýrslu frá manni í Bandaríkjunum. Hann hafði allt aðra sögu að segja en ég um álagningu á matvöru. Hann hafði afhent stjórnendum þáttarins skýrslu með verði á um 500 matvörutegundum þar sem í ljós kom að álagningin í verslunum okkar væri á bilinu 42 til 78 prósent! Sérstaklega voru tínd til dæmi um óheyrilegt okur okkar á spagettísósu sem hefði allt að 87 prósenta álagningu og annað þaðan af verra!

Ég benti á að þetta væri ekki satt enda hefur það komið í ljós nú síðast í lok síðasta árs í skýrslu norrænu samkeppniseftirlitanna. Þau staðfestu að álagning hér á landi væri sambærileg og lægri á við nágrannalöndin en ég hygg að meðaltalsálagning í verslunum okkar sé í kringum 20 prósent. Hins vegar kom fram í þeirri skýrslu að innflutningshindranir og óhagstætt skattaumhverfi eru helsta ástæðan fyrir hærra matvöruverði hér á landi en á öðrum Norðurlöndum.

En hver var maðurinn í Bandaríkjunum sem lét þáttastjórnendur fá þessar upplýsingar? Og hverjir voru þáttastjórnendurnir? Kæmi það einhverjum á óvart ef ég nefndi nöfn Jóns Geralds Sullenberger, Jóhönnu Vilhjálmsdóttur og Þórhalls Gunnarssonar??



## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 5.447 **-0,32%** **Fjöldi viðskipta:** 236 **Velta:** 2.053 milljónir

| MESTA HÆKKUN | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|
| | FL Group | -2,21% |
| | Bakkavör | -1,01% |
| | Atorka | -0,86% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 62,00 +0,00% ... Alfesca 3,79 -0,79%... Atorka 5,75 -0,86% ... Bakkavör 49,00 -1,01% ... Dagsbrún 5,23 -0,76% ... FL Group 17,70 -2,21% ... Flaga 4,07 -0,73% ... Glitnir 16,70 +0,00% ... KB banki 737,00 -0,27% ... Kögun 74,50 +0,00% ... Landsbankinn 20,70 -0,48% ... Marel 70,30 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,50 -0,57% ... Straumur-Burðarás 16,80 +0,00% ... Össur 112,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Grynnkar á gjaldeyri

Gjaldeyrisstaða bankanna, eignir að frádregnum skuldum í erlendum gjaldeyri, dróst saman um tæpa nítján milljarða króna í apríl og nam um mánaðamótin tæplega áttatíu milljörðum króna.

Greiningardeild Glitnis banka vitnar til nýlegra upplýsinga Seðlabanka Íslands og segir þetta jafngilda 14,6 prósentum af samanlögðu eigin fé bankanna. Hlutfallið var nítján prósent í mars.

Þá segir deildin að samkvæmt reglum Seðlabankans eigi hver bankanna um sig að halda hlutfallinu innan við þrjátíu prósent hvort sem um er að ræða jákvæða eða neikvæða stöðu. Heimilt sé að víkja frá reglunni til að verja eiginfjárhlutfall viðkomandi banka fyrir gengisáhrifum. Ekki liggur fyrir sundurliðun eftir einstökum bönkum.



**HÖFUÐSTÖÐVAR GLITNIS** Gjaldeyrisstaða bankanna minnkaði á milli mánaða.

Tölur um gjaldeyriseignir- og skuldir bankanna endurspegla, að mati Glitnis, þá grundvallarbreytingu sem orðin er á starfsemi þeirra og umhverfi. Fyrir tíu árum námu gjaldeyriseignir bankanna að meðaltali 52 milljörðum króna en skuldirnar 50 milljörðum. Fimm árum síðar, árið 2001, voru eignirnar að meðaltali 602 milljarðar króna en skuldirnar 603 milljarðar, tíföldun á fimm ára tímabili. - jab

# Greint frá útrás til Halifax

Kynningarfundur Íslensk-kanadíska verslunarráðsins, Icelandic-Canadian Chamber of Commerce (ICCC), verður haldinn hjá Útflutningsráði Íslands í Borgartúni á morgun fimmtudaginn 11. maí. Fundurinn hefst klukkan hálftíu að morgni.

Gordon J. Reykdal, formaður verslunarráðsins og ræðismaður Íslands í Edmonton og Walter Sopher, varaformaður ráðsins og eigandi fyrirtækisins Snorri - Icelandic Goods, gera grein fyrir störfum og stefnumálum ICCC og viðhorfum varðandi þróun viðskipta milli landanna. „Fjallað verður um samskipti landanna á breiðum grundvelli og gerð grein fyrir íslenskri bankastarfsemi, sem er í þann veginn að hefjast í Halifax,“ segir í tilkynningu.

Fundurinn er opinn öllum áhugasömum um eflingu samskipta landanna á sviði viðskipta, verslunar og þjónustu.

10.000 manns geta ekki haft rangt fyrir sér

Fyrirtæki ársins er árleg könnun VR á aðbúnaði og ánægju starfsfólks íslenskra fyrirtækja. Niðurstöður byggðar á svörum um 10.000 þátttakenda verða kynntar 19. maí.

Fíton/SÍA

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Hittið vinstri – græna frambjóðendur á ferð og flugi um alla borg!

Frambjóðendur vinstri – grænna fara vítt og breitt um borgina í strætó næstu daga og heimsækja fjölfarna staði í hverfum borgarinnar sem hér segir:




VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð



*Ástkær eiginkona mín, fósturmóðir, tengdamóðir, amma og frænka,*

**Anna Birna Þorkelsdóttir**

lést þriðjudaginn 25. apríl sl. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

**Geir Sigurðsson**
**Ása Birna Áskelsdóttir** **Stefán Ómar Oddsson**
**Þórný Pétursdóttir** **Baldur Bragason**
**Ómar Rafn Stefánsson** **Ragnhildur Birna Stefánsdóttir**
**Steinunn Áskelsdóttir** **Birgir Steingrímsson**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Helga Sigríður Hannesdóttir**

síðast til heimilis að Jöklaseli 23 í Reykjavík,

lést á Landspítala - háskólasjúkrahúsi, Fossvogi, aðfaranótt 6. maí sl. Jarðsett verður frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 13. maí kl. 14.

**Sigurður Hauksson** **Björk Helgadóttir**
**Þorsteinn Hauksson** **Birgitta Bjargmundsdóttir**
**Hrafnhildur Hauksdóttir** **Bolli Valgarðsson**
**Vala Hauksdóttir**
**Þráinn Jensson**
**og barnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi, sonur og bróðir,*

**Axel Björnsson**

Lindarhvammi 2, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn fimmtudaginn 11. maí í Háteigskirkju kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

**Helga María Ólafsdóttir**
**Ólafur Ágúst Axelsson** **Hólmfríður Karlsdóttir**
**Anna María Axelsdóttir** **Gunnar Freyr Jónsson**
**Axel Breki Eydal** **Kaja Gunnarsdóttir**
**Fanney Dagmar Arthúrsdóttir** **Ólafur Helgi Grímsson**
**og systkini hins látna.**



*Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Kristmundur B. Karlsson**

Hraunbæ 64, Reykjavík,

lést á sjúkrahúsi á Gran Canari 24. apríl sl.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Alúðarþakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug í okkar garð.

**Inga Sólveig Sigurðardóttir**
**Erling S. Kristmundsson** **Ólöf Elmarsdóttir**
**Vignir Kristmundsson** **Gestur Ólafsson**
**Ingibjörg Linda Kristmundsdóttir** **Hanna Vilhjálmsdóttir**
**Ari Kristmundsson** **og barnabörn.**



*Maður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Ólafur Björgúlfsson, hdl.,**

fv. skrifstofustj. Tryggingastofnunar ríkisins, Miðleiti 5, Reykjavík,

er lést föstudaginn 5. maí, verður jarðsunginn frá Grensáskirkju föstudaginn 12. maí kl. 13.00.

**Marta Marteinsdóttir**
**Björg M. Ólafsdóttir** **Friðrik Skúlason**
**Marta Kristín Friðriksdóttir**

**HENRY MORTON STANLEY (1841-1904) LÉST ÞENNAN DAG.**

„Dr. Livingstone, geri ég ráð fyrir?"

***Henry Morton Stanley var blaðamaður og landkönnuður, þekktur fyrir ferðir sínar um Afríku og leitina að David Livingstone.***



## ÞETTA GERÐIST > 10. MAÍ 1967

# *Tveir Steinar fyrir dóm*

Á þessum degi árið 1967 mættu tveir meðlimir rokkhljómsveitarinnar Rolling Stones fyrir dómara í Chichester í Bretlandi. Þeim Mick Jagger og Keith Richards var gefið að sök að hafa neytt og átt fíkniefni.

Lögreglan hafði stormað inn í setur Richards 12. febrúar eftir nafnlausa ábendingu. Hún fann töluvert magn taflna og efna sem síðar voru send til rannsóknar.

Jagger, sem þá var 24 ára, var ákærður fyrir að hafa undir höndum fjórar töflur sem innihéldu amfetamínefni. Richards var ákærður fyrir að leyfa hassreykingar í híbýlum sínum.



Félagarnir tveir neituðu báðir sök og var sleppt gegn tryggingu þar til þeir komu fyrir dómara á ný í júní. Í lok júní var Jagger dæmdur í þriggja mánaða fangelsi en Richards í eins árs fangelsi. Dómurinn þótti þó full harður fyrir fyrsta afbrot og í ágúst var ógiltur.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ANDLÁT

**Kristín Bæringsdóttir** fyrrverandi húsfreyja á Tilraunastöðinni að Keldum, lést föstudaginn 5. maí.
**Atli Elíasson**, Suðurgerði 2, Vestmannaeyjum, lést á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja laugardaginn 6. maí.
**Dagbjört Davíðsdóttir** frá Borgarlandi, andaðist á Grund, Hringbraut 50, laugardaginn 6. maí.
**Guðný Friðriksdóttir**, Hjallalandi, Skagafirði, lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 7. maí.

## JARÐARFARIR

11.00 **Þorbjörg Magnúsdóttir** svæfingalæknir, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju.
13.00 **Magnús Guðnason**, Sléttuvegi 13, áður Heiðargerði 12, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Grensáskirkju.
13.00 **Sigríður Þorsteinsdóttir**, hjúkrunarheimilinu Skjóli, áður Álfheimum 26, verður jarðsungin frá Fossvogskapellu.
15.00 **Guðbjörg Huld Magnúsdóttir** frá Dölum, Fáskrúðsfirði, síðar Bakka í Kelduhverfi, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju.
15.00 **Magnús Ingvar Jónasson**, Unnarbraut 26, Seltjarnarnesi, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.



Rúnar Geirmundsson Sigurður Rúnarsson Elís Rúnarsson
**Þegar andlát ber að**
Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.
Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990




**LISTSKÖPUN Á ÞINGVÖLLUM** Þessa ljósmynd tók Pjetur Sigurðsson ljósmyndari Fréttablaðsins á Þingvöllum. Ljósmyndarafélag Íslands heldur upp á áttatíu ára afmæli sitt um helgina með fyrirlestrum, sýningum og útgáfu bókar með myndum félagsmanna.

LJÓSMYNDARAFÉLAG ÍSLANDS: FAGNAR ÁTTATÍU ÁRA AFMÆLI

# Augnablik til framtíðar

Í tilefni af áttatíu ára afmæli Ljósmyndarafélags Íslands er efnt til fagstefnu og afmælishátíðar á Grand hóteli um helgina. Á laugardaginn halda heimsþekktir ljósmyndarar erindi og sýningar á myndum sínum og á sunnudag verður opin afmælishátíð þar sem meðal annars forseti Íslands mun veita nýrri bók félagsins viðtöku.

Í hópi erlendu ljósmyndaranna eru Christopher Morris fréttaljósmyndari og Michele Clement auglýsingaljósmyndari. Morris hefur meðal annars tekið myndir á vettvangi í styrjöldum á borð við innrásirnar í Írak og í Panama, í Persaflóastríðinu og styrjöldum í Afganistan, Sómalíu og Júgóslavíu og Clement hefur meðal annars myndað fyrir herferðir þekktra fyrirtækja, til dæmis Disney, Honda, Siemens og Polaroid.

Afmælishátíð Ljósmyndarafélagsins kallast Augnablik til framtíðar og verður opin öllum. Hún hefst klukkan 13 á sunnudag og stendur fram eftir degi. Aðgangur er ókeypis.

Ljósmyndarafélag Íslands var stofnað 1926 af 18 ljósmyndurum sem flestir störfuðu í Reykjavík. Nú eru félagsmenn rétt um 70 talsins. Félagið var stofnað sem hagsmunafélag og beitti sér meðal annars fyrir því að ljósmyndun varð lögbundin í iðnfræðslulögum.

Formaður Ljósmyndarafélags Íslands er Gunnar Leifur Jónasson.



*Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, tengdafaðir, sonur, afi og langafi,*

**Atli Elíasson**

Suðurgerði 2, Vestmannaeyjum,

lést á Heilbrigðisstofnun Vestmannaeyja að morgni 6. maí. Útför fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 13. maí kl 14.00.

Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans, er bent á líknarsjóð Kiwanisklúbbsins Helgafells í Vestmannaeyjum.

**Kristín Frímannsdóttir**

**Atli Freyr Hjörleifsson**
**Aldís Atladóttir** **Kristinn Ævar Andersen**
**Elías Atlason** **Geirþrúður Þórðardóttir**
**Freyr Atlason**
**Eva L. Þórarinsdóttir**
**Sigurdís Ösp** **Jón Valgeir**
**Hlynur Már** **Hulda Sif**
**Birgir Hannes, Elín Björk, Davíð, Þórður Jón, Elva, Aldís Freyja, Daníel Ingi og Tanja Björt.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Gíslason**

Faxabraut 13, Keflavík,

verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju, miðvikudaginn 10. maí kl. 14.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartaheill.

**Hallmann S. Sigurðarson** **Aðalheiður H. Júlíusdóttir**
**Margrét R. Sigurðardóttir** **Þorsteinn V. Konráðsson**
**Ráðhildur Á. Sigurðardóttir** **Einar Magnús Sigurbjörnsson**
**Gísli Sigurðsson** **Árný Dalrós Njálsdóttir**
**Sigurlaug Sigurðardóttir** **Snæbjörn Kristjánsson**
**Sigurður Sigurðarson** **Halldóra K. Guðjónsdóttir**
**barnabörn og fjölskyldur.**





tab
ÍTALÍA
tilboð!
HEILIR STURTU-
KLEFAR
MEÐ ÖLLU
80x80 eða 90x90
Öryggisgler
Hitastýrð
blöndunartæki
8 nuddstútar
Sæti
VERÐ FRÁ 66.900
BESTA VERÐIÐ
FLOTTARI VARA
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR
& TÆKI
- fyrir þitt heimili
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA • 5357

OF MIKILL HRAÐI GETUR DREPIÐ GOTT PARTÍ

UMFERÐARSTOFA

# STUÐ MILLI STRÍÐA Er Klaus að fíla Silvíu?

**STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON** VELTIR FYRIR SÉR MÖGULEIKUM ÍSLENDINGA Á EVRÓVISJÓN.



Ég vil í fyrstu taka það fram að ég er ekki einhvert Evróvisjónfrík sem gerir fátt mánuðinn fyrir keppnina en að hanga á spjallsíðum og öðrum Evróvisjón-(lúða)síðum, þar sem Evróvisjón-„spekingar“ ausa úr viskubrunnum sínum. Ég verð samt að viðurkenna að ég heft lúmskt gaman af allri umfjölluninni um keppnina, sem að mestu snýst um að finna eins marga veðbanka og hægt er sem spá Silvíu á topp tíu. Ef enginn hagstæður veðbanki finnst, þá er alltaf hægt að finna einhvern Klaus frá Belgíu sem finnst Silvía vera með ótrúlega skemmtilegt lag en segist samt mest dást að kjólunum hennar.

Íslendingar hljóta að vera einhvers konar heimsmeistarar í því að gera sér væntingar varðandi ýmis framlög þjóðarinnar. „Ha!? Náðu Íslendingar ekki einu sinni að skora á móti Englandi á Wembley. Og svo létu þeir þennan strákling, Wayne Rooney, skora langt fyrir utan vítateig. Djöfulsins aumingjar!“ „Díses, þessi helvítis Austur-Evrópuklíka. Selma Björns var klárlega með langbesta lagið í keppninni. Allir veðbankarnir voru búnir að segja það!“

Málið er samt að erfitt er að átta sig á því hvernig húmor Silvíu Night eigi eftir að fara í Evrópu, og þar með talið Austur-Evrópu. Ég man til dæmis sjálfur eftir fyrstu þáttum Silvíu, mér fannst þeir ömurlegir og sérstaklega þótti mér Silvía vera tilgerðarleg. Eftir hins vegar nokkrar vikur fannst mér þættirnir hennar vera snilld. Margar þjóðir í keppninni senda einnig fulltrúa sem eru gríðarlega vinsælir í sínum heimalöndum. Mætti kalla suma fulltrúana Bó og Siggu Beinteins þeirra landa. Vonandi nær Silvía því að gera allt vitlaust vikuna fyrir keppnina þannig allir verði örugglega búnir að fatta húmorinn, þá verður hún líkleg til vinsælda.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Överli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og Pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



LÝSING

# ÚTSALA

**Komdu á alvöru útsölu hjá Bílalandi B&L dagana 11. til 13. maí.**
**Valdir bílar á alvöru afslætti - aðeins þessa 3 daga.**

## DÆMI UM BÍLA Á ÚTSÖLU



SUZUKI Jimny, sjálfsk., nýskr. 06.2001 - Ek. 92 þús.



Renault Scenic RX4, beinsk., nýskr. 06.2003 - Ek. 105 þús.



Renault Megane , beinsk., nýskr. 06.1999 - Ek. 137 þús.



Hyundai Elantra, sjálfsk., nýskr. 05.2000 - Ek. 116 þús.







**HEFST Á MORGUN!**



..., nýskr. 06.1999 - Ek. 153 þús.



Renault Megane, beinsk., nýskr. 09.1999 - Ek. 145 þús.



Renault Megane, beinsk., nýskr. 09.1999 - Ek. 115 þús.



MMC Lancer, beinsk., nýskr. 05.1999 - Ek. 99 þús.



SUZUKI Grand Vitara, beinsk., nýskr. 06.2003 - Ek. 55 þús.



Renault Laguna, sjálfsk., nýskr. 06.2000 - Ek. 105 þús.



Renault Clio, beinsk., nýskr. 10.1999 - Ek. 111 þús.



Renault Laguna, sjálfsk., nýskr. 05.1997 - Ek. 133 þús.

Birt með fyrirvara um verðbreytingar og ásláttarvillur

**Opið frá kl. 10 til 18 fimmtudag og föstudag og frá kl. 12 til 16 laugardag.**

**Útsala einnig hjá SG Bílum Keflavík S: 421 4444, Bílási Akranesi S: 431 2622 og Bílasölu Akureyrar S: 461 2533**

**575 1230**

bílaland B&L notaðir bílar

**Grjóthálsi 1**
**bilaland.is**

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

FAGNAÐUR
Frumsýning sun. 14/5 uppselt, 2. sýn. fim. 18/5 örfá sæti laus, 3. sýn. fös. 19/5 örfá sæti laus, 4. sýn. lau. 20/5 örfá sæti laus, 5. sýn. sun. 21/5 örfá sæti laus.

STEFNUMÓT VIÐ PINTER
Sun. 14/5 kl. 14:00. Michael Billington, Penelope Wilton, Martin Regal, Hávar Sigurjónsson, Stefán Jónsson. Aðgangur ókeypis og öllum opinn.
Málþing í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.

ÁTTA KONUR
Fös. 12/5 örfá sæti laus, lau. 13/5 nokkur sæti laus. Allra síðustu sýningar.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR
Lau. 13/5 uppselt. Sala hafin á sýningar í september.
Fös. 15/9, lau. 16/9 nokkur sæti laus, sun. 17/9.

UMBREYTING - LJÓÐ Á HREYFINGU
Frumsýning sun. 14/5 kl. 17:00 uppselt, mið. 17/5 , fim. 18/5 , fös. 19/5, lau. 20/5, sun. 21/5. Sýningin er ekki við hæfi barna yngri en 12 ára.
Samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.

LITLA SVIÐIÐ

NÚ SKYLDI ÉG HLÆJA, VÆRI ÉG EKKI DAUÐUR!
Lau. 13/5 kl. 15:00 örfá sæti laus, sun. 14/5 kl. 11:00, sun. 17/5 kl. 17:00
Samstarfsverkefni Nemendaleikhúss LHÍ og Þjóðleikhússins.

LEIKHÚSKJALLARINN
Jassklúbbur Múlans - Gítartríóið. Í kvöld mið. 10/5 kl. 21:00
Hugleikur - Þetta mánaðarlega. Fim. 11/5 kl. 21:00
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma 585 1295.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ

RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Lau 20/5 kl. 14 Su 21/5 kl. 14
Su 28/5 kl. 14
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í VOR
ÓSÓTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA

FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP
í kvöld kl. 20 UPPS. Fi 18/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 22:30 UPPS. Su 21/5 kl. 20 UPPS.
Fi 25/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 20 UPPS.
Fö 26/5 kl. 22:30 UPPS.
Su 28/5 kl. 20 UPPS. Fi 1/6 kl. 20 UPPS.
Fö 2/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 22:30 UPPS.
Má 5/6 kl. 20 Fö 9/6 kl. 20
Fö 9/6 kl. 23 Má 12/6 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN?
Forsýningar miðaverð 1.500
Fö 12/5 kl. 20 UPPS. Lau 13/5 kl. 20 UPPS.
Má 15/5 kl. 20 UPPS. Þri 16/5 kl. 20 UPPS.
Mi 17/5 kl. 20 UPPS.
Fö 19/5 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20
Fö 26/5 kl. 20 Fö 2/6 kl. 20
Lau 3/6 kl. 20 Má 5/6 kl. 20
Fi 8/6 kl. 20 Fö 9/6 kl. 20

MIKE ATTACK
Einleikur Kristjáns Ingimarssonar
Su 14/5 kl. 14 SÍÐASTA SÝNING
MIÐAVERÐ 1.900

MARLENE DIETRICH-Íd
Má 15/5 kl. 20 Þr 16/5 kl. 20
Mi 17/5 kl. 20 AÐEINS ÞESSAR SÝN.

BELGÍSKA KONGÓ
Su 14/5 kl. 20 Fi 18/5 kl. 20
Mi 24/5 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR

HUNGUR
Su 14/5 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING

TENÓRINN
Fi 18/5 kl. 20 Lau 27/5 kl. 20
AÐEINS ÞESSAR SÝN.

HLÁTURHÁTIÐ
HLÁTURHÁTÍÐARVIÐBURÐIR Í MAÍ

Fi 18/5 kl. 22:30
LEiKTU FYRIR MIG
Leikarar leika eftir pöntun þín uppáhaldsatriði úr Áramótaskaupunum.
MIÐAVERÐ 1.000.

Fi 25/5 kl. 22:30
BANANABIKARINN
Leikarar frá Leikfélagi Reykjavíkur og Leikfélagi Akureyrar, keppa í leikhússporti
MIÐAVERÐ 1.000.

Su 28/5 kl. 20:00
HLÁTURNÁMSKEIÐ
Ásta Valdimarsdóttir og Kristján Helgason kenna hláturjóga.
MIÐAVERÐ 1.000

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Frábær sýning sem hefur slegið algjörlega í gegn.
Sýnd í Óperunni í maí og júní.
Miðasala hafin

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar
LAUGARDAGUR 13. MAÍ KL. 20 - FRUMSÝNING - UPPSELT
SUN. 14. MAÍ KL. 19 - UPPSELT
LAU. 20. MAÍ KL.19 - NOKKUR SÆTI LAUS
LAU. 27. MAÍ KL. 15 - Aukasýning
LAU. 27. MAÍ KL. 19 - ÖRFÁSÆTI LAUS
LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - Laus sæti
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga
Símasala kl. 10-18. þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn
ÍSLENSKA ÓPERAN

**!**

**Kl. 18.00**

*Síðasta tónleikakynning Vinafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands verður haldin í Hlíðarsal Hótels Sögu á morgun. Árni Heimir Ingólfsson tónlistarfræðingur fjallar um hina miklu og magnþrungnu sjöttu sinfóníu Gustavs Mahlers sem Sinfóníuhljómsveitin flytur í fyrsta sinn á tónleikum sínum í Háskólabíói síðar um kvöldið. Kynningin er öllum opin. Aðgangseyrir er 1.200 kr. og er súpa, brauð og kaffi innifalið.*

## > Ekki missa af...

opinni leiksmiðju hjá Tjarnarleikhópnum í Iðnó klukkan 13. Tjarnarleikhópurinn hefur starfað í 3 ár. Þar leika nemendur sem útskrifast hafa af starfsnámsbrautum framhaldsskólana. Þau æfa nú hluta úr ýmsum leikritum Shakespears en dagskráin verður sýnd í Danmörku í sumar. Öllum er velkomið að koma og leika með.

síðustu sýningu leikfélagsins Frú Emelíu á Hundrað ára húsi í Nauthólsvík klukkan 21 í kvöld. Þetta er að öllum líkindum síðasta sýningin hér á landi, en verkið verður líka sett upp í Tallin í Eistlandi.

Sýningunni Orðið tónlist í Gallerí Humar eða frægð sem opnar klukkan 17 föstudaginn 12. maí og stendur til 7. júní. Þar verða hljóðtengd myndverk eftir Finnboga Pétursson, Kiru Kiru, Harald Jónsson og Ólaf J. Engilbertsson og bókverk nemenda Listaháskólans frá námskeiðinu Skoða, segja, hugsa, safna sem staðið hefur í vor í LHÍ. Hljómsveitin Ghostigital leikur á opnun og Bragi Ólafsson og Óskar Árni Óskarsson lesa upp.

# menning

menning@frettabladid.is



GUÐJÓN PEDERSEN Hefur lengi haft áhuga á glæpasögum og pukraðist með sænska reyfara sem þóttu ekki merkilegur pappír.

# Sviðsett sakamál

**Leikfélag Reykjavíkur efnir til samkeppni um nýtt íslenskt Sakamálaleikrit og ef allt gengur að óskum verður glænýr reyfari settur á svið á næsta leikári.**

„Við erum að leita að höfundum sem hafa áhuga á því sama og ég,“ segir Guðjón Pedersen leikhússtjóri. „Fyrir nokkrum árum þóttu glæpasögur ekki fínn pappír. Svo breyttist það og það þurfti ekki að pukrast með sænska reyfara í laumi. Núna erum við leita að höfundum sem vilja koma í ferðalag með okkur og kanna hvort það er hægt að setja upp glæpaleikrit. Sumir halda því fram að þetta sé einnota hugmynd, því strax eftir fyrstu sýningu spyrjist svarið við gátunni út um allan bæ. Við viljum kanna hvort það þurfi endilega að vera reyndin.“

Guðjón kveðst ekki vita til þess að íslenskur reyfari hafi verið settur á fjalirnar fyrr. „Að minnsta kosti ekki í því formi sem við erum að leita að, en verk á borð við Woman in black hafa verið sýnd hér á landi og höfundar á borð við Agöthu Christie hafa skrifað spennuleikrit.“

Guðjón segir nokkur einkenni vera á góðum reyfara. „Handritið þarf auðvitað að vera gríðarlega spennandi og lausnin svo snjöll að áhorfendur fá blauta tusku í andlitið í lokin. Þá er persónusköpunin auðvitað mikilvæg, en glæpasögur einkennast oftar en ekki af litríkum karakterum.“

Frestur til að senda inn drög að sakamálaleikriti er til 31. maí og skulu handrit innihalda fléttu, senuskipan og persónur en leitað er að þremur til sex verkum til frekari vinnslu. „Við veljum þær hugmyndir sem okkur líkar best og ef allt gengur að óskum er vonandi hægt að setja glænýjan íslenskan reyfara á svið á næsta leikári. Við höldum því að minnsta kosti opnu.“

Drögin skulu berast Borgarleikhúsinu, Listabraut 3, 103 Reykjavík, útprentuð í umslagi merkt „Sakamál á svið“ og nafn höfundar við lagt í lokuðu umslagi, merktu verkinu.

bergsteinn@frettabladid.is

"Afrek" - DV "Höfðar jafnt til barna sem fullorðinna" - Morgunblaðið "ákaflega falleg" - Fréttablaðið

HAFIÐ BLÁA Í AUSTURBÆ
Sun 14.05 kl: 13.30
Miðapantanir í Austurbæ og á midi.is.
Miðasala Austurbæjar er opin milli 13 - 17 alla daga
sími : 551 4700
IsMedia

KJÓLAR
ANAS
Fjarðargata 13-15 Hafnarfirði
565 7100

Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga

Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg
BROADWAY
Sími: 533-1100

# Þjóðlegur kliður í Salnum

Kliður fornra strauma er heiti á síðustu tónleikunum í TÍBRÁ-tónleikaröðinni í Salnum í Kópavogi annað kvöld. Efnisskráin er alíslensk og ætla Steindór Andersen kvæðamaður, Sigurður Rúnar Jónsson, oft kallaður Diddi fiðla og Bára Grímsdóttir langspilsleikari að leiða saman hesta sína, en þau hafa öll lagt sitt rækilega af mörkum til að halda á lofti hinum forna tónlistararfi. „Við ætlum að leika íslensk þjóðlög, tvísöngva og stemmur og fleira,“ segir Bára. „Þetta er í fyrsta sinn sem við þrjú komum fram saman en æfingar hafa gengið vel og þetta hljómar vel.“

Hinn 11. maí er afmælisdagur Kópavogsbæjar en sú hefð hefur skapast að ljúka TÍBRÁ-tónleikaröðinni ávallt á þeim degi, en jafnframt lýkur Kópavogsdögum 2006 þetta kvöld. Þetta eru fyrstu TÍBRÁ-tónleikarnir sem Bára leikur á en Salinn þekkir hún vel. „Það er alltaf virkilega gaman að spila í Salnum, hljómburðurinn er frábær.“ Að sögn Báru hefur þríeykið verið beðið um að flytja dagskrána aftur í Surtshelli í næsta mánuði.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20 annað kvöld. Miðaverð er 200 krónur og enn eru nokkur sæti laus.

bergsteinn@frettabladid.is



**FRÁ ÆFINGU Í SALNUM** Steindór, Sigurður og Bára hafa öll haldið íslenskum tónlistararfi rækilega á lofti. FRÉTTABLAÐIÐ/ HEIÐA

# Hraðskák í Iðnó

Skákfélagið Hrókurinn stendur fyrir hraðskákmóti í Iðnó í dag klukkan 17. Mótið er öllum opið, börnum og fullorðnum, byrjendum og meisturum, og er þátttaka ókeypis. Teflt er í veitingasal Iðnó á 2. hæð og lýkur mótinu um klukkan 18.30.

Verðlaun eru veitt fyrir bestan árangur þriggja efstu á mótinu og að auki eru þrenn verðlaun fyrir bestan árangur barna á grunnskólaaldri.

Þetta er þriðja Bónushraðskákmótið í syrpu Hróksins í Iðnó. Sigurvegarar á fyrri mótum voru FIDE-meistararnir Davíð Kjartansson og Róbert Harðarson. Sá sem nær bestum árangri á fjórum fyrstu Bónusmótunum í Iðnó fær utanlandsferð í verðlaun, svo til mikils er að vinna.

Skákmótasyrpan í Iðnó hefur farið vel af stað og stefnir Hrókurinn að því að gera miðvikudagsmótin að föstum lið í skáklífinu í sumar.



**MANNTAFL Í IÐNÓ** Miðvikudagsskákmót Hróksins í Iðnó hafa vakið athygli en þar mætist fólk á öllum aldri við skákborðin.



**SJÓN** Verðlaunaafhending Norðurlandaráðs

# Argóarflísin til Svíþjóðar

Sænska bókaforlagið Alfabeta hefur keypt útgáfuréttinn á Argóarflísinni eftir Sjón, handhafa bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Argóarflísin hlaut góðar viðtökur þegar hún kom út fyrir jól og var meðal annars valin skáldsaga ársins af starfsfólki bókaverslana.

Bókin gerist árið 1949 og segir frá rosknum Íslendingi að nafni Valdimar Haraldsson, sem er farþegi um borð í dönsku flutningaskipi sem er á leið til Svartahafsins. Meðal skipverja er hinn lífsreyndi Keneifur, sem segir skipsfélögum sínum söguna af því þegar hann sigldi með hinu sögufræga fleyi Argó, undir forystu Jasonar Esonarsonar og tók þátt í hinni miklu glæfraför Argóarfara til Kolkis til að sækja gullna reyfið. Bjartur gefur Argóarflísina út og á vef forlagsins segir að með þessum samning rætist spádómur Völvu Séð og og heyrt, sem spáði Sjón upphefð að utan á árinu og „því kom áhugi hins virta forlags hreint ekki á óvart í höfuðstöðvum Bjarts“.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

7 8 9 **10** 11 12 13

**Miðvikudagur**

**TÓNLEIKAR**

☐ 20.00 **Jóhann Nardeau** trompetleikari heldur útskriftartónleika í **Salnum í Kópavogi**. Meðleikarar eru **Bjarni Frímann Bjarnason**, fiðluleikari og **Snorri Sigfús Birgisson**, píanóleikari. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

☐ 21.00 Tónleikar í djassklúbbnum Múlanum. Að þessu sinni kemur fram gítartríó Jóns Páls Bjarnasonar en það er skipað þeim Jóni Páli Bjarnasyni á gítar, Eðvarð Lárussyni á gítar og Ásgeiri Ásgeirssyni á gítar. Leiknar verða sígildar perlur djassögunnar í útsetningum þeirra félaga. Múlinn hefur nú aðsetur sitt í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð er 1.000 kr.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.





INNKAUPAKORT VISA




• Innkaupakort VISA er ókeypis kreditkort.
• Ekkert stofngjald, árgjald eða seðilgjald.
• Kortið er ætlað í rekstrarinnkaup og kemur í stað beiðna- og reikningsviðskipta.
• Auðveldar innkaup og bætir yfirsýn.
• Úttektartímabil er almanaksmánuður.
• Gjalddagi er 25. næsta mánaðar.
• Lengri greiðslufrestur.

Hægt er að sækja um Innkaupakort VISA á www.visa.is og hjá öllum bönkum og sparisjóðum.

Nýr dagur – ný tækifæri VISA

fjörið ... fólk
folk@frettabladid.is

**EUROVISION 2006** GUNNHILDUR A. GUNNARSDÓTTIR SKRIFAR UM SILVÍU OG KEPPINAUTANA

# *Silvíu hótað brottrekstri úr keppninni*

Á vefnum Silvianight.com er greint frá því að formleg kvörtun hafi borist Silvíu um að breyti hún ekki textanum og sleppi því að nefna orðið fuck verði henni vikið úr keppni. Á vefsíðunni er hægt að lesa afrit af bréfinu.

Viðbrögð Silvíu eru á einn veg. Hún svarar hástöfum: „Fucking say what I fucking want," sem útleggst á íslensku, segi bara það sem ég vil, skreytt með dónalegum orðum.
Lögfræðingar Silvíu Nætur fara yfir skjalið. Silvía er komin til landsins eftir gríðarlega annasama ferð til Evrópu. Hún heldur svo af stað til Aþenu á morgun, fimmtudag. Þeir sem vilja berja stjörnuna augum fyrir þann tíma ættu að fylgjast með því hún gefur eiginhandaráritanir í dag.

Á morgun hefjast æfingar í Ólympíuhöllinni í Aþenu. Þá æfir fyrsti hópurinn úr undankeppninni. Fyrsta æfing Silvíu á sviðinu er á föstudaginn. Þá verða hljóðprufur gerðar og fleira.

Keppendurnir týnast til Aþenu á síðustu stundu. Strákabandið Cosmos þarf svo sem ekki að flýta sér. Þeir eiga sitt sæti í aðalkeppninni. Þeir sungu opnunarlag á svona míni-heimsmeistaramóti í íshokký í borginni Riga í gær. Cosmos flytur lag sem er eingöngu sungið.

En að allt öðru. Eurovision-keppandinn Steve Bender lést á sunnudaginn. Hann var 59 ára og lést úr krabbameini. Steve kom fram með hjómsveitinni Dschinghis Khan sem keppti fyrir Þýskaland árið 1979 og varð í fjórða sæti. Hann lætur eftir sig konu og dóttur, samkvæmt síðunni oikotimes.com.

Dóttir hans, Melanie, keppti fyrir Þýskaland árið 1995 með stúlknabandinu Mekado. Þær sungu lagið Wir geben ,ne Party.




Stökktu til
Rimini
17. eða 24. maí frá kr. 29.995

Verð kr. 29.995 í viku
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í viku. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Aukavika kr. 10.000.

Verð kr. 39.990 í viku
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/stúdíó/íbúð í viku. Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn. Aukavika kr. 10.000.

Síðustu sætin
Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð til Rimini í maí. Njóttu lífsins á þessum vinsælasta sumarleyfisstað Ítalíu. Bókaðu sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is





Spennandi förðunarnám
Skráning er hafin á sumar- og haustnámskeið Förðunarskóla rifka.

Afar lifandi og áhugavert nám sem býður upp á mörg spennandi atvinnutækifæri. Förðunarskóli rifka var áður þekktur undir nafninu Förðunarskóli NO NAME, hefur nú starfað óslitið í 10 ár. Á þessum tíma hefur skólinn útskrifað yfir 1000 förðunarfræðinga sem margir eru starfandi við fagið og allan þennan tíma hefur skólinn verið í fararbroddi í förðunarkennslu.

Tísku- og ljósmyndaförðun, 14 vikur.
Sumarnámskeið 15. maí 2006. Morguntímar eingöngu.
Haustnámskeið 11. september 2006. Morgun- og kvöldtímar.
Útlitsnámskeið fyrir 13-16 ára.

Veldu nám við þitt hæfi:
- Tísku- og ljósmyndaförðun 6 eða 14 vikur
- Kvikmynda- og leikhúsförðun
- Úðaförðun/brúnkumeðferðir
- Kvöldnámskeið í dag- og kvöldförðun

Hafðu samband í síma 565-2300, sendu póst á: skoli@rifka.is eða skráðu þig á www.rifka.is

rifka. Make-Up School.
Hjallabrekku 1. 200 Kópavogi

rifka cosmetics MAKE UP SCHOOL




**GÓÐUR DAGUR** Skotinn Struan Grant og Þjóðverjinn Birgit Splitt, sem hafa verið búsett á Íslandi í nokkur ár, nutu sumarblíðunnar á toppi Esjunnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/SNÆFRÍÐUR

# *Esjan – alltaf jafn vinsæl*

Hlíðar Esjunnar eru eitt vinsælasta útivistarsvæði höfuðborgarinnar og á góðviðrisdögum eru þar hundruð göngumanna. Um helgina lagði fjöldi fólks leið sína á fjallið enda viðraði afar vel til gönguferða, bæði á laugardag og sunnudag. Ferðafélag Íslands hefur verið duglegt við að laga aðstöðu fyrir göngumenn á fjallinu bæði með því að bæta göngustíga og merkingar á leiðinni. Að sögn Páls Guðmundssonar, framkvæmdastjóra félagsins gengu um sjö þúsund manns á Esjuna frá júní til september í fyrra en sennilega eru það um 10.000 manns sem ganga á fjallið á hverju ári.

„Ástandið á stígunum yfir höfuð er viðunandi en þó mætti vissulega laga göngustíginn á ákveðnum hluta leiðarinnar," segir Páll og bætir við að Ferðafélagið hafi áhuga á því að koma upp aðstöðu við bílaplanið þar sem fólk getur gert teygjuæfingar að gönguferð lokinni. Í fyrra stóð Ferðafélagið fyrir Esjuhappdrætti þar sem allir þeir sem skrifuðu nafn sitt í gestabók félagsins við útsýnisskífuna á Þverfellshorni gátu átt von á veglegum gönguskóm í vinning. Happdrættið heldur áfram í sumar en þess má geta að Ferðafélagið mun einnig standa fyrir göngutúrum á Esjuna á fimmtudagskvöldum frá og með júní.

- snæ



**FEÐGAR Á FERÐ** Feðgarnir Auðunn Hálfdánarson og Hlynur Þór Auðunsson kvittuðu samviskusamlega í gestabókina á toppnum en 140 manns höfðu þá skráð sig í bókina þann daginn og fleiri voru á leiðinni upp.



**GÖNGUFÓLK Á ESJUNNI** Esjan er ein vinsælasta gönguleiðin í nágrenni Reykjavíkur og ganga að jafnaði hundruð manna á fjallið í hverri viku yfir sumartímann.



**RUSL Á BÍLASTÆÐINU** Það er skrítið hversu fáa rusladalla er að finna við rætur Esjunnar. Rusladallarnir, sem eru pínulitlir, eru alltaf fullir og vellur ruslið úr þeim og fýkur um svæðið.



**ÞYNNKUBANI** Vinkonurnar Nanna María Elvarsdóttir, Hrefna Guðmundsdóttir og Jóhanna Kolbrún Sigurjónsdóttir æfa fótbolta saman. Þær segja að það sé gott að skella sér á Esjuna daginn eftir tjútt.



**VINSÆL MEÐAL HUNDAEIGANDA** Hundar eru afar hrifnir af Esjunni og eru þeir ófáir sem hafa klifið hana, m.a. þessi ungverski vizla sem heitir Hugo.



**HARRY POTTER** Hægt verður að kaupa kvikmyndir á borð við Harry Potter í gegnum Warner Brothers á næstunni.

# Myndir í tölvuna

Kvikmyndafyrirtækið Warner Brothers ætlar að selja myndir og sjónvarpsþætti sína á netinu og mun fólk geta hlaðið þeim niður í tölvur sínar.

Notuð verður sama tækni og fólk hefur notað til að hlaða niður myndum á ólöglegan hátt. Talsmenn Warner segja að hægt verði að kaupa myndirnar og þættina sama dag og þeir koma út á DVD. Verðið verður álíka hátt og á DVD-mynd.

# Metið stendur enn

Sjónhverfingamanninum David Blaine tókst ekki að bæta heimsmetið í því að halda niðri í sér andanum í kafi.

Blaine var dreginn upp úr kúlu fullri af vatni eftir að hafa haldið niðri í sér andanum í sjö mínútur og átta sekúndur en heimsmetið er átta mínútur og 58 sekúndur. Á sama tíma hafði Blaine náð að losa hendur sínar sem höfðu verið hlekkjaðar en átti í erfiðleikum með að losa fætur sína.

Blaine hafði dvalið í kúlunni í New York í heila viku og fékk hann næringu og loft í gegnum pípur. Fjöldi borgarbúa fylgdist með honum alla vikuna, auk þess sem milljónir fylgdust með björgun hans í sjónvarpi.

„Þetta var mjög erfið vika en þið hjálpuðuð mér mikið með orku ykkar og stuðningi. Takk kærlega fyrir, sagði Blaine áður en hann var fluttur á sjúkrahús til aðhlynningar.

Læknar höfðu áhyggjur af heilsu Blaines og töldu hættu á að hann fengi heilaskemmdir og taugaskaða. Hendur hans höfðu bólgnað upp auk þess sem húðin var tekin að flagna af.

Áður en Blaine hóf þrekraun sína létti hann sig um 23 kíló til þess að líkaminn gæti nýtt súrefnið betur.

Blaine, sem er 33 ára Bandaríkjamaður, hefur staðið fyrir hinum ýmsu uppátækjum. Hann eyddi 61 klukkustund inni í ísklumpi og var í 44 daga í glerkassa yfir ánni Thames í London.



**UPP ÚR VATNINU** Sjónhverfingamaðurinn þekkti dvaldi í eina viku inni í kúlu fullri af vatni. MYND/AP

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Loksins hefur Britney Spears sett stopp á peningaúttekt eiginmanns sins, Kevins Federline. Hefur hún fengið nóg af glaumgosaferðum og partístandi hans á hennar kostnað.



Þessari nýju reglu fékk Federline að kynnast þegar hann var að plana helgarferð til Las Vegas með félögum sínum. Þessi glaumgosi er vanur að láta frúna borga allar sínar skemmtiferðir um heiminn en verður nú að fara að punga úr eigin vasa. Spears á samkvæmt blaðinu InTouch að hafa ráðið manneskju til að fylgjast með hennar heittelskaða á meðan hann er að ferðast.



Leikkonan og fyrirsætan Denise Richards hefur bannað foreldrum fyrrverandi eiginmanns síns, Charlies Sheen, að hitta barnabörn sín. Fyrrverandi tengdaforeldrar hennar eru ekki af verri endanum en það er leikarinn Martin Sheen, sem bregður sér í hlutverk forseta Bandaríkjanna í sjónvarpsþáttaröðinni West Wing, og kona hans Janet. Samkvæmt blaðinu New York Post eru hjónin mjög svekkt yfir því að fá ekki að hitta barnabörn sín og vonast til að Richards nái sáttum við son þeirra sem fyrst.



Nicole Kidman viðurkenndi í blaðinu Ladies Home Journal að hún elskaði ennþá fyrrverandi eiginmann sinn Tom Cruise. Hjónaband þeirra stóð yfir í tíu ár en þau skildu árið 2002 sem kom mörgum mjög á óvart. „Tom er mjög stór stjarna en fyrir mér var hann bara Tom. Þetta er yndislegur maður sem var mjög góður við mig. Ég elskaði hann og geri enn,“ sagði Nicole. Tom Cruise gengur upp að altarinu með kærustu sinni Katie Holmes, en þau eignuðust dótturina Suri fyrir ekki margt löngu, en hann hafði áður verið í tygjum við spænsku þokkadísina Penelope Cruz.

Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ






SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | kl. 6, 9 og 11 |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 6 og 9 |
| RAUÐHETTA M/ENSKU TALI | kl. 4, 6, 8 og 10 |
| RAUÐHETTA M/ÍSLENSKU TALI | kl. 4 og 6 |
| PRIME | kl. 8 |
| THE HILLS HAVE EYES | kl. 10 B.I. 16 ÁRA |
| ICE AGE 2 M/ENSKU TALI | kl. 4 og 8 |
| ÍSÖLD 2 M/ÍSLENSKU TALI | kl. 4 og 6 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| RAUÐHETTA M/ENSKU TALI | kl. 6, 8 og 10 |
| RAUÐHETTA M/ÍSLENSKU TALI | kl. 6 |
| PRIME | kl. 5.30, 8 og 10.30 |
| THE HILLS HAVE EYES | kl. 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA |
| WHEN A STRANGER CALLS | kl. 6, 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| INSIDE MAN | kl. 8 og 10.25 B.I. 16 ÁRA |
| RAUÐHETTA M/ÍSL. TALI | kl. 6 |
| ÍSÖLD 2 M/ÍSL. TALI | kl. 6 |
| LUCKY NUMBER SLEVIN | kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA |

Dolby SDDS Sony Dynamic Digital Sound THX BÍÓ.IS – allt á einum stað







**BONES BRIGADE** Rokksveitin Bones Bones Brigade frá Bandaríkjunum heldur tvenna tónleika um helgina.

# Tvennir tónleikar

Bandaríska rokksveitin Bones Brigade heldur tvenna tónleika hér á landi um helgina á vegum Gagnaugans.

Bones Brigade er að fylgja eftir tveimur nýjustu plötum sínum; Endles Bummer og I Hate Myself When I'm Not Skateboarding.

Á föstudagskvöld spilar sveitin í Hinu húsinu ásamt I Adapt, Fighting Shit og Morðingjum. Á laugardagskvöld spilar hún á Akranesi ásamt Raw Material, Gavin Portland, The Death Metal Supersquad og Oak Society. Báðir tónleikarnir byrja klukkan 18.00 og er miðaverð 500 krónur.



**SNOW PATROL** Skoska hljómsveitin Snow Patrol gerir það gott í Bretlandi.

# Snow Patrol á toppnum

Skoska hljómsveitin Snow Patrol fór beint á topp breska vinsældarlistans með sína fjórðu plötu, Eyes Open.

Platan seldist í 120 þúsund eintökum fyrstu vikuna sem sýnir glögglega vinsældir sveitarinnar í Bretlandi. Seldist platan meira en þær plötur sem voru í næstu þremur sætum á eftir samanlagt. Platan fór jafnframt beint á toppinn í Írlandi.

Síðasta plata Snow Patrol, Final Straw, seldist í vel á þriðju milljón eintaka um heim allan, enda innihélt hún slagarann Run.

# Paul Lydon hitar upp fyrir systurnar í CocoRosie

Paul Lydon mun hita upp fyrir systurnar í CocoRosie sem heldur tónleika á Nasa miðvikudaginn 17. maí.

Lydon er alinn upp í Boston en hefur búið í Reykjavík síðan 1988. Hann hefur gefið út plötur sem annar helmingur dúettsins Paul & Laura og undir nöfnunum Blek Ink og Sanndreymi. Síðasta plata hans, Vitlaust hús, var gefin út undir hans eigin nafni.

CocoRosie hefur gefið út tvær plötur sem hafa báðar fengið mjög góða dóma. Sveitin er þekkt fyrir að nota ýmis hljóð í tónlist sinni, þar á meðal dýrahljóð og hljóð úr leikföngum.

Tvö stór tjöld verða sett upp á tónleikunum og því má búast við miklu sjónarspili.

Miðasalan fer fram á midi.is, í Skífunni, verslunum BT á Akureyri og Selfossi og á event.is. Miðaverð er 3400 krónur auk 250 króna miðagjalds. Tónleikarnir hefjast kl. 21.00 og opnar húsið klukkutíma fyrr.



**PAUL LYDON** Tónlistarmaðurinn bandaríski gaf síðast út plötuna Vitlaust hús.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




**TAKE THAT** Hefur gert nýjum plötusamningi við Polydor.

# Endurreisn strákasveitar

Hjartaknúsararnir í breska strákabandinu Take That hafa landað nýjum plötusamningi við útgáfufyrirtækið Polydor sem hljóðar upp á þriðju milljón punda eða rúmar 300 milljónir íslenskra króna. Sveitin sem lagði upp laupana árið 1996 er byrjuð aftur og er nú á hljómleikaferð um Bretland. Virðist sú ferð hafa gengið með eindæmum vel og eru vinsældir sveitarinnar langt frá því að líða undir lok samkvæmt heimildum The Sun. Núverandi meðlimir bandsins eru Gary Barlow, Mark Owen, Howard Donaldson og Jason Orange en stuðdrengurinn Robbie Williams var einnig í bandinu þegar það var sem vinsælast en hann er sá eini þeirra sem náði vinsældum í sólóferli og vildi því ekki ganga til liðs við bandið á ný. Fyrirhugað er að plötan komi út um næstu jól.

# Björt helgi í Árnesi

Tónlistarhátíðin Bright Nights verður haldin í Árnesi helgina 9. til 11. júní þar sem raf-og danstónlist verður í fyrirrúmi.

Á meðal þeirra sem koma fram eru Apparat, Gus Gus, Hermigervill, Worm is Green, Daedelus, Judith Juillerat, Sebastian Tellier, Beatmaking Troopa, Sometime, Mugison, Tonik, Plat, Reykjavik Swing Orchestra og Biogen.

Forsala miða hefst í næstu viku og er miðaverð 7500 krónur með tjaldstæði.



**APPARAT** Hljómsveitin Apparat mun koma fram á tónlistarhátíðinni Bright Nights.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fáir miðar á Newsom

Uppselt er á tónleika söngkonunnar og hörpuleikarans Joanna Newsom í Fríkirkjunni þann 18. maí.

Aðeins 200 miðar eru jafnframt eftir á aukatónleika hennar sem verða 16. maí. Á undan henni á aukatónleikunum spilar hljómsveitin Slowblow auk þess sem tónlistarmaðurinn Smog kemur fram. Miðasala er hafin á midi.is, í Skífunni og völdum BT verslunum. Miðaverð er 2.500 kr. auk miðagjalds.



**JOANNE NEWSOM** Söngkonan og hörpuleikarinn heldur tvenna tónleika í Fríkirkjunni síðar í mánuðinum.




**ÁLFABAKKA**

| | | |
|---|---|---|
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 4-5:20-8-10:40 | B.I. 14 |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 VIP | KL. 5:20-8-10:40 | |
| SCARY MOVIE 4 | KL. 4-6-8-10:10 | B.I. 10 |
| FAILURE TO LAUNCH | KL. 4-6-8-10:10 | |
| FIREWALL | KL. 6:30-8:30-10:40 | B.I. 16 |
| V FOR VENDETTA | KL. 8 | B.I. 16 |
| WOLF CREEK | KL. 10:40 | B.I. 16 |
| LASSIE | KL. 6 | |
| BAMBI 2 ísl. tal | KL. 4 | |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 8-10:20 | B.I. 14 |
| SCARY MOVIE 4 | KL. 8-10 | B.I. 10 |

**AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 5:40-8-10:20 | B.I. 14 |
| SCARY MOVIE 4 | KL. 6-8-10 | B.I. 10 |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

**KRINGLUNNI**

| | | |
|---|---|---|
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 5:30-8-10:40 | B.I. 14 |
| SCARY MOVIE 4 | KL. 6-8-10 | B.I. 10 |
| THE INSIDE MAN | KL. 5:30-8-10:40 | |

MISSION IMPOSSIBLE 3 ER SÝND Í DIGITAL Í SAL 1

KRINGLAN S: 588-0800

| | | |
|---|---|---|
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 6-8-10 | B.I. 14 |
| SCARY MOVIE 4 | KL. 6-8-10 | B.I. 10 |
| FIREWALL | KL. 5:45-8-10:10 | B.I. 16 |
| V FOR VENDETTA | KL. 6-8:30 | B.I. 16 |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919




**AGUILERA** Er þekkt fyrir að vilja sýna bert hold við hvert tækifæri

FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

# Fjölgar ekki flíkunum

Christina Aguilera er þekkt fyrir allt annað en hefbundinn klæðnað og þrátt fyrir aukin þroska segist söngkonan ekki ætla að bæta á sig flíkum af þeirri einföldu ástæðu að hún kunni einfaldlega ekki við sig alltof mikið klædd. „Mér myndi líða eitthvað asnalega ef ég væri í fötum sem myndu hylja allan líkama minn," sagði söngkonan en hún hefur hneykslað margan siðprúðan samborgarann með ögrandi pínupjötlum sem hylja aðeins það helgasta.

# Góður hryllingur

**[UMFJÖLLUN]**

**TÓNLIST**

Litla hryllingsbúðin er sígildur rokksöngleikur sem hefur farið sigurför um heiminn síðan hann var frumsýndur fyrir 25 árum Söngleikurinn nýtur alltaf jafnmikilla vinsælda hér á landi enda eru í honum mörg stórskemmtilegum lög.

Nýjasta útfærslan, sem hefur gengið fyrir fullu húsi bæði á Akureyri og í Íslensku óperunni, skartar fínum söngvurum á borð við Árdísi Ólöfu Víkingsdóttur, fyrrum Idol-stjörnu, Andreu Gylfadóttur, Esther Taliu Casey og Vigdísi Hrefnu Pálsdóttur, auk þess sem Guðjón Davíð Karlsson kemst ágætlega frá sínu.

Eftirminnilegustu lögin á þessari annars prýðilegu plötu voru Bísinn, Þar sem allt grær, Snögglega Baldur og Gemmér, þar sem Andrea Gylfa fer á kostum í hlutverki plöntunnar Auðar II. Einnig er Andrea sérlega góð bæði í Gogginum og í Svaf ekki dúr.

Að auki er alltaf jafngaman að heyra Þú verður tannlæknir þó svo að lagið nái ekki sömu hæðum í meðferð Jóhannesar Hauks Jóhannessonar og þeir Laddi og Stefán Karl náðu á sínum tíma. Í þetta sinn vantar aðeins meiri karakter í tannlækninn.

Þýðingar Megasar á verkinu í bundnu máli standa fyllilega fyrir sínu þar sem nútíma slettum er hrært á skemmtilegan hátt inn í textann.

**Freyr Bjarnason**




**ÝMSIR:**

LITLA HRYLLINGSBÚÐIN

**Niðurstaða:** Skemmtileg plata þar sem hópur sterkra söngvara stendur fyllilega fyrir sínu. Andrea Gylfadóttir gnæfir þó upp úr sem plantan Auður II.

# Erfitt að sameina fjölskyldu og vinnu

Madonna segist vera afleit móðir. Söngkonan, sem á tvö börn, gaf þetta upp í blaðinu E! Entertainment og segist eiga erfitt með að sameina móðurhlutverkið og vinnuna. Madonna segist sakna barnanna sinna þegar hún er í vinnunni en þegar hún er heima vilji hún einbeita sér að vinnunni.

Einnig kemur fram í viðtalinu að dóttir hennar Lourdes sem er á níunda aldursári eigi mjög erfitt með að sætta sig við frægð móður sinnar, hún bannar henni að koma með sér á viðburði í skólanum vegna þess að hún vilji ekki að öll athyglin dragist að söngkonunni og einnig hefur Lourdes orðið fyrir áreitni í skólanum vegna þess að krakkarnir í skólanum vilji allir fá að vita hvernig það er að vera dóttir heimsfrægrar söngkonu.

Madonna er eins og flestir vita gift kvikmyndaleikstjóranum Guy Richie og hefur skrifað tvær barnabækur.



**MADONNA Á TÓNLEIKUM** Ekki sést á söngkonunni síunglegu að hún sé að nálgast fimmtugsaldurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

# Guns N'Roses með nýtt efni?

Axl Rose, forsprakki hljómveitarinnar Guns N´Roses, hefur lýst því yfir að platan Chinese Democracy komi út annað hvort núna í vor eða í haust.

Platan hefur verið tíu ár í vinnslu og hefur Rose margoft svikið loforð síðustu árin um að gefa plötuna út.

Rose sagðist í útvarpsviðtali við Sebastian Bach, fyrrverandi söngvara Skid Row, vera að fara í tónleikaferð sem hefst í New York á föstudag. Þetta er fyrsta langa viðtalið sem Rose veitir síðan hann fór í langþráða tónleikaferð Guns N´Roses árið 2002. Lauk henni mun fyrr en til stóð.

„Axl leit vel út og var virkilega svalur. Það eina sem hann vildi var að engar ljósmyndir væru teknar af honum," sagði útvarpsmaðurinn Eddie Trunk sem stjórnaði útvarpsþættinum ásamt Bach.

**AXL ROSE**
Forsprakki Guns N´Roses segir að Chinese Democracy komi út á þessu ári.



# Ghostigital á Sirkus

Hljómsveitin Ghostigital heldur tónleika á Sirkus í kvöld. Þar mun hún frumflytja nýja endurhljóðblandaða útgáfu Hairdoctor af laginu Northern Lights af plötu Ghostigital, In Cod We Trust.

Kínversk sendinefnd er stödd á landinu um þessar mundir auk þess sem franskir kvikmyndagerðarmenn eru að gera heimildarmynd um næturlíf í Reykjavík. Munu þessir Íslandsvinir kíkja á tónleikana á Sirkus.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21.30 og er frítt inn. Þórir sér um upphitun og eftir tónleikana mun Curver þeyta skífur. Tónleikarnir eru hluti af Madchesterkvöldaseríu Sirkus.



**GHOSTIGITAL** Dúettinn Ghostigital spilar á Sirkus í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA


SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

**Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is**

PÖNTUNARSÍMI 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

**ER PABBI DÍLERINN ÞINN?**

Foreldrar og aðrir fullorðnir mega ekki kaupa áfengi handa börnum yngri en 20 ára. Það er lögbrot.

LÝÐHEILSUSTÖÐ
- lífið heil





## Snæfell ræður þjálfara

Körfuknattleiksdeild Snæfells hefur samið við Geof Kotila, 47 ára gamlan Bandaríkjamann, um að þjálfa meistaraflokk félagsins næstu tvö árin. Kotila þessi þjálfað í Danmörku síðustu ár með mjög góðum árangri en hann tekur við starfi Bárðar Eyþórssonar sem tekinn er við liði ÍR í Breiðholti.

# sport

sport@frettabladid.is

EMILL HALLFREÐSSON HJÁ MALMÖ Í SVÍÞJÓÐ: SLÓ Í GEGN Í SÍNUM FYRSTA LEIK Í DEILDINNI

# Þýddi ekkert annað en að stimpla sig inn

Landsliðsmaðurinn Emil Hallfreðsson fær mikið lof hjá sænskum fjölmiðlum fyrir frammistöðu sína í leik Malmö og Helsingborg í sænsku úrvalsdeildinni sem háður var í fyrrakvöld. Emil lék þá sinn fyrsta leik fyrir Malmö í deildinni frá því að hann gekk til liðsins í vetur en hann hefur verið frá í rúman mánuð vegna meiðsla í nára. Emil kom inn á í stöðunni 1-1 þegar rúmar 20 mínútur voru til leiksloka og lét strax til sín taka. Þegar yfir lauk hafði hann lagt upp tvö mörk fyrir félaga sína og lokatölur urðu því 3-1 fyrir Malmö, sem skaust upp í 4. sæti deildarinnar með sigrinum.

„Já, það þýddi ekkert annað en að stimpla sig inn í fyrsta leik,“ sagði Emil við Fréttablaðið í gær í gamansömum tón en aðeins vika er liðin frá því að hóf æfingar að fullum krafti á nýjan leik. „Mér var hent inn á vinstri kantinn og sagt að gera það sem ég get best, taka nokkur skæri og senda boltann fyrir mér. Það gekk líka svona ljómandi vel,“ sagði Emil. „Ég fékk mjög góð viðbrögð við minni frammistöðu, hjá þjálfurum, liðsfélögum og fjölmiðlum. Ég þurfti allavega að veita mörg viðtöl eftir leikinn,“ segir Emil sem sagður er hafa skyggt á sjálfan Jari Litmanen, sem einnig spilar með Malmö. „Er það ekki hrós? Hann er náttúrulega „semi-legend,“ sagði Emil hreykinn.



Hafnfirðingnum knáa líkar vistin í Svíþjóð afar vel og segist ekki sjá eftir að hafa yfirgefið herbúðir Tottenham. „Ég var í liðinu allt undirbúningstímabilið og á að vera einn af aðalmönnunum í sóknarleiknum svo að það er ljóst að ég fæ að spila miklu fleiri alvöru leiki,“ segir Emil en á morgun mætir Malmö meisturum Djurgarden, en það er leikur sem beðið er eftir með mikilli eftirvæntingu í Svíþjóð. „Það verður gaman og vonandi fæ ég að spila eitthvað. Ég stefni á að klobba Kára Árnason a.m.k. einu sinni,“ sagði Emil að lokum.

## > Þórður tognaður í læri

Skagamaðurinn Þórður Guðjónsson verður líklega ekki með ÍA í fyrsta leik liðsins í Landsbankadeildinni. ÍA mætir Grindavík í fyrstu umferðinni á sunnudaginn en Þórður tognaði aftan í læri fyrir nokkru síðan. Hann gat lítið æft vegna meiðslanna sem tóku sig upp að nýju á æfingu á mánudaginn. „Það er mjög ólíklegt að ég nái fyrsta leik. Það er mjög svekkjandi eftir stífar æfingar í vetur en svona er þetta. Þetta er samt sem áður einungis í þriðja skiptið á ferlinum sem ég togna en þetta gæti varla komið á verri tíma,“ sagði Þórður í gær.



Þýski handboltinn í gær:

# Frábær sigur hjá Lemgo

**HANDBOLTI** Lemgo stefnir hraðbyri á sæti í Meistaradeildinni í handbolta á næstu leiktíð en liðið flýgur bókstaflega upp töfluna um þessar mundir. Í gær vann liðið enn einn sigurinn, nú gegn Flensburg sem er í öðru sæti deildarinnar. Lemgo er í fimmta sætinu með 44 stig en Magdeburg í því fjórða með 46. Fjögur efstu liðin komast í Meistaradeildina.

Lemgo byrjaði leikinn í gær mjög vel og náði fljótlega undirtökunum. Logi Geirsson fór að venju mikinn í liði Lemgo og skoraði sex mörk en Ásgeir Örn Hallgrímsson komst ekki á blað.

Þrátt fyrir stórleik Carsten Lichtlein í marki Lemgo þá missti liðið niður forskot sitt í síðari hálfleik eftir að hafa leitt 18-13 eftir þann fyrri. Þegar tíu mínútur voru eftir gátu Flensburg jafnaði leikinn í 24-24 en Licthlein varði þá vítakast frá lánlausu liði Flensborg. Lemgo skoraði síðan fimm mörk í einum rykk og tryggðu sér öruggan 30-25 sigur. **- hþh**

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Úrslit deildabikars HSÍ - kk:*

| | |
|---|---|
| HAUKAR-FYLKIR | 32-28 |

**Mörk Hauka:** Kári Kristján Kristjánsson 6, Árni Þór Sigtryggson 6, Samúel Ívar Árnason 5, Jón Karl Björnsson 4, Guðmundur Pedersen 4.

**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 29 (1).

**Mörk Fylkis:** Ingólfur Axelsson 8, Arnar Sæþórsson 5, Arnar Jón Agnarsson 5, Heimir Örn Árnason 4 (2), Ásbjörn Stefánsson 4.

**Varin skot:** Hlynur Morthens 8 (1).

*Enska 1. deildin - Umspil*

| | |
|---|---|
| WATFORD-CRYSTAL PALACE | 0-0 |

*Watford komst áfram, samanlagt 3-0, og mætir Leeds í úrslitaleik um laust sæti í ensku úrvalsdeildinni.*

# Markvarslan skildi á milli

**Haukar tóku forystu í úrslitaeinvígi deildabikars karla í gær með 32-28 sigri á Fylki í Hafnarfirðinum. Ótrúleg markvarsla Birkis Ívars Guðmundssonar lagði grunninn að sigrinum en hann varði 29 skot í leiknum, þar af 18 í fyrri hálfleik.**

**HANDBOLTI** Það voru líklega ekki margir þeirra sem mættu á Ásvelli sem gerðu ráð fyrir þeirri spennu sem gerði vart við sig á lokamínútum leiksins í gær. Framan af virtust Haukar vera með leikinn algjörlega í hendi sér en með mikilli seiglu náðu Fylkismenn að minnka muninn, þó aldrei í meira en tvö mörk, og fullkomnuðu þannig stórskemmtilegan handboltaleik sem hafði upp á flest að bjóða.

Herbragð Páls Ólafssonar þjálfara, það að setja Frey Brynjarson til höfuðs Heimi Erni Árnasyni í vörninni, gekk fullkomlega upp í fyrri hálfleik og náði hann að kippa Heimi út úr leiknum á löngum köflum. Utan þess var vörn Hauka mjög öflug og fyrir aftan hana var Birkir Ívar í ótrúlegum ham og hafði hendi á nánast öllum þeim skotum sem á markið komu. Hann varði alls 29 skot í leiknum, þar af ótrúleg 18 í fyrri hálfleik, og í langflestum mörkum Fylkis í leiknum var Birkir Ívar í boltanum.

„Ég var staðráðinn í að standa fyrir mínu ef þetta skyldi vera minn síðasti heimaleikur,“ sagði Birkir Ívar eftir leikinn en eins og kunnugt er mun hann gerast atvinnumaður á næstu leiktíð. „Mér fannst við verða of værukærir í síðari hálfleik en mér fannst við alltaf hafa þetta í hendi okkar,“ bætti hann við.

Hinum megin var samanlögð markvarsla aðeins 9 skot og það segir sig sjálft að þegar svo mikill munur er á markvörslu tveggja liða er leikurinn aldrei líklegur til að vera spennandi.



**PEYSUTOG** Það fór ekki lítið fyrir átökunum í leiknum að Ásvöllum í gær. Peysutogið leyndi sér ekki, en hér er Guðlaugur Arnarson gripinn í landhelgi af ljósmyndara. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Birkir var klárlega gæfumunurinn í kvöld en við þurfum að endurskoða okkar leik því þrátt fyrir þessa markvörslu fáum við á okkur 28 mörk. Það er of mikið,“ sagði Páll Ólafsson, þjálfari Hauka, eftir leik.

Þrátt fyrir mikinn mun á liðunum í flestu því sem handbolti snýst um náðu Fylkismenn að halda sér merkilega nálægt heimamönnum í fyrri hálfleik en staðan í hálfleik var 18-14, heimamönnum í vil.

Heimamenn byrjuðu síðari hálfleik með látum og komust í 21-14 en með gríðarlegri baráttu í bland við minnkandi markvörslu Birkis Ívars náðu Árbæingar að saxa jafnt og þétt á forskot Hauka. Sigurður Sveinsson fann svör við vörn Hauka og eftir því sem opnaðist meira fyrir Heimi fór að ganga betur auk þess sem Ingólfur Axelsson fór að finna fjölina sína. Minnstur varð munurinn tvö mörk þegar skammt var eftir en nær komust gestirnir ekki og svo fór að Haukar unnu að lokum fjögurra marka sigur, 32-28 og leiða því einvígið 1-0.

**vignir@frettabladid.is**

## ÚR SPORTINU

Alfreð Finnsson mun þjálfa kvennalið Gróttu næstu þrjú árin. Alfreð gekk frá samningi þess efnis í gær en hann gerði kvennalið ÍBV að Íslandsmeisturum á dögunum. Alfreð þjálfaði ÍBV í tvö ár en var þar áður hjá Gróttu og er því kominn á heimaslóðir. Auk þess að þjálfa meistaraflokk kvenna mun Alfreð sjá um þjálfun hjá unglingaflokki Gróttu.



Engar breytingar urðu á leyfilegum fjölda erlendra leikmanna í íslenska körfuboltanum á ársþingi KKÍ um síðustu helgi. Flestir biðu spenntir eftir því að heyra hvort leyfilegur fjöldi Bandaríkjamanna yrði hækkaður úr einum í tvo en sú tillaga var ekki samþykkt. Þrátt fyrir það var launaþakið í deildinni hækkað úr 400 þúsund krónum, í 500 þúsund, en það eru hámarkskslaun fyrir leikmann á mánuði.



Hollenski sóknarmaðurinn Ruud van Nistelrooy er líklega á leiðinni frá Manchester United. Talið er að aðal ástæða brottför hans sé rifrildi við Cristiano Ronaldo en köppunum lenti saman á æfingu. Nistleooy á þá að hafa sagt honum að fara að kvarta í pabba sínum, og meinti Carlos Queiroz aðstoðarþjálfara United. Faðir Ronaldo lést fyrir fyrir nokkrum mánuðum og tók hann kveðjunni alls ekki vel. Það má því leiða líkur að því að Nistelrooy fari frá United í sumar.




# Afreksíþróttir á Íslandi

**Hótel Loftleiðum - Föstudaginn 12. maí 2006**

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands og Íþróttafræðasetur KHÍ á Laugarvatni boða til ráðstefnu um afreksíþróttir á Íslandi. Ráðstefnan verður haldin á Hótel Loftleiðum **föstudaginn 12. maí** n.k. og hefst **kl. 12:15** með ávarpi menntamálaráðherra Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur. Einnig verður kynning á því sem frændur vorir Danir eru að gera í sínum afreksmálum í gegnum “Team Danmark”.

**Fyrirlesarar verða m.a.:**
**Alfreð Gíslason** landsliðsþjálfari í handknattleik - **Brian Marshall** landsliðsþjálfari í sundi - **Martin Elleberg Pedersen** Team Danmark - **Lotte Moller** Team Danmark - **Stefán Konráðsson** framkvæmdastjóri ÍSÍ - **Dr. Sigurbjörn Árni Arngrímsson** frjálsíþróttaþjálfari og kennari við KHÍ - **Teitur Þórðarson** knattspyrnuþjálfari

Dagskrá og frekari upplýsingar má finna á **www.isisport.is**

Á Hótel Loftleiðum föstudaginn 12. maí frá kl. **12:15 – 16:00. Aðgangur ókeypis** en vinsamlegast tilkynnið þátttöku á skrifstofu ÍSÍ í síma 514 4000 eða á netfangið; kjr@isisport.is fyrir kl. 16:00 fimmtudaginn 11. maí.

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands


Landsliðsfyrirliðinn hefur samið við Malmö í Svíþjóð:

# Ásthildur spilar ekki með Breiðablik í sumar

**FÓTBOLTI** Landsliðsfyrirliðinn Ásthildur Helgadóttir hefur fengið samningi sínum við Íslands- og bikarmeistara Breiðablik rift og hefur gengið frá samkomulagi við sænska úrvalsdeildarliðið Malmö um að leika með liðinu á þessari leiktíð. Malmö er eitt allra sterkasta lið sænsku úrvalsdeildarinnar.



ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR

Ásthildur hefur spilað með Malmö frá árinu 2003 og hafði flogið til Svíþjóðar til að spila fyrstu leiki liðsins á þessari leiktíð en hafði áætlað að spila með Blikum í sumar. Hún sagði við Fréttablaðið í gær að forráðamenn Malmö hefðu sóst hart eftir því að fá hana til að spila með liðinu út þetta tímabil og að félagið hefði gert henni tilboð sem henni hefði reynst ómögulegt að hafna.

„Þetta er gert í algjörri sátt við Breiðablik og ég er mjög ánægð með að félagið hafi sýnt mér þennan skilning. Sænska úrvalsdeildin er sú sterkasta í heimi og ég tel mig hafa getu til að spila í henni,“ sagði Ásthildur, en með Malmö spilar einnig landsliðskonan Dóra Stefánsdóttir.

Ásthildur mun búa og stunda sína vinnu hér á landi, ásamt því að æfa mestmegnis með Breiðablik, en þess á milli mun hún fljúgja í leiki Malmö sem flestir hverjir eru á dagskrá um helgar.

„Það verður nóg af ferðalögum og mikið álag en eftir að hafa hugsað dæmið til enda fannst mér ég verða að slá til. Svona tækifæri gefast ekki á hverjum degi,“ sagði Ásthildur en ljóst er að hún mun skilja eftir stórt skarð í liði Breiðabliks. „En það er munnlegt samkomulag á milli mín og Blika að ef og þegar ég kem heim mun ég spila með þeim. Það er á hreinu,“ sagði Ásthildur. **- vig**

## LEIKMANNAHÓPURINN

**MARKMENN:**
Atli Jónasson
Kristján Finnbogi Finnbogason

**VARNARMENN:**
Dalibor Pauletic
Guðmundur Reynir Gunnarsson
Gunnar Einarsson
Gunnar Kristjánsson
Gunnlaugur Jónsson
Tryggvi Sveinn Bjarnason
Vigfús Arnar Jósepsson
Ásgeir Aron Ásgeirsson
Tómas Agnarsson

**MIÐJUMENN:**
Ágúst Þór Gylfason
Sigmundur Kristjánsson
Guðmundur Reynir Gunnarsson
Kristinn Jóhannes Magnússon
Skúli Jón Friðgeirsson
Sölvi Davíðsson
Bjarnólfur Lárusson

**SÓKNARMENN:**
Rógvi Jacobsen
Björgólfur Hideaki Takefusa
Garðar Jóhannsson
Grétar Ólafur Hjartarson

**KOMNIR:** Björgólfur Takefusa (frá Fylki), Gunnlaugur Jónsson (frá ÍA).

**FARNIR:** Arnar Bergmann Gunnlaugsson (til ÍA), Arnar Jón Sigurgeirsson (til Víkings), Bjarki Bergmann Gunnlaugsson (hættur), Erik Krzisnik (til Slóveníu), Gestur Pálsson (til OB), Helmis Matute (til Danmerkur), Jökull I. Elísabetarson (til Víkings), Pétur Már Pétursson (til Breiðabliks), Sigurvin Ólafsson (til FH).

## ÞJÁLFARINN

### Teitur Þórðarson

Kominn aftur til Íslands eftir að hafa verið áralangt við þjálfun í Noregi, Eistlandi og víðar. Menntaðasti og einn allra reyndasti þjálfari landsins en í þeirri þjálfarastöðu sem er undir mestu pressunni.

## 3. SÆTI | KR

FRÉTTABLAÐIÐ SÝN besta sætið

LANDSBANKADEILDIN 2006

# Krafan hjá KR er alltaf titill

**Fréttablaðið og Sýn spá KR þriðja sæti í Landsbankadeildinni í sumar. Fyrirliðinn Gunnlaugur Jónsson segir að pressan sem sé til staðar sé bara af hinu góða.**

**LANDSBANKADEILD** „Þetta er raunhæf spá að mínu mati og kemur mér ekki á óvart,“ sagði Gunnlaugur Jónsson, fyrirliði KR um spána.

Teitur Þórðarson er tekinn við liðinu eftir langa dvöl ytra. „Þetta hefur verið mjög lærdómsríkur tími. Það er gaman að vera undir stjórn þjálfara sem maður hefur ekki verið með áður og hann kemur með nýjar víddir inn í þjálfarahugmyndir hér á Íslandi,“ segir Gunnlaugur um Teit.

Æfingarnar hjá KR, undir stjórn Teits, vöktu fljótlega athygli, enda æfði liðið átta sinnum og jafnvel oftar í viku um tíma. „Þetta var erfitt í byrjun, menn þekktu þetta ekki en þetta vandist. og gerði okkur gott. Við eigum, miðað við æfingafjöldann, að vera í toppformi. Vonandi sýnir það sig strax í byrjun móts,“ sagði Gunnlaugur.

Teitur vonast til að spila sem mest á uppöldum leikmönnum hjá KR í framtíðinni og stór hluti hans starfs miðar að því. „Það á að breyta aðeins til og gefa ungum leikmönnum meira tækifæri. Á Akranesi hefur það gefist vel að gefa ungum strákunum tækifæri og það er í sama farinu hér hjá KR. Ég held að innst inni vilji allir KR-ingar hafa uppalda stráka í liðinu,“ sagði Gunnlaugur, en stuðningsmenn liðsins eru þekktir fyrir kröfurnar á liðið sitt.

„Krafan er alltaf Íslandsmeistaratitillinn. Það er ekki hægt að ætlast til að við vinnum titil á hverju ári en við vitum alveg af pressunni og hún er bara af hinu góða.“

**- hþh**

**SPÁIN**

| | | |
|---|---|---|
| **1** | ? | |
| **2** | ? | |
| **3** | KR | 102 |
| **4** | Valur | 100 |
| **5** | Keflavík | 92 |
| **6** | Fylkir | 69 |
| **7** | Grindavík | 46 |
| **8** | Víkingur | 41 |
| **9-10** | Breiðab. | 32 |
| **9-10** | ÍBV | 32 |



**TEITUR ÞÓRÐARSON** Verður án efa undir mikilli pressu í Vesturbænum í sumar.

## LYKILMAÐURINN

### Gunnlaugur Jónsson



Nýi fyrirliðinn fær ekki aðeins það hlutverk að leiða varnarleik liðsins heldur fyrst og fremst þarf hann að blása ferskum vindum inn í vesturbæjarstórveldið sem verður vonandi til að rífa liðið upp úr þeirri lægð sem það hefur verið í síðustu tvö ár. Hefur fyrir löngu sannað sig sem einn allra besti varnarmaður landsins.

## FYLGSTU MEÐ....

### Björgólfi Takefusa

Má segja að hann sé kominn á heimaslóðir og er strax undir mikilli pressu um að skora mörk. Tekur í fyrsta sinn í langan tíma þátt í fullu undirbúningstímabili og á því að mæta öflugur til leiks.

**Sóknin:**
Grétar Ólafur er frábær framherji, þegar hann nær sér á strik. Verður að sýna stöðugleika í sumar og bera uppi sóknarleik liðsins. Fengu einnig Björgólf sem gæti reynst liðinu happadrjúgur.

**Vörnin:**
Duttu í lukkupottinn þegar þeir hrepptu Gunnlaug en fengu á sig mörg mörk á undirbúningstímabilinu vegna einstaklingsmistaka. Það þarf að laga fyrir sumarið.




*Líklegt byrjunarlið 4-4-2*

**Miðjan:**
Misstu Sigurvin Ólafsson og skarð hans er vandfyllt. Hafa ekki bætt við sig neinum leikmanni og miðjan í KR liðinu gæti orðið liðinu til trafala í sumar. Lykilmenn þar þurfa að bæta vinnuna ef ekki á illa að fara.

**Markið:**
Kristján er einn allra besti markmaður landsins. Um gæði hans og mikilvægi þarf ekki að fjölyrða. Hafa auk þess ungan en mjög öflugan varamarkmann.

**Bekkurinn:**
Verður aðallega skipaður ungum og efnilegum leikmönnum sem eru vísir til þess að koma grimmir til leiks og ákveðnir í að sýna sig og sanna.


# Dagskrá afmælishátíðar Vals 11. maí 2006



**Morgunstund í kapellunni að Hlíðarenda**

8:30 Morgunkaffi í kapellunni að Hlíðarenda

**Dagskrá í sal 2. - 4. í Laugardalshöllinni**

16:30 Húsið opnar
17:00 Veitingar í boði Vals
17:30 Setnig afmælishátíðar - ávarp formanns Vals
17:45 Ragnheiður Gröndal
18:00 Orðuveitingar
18:20 Valskórinn
19:00 Dagskrárlok

**Dagskrá fyrir krakkana í gömlu höllinni**

16:30 Húsið opnar
17:00 Solla Stirða mætir á svæðið
17:30 Þrautir með leikmönnum Vals (handbolti, fótbolti og körfubolti), hoppukastali
18:00 Pepsi og pizzur
19:00 Dagskrárlok

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA



**Allir velkomnir ...Valsmenn léttir í lund**

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„He killed them with their love for each other. That's how it is, every day, all over the world."**

Svar: John Coffey úr The Green Mile frá 1999.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ: FREYR GÍGJA GUNNARSSON OG LEIÐINLEGT LAUGARDAGSKVÖLD**

# *Gamlar bíómyndir og harðir ostar*

Laugardagskvöld. Tónleikar í Höllinni að baki og vegna stuðleysis ákveðið að leggja lag við sjónvarpið. Viðurkenni að heimkoma var frekar seint, um miðnætti, sem foreldrar mínir myndu kalla nótt. Hálfur dagurinn búinn að mínu mati. Ostarnir voru tilbúnir inni í ísskáp ásamt köldu kóki, ritzkexi, vínberjum og smá snakki. Önnur játning; mér finnst ömurlegt að horfa á bíómyndir ef ég hef ekkert til að narta í. Varla að ég geti horft á sjónvarpið án þess að geta gripið í eitthvað enda finnst mörgum það sjást á holdafari mínu. Ég skelli skollaeyrum við slíkum staðhæfingum.

Dagblöðin opnuð. Rýnt í sjónvarpsdagskrána. Fargo var rétt búin hjá Ríkissjónvarpinu en ég er búinn að sjá þá mynd í það minnsta sjö sinnum á þeim tíu árum sem liðin eru síðan hún var frumsýnd. Í kjölfarið kom frönsk kvikmynd sem vafalítið hefur svæft föður minn líkt og Morse gerði forðum daga. Stöð 2 bætti ekki miklu við og á bíórásinni var verið að sýna heldur dapran unglingatrylli um sundfólk.



Merkilegt hvað sjónvarpsdagskrá laugardagskvölda getur skipt miklu máli. Eftir klukkan tólf á miðnætti var eins og sjónvarpsstöðvarnar gerðu í því að svæfa áhorfendur, koma þeim í bólið enda spáð blíðviðri daginn eftir. Sýn stóð sig kannski best. Var með beina útsendingu frá bardaga Oscars De la Hoya auk þess sem Los Angeles Lakers og Phoenix Suns áttust við á Sýn Extra um svipað leyti. Gott hjá stöðinni að vera með Sýn og Sýn Extra fyrir svona tilfelli. Því miður hafði ég ekki aðgang að þeim stöðvum þetta kvöldið og þurfti því að lesa um rothögg og flautukörfur tveimur dögum seinna. Þegar ég hafði reynt að flakka á milli stöðva í von um að finna eitthvað vitrænt gerði ég mér grein fyrir því að ostarnir voru orðnir harðir, ritzkexið hálf einmana og kókið hálf volgt. Þetta var leiðinlegt laugardagskvöld fyrir framan imbakassann.

**WILLIAM H. MACY** Lék aðalhlutverkið í einni bestu mynd Coen-bræðra, Fargo sem RÚV sýndi á besta tíma. Vandamálið var að hún er tíu ára gömul.



▶ 20.30 *Tíska*

PROJECT RUNWAY



▶ 20.05 *Hönnun*

VEGGFÓÐUR



▶ 22.15 *Hasar*

X-MEN



▶ 20.30 *Uppeldi*

FYRSTU SKREFIN



▶ 20.10 *Umræða*

SKAFTAHLÍÐ-VIKULEGUR UMRÆÐUÞÁTTUR

## SJÓNVARPIÐ

**16.00** Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2006 (3:4) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Disneystundin **18.01** Stjáni (46:52) **18.23** Sígildar teiknimyndir (32:42)

**18.30 Sögur úr Andabæ (54:65)**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.30 Tískuþrautir (11:12)** (Project Runway) Þáttaröð um unga fatahönnuði sem keppa sín á milli og er einn sleginn út í hverjum þætti. Nú er komið að úrslitaþættinum og er hann í tvöfaldri lengd. Kynnir í þáttunum er fyrirsætan Heidi Klum og meðal dómara er hönnuðurinn Michael Kors.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Ístölt, þeir allra bestu 2006** Þáttur um ístöltskeppni sem haldin var í Laugardal 15. apríl.
**22.50 Formúlukvöld** Hitað upp fyrir kappaksturinn.

**23.10** Vesturálman (2:22) **23.55** Kastljós **0.55** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Strong Medicine **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement 4 **13.30** George Lopez **13.55** Whose Line Is it Anyway? **14.20** Amazing Race **15.10** The Apprentice – Martha Stewart **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.15** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons (23:23)

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Strákarnir .**
▶ **20.05 Veggfóður (15:20)** Vala Matt er snúinn aftur á Stöð 2, þar sem hún hóf feril sinn í íslensku sjónvarpi. Lífsstíls- og hönnunarþátturinn Veggfóður verður framvegis á Stöð 2 á miðvikudagskvöldum og ekki nóg með það heldur hefur þátturinn fengið rækilega andlitslyftingu – er bæði breyttur og bættur.
**20.50 Oprah (58:145)** (17-Year Old Meth Addict: Did She Quit?)
**21.35 Medium (8:22)** (Miðillinn)
**22.20 Strong Medicine (7:22)** (Samkvæmt læknisráði 5) Sem fyrr eru þær í forgrunni Dr. Lu og Dr. Andy.

**23.05** Stelpurnar **23.35** Grey's Anatomy **0.20** Cold Case (B. börnum) **1.05** Ganga stjörnurnar aftur? **1.50** American Psycho 2 (Str. b. börnum) **3.15** Lone Hero (Str. b. börnum) **4.45** The Simpsons **5.10** Fréttir og Ísland í dag **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Stacked (1:6)** (Pilot)
**20.00 Friends (1:23)** (Vinir)
**20.30 Sirkus RVK**
**21.00 Stacked (2:6)** (Beat The Candidate)
**21.30 Clubhouse (2:11)** (Breaking A Slump)
▶ **22.15 X-Men** (Ofurmennin) Hörkugóð mynd um það sem kann að gerast í nánustu framtíð. Útvalið fólk fær tiltekna hæfileika með aðstoð læknavísindanna. Hér er telft á tæpasta vað en hvað gerist þegar eitthvað fer úrskeiðis? Aðalhlutverk: Patrick Stewart, Hugh Jackman, Ian McKellen. 2000. Bönnuð börnum.

**0.00** „bak við böndin" (6:7) **0.30** Friends (1:23) (e) **0.55** Sirkus RVK (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e)

**15.45** Bak við tjöldin: The Shaggy Dog **16.05** Innlit / útlit (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Frasier**
**19.35 The Drew Carey Show (e)**
**20.00 Homes with Style – lokaþáttur** Í þættinum eru skoðuð falleg heimili jafnt utan sem innan.
▶ **20.30 Fyrstu skrefin** Í þáttunum verður leitast við að sýna á jákvæðan hátt hversu gefandi og skemmtilegt foreldrahlutverkið er og hvað við getum gert til að börnunum okkar líði sem best. Umsjónarmaður þáttarins er Guðrún Gunnarsdóttir söngkona.
**21.00 America's Next Top Model**
**22.00 Leiðin að titlinum**
**22.30 The L Word** Fylgst er með hópi lesbía í Los Angeles, ástum þeirra og sorgum, sigrum og ósigrum.

**23.20** Sex and the City – 6. þáttaröð **23.50** Jay Leno **0.35** Close to Home (e) **1.20** Frasier – 1. þáttaröð (e) **1.45** Óstöðvandi tónlist

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **11.40** Brot úr dagskrá **12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal.

**13.00** Íþróttir/lífsstíll **13.10** Íþróttir – í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Fréttavaktin eftir hádegi **17.00** Fimmfréttir **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður

**19.40 Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.
▶ **20.10 Skaftahlíð – vikulegur umræðuþáttur** Maður vikunnar. Viðtal í umsjá fréttastofu NFS.
**20.45 Dæmalaus veröld – með Óla Tynes** Fréttamaðurinn Óli Tynes er manna naskastur á að þefa upp kynlegustu heimsfréttirnar.
**21.00 Fréttir**
**21.10 This World 2006** (Looking For China Girl)
**22.00 Fréttir** Fréttir og veður
**22.30 Hrafnaþing/Miklabraut**

**23.15** Kvöldfréttir/Ísland í dag/íþróttir/Veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## STÖÐ 2 BÍÓ

**8.00** Right on Track **10.00** Mon Pere, ma mere, mes freres et mes soeurs **12.00** 13 Going On 30 **16.00** Right on Track **18.00** Mon Pere, ma mere, mes freres et mes soeurs **20.00 13 Going On 30** (13 bráðum 30) **22.00 Starsky & Hutch** Geysivinsæl endurgerð með Ben Stiller og Owen Wilson á sígildum sakamálaþáttum sem þóttu mál málanna á 8. áratugnum. B. börnum. **0.00** Who is Cletis Tout? (Bönnuð börnum) **2.00** Everbody's Doing It **4.00** Starsky & Hutch (Bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Style Star **13.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **14.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **15.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **16.00** 101 Most Sensational Crimes of Fashion! **17.00** Superstar Money Gone Bad **17.30** 10 Ways **18.00** E! News **18.30** The Soup **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** 101 Craziest TV Moments **21.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **22.00** Big Hair Gone Bad **22.30** Pop Stars Gone Bad **23.00** 101 Craziest TV Moments **0.00** 101 Sexiest Celebrity Bodies **1.00** The E! True Hollywood Story **2.00** Guilty

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**15.00** Að leikslokum (e) **16.00** Newcastle – Chelsea frá 08.05 **18.00** Þrumuskot (e)

**19.00 West Ham – Tottenham frá 08.05**
**21.00 Man. Utd. – Charlton frá 08.05** Leikur sem fór fram síðast liðinn laugardag.

**23.00** Portsmouth – Liverpool frá 08.05 **1.00** Dagskrárlok




TÍMI TIL AÐ LIFA

» Foreldrar hafi val um örugga vistun fyrir ung börn sín frá því fæðingarorlofi lýkur.
» Almenn gjaldskrárlækkun í öllum borgarreknum leikskólum, 25% 1. september 2006.
» Foreldrar greiði aldrei fyrir fleiri en eitt barna sinna sem dvelja á leikskóla samtímis.

Fjölskyldustefna Sjálfstæðisflokksins og önnur stefnumál á betriborg.is

XD SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Middlesbrough - Sevilla **Sýn** kl. 18.00

### *Úrslit UEFA Cup*



Úrslitaleikur Evrópukeppni félagsliða fer fram í kvöld. Leikurinn verður spilaður í Eindhoven í Hollandi en þar mætast breska liðið Middlesbrough og spænska liðið Sevilla. Bæði þessi lið verða seint talin í hópi með risunum í evrópskum fótbolta en það þýðir hins vegar ekki að leikurinn verði bragðdaufur fyrir vikið. Hér er mikið í húfi og alveg ljóst að barist verður til síðasta blóðdropa. Í liðinu eru einnig menn á borð við Javier Saviola, Mark Viduka og marga fleiri sem geta glatt áhorfendur með einföldum hreyfingum. Þetta er án efa stærsti leikur vetrarins hjá þessum tveimur liðum en hvorugt liðanna hefur nokkurn tíma unnið Evróputitil. Góð upphitun fyrir stórleikinn í næstu viku.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | | | | 9 | 4 | |
| | | 1 | | | 9 | | | 3 |
| | | | | | 5 | | | 8 |
| | 3 | | 5 | | | | | |
| | | 4 | 9 | 7 | 8 | 3 | | |
| | | | | | 1 | | 5 | |
| 8 | | | 6 | | | | | |
| 5 | | | 1 | | | 7 | | |
| | 4 | 3 | | | | | 2 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 8 | 7 | 4 | 3 | 6 | 5 | 2 |
| 2 | 3 | 4 | 9 | 6 | 5 | 1 | 7 | 8 |
| 5 | 6 | 7 | 2 | 8 | 1 | 9 | 4 | 3 |
| 6 | 7 | 2 | 4 | 5 | 9 | 3 | 8 | 1 |
| 3 | 8 | 1 | 6 | 7 | 2 | 4 | 9 | 5 |
| 4 | 9 | 5 | 1 | 3 | 8 | 7 | 2 | 6 |
| 8 | 2 | 9 | 3 | 1 | 7 | 5 | 6 | 4 |
| 1 | 5 | 6 | 8 | 9 | 4 | 2 | 3 | 7 |
| 7 | 4 | 3 | 5 | 2 | 6 | 8 | 1 | 9 |



**20.50**

*Raunveruleiki*

SÆNSKU NÖRDARNIR

Sýn *besta sætið*

**15.00** Þýski handboltinn 2005-2006 (Lemgo – Flensburg) **16.20** Roy Keane testimonyal **18.00** UEFA Cup Final 2004/2005

**20.50 Sænsku nördarnir** (FC Z) Hvað gerist þegar 15 Nördar sem aldrei hafa fylgst með knattspyrnu né sparkað í fótbolta mynda knattspyrnulið? Þeir eru þjálfaðir af topp þjálfara í þrjá mánuði og að lokum mæta þeir besta liði Svíþjóðar. Nördarnir er nýtt raunveruleikasjónvarp þar sem fylgst er með liðinu frá fyrstu æfingu fram að loka leiknum við besta lið Svíþjóðar. Þættirnir hafa farið sigurför um Norðurlöndin.

**21.40 Hápunktar í PGA mótaröðinni** (PGA Tour highlights)

**22.35 UEFA Cup Final 2004/2005**

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Pipar og salt **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Verkafólk í fjölmenningarsamfélagi **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.10** Sáðmenn söngvanna **21.00** Út um græna grundu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Bókaþátturinn **23.05** Fallegast á fóninn

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Músík með Heiðu Eríks **20.30** Konsert **22.10** Frumkvöðlar eða fígúrur

### BYLGJAN FM 98,9

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi **13.00** Rúnar Róberts **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs **1.00** Ragnhildur Magnúsdóttir

### AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 FM957 /** Topp tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt Bylgjan /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 97,7 X-ið** / Enginn viðbjóður





**KIA Picanto** er lipur, fallegur og nútímalegur og sparneytinn smábíll með skynsamlegri rýmisnýtingu og veglegum aukabúnaði. Það sakar svo ekki að verðið á sér ekki hliðstæðu. KIA Picanto fimm dyra kostar aðeins 1.195.000 kr. Picanto er einnig fáanlegur sjálfskiptur, einn fárra smábíla. **Fæst einnig með aflmikilli 75 hestafla og sérlega sparneytinni dísilvél.**

**Taktu þátt í HM leik KIA** og þú átt möguleika á frábærri ferð fyrir tvo á úrslitaleik HM í sumar. Allir sem kaupa KIA bíl hjá KIA umboðinu til 15. júní eiga möguleika á þessari frábæru ferð.



KIA MOTORS

*11.807 kr. á mánuði m.v. 30% útborgun og bílasamning hjá SP fjármögnun í 84 mánuði.

HEKLA KIA *umboðið* á Íslandi er í eigu Heklu hf. Laugavegi 172 • Reykjavík • sími 590 5000



## HRÓSIÐ

*...fær hljómsveitin Ampop sem hitar upp fyrir bresku hljómsveitina The Zutons á tvennum tónleikum í Sviss í byrjun júní.*

**ÞRÍR SPURÐIR** ÍSLENSKI BOLTINN BYRJAR AÐ RÚLLA UM HELGINA

# Ætlar þú á völlinn í sumar?



**Tilbreyting að vera í fyrstu deild**

„Ég fer á völlinn í sumar eins og ég get. Það er alltaf ákveðin tilbreyting að vera í fyrstu deild, maður þekkir það. Maður getur skoðað landið betur og fær að sjá staði sem maður hefði annars ekki farið á eins og Ólafsvík. Maður stendur með sínum mönnum og fyrsti leikurinn er úti á móti Haukum, sem mér skilst að verði gervigrasleikur."

**JÓN ÓLAFSSON**
tónlistarmaður og stuðningsmaður Þróttar.



**Með fimm stórutær**

Nei, boltaíþróttir af þessu tagi heilla mig ekki. Ég get horft á úrslitaleiki en aðdragandi og þekking á leikmönnum og eitthvað varðandi uppbyggingu leiksins... þú getur alveg eins talað við mig á kínversku. Ég hef enga þekkingu á þessari íþrótt og gapi af undrun þegar fólk tjáir sig um leikmenn og þjálfara og allt það. Ég er með fimm stórutær á hvorum fæti."

**ÖRN ÁRNASON**
leikari.



**Horfir á KR og FH**

Já, ég fer á alla heimaleiki KR og líka á flesta heimaleiki FH. Hann tengdapabbi er fanatískur FH-ingur og við hittumst oft fyrir leiki og fáum okkur bjór saman. FH-ingar hafa spilað skemmtilegasta boltann undanfarin ár og svo er umgjörðin líka orðin svo góð."

**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON**
stjórnmálamaður.



**LÁRÉTT**
**2** óskiptu **6** hæð **8** sægur **9** yfir rúm **11** frú **12** flott **14** smápeningar **16** nafnorð **17** fjór **18** tunnu **20** golf áhald **21** gort.
**LÓÐRÉTT**
**1** líkamshluti **3** í röð **4** sendir **5** dýrahljóð **7** skemmtun **10** frostskemmdir **13** bein **15** eyja **16** lík **19** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** öllu, **6** ás, **8** mor, **9** lak, **11** fr, **12** smart, **14** klink, **16** no, **17** fer, **18** ámu, **20** tí, **21** raup.
**LÓÐRÉTT: 1** háls, **3** lm, **4** loftnet, **5** urr, **7** samkoma, **10** kal, **13** rif, **15** krít, **16** nár, **19** uu.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum bls. 8

1. George W. Bush
2. Michael Hayden
3. Danmörku

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á
vísir VEFTV
HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!



**KOMINN TIL NOREGS** Ólafur hengir upp norskt auglýsingaspjald með Africa United en myndin verður frumsýnd í Ósló á föstudaginn.

ÓLAFUR JÓHANNESSON: KYNNIR FÓTBOLTAKAPPA SÍNA Í ÓSLÓ

# Neyddur til að tala norsku í sjónvarpi

Kvikmyndagerðarmaðurinn Ólafur Jóhannesson er staddur í Noregi um þessar mundir þar sem hann kynnir mynd sína Africa United sem frumsýnd verður í kvikmyndahúsum þar í landi á föstudag. Kvikmyndin hlaut Edduverðlaunin sem besta íslenska heimildarmyndin á síðasta ári og er framleidd af Poppoli kvikmyndafélagi og Zik Zak. Blíðskaparveður hefur verið í höfuðborg Noregs, Ósló, síðustu daga og þegar Fréttablaðið sló á þráðinn til Ólafs var hann léttklæddur á rölti í 25 stiga hita í Rauða hverfi borgarinnar. Ólafur hefur þó ekki bara verið að sóla sig í borginni því fyrirtækið Fidalgo sem dreifir myndinni í Noregi hefur verið duglegt við að bóka hann í alls konar viðtöl til að kynna myndina. Til að mynda fór Ólafur í viðtal hjá God morgen Norge á TV2 sem er Ísland í bítið þeirra Norðmanna en það gekk nokkuð brösulega

„Rétt áður en ég fór í loftið var mér sagt að ég ætti að tala norsku í viðtalinu. Ég tala hins vegar enga norsku en reyndi eftir bestu getu. Eftir tvær mínútur sáu þáttastjórnendurnir að þetta var ekki alveg að ganga og skiptu yfir í ensku," segir Ólafur og hlær að því hversu duglegt dreifingarfyrirtækið úti hefur verið að ljúga hann í viðtöl sem altalandi á norsku. „Líklega er þetta ágætt í kynningarskyni fyrir myndina að Norðmenn geti vælt af hlátri yfir þessum Íslendingi sem reynir að stama fornmálinu upp úr sér. Annars verður spennandi að sjá hvað Norðmönnunum finnst um myndina en það verður forsýning í kvöld og fyrstu dómar birtast líklega í hérlendum blöðum á fimmtudag," segir Ólafur sem þarf að vera kominn heim til Íslands áður en af frumsýningu verður þar sem það er í nógu að snúast hjá kvikmyndafyrirtæki hans Poppoli. Í haust verður kvikmyndin Act normal tilbúin til sýningar en hún segir frá lífi búddamúnks. Síðustu tökur standa svo yfir á The amazing truth about queen Raquela og á þeim að vera lokið fyrir mánaðamótin en sú mynd fjallar um filippínskan „ladyboy" sem dreymir um betra líf í París en endar í frystihúsi á Íslandi. Í janúar hefjast svo tökur á myndinni Við fótskör meistarans sem er leikin kvikmynd en handritið er byggt á bók eftir Þorvald Þorsteinsson. Seinnipart næsta árs hefjast svo tökur á mynd um hálfbróður Sharon Stone, Mike Stone, sem á litríkan feril að baki sem karatehetja og lífvörður fræga fólksins en hefur síðustu 20 árin búið í Asíu. **- snæ**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Kosningabaráttan fyrir sveitastjórnarkosningarnar er komin á fullt og frambjóðendur flokkanna eru óþreytandi við að koma málefnum sínum á framfæri í blaða- og sjónvarpsauglýsingum. Baráttan í Reykjavík er ákaflega hörð og nú hafa Sjálfstæðisflokkurinn, vinstri grænir og Frjálslyndi flokkurinn tekið nýjustu tækni í sína þjónustu. Á heimasíðu OgVodafone má nú nálgast raddir þeirra Gísla Marteins Baldurssonar, Ólafs F. Magnússonar og Svandísar Svavarsdóttur í líki hringitóns þar sem þau hvetja kjósendur til að svara en á eftir fylgir stutt ræða um hvað stefnumál eru flokkunum efst í huga. Varla þarf að taka það fram að Ísland er í hópi þeirra þjóða sem nota farsímann af hvað mestum þrótti og borgin gæti því fyllst af fólki með kosningaáróður í símunum sínum.

Annars vekur það athygli að hvorki **Björn Ingi Hrafnsson** né Dagur B. Eggertsson taka þátt í þessu uppátæki en leiðtogar Framsóknarflokksins og Samfylkingarinnar eru báðir af yngri kynslóðinni og ættu því að þekkja áhrifamátt farsímanna í þessu nútímaþjóðfélagi. Þá er einnig athyglisvert að Gísli Marteinn er notaður sem rödd Sjálfstæðisflokksins og spurning hvort ungæðislegt fas þessa fyrrum sjónvarpsmanns á eftir að virka hvetjandi á yngri kjósendur þegar gengið verður að kjörborði 27.maí.



Fréttablaðið hefur að undanförnu birt spár veðbanka um gengi **Silvíu Nætur** í Eurovsion keppninni sem fram 18. og 20.maí á Grikklandi. Silvía hefur verið á flakki um Evrópu og spilað fyrir forvitna Eurovision-aðdáendur sem flestir reka upp stór augu þegar hin hrokafulla og sigurvissa sjónvarpsdrottning stígur á stokk. Breska sjónvarpsstöðin Sky hefur um árabil rekið veðbanka um gengi landanna í þessari „merkilegu" söngvakeppni og þokast Silvía hægt og bítandi upp listann. Enn sem fyrr er reiknað með því að Grikkir og Svíar berjist um sigurinn en líkurnar á því að Silvía komi með keppnina heim eru taldar 33 á móti einum. **-fgg**



NÝR STÓR HUMAR
GRILLPINNAR
SIGIN GRÁSLEPPA
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið alla laugardaga 10-14

# Boðið á erlenda hátíð í Tallinn

Leiksýningunni 100 ára hús eftir Jón Atla Jónasson hefur verið boðið að taka þátt í alþjóðlegu leiklistarhátíðinni „Midwinters Night´s Dream" sem borgarleikhúsið í Tallin í Eistlandi heldur 27.-30. desember annað hvert ár. Leikhópurinn Frú Emilía frumsýndi verkið 30. apríl síðastliðinn í gömlu hersjúkrat-jaldi á ylströndinni í Nauthólsvík. Sýningin hlaut mikið lof leiklistargagnrýnenda og var útsendari frá hátíðinni staddur hér á landi í síðustu viku og óskaði eftir að sýningin kæmi á hátíðina. Einnig var Vesturporti boðið að taka þátt í hátíðinni og sýna Brim, en það verk er líka eftir Jón Atla og hefur sú sýning farið víða og var hún tilnefnd til leiklistarverðlauna Norðurlandaráðs.



**JÓN ATLI JÓNASSON** Er vonandi á leiðinni til Tallin með sýningu sína 100 ára hús.

Að því er höfundurinn segir er hátíðin mjög virt og eru það aðallega sýningar frá Eystrasaltslöndunum sem taka þátt og er þetta því mikill heiður fyrir leikhópinn en heimsfrægir leikhúsmenn á borð við Frank Casdorf frá Þýskalandi, Anatoly Vassilyev og Kamas Ginkas frá Rússlandi hafa allir heiðrað hátíðina með nærveru sinni. Það er dýrt að ferðast með heila sýningu milli landa og því eru Jón Atli og hans fólk að athuga hvort þeim takist að útvega fjármagn til ferðarinnar en það er ekki enn komið í ljós hvernig það mun ganga. Jón Atli segir að líklegast verði leitað til styrktaraðila í þessum efnum og að þau séu staðráðin í að koma sýningunni út. Sýningar eru enn í fullum gangi en næsta sýning er í kvöld klukkan 10 og er hægt að nálgast miða á 100arahus@blogspot.com.

## TÖKUM ÞÁTT Í SÓKN F-LISTANS




Ólafur F. Magnússon
læknir og borgarfulltrúi

Margrét K. Sverrisdóttir
framkvæmdarstjóri og
varaborgarfulltrúi

# Ólaf og Margréti í borgarstjórn

## MEÐ ÞVÍ AÐ KJÓSA F-LISTANN, GETUR ÞÚ MEÐAL ANNARS TRYGGT EFTIRFARANDI:

- **Flugvöllurinn verði áfram í Vatnsmýrinni**
- **Fjölgun hjúkrunarrýma og efling heimaþjónustu fyrir aldraða**
- **19. aldar götumynd Laugavegarins verði varðveitt**
- **Orkuveitan og Landsvirkjun verði áfram í eigu almennings**
- **Heilsdagsskóli með máltíðum, íþróttum, list og verknámi frá upphafi skólagöngu**

FRJÁLSLYNDIR OG ÓHÁÐIR

Kosningaskrifstofa Aðalstræti 9, s. 552 2600 • flistinn@xf.is • www.f-listinn.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Drögum í dag
Átt þú miða?
HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
800 6611 - www.hhi.is





BAKÞANKAR
GUÐRÚNAR ÁSMUNDSDÓTTUR

## *Fögur sál í hraustum líkama*

Þetta eru bara hauslausir herramenn, þetta eru ekkert nema vöðvastæltir skrokkar," sagði Silla frænka þegar ég hringdi í hana á dvalarheimilið, til að spyrjast fyrir á hvern hátt ég gæti orðið henni til hjálpar í næsta setuverkfalli umönnunarstéttarinnar. En sú gamla var í þvílíkum ham að hún fékkst ekkert til að ræða mál sem stóðu henni næst. Heldur jós úr skálum reiði sinnar yfir hauslausa herramenn. Ég spurði hana varlega hverjir þessir herramenn væru og fékk þau svör hjá gömlu konunni að það væru forráðamenn Knattspyrnusambands Íslands sem hefðu engan bústað fyrir jafn bráðnauðsynlegt líffæri og heilann og hlytu því að vera hauslausir.

**HVAÐ** fékk nú gamla konu til að taka svona stórt upp í sig gagnvart drengjunum okkar hraustu sem nú ætluðu að fara að bera hróður landsins enn einu sinni út fyrir landssteinana og fara til Berlínar og taka þátt í Heimsmeistara keppni í fótbolta. Jú hún Silla mín er í félagskap sem heitir ALÞJÓÐAFÉLAG GEGN MANSALI. Nú hafði hún fengið upplýsingar frá sínum félagskonum um að 40 - 60 þúsund konur yrðu seldar mansali og þvingaðar í vændi og fluttar til Berlínar til að þjóna…

**„JÁ,** en elsku Silla mín," sagði ég. „Þessar stúlkur eiga ekki að þjónusta íþróttamennina. Það eru „fótboltabullurnar" sem alltaf fylgja svona keppnum. Og þarna hafa Berlínarbúar séð sér leið til að græða á þeim og leið til að róa þá aðeins niður – því þeir…" Hér lét ég staðar numið í þessari undarlegu varnarræðu minni fyrir KSÍ og nístandi þögnin frá símtólinu Sillu megin, sýndi mér fram á að þetta hefði kannski ekki verið alveg nógu sniðugt hjá mér.

**OG** þegar þögnin var orðin óbærileg, stundi ég upp: „Hvað viltu að knattspyrnusambandið geri? Mótmæla þessari óhæfu? Stelpurnar fóru á þeirra fund og báðu þá að skrifa undir mótmælaskjal. En þeir sögðu piltarnir að þeir vildu ekkert hafa með slíkt að gera, þeir vildu sýna sínum gestgjöfum fyllstu kurteisi og ekki þjóna neinni pólitík." „Pólitík!," öskraði Silla og ætlaði að fara að hysja sig áttund ofar í hneykslun en sá sig um hönd og sagði bless.


**Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ



# Eyðir engu, þannig séð

Bensíneyðsla er ómöguleg. Hún gengur ekki lengur. Skelltu bara i-Podinum í samband við græjurnar í Aygo og njóttu þín. Aygo eyðir engu, þannig séð.
**Ofkeyrðu þig.**

**Engin útborgun & tryggingar innifaldar**
**Aðeins 24.533 kr. á mánuði***
*Sértilboð Elísabetar og AYGO. M.v. 84 mánuði.
Innifalið er afborgun af láni, tryggingar (ábyrgðar- og kaskótrygging) og bifreiðagjöld á fyrsta tímabili.

AYGO BY TOYOTA

## AYGO
Það er gaman að keyra




**www.aygo.is**

Toyota
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421 4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480 8000